# Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 25. JANÚAR 2024

• Stofnað 1913 • 21. tölublað • 112. árgangur •




NÝR VERÐLAUNAGRIPUR KYNNTUR

BLÆNGUR FYRIR BÓKMENNTIR 64



GRUNDVÖLLUR NÚTÍMALEGS SAMFÉLAGS

JARÐGANGAÞJÓÐIN FÆREYINGAR 26 OG 28

ÍSLENSKAR MANNÆTUR Í GEGNUM TÍÐINA



BJARNI HARÐARSON 12



AFP/Ina Fassbender

**Daprir** Leikmenn Íslands fögnuðu ekki sigrinum í leikslok.

## Sigurinn gegn Austurríki var ekki nógu stór

■ Karlalandslið Íslands í handknattleik hafnaði í tíunda sæti Evrópumótsins í Þýskalandi eftir sigur á Austurríki, 26:24, í lokaumferð milliriðlakeppninnar í Köln í gær.

Liðið hefði þurft að vinna fimm marka sigur til þess að eiga enn möguleika á að komast í undankeppni Ólympíuleikanna, sem var markmið þess fyrir mótið.

Ísland var sex mörkum yfir í hálfleik og útlitið var því gott en Austurríki, sem átti möguleika á sæti í undanúrslitum mótsins með sigri, náði að jafna metin snemma í síðari hálfleik.

Íslenska liðið er á heimleið en Þýskaland, undir stjórn Alfreðs Gíslasonar, náði öðru sæti riðilsins og leikur við Dani í undanúrslitum mótsins á morgun en Frakkar mæta Svíum. » 62-63



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

## Vinna að viðgerðum í Grindavík á degi hverjum

Áfram vinnur fólk hörðum höndum við lagfæringar í Grindavíkurbæ eftir þær miklu náttúruhamfarir sem gengið hafa yfir. Hafa upp undir hundrað manns á degi hverjum komið að þeim verkefnum sem brýnt þykir að ráðast í. Unnið var að því í gær að tengja kalt vatn í bænum, þar sem það hafði farið úr skorðum, auk þess sem aðrar vatnslagnir voru lagfærðar. Töluverð vinna er enn fyrir höndum. » 2, 41

# „Þetta hefur mikil áhrif“

● Hafrannsóknastofnun telur ekki tilefni til að leggja til loðnuveiðar ● Vonir eru bundnar við að loðna finnist í febrúar ● Erlend skip eiga stóra hlutdeild í veiðunum

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Fátt bendir til þess að loðnuvertíð verði í vetur þar sem lítið mældist af loðnu í vetrarleiðangri Hafrannsóknastofnunar.

Mikið er í húfi en hefðbundin loðnuvertíð gæti skilað 20 til 40 milljörðum í útflutningsverðmæti. Stefnt er að því að halda til mælinga á ný í febrúar, en lítil vertíð gæti þýtt að aðeins erlendum skipum verði úthlutað kvóta.

„Það er auðvitað ekki gott að lítið hafi fundist, en í fyrra kom loðnugangan mjög seint. Ég held að það finnist loðna en það er vont þegar það gerist seint,“ segir Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, um niðurstöðu mælinga Hafrannsóknastofnunar 16. til 23. janúar.

„Það eru langmestar líkur á að þetta verði lítill kvóti og þá fer töluvert til annarra þjóða, sérstaklega til Norðmanna. Þetta er áfall fyrir okkur,“ segir Sigurgeir. Samkvæmt fiskveiðisamningum Íslendinga við Grænlendinga, Norðmenn og Færeyinga fara töluverðar heimildir til þessara ríkja, sérstaklega Norðmanna.



Sigurgeir B. Kristgeirsson

Það þarf því að gefa út loðnukvóta umfram tæp 39 þúsund tonn áður en Íslendingar byrja að fá hlutdeild í veiðunum. Bendir Sigurgeir þó á að Smugusamningurinn renni út síðar á þessu ári.

Óháð því hvaða vísbendingar komu úr fyrri mælingum á loðnustofninum þarf alltaf að gera allt klárt fyrir vertíð, útskýrir hann, enda dýrt að geta ekki hafið veiðar um leið og færi gefst.

Spurður hvort loðnubrestur eða jafnvel það að vertíðin verði lítil hafi mikil áhrif, svarar hann því játandi. „Auðvitað hefur þetta hellings áhrif. Áhrif á vaktir og þar með tekjur fólks. Þetta hefur mikil áhrif í öllum þeim sveitarfélögum þar sem loðnan er fyrirferðarmikil eins og í Vestmannaeyjum og á Austfjörðum.“

Sterk vísbending um ... » 34

## Lögreglan flýr heimili vegna hótana



Grímur Grímsson

■ „Það hafa verið brögð að því að lögreglumenn hafi þurft að gista annars staðar en heima hjá sér vegna hótana sem þeir hafa fengið við störf sín,“ segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar, við Morgunblaðið spurður hvort lögreglukona hafi þurft að flýja heimili sitt í kjölfar líflátshótana.

Morgunblaðið hefur heimildir fyrir því að lögreglukona hafi flúið heimili sitt eftir að hafa fengið líflátshótanir í sinn garð. » 6


**20% afsláttur**
af öllum herrailmum
25.–28. janúar

HAGKAUP



# Leyfi ráðherra gæti tafið verkefni

- Forsætisráðherra stefnir að því að leggja fram eldisfrumvarp matvælaráðherra sem er í veikindaleyfi
- Óvíst hvenær frumvarp Svandísar að nýjum heildarlögum um sjávarútveginn verður lagt fyrir Alþingi

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kveðst leggja áherslu á að frumvarp að nýjum heildarlögum fyrir eldis- og ræktunargreinar verði klárað og lagt fyrir Alþingi. Segist hún þurfa að forgangsraða verkefnum á meðan hún gegnir störfum matvælaráðherra, en Svandís Svavarsdóttir tilkynnti á mánudag að hún myndi fara í veikindaleyfi í samræmi við læknisráð eftir að hafa greinst með krabbamein í brjósti.

„Ég fór á fund í matvælaráðuneytinu í gær, sem var mjög góður, þar sem við fórum yfir verkefni næstu vikna. Það liggur fyrir að ég verð með þessi verkefni næstu vikur," sagði Katrín í samtali við Morgunblaðið í gær.

Svandís hafði unnið að tveimur stórum frumvörpum í ráðuneytinu, annars vegar fyrrnefndu lagareldisfrumvarpi og hins vegar frumvarpi um ný heildarlög fyrir sjávarútveginn. Spurð hver framvinda þessara mála verði, svarar Katrín: „Það eru margar umsagnir sem bárust um lagareldisfrumvarpið. Ég er búin að biðja um að lokið verði við að vinna úr þeim umsögnum og sé það fyrir mér að í kjölfarið verði fundað með helstu hagaðilum um það mál og kannað hvernig þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu í kjölfar umsagna munu mælast fyrir. Ég mun vinna að því og forgangsraða því að þetta mál komi fram." Rúmlega þrjú hundruð umsögnum hefur verið skilað um frumvarpið þar sem sjókvíaeldi er sérstaklega gagnrýnt. „Það eru uppi ólíkar skoðanir og þetta er krefjandi verkefni að reyna að sætta sjónarmið í þessu máli."



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Verkefni** Katrín Jakobsdóttir kveðst þurfa að forgangsraða í hlutverki matvælaráðherra og leggur áherslu á að ljúka vinnu við eldisfrumvarp.

Svandís hafði einnig kynnt frumvarpsdrög að nýjum heildarlögum fyrir sjávarútveg að undangengnu stefnumótunarferli undir merkjum Auðlindarinnar okkar, með markmið um að mynda sátt um greinina. Fjöldi hagaðila úr ólíkum áttum hefur lýst verulegri óánægju með frumvarpsdrögin sem og undirbúning þess.

Katrín segir þó nokkuð lengra í að vinnu við frumvarpið ljúki en í tilfelli lagareldisfrumvarpsins og spyr blaðamaður því hvort það geti farið svo að frumvarpið verði ekki afgreitt fyrir þinglok í vor?

„Það er alveg ljóst að veikindi ráðherrans setja ákveðið strik í reikninginn. Ég tek þessa vakt á meðan og verð að forgangsraða málum. Það eru margar umsagnir og sitt sýnist hverjum. Það verður að segjast eins og er að það er lengra í það. Hvort frumvarpið kemur núna fram, það er stefnt að því að þetta verði lagt fram á þessu þingi en síðan verða þær línur bara að skýrast – hvenær það nákvæmlega verður," svarar Katrín.

Um hlutverk sitt sem matvælaráðherra segir hún: „Þetta eru spennandi verkefni og margir hafa haft samband til að ræða málefni ráðuneytisins. Ég mun sinna þessu eftir fremsta megni en verð eðli málsins samkvæmt – eins og allir hljóta að hafa skilning á – að forgangsraða verkefnum."

# Deilan til sáttasemjara

- Sáttasemjari tekur við stjórn viðræðna ASÍ-félaga og SA
- Sjö dagar eru þar til kjarasamningarnir renna út

Forystumenn breiðfylkingar stéttarfélaga í ASÍ ákváðu í gær að vísa kjaradeilunni við Samtök atvinnulífsins til ríkissáttasemjara. Árangur hefur ekki náðst á samningafundum að undanförnu og segir í tilkynningu frá félögunum að vísun deilunnar feli í sér að sáttasemjari taki yfir stjórn viðræðnanna „og stéttarfélögin færast skrefinu nær því að geta beitt þeim úrræðum sem vinnulöggjöfin heimilar að fullreyndum viðræðum."

Kjarasamningarnir á almenna vinnumarkaðinum renna út eftir sjö daga. Í tilkynningu breiðfylkingarinnar segir að komið hafi í ljós eftir fjölda funda að SA fallist ekki á hófsama nálgun breiðfylkingarinnar. Á samningafundinum í gær hafi SA lagt fram tilboð „þar sem þau buðu lægri launahækkanir en í áður framlögðu tilboði þeirra frá 17. janúar sl. Slík framganga í kjaraviðræðum er fáheyrð og kallar á að aðilar endurskoði grundvallarnálgun sína," segir þar.

Breiðfylkingin hafi aldrei hvikað frá því markmiði að gera langtímakjarasamning á grunni hófsamra krónutöluhækkana, „þar sem markmiðið er að ná hratt niður verðbólgu og vöxtum um leið og ríkið geri löngu tímabæra leiðréttingu á barna-, húsnæðis- og vaxtabótum. Breiðfylkingin kynnti útfærðar tillögur sínar, þar með talið nákvæmar kröfur varðandi launalið, fyrir SA þann 28. desember sl. og hefur síðan þá lagt fram ný tilboð þar sem komið hefur verið til móts við kröfur SA."

Kveðst breiðfylkingin harma þá stöðu sem upp er komin og að SA hafi ekki gripið tækifærið sem fólst í viðræðum á þessum grunni.

Í tilkynningu frá SA í gærkvöldi segir að svigrúm í hagkerfinu sé ráðandi breyta ef íslenskur vinnumarkaður vilji ná markmiðum um efnahagslegan stöðugleika. Þó viðræðurnar hafi tekið á sig breytta mynd séu Samtök atvinnulífsins reiðubúin sem fyrr að halda samtalinu áfram.






Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Grindavík** Unnið var að viðgerðum á vatnslögnum í bænum í gær.

# Geta fellt niður fasteignaskatt

- Lagabreytingar kynntar í þinginu

Kristján Jónsson
kris@mbl.is

Grindavíkurbær getur lækkað eða fellt niður fasteignaskatt sveitarfélagsins á árinu 2024 eftir útspil frá ríkisstjórninni.

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra mælti fyrir lagabreytingunum á Alþingi í gær og voru það fimm ný bráðabirgðaákvæði við lög um tekjustofna sveitarfélaga.

Frumvarpið var samið í innviðaráðuneytinu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Grindavíkurbæ en til að spara tíma fóru ekki drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda. „Vegna þess hve brýnt þótti að hraða framlagningu frumvarpsins voru áformaskjal og drög að frumvarpinu ekki kynnt í samráðsgátt stjórnvalda fyrir framlagningu þess á Alþingi," segir í frumvarpinu en lögin öðlast þegar gildi.

Í greinargerðinni segir einnig að frumvarpið sé liður í því að bregðast við þeirri stöðu sem uppi er í Grindavíkurbæ vegna þeirrar náttúruvár sem steðjar að sveitarfélaginu um þessar mundir. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heimild fyrir Grindavíkurbæ til að lækka eða fella niður álagðan fasteignaskatt sveitarfélagsins á árinu 2024 og að tiltekin framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélagsins taki ekki breytingum þrátt fyrir þá stöðu sem nú er uppi.

### Skapa greiðsluskjól

Í frumvarpinu segir að brýnt sé að styðja við stjórnsýslu sveitarfélagsins þegar dvöl og starfsemi í Grindavík er bönnuð tímabundið. Gefa þurfi sveitarfélaginu svigrúm til að sinna lögbundnum skyldum sínum.

„Í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er um búsetu í Grindavíkurbæ á næstunni hefur sveitarfélagið tekið til skoðunar möguleika þess að lækka eða fella niður fasteignaskatt sveitarfélagsins á árinu 2024. Er í því samhengi einkum horft til þess að íbúðarhúsnæði muni ekki nýtast eigendum til búsetu á yfirstandandi ári ef fram heldur sem horfir. Hið sama á í meginatriðum einnig við um atvinnuhúsnæði. Álagning fasteignaskatts við slíkar aðstæður væri í andstöðu við viðleitni stjórnvalda, lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja til að skapa íbúum Grindavíkur greiðsluskjól á meðan aðstæður eru með þeim hætti að þeir geti ekki notið eigna sinna í Grindavík vegna neyðarástands," segir einnig í frumvarpinu.

Gott til endurvinnslu

**Morgunblaðið** Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. Sími 569 1100 **Fulltrúar ritstjóra** Sigtryggur Sigtryggsson sisi@mbl.is Andrés Magnússon andres@mbl.is **Fréttir** Björn Jóhann Björnsson, Kristján H. Johannessen, Jón Pétur Jónsson frettir@mbl.is **Menning** Silja Björk Huldudóttir, Helgi Snær Sigurðsson menning@mbl.is **Viðskipti** Gísli Freyr Valdórsson vidskipti@mbl.is **Íþróttir** Víðir Sigurðsson sport@mbl.is **Dægurmál** Marta María Winkel Jónasdóttir smartland@mbl.is **Umræðan | Minningar** mbl.is/sendagrein **Áskrift** askrift@mbl.is **Auglýsingar** augl@mbl.is **Prentun** Landsprent ehf.



ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN
TOYOTA RAV4
RAV4 PLUG-IN
Toyota RAV4 verð frá: 7.990.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.
Toyota RAV4 Plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.
KINTO ONE langtímaleiga
Toyota RAV4, verð frá: 195.000 kr. á mánuði.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
SPORLAUS
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Segist ætla að afhúða regluverkið

## ● Gullhúðun gerir ESB-gerðir meira íþyngjandi en þörf er á ● Ekki óheimilt að ganga lengra í innleiðingu en lágmarkskröfur segja, en krefst rökstuðnings ● Gullhúðun leiðir til aukins kostnaðar

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

Svokallaði „gullhúðun" var beitt í 11 stjórnarfrumvörpum af 27 frumvörpum alls, þar sem Evróputilskipanir voru innleiddar í íslenskan rétt á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á tímabilinu 2010 til 2022, með þeim afleiðingum að regluverkið varð meira íþyngjandi en þörf var á. Hugtakið gullhúðun vísar til þess þegar stjórnvöld ganga lengra og setja meira íþyngjandi ákvæði umfram þær lágmarkskröfur sem gerðar eru í EES-gerðum við innleiðingu þeirra í íslenskan rétt.



Guðlaugur Þór Þórðarson

### Kynnt í ríkisstjórn

Þetta kemur fram í minnisblaði sem Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, kynnti á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag sl. þar sem greint var frá niðurstöðu rannsóknar sem ráðuneytið fól Margréti Einarsdóttur, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, að gera, en það var gert í framhaldi af beiðni Diljár Mistar Einarsdóttur alþingismanns o.fl. þingmanna um skýrslu um málið.

Í minnisblaðinu segir að ekkert bendi til þess að slíkum tilfellum fari fækkandi, en á tímabilinu 2019 til 2022 var gullhúðun beitt í 4 innleiðingarfrumvörpum af 8 þar sem tilskipanir voru leiddar í lög.

### Þörf á að bæta verklag

Þá kemur fram að ekki sé óheimilt að ganga lengra í innleiðingarlöggjöf en sem leiðir af lágmarkskröfum viðkomandi gerðar. Hins vegar á að tilgreina það sérstaklega og rökstyðja, en rannsóknin leiðir í ljós að misbrestur hafi orðið á því. Niðurstaða skýrslunnar er sú að þörf sé á að endurskoða og bæta verklag við meðferð innleiðingarfrumvarpa.

Í minnisblaðinu er vakin athygli á því að líklegt sé að gullhúðun sé ástunduð í öðrum ráðuneytum stjórnarráðsins, en tekið fram að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið muni bregðast við niðurstöðu skýrslunnar varðandi þau frumvörp sem virðast gullhúðuð, með því að setja strax af stað vinnu við að endurskoða innleiðingu á EES-gerðum í löggjöf um mat á umhverfisáhrifum. Markmiðið sé að leggja fram frumvarp til að færa löggjöfina að EES-gerðum, þ.e. nær því sem gerist í ESB þannig að regluverkið hérlendis sé ekki meira íþyngjandi en þar.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Raflínur** Langt var gengið við lög um lagningu raflína í jörð.

### Of langt gengið

„Það sem veldur mestum vonbrigðum er það að þrátt fyrir að árið 2018 hafi verið ákveðið af þinginu að ganga þannig fram að skýrt væri hvenær menn væru að ganga lengra í innleiðingum en nauðsyn bar til, þá hefur það ekki gengið eftir," segir Guðlaugur Þór Þórðarson í samtali við Morgunblaðið.

Guðlaugur nefnir sem dæmi um að of langt hafi verið gengið þegar lögleitt var að lagning leiðslna í jörð skyldi fara í umhverfismat þegar þær væru lengri en 1 km, þegar tilskipun ESB miðaði við 40 km.

„Þetta dæmi sýnir svo ekki verður um villst að þetta þýðir aukinn kostnað fyrir framkvæmdaaðila. Innleiðingin segir að ekki þurfi að setja leiðslur og línur í mat á umhverfisáhrifum, nema þær séu lengri en 40 km. En það sem gert var er að allar línur sem eru lengri en 1 km fara sjálfkrafa í mat á umhverfisáhrifum," segir hann og bendir á að þetta sé dæmi um augljósa gullhúðun, en miklu fleiri sé að finna í regluverkinu og leiði til aukins kostnaðar fyrir atvinnulífið.

Spurður hvort eitthvert mat hafi verið lagt á þann aukna kostnað sem gullhúðun regluverks á málefnasviði ráðuneytisins hefur í för með sér, segir Guðlaugur að það hafi ekki verið gert.

„En það sem við ætlum að fara að gera er að afhúða regluverkið," segir Guðlaugur og bætir við að fyrst verði farið í endurskoðun á löggjöf um mat á umhverfisáhrifum.

„Það sem við höfum verið að vinna að í ráðuneytinu frá því ég kom þar inn er að einfalda regluverk og þetta er liður í því. Við höfum verið að vinna að því á mörgum sviðum, varðandi atvinnulífið, en sömuleiðis eru uppi hugmyndir varðandi heilbrigðiseftirlitið, við erum einnig með vinnu í gangi við að einfalda leyfisveitingaferla," segir Guðlaugur Þór og ítrekar: „Við erum að fara að afhúða."

**Halda áfram að mótmæla þó að tjaldið verði tekið niður**

# Pakka saman tjaldinu

**Hópur Palestínumanna sem staðið hafa fyrir mótmælum á Austurvelli í 29 daga tók niður tjald sitt í gær. Tóku þeir að pakka saman tjaldinu um klukkan tvö síðdegis og ætluðu sér að vera búnir að pakka því saman fyrir miðnætti.**

**Mótmælin beinast gegn því sem mótmælendur segja aðgerðaleysi íslenskra stjórnvalda í tengslum við fjölskyldusameiningar Palestínumanna.**

**Erla Sverrisdóttir, ein þeirra sem komið hafa að mótmælunum, sagði í samtali við mbl.is í gær að mótmælin myndu halda áfram á Austurvelli þó að tjaldið hefði verið tekið niður.**

**„Ég geri ráð fyrir að við verðum með viðveru hér allan sólarhringinn enda er okkur frjálst að standa hér og mótmæla eftir bestu getu," sagði Erla.**

**Oslóartréð, sem einnig hefur staðið á Austurvelli síðan í desember, verður tekið niður í dag. Vildi Reykjavíkurborg að mótmælendur tækju niður tjaldið áður en það yrði gert.**



Morgunblaðið/Árni Sæberg




# Þegar uppbókað í gistingu vegna almyrkvans 2026

## ● Mikill spenningur við Látrabjarg ● Þörf er á vegabótum

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Það verður frábært að taka á móti öllum þeim gestum sem hingað koma til að njóta þessa náttúruundurs," segir Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarstjóri í Vesturbyggð. Þórdís vísar til þess að búist er við ferðamönnum hingað í þúsundavís í tengslum við almyrkva á sólu hinn 12. ágúst 2026.

Greint var frá því í Morgunblaðinu í gær að almyrkvinn eigi að sjást best við Látrabjarg en þingmaðurinn Andrés Ingi Jónsson vakti athygli á því að innviðir þar og vegagerð þyrftu innspýtingu til að hægt verði að taka á móti slíkum fjölda.



Þórdís Sif Sigurðardóttir

Þórdís segir að gisting í námunda við Látrabjarg sé nú uppbókuð. „Mér skilst að allt hafi verið bókað upp á þeim tveimur hótelum sem eru þar fyrir einu eða tveimur árum. Hótelstýran á Hótel Breiðavík hélt að það væri aprílgabb þegar fyrstu bókanirnar fóru að koma," segir bæjarstjórinn. Hún segir jafnframt að bæta þurfi veginn út að Látrabjargi. „Hann er í virkilega slæmu ástandi. Þetta er ein helsta náttúruperla landsins og við höfum auðvitað gert athugasemdir við þetta. Það er alltaf mikil umferð þarna á sumrin en vegurinn mun aldrei þola svo mikið álag sem þarna mun skapast. Það ríður á að fá fjármagn úr samgönguáætlun til að vegurinn muni taka við þessum fjölda."

Þórdís segir að unnið hafi verið að því að bæta aðstöðu ferðamanna á svæðinu síðustu ár, laga göngustíga og fjölga bílastæðum. „Ferðaþjónustuaðilar og íbúar hér verða auðvitað að tilbúnir að taka á móti öllum sem koma og bjóða upp á góða þjónustu."


ÚTSALA
LOKADAGAR..
50%
AFSLÁTTUR AF
ÚTSÖLUVÖRUM
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
BOSS
BÚÐIN KRINGLUNNI
Mathilda
ENGLABÖRNIN
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - við Hafnartorg

# Flýja heimili sín vegna hótana

● Lögreglumönnum hótað í auknum mæli ● Aukin harka hefur færst í undirheima landsins ● Sérsveitin kölluð út oftar ● Aukin tíðni skot- og hnífaárása ● Tryggja þarf mönnun vegna stöðunnar

Dóra Ósk Halldórsdóttir
doraosk@mbl.is

„Það hafa verið brögð að því að lögreglumenn hafa þurft að gista annars staðar en heima hjá sér vegna hótana sem þeir hafa fengið við störf sín,“ segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar, spurður hvort lögreglukona hafi þurft að flýja heimili sitt í kjölfar líflátshótana. Morgunblaðið hefur heimildir fyrir því að lögreglukona hafi flúið heimili sitt eftir að hafa fengið líflátshótanir í sinn garð. Heimildir blaðsins herma að sá sem hótaði henni tengist skotárásinni í Úlfarsárdal í byrjun nóvember.



Grímur Grímsson



Morgunblaðið/Eggert Jóhannesson

**Sérsveit** Útköllum sérsveitarinnar fjölgar með hverju árinu sem líður.

Grímur vill ekki staðfesta orðróm um ákveðin mál í því samhengi, sem hann segir að séu afar viðkvæm, en vissulega hafi svona staða komið upp og oftar en einu sinni.

„Þegar starfsfólk fær svona hótanir bregst það mismunandi við, en vissulega eru þetta alvarleg mál og tekið á þeim sem slíkum,“ segir hann. „Það liggur fyrir að það var kveikt í bíl lögreglumannsins í sumar, sem var talið tengjast starfi viðkomandi, og í desember var bíll annars lögreglumanns skemmdur, sem einnig var talið tengjast starfi hans í lögreglunni. Almennt séð get ég sagt að það eru brögð að því að það sé verið að hóta lögreglumönnum, beint og óbeint.“

*Er eitthvað gert til að styðja lögreglumenn sem lenda í þessari stöðu?*

„Ef það er staðfest að ákveðinn aðili sé að hóta starfsmanni lögreglunnar, þá er það brot á 106. gr. hegningarlaga, sem er brot gegn valdstjórninni. Þau mál eru rannsökuð hjá héraðssaksóknara,“ segir Grímur. „Við rannsökum þau ekki í embættunum.“

### Aukin harka í samfélaginu

Spurður hvort ástandið sé stöðugt að versna í undirheimum landsins segir hann svo vera og ein birtingarmynd þess sé að lögreglumönnum sé hótað í auknum mæli. „Það liggur fyrir í gögnum lögreglu að það er mun oftar sem lögregla er að vopnast. Útköll sérsveitar eru mörg og fer fjölgandi milli ára, þannig að við metum það svo að það sé aukin harka í samfélaginu, og hægt að tala um undirheima í því samhengi.“ Grímur segir að það harkan sé nærtækasta skýringin á auknum hótunum í garð lögreglunnar.

„Ef við skoðum skotárásina í Úlfarsárdal og hnífsstungur sem hafa verið undanfarið má sjá að þessum málum hefur fjölgað. Það hefur verið talað um að það séu erjur á milli fólks sem er í einhverjum hópum. Ég hef svo sem ekki gengið svo langt að tala um gengi, en það eru erjur milli hópa.“

### Bregðast verði við

Grímur segir aukna notkun skotvopna áhyggjuefni. Nefnir hann í því samhengi áðurnefnda skotárás í Úlfarsárdal, skotárás á skemmtistaðnum Dubliners og fjölda mála er varða hnífsstungur. Segir hann ljóst að þessum málum hafi fjölgað og bregðast verði við því.

„Það er mín skoðun að sakleysi íslensks samfélags sé horfið og í ljósi þess þýðir ekki að vera með vanmannaða lögreglu.“

# Ísland viðkvæmt fyrir aukinni útbreiðslu mislinga

● Fjölgun mislingatilfella í Evrópu veldur áhyggjum hér

Helena Björk Bjarkadóttir
helena@mbl.is

Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir segir það vera áhyggjuefni að þáttaka í bólusetningu gegn mislingum hafi farið dvínandi hér á landi.

Hún segir embættið vera að fylgjast með þróun mála í Evrópu en mislingatilfellum hefur fjölgað mjög þar síðasta árið. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni voru tilfellin rúmlega 42 þúsund á móti 941 árið áður. Þetta er næstum 45-föld fjölgun.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur þetta vera afleiðingu þess að færri börn voru bólusett gegn mislingum á meðan covid-19-faraldurinn stóð yfir.



Guðrún Aspelund

Aðgengi að bólusetningum hefur líka haft áhrif.

Rússland og Kasakstan komu verst út, með 10.000 tilfelli hvort frá janúar til október á síðasta ári. Í Vestur-Evrópu var Bretland með flest tilfelli, eða 183.

Guðrún segir stöðuna á Íslandi ekki góða. „Þátttaka í bólusetningum á Íslandi hefur dvínað og er komin niður fyrir það mark sem við þurfum að hafa til að hjarðónæmi myndist,“ bætir Guðrún við.

Til þess að hjarðónæmi nái að myndast þarf bólusetningarhlutfall að vera 95% en er nú rétt um 90% miðað við tölur frá 2022. Ef mislingar berast til Íslands er hætta á að þeir myndu dreifast.

### Án mislinga frá 2019

Hún telur þróunina í bólusetningum hér á landi aðallega vera sökum covid-19-faraldursins. Bæði varð aðgengi að bólusetningum verra og álag á heilbrigðiskerfið mikið. Hún segir vantraust til bólusetninga ekki vera sérstaklega áberandi hér á landi.

Ekki hefur komið upp tilfelli af mislingum hér á landi síðan 2019 en þá smituðust tíu einstaklingar.






Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Biskup** Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti gefur kost á sér.

# Kristján sækist eftir biskupskjöri

● Fimm prestar hafa lýst yfir áhuga

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti gefur kost á sér til embættis biskups Íslands. Þetta staðfestir hann í samtali við Morgunblaðið. Fram hefur komið að þegar hafi fjórir prestar gefið til kynna að þeir sækist eftir tilnefningu til biskups og er Kristján sá fimmti.

„Ef ég fæ nægjanlega margar tilnefningar mun ég gefa kost á mér í biskupskjöri,“ segir Kristján, en hann hefur verið staðgengill biskups í fjölmörgum málum undanfarið, eftir að í ljós kom að núverandi biskup brast hæfi til að sinna stjórnsýsluskyldum biskups.

„Ég hef sinnt störfum biskups mikið undanfarið og veit því vel út á hvað starfið gengur. Ýmsir prestar hafa komið að máli við mig og bent á að gott væri nú að fá inn mann með reynslu í embættið, enda gefast nú tækifæri til að móta skipulag kirkjunnar sem og hlutverk biskups Íslands,“ segir Kristján.

### Uppbygging taki við

„Ég tel að til biskups þurfi að veljast maður með reynslu og mótaða sýn á embættið, stöðu kirkjunnar og stefnu til framtíðar. Nú þarf að taka við uppbyggingartími í kirkjunni og ég tel að það hafi ekki verið alveg ljóst hvert við erum að fara með skipulag kirkjunnar og hlutverkaskipan innan hennar,“ segir hann og bendir á að hann hafi með samstarfsfólki sínu breytt skipulagi og stjórn Skálholtsstaðar til batnaðar, ásamt því að tryggja aukið fjármagn til staðarins.

„Það hefur aukið trúverðugleikann og skapað góða ímynd um Skálholt,“ segir Kristján og bætir því við að bent hafi verið á að rétt væri að nýta þá reynslu í kirkjunni í heild.

Fyrirkomulag biskupskosninga er á þann veg að prestar tilnefna þann prest til embættis biskups sem þeim hugnast. Tilnefningarferlið hefst í fyrstu viku febrúar og stendur yfir í fáeina daga og fer fram með rafrænum hætti. Að tilnefningarferlinu loknu tekur kjörstjórn kirkjunnar til við að safna saman tilnefningum og að því loknu verður upplýst hverjir hlutu flestar. Í framhaldi af því mun kjörstjórn grennslast fyrir um hvort viðkomandi gefi kost á sér í biskupskjöri.

Reglan er sú að fyrst er rætt við þann sem flestar tilnefningarnar hlaut og síðan koll af kolli, uns eftir standa þrír prestar sem kosið verður á milli í biskupskosningu sem fram fer í mars. Gefi færri kost á sér verður kosið á milli tveggja efstu.

Vígsla nýs biskups verður 1. september nk. Komi til þess að Kristján verði kosinn fer fram innsetning biskups fyrrgreindan dag, enda Kristján þegar vígður sem vígslubiskup í Skálholti. Hinir fjórir prestarnir sem sækjast eftir tilnefningu eru Guðmundur Karl Brynjarsson, Kópavogi, Ninna Sif Svavarsdóttir, Hveragerði, Helga Soffía Konráðsdóttir, Háteigskirkju og Guðrún Karls Helgudóttir í Grafarvogskirkju. Þá er Svavar Alfreð Jónsson á Akureyri að hugsa sinn gang.


VARASALVI
NÝTT
VALENTÍNUSARGJÖF
Ást &
kossar.
Varasalvinn fylgir þegar verslað
er fyrir 15.000 kr. eða meira.
BIOEFFECT
BIOEFFECT
BIOEFFECT verslun Hafnartorgi | bioeffect.is | Fullt verð varasalva: 3.890 kr.




# Stjórnsýsla Svandísar ekki útrædd

## Skiptar skoðanir þingmanna um ríkisstjórnarsamstarfið í viðtali Dagmála

Andrés Magnússon
andres@mbl.is

Þrátt fyrir að vantrauststillaga á hendur Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra hafi verið dregin til baka vegna veikinda hennar eru þau mál ekki úr sögunni, segja þingmenn úr bæði stjórnarliði og stjórnarandstöðu. Þau þurfi að koma til kasta þingsins.

Þetta kemur fram í viðtali við þingmennina Þorbjörgu S. Gunnlaugsdóttur úr Viðreisn og Teit Björn Einarsson úr Sjálfstæðisflokki í Dagmálum í tilefni nýhafins þingvetrar.


Morgunblaðið/María
**Dagmál** Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Teitur Björn Einarsson.

Þrátt fyrir að þingflokkar þeirra hafi ekki tekið afstöðu til tillögunnar upplýsir Þorbjörg að hún hafi verið búin að ákveða að greiða atkvæði með vantrausti. Teitur Björn er ekki jafnafdráttarlaus, en segir þó að hann geti ekki varið stjórnsýslu ráðherrans.

Meðal annars, sem rætt var í þættinum, voru aðgerðir vegna hamfaranna í Grindavík, kjarasamningar, ríkisfjármálin því tengd, orkumál, útlendingamál, skautun umræðu og samkomulagið á stjórnarheimilinu.

Dagmál
mbl.is/dagmal

## STAKSTEINAR




### Ríkisútvarpið blæs út, aðrir minnka

**Hagstofan birti í gær upplýsingar um tekjur fjölmiðla sem voru á heildina litið að mestu óbreyttar á milli áranna 2021 og 2022. Samtals námu tekjurnar um 29 milljörðum króna og er þá bæði átt við tekjur frá notendum miðlanna og auglýsendum.**

• • •

**Segja má að þetta sé athyglisvert fyrir áhugamenn um fjölmiðla, en fleiri, að minnsta kosti allir þeir sem eru neyddir til að greiða afnotagjöld til Ríkisútvarpsins, ættu að hafa áhuga á þróun tekna þess á fjölmiðlamarkaðnum.**

• • •

**Það er skemmst frá því að segja að á meðan aðrir fjölmiðlar þurfa að hafa töluvert fyrir lífinu, og fyrir suma dugði það ekki til, þá hefur Ríkisútvarpið blómstrað. Tekjur einkarekinna miðla drógust saman frá árinu 2016 til 2022, en á sama tíma jukust tekjur Rúv. um nær tvo milljarða króna. Hlutdeild þess í heildartekjum fjölmiðla hefur á öldinni aldrei verið meiri en árið 2022, nema líklega í fyrra, en Hagstofan er ekki komin með þær tölur.**

• • •

**Ríkisútvarpið tók árið 2022 til sín 26% af heildartekjum á fjölmiðlamarkaði og hafði hlutfallið hækkað úr 21% árið 2016. Þrátt fyrir þessa sláandi þróun hafa starfsmenn Rúv. og stjórnmálamenn sífelldar áhyggjur af því að stofnunina skorti fé.**

• • •

**Væri ekki í lagi að segja stofnuninni að hagræða ef ört vaxandi tekjurnar duga ekki?**

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni www.mbl.is/mogginn/leidarar




Andlát

# Alfreð Árnason



Alfreð Árnason erfðafræðingur lést 18. janúar síðastliðinn, 85 ára að aldri.

Alfreð fæddist 11. júní 1938 í Skálakoti undir Eyjafjöllum en fluttist að Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum átta ára gamall. Foreldrar hans voru Lilja Ólafsdóttir, húsfreyja í Stóru-Mörk, og Árni Sæmundsson (kjörfaðir), hreppstjóri og bóndi í Stóru-Mörk.

Eftir landspróf í Skógum lá leiðin í Menntaskólann á Laugarvatni. Lauk Alfreð stúdentsprófi þaðan vorið 1959 og byrjaði að kenna við héraðsskólann á staðnum um haustið. Hann hóf nám í dýrafræði 1961 við háskólann í Belfast á Norður-Írlandi og lauk B.Sc.-gráðu vorið 1964. Var til sjós á sumrin frá Suðurnesjum og frá hausti 1964 til vors 1966 var Alfreð í M.Sc.-námi í lífefnafræðilegri erfðafræði við sama háskóla.

Haustið 1966 hóf Alfreð kennslu í náttúrufræði við Menntaskólann á Laugarvatni. Á sumrin var hann við rannsóknir í Glasgow í Skotlandi. Viðfangsefnin voru erfðafræðilegur samanburður á dýrum frá mismunandi svæðum. Alfreð fór að vinna við mannerfðafræði hjá erfðafræðinefnd Háskólans árið 1970. Árið 1973 lauk hann doktorsprófi í Glasgow. Doktorsritgerðin fjallaði um samanburð erfðamarka hagamúsa frá Íslandi, Noregi og Írlandi. Niðurstaða var að íslenska hagamúsin væri að öllum líkindum ættuð bæði frá Noregi og Írlandi.

Árið 1974 fór Alfreð svo til Birmingham á Englandi í postdoktorsnám í mannerfðafræði. Við heimkomu 1975 var stofnuð erfðarannsóknadeild Blóðbankans sem hann veitti forstöðu.

Rannsóknir á erfðasjúkdómum voru helstu verkefni Alfreðs. Ein merkilegasta uppgötun hans var stökkbreyting sem veldur arfgengri íslenskri heilablæðingu. Þetta var árið 1988. Þessi uppgötvun átti eftir að gjörbreyta greiningu á sjúkdómnum. Ári seinna tókst að sanna með sameindaerfðafræðilegum aðferðum tilvist svonefndra blendinga tveggja stærstu dýrategunda jarðar, steypireyðar og langreyðar.

Alfreð var formaður Rangæingafélagsins í Reykjavík 1980-1982, fulltrúi Íslands í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins 1987-1992 og sat lengi í stjórn Vísindafélags Íslendinga.

Eiginkona Alfreðs var Margrét Stefánsdóttir, d. 2023. Synir þeirra eru Stefán, f. 1961, Árni, f. 1966, og Eiður, f. 1972. Barnabörnin eru átta.



ÚRVAL ÚTSÝN
SÓL Í SUMAR
Bókaðu minningar í ár
ALMERÍA
FYRSTA FLUG 6. JÚNÍ - 9 & 10 NÁTTA FERÐIR
Draumaáfangasstaður fjölskyldunnar í Andalúsíu á Spáni. sólríkar sandstrendur, ekta spænska menningu sem og úrval af glæsilegum gistingum.
VERÐ FRÁ 99.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
GARDAVATN
FYRSTA FLUG 14. JÚNÍ - 9 NÁTTA FERÐIR
9 nátta ferðir í einni fegurstu náttúruperslu Ítalíu. Strendur vatnsins, fjölskyldugarðurinn Gardalandia og gullfallegt útsýni taka á móti þér.
VERÐ FRÁ 189.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
KRÍT
FYRSTA FLUG 20. MAÍ - 9 & 10 NÁTTA FERÐIR
9 nátta ferðir á gullfallegu Krít, Grikklandi. Einstakt andrúmsloft, menning, matur, hvítar strendur og túrkísblátt haf gera áfangastaðinn ógleymanlegan.
VERÐ FRÁ 127.500 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
TENERIFE
FJÖLDI BROTTFARA ALLT ÁRIÐ
Þekkt fyrir einstaka veðursæld, hreinar strendur og fjölbreytta afþreyingu fyrir alla aldurshópa. Fjöldi gististaða í boði.
VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
ÍTALÍA
FYRSTA FLUG 14. JÚNÍ - 9 NÁTTA FERÐIR
Beint flug til Verona á norður Ítalíu. Tilvalinn áfangastaður til að ferðast um og upplifa hið ítalska sumar. Fjöldi brottfara í boði.
VERÐ FRÁ 209.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
COSTA BLANCA
ALICANTE - BENIDORM - ALTEA - ALBIR - CALPE
Beint flug til Alicante og fjöldi gistinga í boði um allt Costa Blanca strandlengjuna. Strendur, fjölskyldugarðar, matur og frábært veður.
VERÐ FRÁ 98.500 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
MALLORCA
FYRSTA BROTTFÖR 5. JÚNÍ
Sól, strendur, gullfalleg og tilkomumikil náttúra, einstök menning, höfuðborgin Palma og margt fleira. Fjöldi gistinga og brottfara í boði í sumar.
VERÐ FRÁ 99.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
PÁSKASÓL
TENERIFE EÐA KANARÍ
SELST HRATT UPP!
Fjöldi gistinga enn í boði!
VERÐ FRÁ 156.500 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
Sjáðu meira á urvalutsyn.is
Er stórfjölskyldan á leið í frí?
Sendu okkur póst info@uu.is og við þjónustum hópinn.
HAFÐU SAMBAND
INFO@UU EÐA 585 4000
VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.
INNIFALIÐ Í VERÐI ER GISTING, FLUG, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA & HANDFARANGUR
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# Hótelið heyrir ekki undir Kvosina

## ● Fyrirhugað 100 herbergja hótel á Grandagarði er á svæði M1B og því utan Kvosarinnar ● Þar af leiðandi eru ekki sömu hömlur á uppbyggingu gististaða og eru við lýði í Kvosinni

**BAKSVIÐ**

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is



Fyrirhugað hundrað herbergja hótel á Grandagarði 2 í Reykjavík, við hlið Alliance-hússins, telst ekki vera á skipulagssvæði Kvosarinnar. Jafnframt gilda aðrir skipulagsskilmálar á Grandanum en í Kvosinni hvað hóteluppbyggingu snertir.

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur og deildarstjóri aðalskipulags á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, staðfestir þetta en tilefnið er frétt hér í blaðinu í fyrradag um uppbygginguna fyrirhugaðs hótels við Alliance-húsið. Haft var eftir viðmælanda að með hótelinu væri verið að fylla hótelkvótann í Kvosinni. Þ.e.a.s. innan skilgreinds miðborgarsvæðis sem væri stærra en Kvosin.

Eftir að fréttin birtist höfðu lesendur blaðsins samband og gagnrýndu að fjallað væri um Kvosina í þessu samhengi. Hún væri lítið og afmarkað svæði í gamla miðbænum og Grandagarður því langt utan þess. Slík gagnrýni hefur heyrst áður en í öðru samhengi. Til dæmis hefur því verið haldið fram að nýi Landspítalinn sé ranglega tengdur við Þingholtin enda liggi mörk þeirra vestar.




### Verður ekki tengt Kvosinni

Haraldur staðfestir hins vegar að Grandagarður 2 tilheyri ekki skipulagssvæðinu í Kvosinni og verður því ekki um það deilt. Þá sé heldur ekki nákvæmt að segja að með hótelinu á Grandagarði sé verið að fylla endanlegan kvóta fyrir hótelstarfsemi. Máli sínu til stuðnings bendir Haraldur á að í hinni eiginlegu Kvos sé í gildi deiliskipulag með kvóta fyrir gististaði sem hljóði upp á 23% af heildarbyggingarmagni. „Ef byggingarmagn er aukið innan Kvosarinnar, samkvæmt deiliskipulagsákvörðun, þá stækkar í raun kakan og með því skapast ef til vill svigrúm fyrir nýja fermetra, þ.e.a.s. út frá þessum 23% kvóta,“ segir Haraldur til skýringar. Hann vekur svo athygli á því að samkvæmt aðalskipulagi sé miðborginni skipt í þrjú svæði, M1A, M1B og M1C, en þau eru sýnd á kortinu hér.

### Engar takmarkanir

„Grandagarður 2 er á svæði M1B og þar eru ekki sérstök ákvæði um að ekki megi breyta núverandi húsnæði í gististað. Ströng ákvæði um að ekki megi breyta núverandi húsnæði í gististað gilda hins vegar á svæðum M1A, sem er þá Kvosin og hinn sögulegi miðbæjarkjarni, og á svæðum sem heita M1C. Á svæðum M1C er íbúðabyggðin meira ráðandi og er tilgangurinn að hlífa íbúum þar við fjölgun gististaða. Svæðin á jöðrum miðborgarinnar teljast vera M1B-svæði. Þ.m.t. svæðið út frá Hlemmi, að Höfðatorginu meðtöldu, og sömuleiðis svæðið út frá Grandagarð. Á svæðum M1B eru ekki sérstakar takmarkanir á uppbyggingu gististaða í aðalskipulagi og raunar ekki heldur á Stjórnarráðsreitnum sem er að mestu á hendi ríkisins,“ segir Haraldur. Það sé hins vegar hægt að setja hömlur á gististaði í deiliskipulagi þessara svæða.



Teikning/Gláma Kím

**Horft frá Grandagarði** Fyrirhugað hótel verður norðan við Alliance-húsið.

Haraldur segir að við nýja uppbyggingu og endurgerð húsa á svæðum M1A og M1C geti þó skapast eilítið svigrúm til að fjölga fermetrum undir hótelstarfsemi, að gefnum ákveðnum skilyrðum sem sett eru í aðal- og deiliskipulagi.

„Sá sem er að endurbyggja eða bæta við fermetrum getur mögulega samið um að hlutfall af þeirri uppbyggingu, eða enduruppbyggingu, sé undir hótelherbergi, þ.e. samið við borgina við gerð deiliskipulags, en hér þarf m.a. að horfa til húsverndarsjónarmiða og hvort einnig sé verið að fjölga t.d. íbúðar- eða skrifstofufermetrum,“ segir Haraldur um þessa möguleika.

### Mörg hótel í pípunum

Nokkur hótel eru nú í byggingu eða áformuð í miðborginni og í jaðri hennar. Í fyrsta lagi er verið að reisa 17 hæða hótelturn fyrirhugaðs Radisson RED-hótels við Skúlagötu. Í öðru lagi er verið að stækka Grand Hótel í Sigtúni. Í þriðja lagi er áformað að reisa hótel á Laugavegi 176 í samvinnu við Hyatt Hotels Corporation. Í fjórða lagi kemur til greina að nýtt atvinnuhúsnæði vestast á Kirkjusandi verði leigt undir hótelrekstur. Í fimmta lagi er sem áður segir áformað að reisa hótel á Grandagarði. Fleiri verkefni kunna að vera í farvatninu.

### Blönduð íbúðabyggð

Samkvæmt skilgreiningu borgarinnar telst svæði M1B vera blönduð miðborgarbyggð. Markmiðið er að efla fjölbreytta atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðabyggð. Gert er ráð fyrir stofnunum og skrifstofum og sérhæfðri þjónustu, þ.m.t. gistiþjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum húsnæðis.

Svæði M1C telst vera blönduð miðborgarbyggð. Þar er lögð áhersla á að vernda og styrkja íbúðabyggð og hverfisanda en um leið efla verslunar-, atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðabyggð. Íbúðir skulu almennt vera til heilsársbúsetu.




# Ragnar í góðum málum í Noregi

## ● Átti eina vinsælustu bókina í fyrra

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Norðmenn hafa tekið spennusögum Ragnars Jónassonar vel á síðustu mánuðum og misserum. Norska bóksalasambandið birti á dögunum lista yfir mest seldu spennusögurnar þar í landi í fyrra og staðfesti hann þessar vinsældir. Bók Ragnars, *Dimma*, var fimmta mest selda þýdda glæpasagan í Noregi í fyrra. *Dimma* er eini íslenski krimminn sem nær inn á listann, sem tekur til 20 mestu seldu spennusagnanna. Listinn sýnir vel styrk sænskra glæpasagnahöfunda meðal frænda sinna því þeir eiga níu af fimmtán mest seldu sögunum. Efstur á listanum er reyndar hinn velski Ken Follett en skammt undan koma höfundar eins og Camilla Läckberg, Liza Marklund og Kristina Ohlsson.

### Sópar að sér verðlaunum

*Dimma* kom út á Íslandi árið 2015 og markar upphaf þríleiks Ragnars um lögreglukonuna Huldu. Sá bálkur hefur sópað að sér viðurkenningum víða um heim. Má þar nefna að serían hlaut Palle Rosenkrantz-verðlaunin sem besta þýdda glæpasagan í Danmörku og var valin besta þýdda glæpasagan á Spáni. Þá voru allar bækurnar þrjár um tíma á lista yfir tíu mest seldu bækur Þýskalands.



Morgunblaðið/Ásdís

**Vinsældir** Ragnar Jónasson hefur gert það gott í Noregi undanfarið.

### Tökur standa nú yfir

Eins og komið hefur fram í Morgunblaðinu standa nú yfir tökur á alþjóðlegri seríu eftir *Dimmu*. Lena Olin fer með hlutverk Huldu og Lasse Hallström leikstýrir.



Ljósmynd/Landhelgisgæslan

# Kafbáturinn USS California farinn

**Kjarnorkuknúni kafbáturinn USS California er farinn frá landinu eftir að hafa verið í þjónustuheimsókn. Landhelgisgæslan hefur sinnt þeirri þjónustu samkvæmt samningi við bandaríska sjóherinn. Er þetta þriðja heimsókn bandarísks kafbáts eftir að samningurinn komst á í fyrra.**

**Varðskipið Þór fylgdi kafbátnum inn í landhelgina og lónaði hann úti fyrir Reykjanesbæ á meðan skipt var um áhöfn og aðföng flutt um borð. Þór fylgdi kafbátnum síðan aftur út úr landhelginni.**

mbl.is













# Forvitnilegar íslenskar mannætur

*Í framhaldi af umfjöllun í liðinni viku um sögu mannáts í heimi hér, er ekki úr vegi að forvitnast um íslenskar mannætur. Jóra og Maurhildur eru þeirra á meðal, sem og Mjóafjarðarskessan sem var heldur matvönd, hún vildi aðeins borða presta.*



Morgunblaðið/Hari

**Bjarni** „Stundum eru skessurnar ekki að hugsa um að éta menn, heldur vilja hafa allt annað gagn af þeim."

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khk@mbl.is

Íslendingar þekkja mannætur í gegnum tíðina, þó þær séu ekki algengar hér, nema helst inni á fjöllum. Við höfum mannætur í nátttröllum og útilegumönnum, en líka í Grýlu. Hún er mjög óhugnanleg mannæta, því hún étur bara börn. Hún er kannski fyrst til að finna upp á smáréttum, pinnamat og tapasréttum," segir Bjarni Harðarson, bóksali og margfróður um íslenskar þjóðsögur, þegar hann er spurður um hérlendar mannætur.

„Útilegumenn eru tvenns konar í íslenskum þjóðsögum, annars vegar Fjalla-Eyvindur og nokkrir aðrir sem eru nafngreindir og nálægt okkur í tíma, en hins vegar eru útilegumannasögur sem eru þjóðsagnakenndari, byggja meira á sagnaminnum og segja af ónafngreindum útilegumönnum. Sú gerð útilegumanna er blóðþyrst og borðar yfirleitt alltaf fólk, enda mega þeir til, því oft var lítið að hafa að éta fyrir þá. Þá gera þeir rétt eins og nátttröllin, hlaupa uppi fólk til að drepa sér til matar. Ef fólk lenti í mat hjá útilegumönnum þá var borið á borð fat með því sem sagt var sauðakjöt, en fólk þekkti þar oft mannakjöt innan um, eða var sagt að svo væri," segir Bjarni og bætir við að nátttröll séu alltaf mannætur, enda séu þau illvígust trölla.

„Við mannfólkið sjáum þau nánast aldrei, þau eru í myrkri. Til er nátttröll í Jökulsárhlíð og annað í Bárðardalnum, sem urðu að steini þegar þau voru að reyna að hlaupa uppi menn, bráð sína. Þau gleymdu sér og fyrir vikið skein á þau sólin. Mennirnir sem þau voru að elta og sluppu með skrekkinn voru til frásagnar um þetta allt saman."

Mannát er feimnismál og við erum viðkvæm fyrir því, þess vegna er stundum ekki sagt frá því berum orðum, heldur er það gefið í skyn.

„Gott dæmi þar um er frásögnin af Jóru úr Sandvíkurhrepp, hún var í raun fyrsti ferðaþjónustubóndinn á Íslandi, því hún lifði á ferðamönnum. Sagt er að hún hafi setið fyrir ferðamönnum eftir að hún var búin með hestlæri sitt, en þar liggur í orðalaginu að hún hafi nælt sér í ferðamennina af því hún var orðin matarlaus. Jóra var líka frumkvöðull í ákveðinni hegðun á íþróttakappleikjum, hún er fyrsta íþróttabullan í Íslandssögunni, því hún ærist þegar graðhestur pabba hennar fer halloka í hestaati og hún ræðst á hinn hestinn, rífur undan honum fyrrnefnt læri og hleypur með það á fjöll."

Bjarni nefnir aðra mannætu til sögunnar, Maurhildi, sem bjó á Stokkseyri.

„Sagan hefst á því að Þorbjörn bóndi á Stokkseyri sem var illa lyntur, hann drap geitfé sem kom í túnið hjá honum. Þær geitur átti Kuflungur, einhvers konar vættur og hólbúi. Hann hefnir þessa grimmilega, ber bóndann duglega nokkrum sinnum, stelur síðan frá honum konunni og gerir henni barn. Kuflungur færði bóndanum barnið og sagði að þar með væri hefndinni lokið. Þorbjörn varð glaður að fá stúlkubarnið sem heitir Maurhildur og ól hana upp, en hún varð hið mesta flagð og var sólgin í mannakjöt. Nokkrir náðu að flæmast undan henni, en hún át nánast alla á bænum. Framan af át hún einn mann að vetri, yfirleitt sauðamann, en svo þurfti hún meira til viðurværis. Þegar hún var búin að éta Þorbjörn fóstra sinn, þá tók hún til við eiginmanninn. Í sögulokum nagar hún hauskúpu mannsins og tautar: „Fáir hafa nú betur notið bónda síns, en ég." Í því kom hetjan í sögunni, Þorsteinn bróðir bóndans, og banaði Maurhildi með sérstakri gerningaöxi sem hann fékk hjá álfum.



Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson

**Grýla** Ein alfrægasta mannæta okkar Íslendinga, flagð sem borðar börn.

Fyrrnefnd dánarorð Maurhildar urðu fræg."

## Sjóða í honum mann

Næsta nefnir Bjarni mannætuna Þuríði Arnbjarnardóttur í Þjórsárdal, sem hægt er að ættfæra, því hún var kona Steinólfs lága á Steinólfsstöðum, rétt við Stöng.

„Þuríður varð frilla Gauks á Stöng og hann var drepinn þess vegna. Þjórsárdælir reiðast mjög þegar Gaukur hefur verið drepinn og þeir ákveða að grýta Þuríði, kenna henni um. Hún flýr inn í Þjórsárdal til Hjalta Skeggjasonar og fær að setjast þar að í Stórkonugili, en stórkonuheitið er tröllskessuheiti. Þuríður kallar yfir Þjórsárhlaupið orð sem til eru í frægri stemmu sem er ein flottasta mannætusaga okkar: „Systir ljáðu mér pott / Hvað ætlaru með hann? / Sjóða í honum mann / Hvað heitir hann? / Gissur í Botnum, Gissur í Lækjarbotnum." Við vitum hvaða Gissur þetta er, svo hægt er að tímasetja þessa sögu. Þuríður hljóp á eftir Gissuri en hann slapp, því hann náði heim að Stóra-Klofa, þar sem kirkjan stóð og klukkunum var hringt. Skessan ærðist, hljóp inn til fjalla og sprakk við Heklurætur. Hægt er að ganga að henni þar. Þuríður er þekkt kona á söguöld og komin af galdraætt á Melrakkasléttu, hún er því langt að komin, sem stemmir við Landnámu."

Bjarni segir mannát tröllskessa svolítið tvíbent, það sé óljóst hvað skessurnar ætli sér þegar þær hlaupa uppi menn.

„Stundum eru þær ekki að hugsa um að éta þá, heldur vilja hafa allt annað gagn af þeim. Þá getur verið að sumir hafi látið ná sér, í von um að til stæði þetta „allt annað", því margar þessar sögur eru mjög kynferðislegar. Kannski er ekkert svo breitt bil á milli þess að njóta einhvers kynferðislega og að njóta viðkomandi aðeins meira. Í nútímamáli er stundum talað um að borða kynfæri, þegar notið er munnmaka."

## Át barn sitt nýfætt

Enn eina mannætuskessu tínir Bjarni til, Mjóafjarðarskessuna sem var matvönd, hún vildi aðeins borða presta.

„Það sem er heillandi við hana er að hún ærir prestana þar til þeir vilja ólmir láta hana borða sig. Þeir æða til hennar og biðja hana um að draga úr sér innyflin og éta: „Takið úr mér svilin og vilin," eins og segir í vísunni. Þarna er aftur kynferðislegur undirtónn munnmaka, ef við gerum ráð fyrir að svil sé sæði, rétt eins og hjá fiskum."

Bjarni segir að gömlu ævintýrin séu full af mannáti. „Algengt minni í sögum um mannætur er að þær éti börn sín. Við höfum það líka í germönskum fornaldarsögum, en þar er kóngafólk sem í bræði sinni breytir hauskúpum barna sinna í drykkjuskálar. Guðrún Gjúkadóttir, eiginkona Atla Húnakonungs, hún drepur syni þeirra og matreiðir þá ofan í hann. Allt þetta lið gengur ansi langt í kannibalisma og hikar ekkert við. Í íslenskum ævintýrum finnst mannætan Ísól hin blakka sem kemur fyrir í ástarævintýri um Ísól hina björtu. Sú er kóngsdóttir og missir móður sína, sem er klassískt minni, en kóngur giftist aftur drottningu sem á eina dóttur, Ísól hina blökku. Þegar kóngur fer í ferðalag þá hrindir drottningin Ísól hinni björtu ofan í gryfju og gerir í framhaldi sína eigin dóttur, Ísól hina blökku, að aðalkóngsdóttur. Hún lætur kóngsson þann sem ætlaði að giftast þeirri björtu, giftast þeirri blökku, með blekkingum. Ísól hin blakka er þá barnshafandi eftir þræl sinn og til að leysa úr því þá étur hún barnið strax eftir fæðingu. Þessi mannæta fær makleg málagjöld eins og vera ber í ævintýrum."

## Hafði mannakjöt í beitu

Bjarni nefnir einnig Axlarbjörn, fyrsta skráða raðmorðingja á Íslandi.

„Ekki eru til skráðar heimildir um að hann hafi verið dæmdur fyrir að éta mannakjöt, en hann upplifir mannát í draumi. Upphafið að fjöldamorðum hans er þessi draumur þar sem honum er boðið að borða bita af því sem greinilega er mannakjöt. Sá tólfti stendur í honum, sem er fyrirboði þess að við tólfta morðið þá fer illa," segir Bjarni og bætir við að Þorbjörn kólka, landnámsmaður á Kólkumýrum í Húnavatnssýslu, sé einnig maður sem er ekki beinlínis mannæta.

„Hann var feikilega fiskinn og hafði alltaf mannakjöt í beitu. Þá má spyrja sig hvort hann hafi ekki tekið bestu bitana og étið sjálfur."



# Vetrardagar Kia.

24. - 31. janúar





**Sorento PHEV**
Verð frá
9.990.777 kr.

**Sportage**
Verð frá
7.990.777 kr.

**EV9**
Verð frá
13.990.777 kr.

**EV6**
Verð frá
8.490.777 kr.
Verð með styrk úr Orkusjóði
7.590.777 kr.

**Niro**
Verð frá
5.990.777 kr.

KIA
Movement that inspires

**Næstkomandi laugardag blásum við til vetrarsýningar Kia frá 12-16 á Krókhálsi 13.**

Vetrardagar Kia eru í fullum gangi hjá umboðsaðilum Kia um land allt.
Veglegur vetrarpakki fylgir öllum seldum bílum út janúar ásamt gjafabréfi frá **66°Norður.**

Reynsluaktu fjórhjóladrifnum Sportage Plug-in Hybrid, sjö manna Sorento, margverðlaunuðum EV6, fjölhæfum Niro eða nýjum og alrafmögnuðum EV9.
Öllum nýjum bílum frá Kia fylgir yfirgripsmikil 7 ára ábyrgð.

Við hlökkum til að sjá þig.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

**Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

**Umboðsmenn um land allt:**
K.Steinarsson, Bílasala Austurlands, Bílás, Bragginn, Bílasala Selfoss, Höldur Akureyri

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd

# Ný brú byggð yfir Skjálfandafljót

**● Vegagerðin hefur boðið út hönnun Norðausturvegar um Skjálfandafljót í Köldukinn ● Stefnt er að því að taka ný mannvirki í notkun 2028 ● Gamla brúin gömul og umferð um hana takmörkuð**

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Undirbúningur er hafinn að framkvæmdum við nýjan veg og brú yfir Skjálfandafljót í Köldukinn. Stefnt er að því að taka þessi mannvirki í notkun eftir fjögur ár eða árið 2028.

Núverandi brú er næstum 90 ára gömul, byggð árið 1935. Brúin er orðin svo léleg að grípa þurfti til þess ráðs í fyrrasumar að loka henni fyrir umferð vöru- og fólksflutningabíla. Hún er tæpir 200 metrar að lengd og var á sinni tíð með lengstu brúm á Íslandi. Nú er aðeins fólksbílum heimilt að aka um hana.

Samkvæmt upplýsingum G. Péturs Matthíassonar upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar er verkið í drögum að samgönguáætlun, tímasett árin 2026-2028. Þar eru 3.100 milljónir króna áætlaðar í verkið.

Þingeyingar hafa margoft ályktað um stöðu samgöngumála við Skjálfandafljót. Báðar brýrnar yfir fljótið, í Köldukinn og Fosshóli við Goðafoss, eru gamlar og einbreiðar. Um þessar brýr fara allir flutningar með fólk og vörur.

Samkvæmt samgönguáætlun eru 1.520 milljónir ætlaðar til byggingar nýrrar brúar um Skjálfandafljót við Fosshól á öðru tímabili, sem er 2029-2033. Núverandi brú er rúmlega 50 ára gömul, byggð 1972.



Tölvumynd/Vegagerðin

**Nýtt mannvirki** Þrívíddarmynd af fyrirhugaðri brú á eystri kvísl Skjálfandafljóts. Nýja brúin verður tvíbreið og hönnuð samkvæmt nýjustu kröfum.

### Vildu hraða framkvæmdum

Byggðaráð Norðurþings sendi í fyrrasumar ályktun til Vegagerðarinnar vegna umferðartakmarkana á brúnni í Köldukinn og hvatti ríkisstjórnina til þess að hraða áformum sínum um nauðsynlegar endurbætur á umræddum vegkafla. Þetta verkefni hafi alltof lengi setið á kantinum, eins og það var orðað.

Þá sendi stjórn og trúnaðarráð verkalýðsfélagsins Framsýnar á Húsavík frá sér ályktun sl. haust um samgöngumál í Þingeyjarsýslum. Þar eru þingmenn hvattir til að flýta framkvæmdum, bæði í Köldukinn og við Fosshól.

Kaldakinn, eða Kinn, kallast landsvæðið sem nær frá bænum Krossi í mynni Ljósavatnsskarðs og norður í Bjargarkrók við botn Skjálfanda.

Með auglýsingu sem birtist 9. janúar 2024 bauð Vegagerðin út for- og verkhönnun ný- og endurbyggingar Norðausturvegar (85) um Skjálfandafljót. Kaflinn er um níu kílómetra langur og nær frá Torfunesi að sunnanverðu og norður fyrir vegamót Norðausturvegar og Aðaldalsvegar (845). Innifalið í verkinu er hönnun vega og vegamóta og gerð útboðsgagna. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á vegkaflanum eru fimm vegamót, ein stærri t-vegamót við Norðausturveg og Aðaldalsveg ásamt fjórum minni tengingum. Í heild er vegagerð um 10 kílómetrar. Hönnun brúa um Skjálfandafljót og Rangá er ekki hluti verksins. Starfsmenn Vegagerðarinnar munu hanna þau mannvirki, sem verða tvíbreið og samkvæmt nýjustu kröfum.




Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfismats og á grundvelli matsþátta og verðs. Ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð. Hinn 27. febrúar 2024 verða bjóðendum kynntar niðurstöður stigagjafar og verðtilboð hæfra bjóðenda. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um það hvenær framkvæmdir við veginn og bygging brúarmannvirkja verða boðin út.

Vegagerðin gaf fyrr í þessum mánuði út kynningarskýrslu vegna könnunar á matsskyldu fyrir Norðausturveg (85). Töluverð umferð er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en um 650 bílar fara þar um á sólarhring.

Umferðaröryggi á kaflanum er talið ábótavant þar sem núverandi vegur er með hættulegum beygjum og einbreiðum brúm, auk þess sem vegamót Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn í Aðaldal eru varhugaverð.

### Mikil þörf á nýrri brú

Þá kemur fram í skýrslunni að um árabil hafi þörf á nýrri brú yfir Skjálfandafljót í Kinn verið brýn og var m.a. gert ráð fyrir fjármagni til byggingar nýrrar brúar á samgönguáætlun 2003-2014. Þær áætlanir breyttust í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008.

Á árunum 2013-2014 voru nokkrir veglínukostir skoðaðir á svæðinu, í samráði við sveitarstjórn. Ákvörðun um val á veglínu var tekin á grundvelli öryggissjónarmiða, góðrar planlegu nýs vegar og styttingar Norðausturvegar (85) um Kinn. Þá var einnig horft til öryggis vegna flóðahættu í Skjálfandafljóti.

Í skýrslunni er umfjöllun og kynning á þeirri veglínu Norðausturvegar (85) um Skjálfandafljót í Kinn sem valin hefur verið til áframhaldandi hönnunar.

Kaflinn sem um ræðir nær frá núverandi vegi, skammt norðan Torfuness í Kinn, til austurs um einbreiða brú á Rangá og síðan um tæplega 200 metra langa einbreiða brú á Skjálfandafljóti neðan Ófeigsstaða.

Síðan norður Skriðuhverfi að Garðsnúpi, og þaðan austur að Norðausturvegi (85) skammt norðan Tjarnar í Aðaldal.

Í framkvæmdinni felst, auk vegagerðar, bygging nýrrar brúar á Rangá, bygging tveggja nýrra brúa á Skjálfandafljót auk færslu vegamóta Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn í Aðaldal. Nýr Norðausturvegur (85) um Kinn verður um 2,5 km styttri en núverandi vegur.

Vegurinn verður að mestu lagður á fyllingu á flötu landi, þar verður framkvæmdasvæðið að jafnaði 20-25 metra breitt. Einhverjar skeringar verða þó á stöku stað, vegna lagfæringa á hæðarlegu. Nauðsynlegt efni verður sótt í nálægar námur.




RENAULT
TIL AFGREIÐSLU STRAX
Renault Kangoo
Kangoo E-Tech
Sjálfskiptur, rafmagn, 45 kWh
295 km drægni*1
Verð frá: 5.379.000 kr. án vsk.
Með 500þ kr. styrk Orkusjóðs*2
Fullt verð: 7.290.000 kr. m. vsk.
Kangoo dísil
Beinskiptur eða sjálfskiptur
Eyðsla frá 5,2 l/100 km*1
Verð frá: 4.588.710 kr. án vsk.
Verð frá: 5.690.000 kr. m. vsk.
500.000 kr.
AUKAHLUTAPAKKI
fylgir nýjum Renault Kangoo
5 ÁRA ÁBYRGÐ
Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is
*2 Bíll í flokki N1 veitir rétt til 500.000 kr. styrks úr Orkusjóði sem greiddur er skráðum eiganda bílsins. Nánari upplýsingar og umsókn um styrk á www.Ísland.is/rafbílastyrkir.
*1 Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla.
ENNEMM / SÍA / NM019922
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Eldri bygging** Prentsmiðjan var tekin í notkun árið 1984. Þar er nú starfrækt líkamsrækt.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Vígt 1993** Morgunblaðið flutti skrifstofur sínar í húsið fyrir rúmum 30 árum.

# Óviss örlög Morgunblaðshússins

## ● Fasteignafélagið Reitir lætur sérfræðinga meta hvort 31 árs skrifstofuhús fær að standa ● Fátítt er að svo nýlegar byggingar séu rifnar á Íslandi ● Horft er til umhverfissjónarmiða

**BAKSVIÐ**



Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Sérfræðingar á vegum fasteignafélagsins Reita meta nú hvort skrifstofuhúsið við Kringluna 1 verði nýtt í breyttri mynd eða rifið.

Rætt er við Guðjón Auðunsson forstjóra Reita um þetta álitamál í rammagrein hér á síðunni.

Umrædd bygging var sérhönnuð undir starfsemi Morgunblaðsins en hún var tengd við prentsmiðjuhús blaðsins með tengibyggingu.

### Starfsemi á fimm hæðum

Á 1. hæð skrifstofuhússins voru móttaka, áskrift, auglýsingadeild og tölvudeild. Á 2. hæð ritstjórn og framleiðsla og á 3. hæð voru ritstjórar og ritstjórn. Á 4. hæð var framkvæmdastjórn og bókhald og á 5. hæð matsalur. Með flutningunum varð til 280 manna vinnustaður.

Morgunblaðið flutti úr Aðalstræti 6 yfir í Kringluna 1 um páskana 1993. Af því tilefni gaf blaðið út fjögurra síðna aukablað um flutningana.

### Lá fyrir árið 1984

Þar var meðal annars rætt við Harald Sveinsson, þá framkvæmdastjóra Morgunblaðsins, sem rakti aðdragandann að flutningunum.

„Það lá fyrir þegar árið 1984 að öll starfsemi Morgunblaðsins flytti í Kringluna 1, en það ár var prentvélin og afgreiðslan flutt í nýtt hús þar. Nú er lokið við að byggja yfir alla starfsemi blaðsins. Nýbyggingin er 4.750 fermetrar, á fimm hæðum, og endanlegur kostnaður við bygginguna og frágang lóðar verður um 500 milljónir króna,“ sagði Haraldur í samtali við blaðið. Þessi upphæð, 500 milljónir, er núvirt um 1.830 milljónir, samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofunnar.

Haraldur rakti í viðtalinu hvernig farið var að huga að húsi fyrir aðra starfsemi blaðsins eftir flutning afgreiðslu og prentvélar í Kringluna.

„Gunnar Hansson arkitekt fékk samþykktar teikningar að húsinu árið 1988. Að því loknu varð nokkurt hlé, en árið 1991 tók Helga Gunnarsdóttir við verkinu, að föður sínum látnum. Bygging hússins var boðin út í september 1991 og samningar tókust við verktakafyrirtækið Ístak um framkvæmdirnar, sem hófust í desember það sama ár. Það hefur því aðeins tekið 16 mánuði að reisa húsið og það er nánast alveg eftir áætlun. Við höfðum ætlað okkur að nota páskana til flutninganna og það tókst.“

Þá var haft eftir Haraldi að tímabært hefði verið að byggja nýtt hús fyrir Morgunblaðið, því allt frá 1973 hefði starfsemin ekki lengur rúmast í húsnæði blaðsins í Aðalstræti 6. Fyrir flutningana hafi starfsemin verið á fjórum stöðum í borginni; við Aðalstræti, Hafnarstræti, Hverfisgötu og í Kringlunni.

### Horfðu til áratuga

„Haraldur kvaðst vona að svo rúmt væri um starfsemina nú að húsið nýttist blaðinu næstu áratugina,“ var svo haft eftir honum í viðtalinu. Svo fór hins vegar að Morgunblaðið flutti í Hádegismóa árið 2006, eftir aðeins 13 ára dvöl í Kringlunni.

Helga Gunnarsdóttir lýsti hönnun hússins í Kringlunni í samtali við Morgunblaðið í apríl 1993:

„Reynt var að hafa yfirbragð hússins bjart og hlýlegt. Við hönnun hússins var horft til þeirrar eindregnu óskar, að ritstjórn blaðsins og öll vinnsla frétta yrði á einni hæð. Þá var jafnframt ákveðið að hafa ritstjórnina í opnum sal, sem býður upp á mun hagkvæmari vinnslu í húsinu. Þetta gefur möguleika á að beita nýjum vinnuaðferðum við vinnslu blaðsins, til dæmis er mun auðveldara að skipta starfsfólki í hópa eftir þörfum. Þá var þess gætt að fá birtu inn á þessi opnu svæði, þrátt fyrir húsdýpt, bæði með því að hafa innigarð í miðju húsi, auk þeirrar birtu sem kemur inn um suðurhlið hússins,“ sagði Helga í viðtalinu.

Þá hefði verið leitast við að nota náttúruleg efni við byggingu hússins, í þeim mæli sem mögulegt hefði verið.

„Við erum með þessu að reyna að koma í veg fyrir fylgikvilla húsbygginga, eins og húsasótt, en reynslan á eftir að sýna okkur hvort það hefur tekist,“ sagði Helga í viðtalinu.

**TIL SKOÐUNAR**

## Niðurrif eða endurgerð?

**Félagið Kringlureitur hefur fyrir hönd Reita undirritað samkomulag við dönsku arkitektastofuna Henning Larsen og THG arkitekta um þróun á fyrsta áfanga Kringlusvæðisins. Gamla Morgunblaðshúsið er hluti af skipulagssvæðinu.**



Guðjón Auðunsson

**Guðjón Auðunsson forstjóri Reita segir ekki liggja fyrir hvort það hús, eða aðliggjandi prentsmiðjuhús, verði rifið. Það sé ekki markmið í sjálfu sér að rífa húsin en skrifstofuhúsið sé hins vegar illa farið. Þá sé steypan í húsinu og burðarvirkið ekki í þeim gæðaflokki að einfalt sé að byggja við húsið.**

**Umhverfissporið verði metið og heildaráhrifin af niðurrifi eða endurbótum hússins.**

**„Umhverfissporin ráða dálítið för og spurningin hvort það sé hreinlega dýrara að rífa húsið og byggja nýtt en að endurbæta það þannig að vel sé en það mun líka hafa umhverfisspor í för með sér,“ segir Guðjón.**




**Króatía, Bosnía / Herzegovenia, Serbía, Svartfjallaland**

Glæsileg menning, mikil saga, stórkostleg, náttúrufegurð og brosandi heimamenn. Við förum aftur í tíma og rúmi, sjáum gömul þorp þar sem lífið hefur lítið breyst í mjög langan tíma, kirkjur, klaustur, fögur strandlengjan svo eitthvað sé nefnt. Við förum upp í Mokra Gora fjöllinn, siglum um Drina gilið og skoðum töfrandi umhverfið. Einnig kynnumst við miðaldaborginni Riga í Lettlandi.

**VERÐ 557.500 kr.** á mann í 2ja manna herbergi **Mikið innifalið,** m.a flug, hótel ísl. fararstjóri, hálft fæði, ferðir og fleira.




**Perlur Kákasusfjalla, hlið Evrópu að Miðausturlöndum og Asíu. Forn menning, heillandi mannlíf, hrífandi saga og stórkostleg náttúra.**

Við kynnumst tveimur spennandi löndum með sína framandi menningarheima og mikla náttúrfegurð, sem lætur engan ósnortinn. Kynnumst hinum æva gömlu höfuðborgum Yerevan og Tblisi, förum upp í Kákasusfjöllin, skoðum ævagömul klaustur, virki og kirkjur.

**VERÐ 497.900 kr.** á mann í 2ja manna herbergi **Mikið innifalið,** m.a flug, hótel ísl. fararstjóri, fullt fæði, ferðir og fleira.

Síðumúli 29 - 108 Reykjavík | Sími 588 8900
info@transatlantic.is | www.transatlantic.is
Trans-Atlantic

Hin fagra og forna
**ALBANÍA**
**15.-27. maí**



**INNIFALIÐ**
- Flug með tösku ásamt sköttum og gjöldum
- Allur akstur og skoðunarferðir samkvæmt ferðalýsingu
- Allar skoðunarferðir í ferðaáætlun og aðgangur þar sem við á
- 3-4* hótel með morgunmat
- Hálft fæði
- Íslenskur fararstjóri og innlendur enskumælandi fararstjóri

**VERÐ 498.600 kr.** á mann í 2ja manna herbergi.

Landið sem var lokað svo lengi hefur nú opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðavæðingin ekki enn náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg. Þar má sjá ævaforna menningu, söguna á hverju horni, gríðarfallega náttúru og fagrar strendur og kynnast einstakri gestrisni heimamanna þar sem gömul gildi eru í hávegum höfð.

Síðumúli 29 - 108 Reykjavík | Sími 588 8900
info@transatlantic.is | www.transatlantic.is
Trans-Atlantic

# STÓRÚTSALA

## ENNÞÁ MEIRI VERÐLÆKKUN!

## 50-70% afsláttur

hjahrafnhildi.is

Mos Mosh - Bitte Kai Rand - PBO - Marc Cain - LaSalle - Cambio - Goldbergh - Gardeur - NeroGiardini - Wonders - Högl



# Með þér á þorranum



**BÓNUS**



# Hrasaði í hlýjan faðm Carlsberg

**● Danski bjórframleiðandinn Mikkeller hefur gengið til samstarfs við Carlsberg ● Tímamót í sögu fyrirtækisins sem hefur stært sig af sjálfstæði ● Stækkaði of hratt, segir veitingamaður**

BAKSVIÐ

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Þau tíðindi sem bárust í síðustu viku að handverksbjóraframleiðandinn Mikkeller hefði selt stóran hluta fyrirtækisins til risafyrirtækisins Carlsberg komu mörgum spánskt fyrir sjónir. Mikkeller hafði enda reynt að stilla sér upp sem andstæðingi Carlsberg um langt árabil; litli sjálfstæði framleiðandinn sem gerði bestu bjórana gegn hinu staðnaða gamla fyrirbæri þar sem engu mátti breyta og allt væri óspennandi. Þannig hefur blasað við á skilti í glugga fyrsta Mikkeller-barsins í Kaupmannahöfn eftirfarandi áletrun: „Carlsberg Free Zone“. Fólk sem fylgist vel með í veitingabransanum segir þó að þetta hafi mátt sjá fyrir, Mikkeller hafi stækkað alltof hratt og fyrir löngu tapað þeim eiginleikum sem gerðu fyrirtækið spennandi í upphafi.


Björn Árnason

### Vill ekki sjá Mikkeller-bjóra

Samningur Mikkeller og Carlsberg felur í sér að Carlsberg kaupir 20% hlut í Mikkeller og mun í kjölfarið taka að sér framleiðsluna í Danmörku og bæta dreifingu á bjórum Mikkeller. Um leið léttir þetta á skuldastöðu fyrirtækisins sem hefur átt á brattann að sækja síðustu ár. Stofnandinn Mikkel Borg Bjergsø mun áfram stýra fyrirtækinu og verður stærsti hluthafinn. Hann hefur lýst því yfir að samningurinn færi fyrirtækinu ný tækifæri til þróunar og bæti dreifingu til muna. Þannig geti það náð til fleiri viðskiptavina.

Björn Árnason, veitingamaður á Skúla Craft Bar í Aðalstræti, þekkir vel til handverksbjóra-markaðarins og segir að tíðindi af sölunni til Carlsberg komi ekki á óvart. „Þetta hefur gerst áður í bransanum. Inbev keypti handverksbjórafyrirtækið Ballast Point á himinháu verði fyrir um níu árum og það var stórfrétt á sínum tíma. Síðan hefur þetta gerst af og til. Til dæmis keypti Heineken í Beavertown sem er í London. Mikkeller er ekki lengur þetta sterka nafn sem áður var. Í byrjun ferilsins var fyrirtækið brautryðjandi og gerði skemmtilega hluti. Það breyttist hins vegar í macro-brugghús fyrir löngu og hagar sér ekkert samkvæmt craft-brugghúsamenningu. Ég hef ekki keypt Mikkeller-bjóra inn á Skúla í svona sex ár. Við höfum engan áhuga á að selja þessa bjóra hér.“


Ljósmynd/Mikkeller & Friends
**Hverfisgata** Barinn Mikkeller & Friends var rekinn hér á árunum 2015-2019 en náði aldrei almennilegu flugi.

### Stækkaði of mikið og hratt

Vandi Mikkeller liggur að mati Björns í að fyrirtækið stækkaði of mikið og of hratt. Það hafi selt nafnið til reksturs bara um allan heim og opnað stórar rekstrareiningar. Eftirminnilegt sé að Mikkeller-barinn hér á landi hafi farið á hausinn. „Þú getur núna farið til Kaupmannahafnar og lifað alfarið í Mikkeller-hagkerfi; borðað og drukkið á stöðum fyrirtækisins. Stökkið frá því að vera gypsy-bruggari í að fara að reka fullt af veitingastöðum og bjórpöbbum var bara of hátt. Þetta stækkaði of mikið og of hratt. Þar að auki býr Mikkeller ekki til besta bjór í heimi og það er mjög langt síðan hann komst nálægt því.“

### Bjórhátíðin enn sterk

Björn segir að þótt Carlsberg sé ekki að kaupa allt fyrirtækið verði auðvitað einhverjar breytingar gerðar. „Hvort þetta boðar dauða Mikkeller? Ég efast um það. Festivalið er enn sterkt og þau gera það fáránlega vel.“

En hvað segir þetta um stöðu handverksbrugghúsa? Björn kveðst telja að hún verði áfram sterk þótt ákveðin mettun hafi orðið á markaði eftir líflegan áratug. „Það hefur verið ákveðin sprengja í þessu undanfarin tíu ár. Ný brugghús hafa sprottið upp hægri, vinstri. Á einhverjum tímapunkti er markaðurinn bara mettaður og það er ekki endalaust hægt að finna upp á nýjum bjórum.“

**20 ÁRA SAGA MIKKELLER**

## Rak bar í Reykjavík

**Saga Mikkeller er um margt forvitnileg. Fyrirtækið er hugarfóstur Mikkels Borg Bjergsø sem fyrir rúmum tveimur áratugum var menntaskólakennari í Kaupmannahöfn. Hann hóf að brugga bjór með félaga sínum við frumstæðar aðstæður en Mikkeller hóf svo starfsemi 2006. Vinsældirnar jukust jafnt og þétt, en tilraunamennska einkenndi fyrstu ár Mikkeller. Þannig framleiddi fyrirtækið 94 tegundir af bjór eitt árið.**

**Fljótlega bættust við tveir barir í Kaupmannahöfn og í kjölfarið var farið að horfa út í heim. Til að mynda til Íslands en Mikkeller & Friends var opnaður við Hverfisgötu snemma árs 2015. Þá höfðu bjórar Mikkeller verið seldir hér um nokkurra ára skeið. Mikkeller-barnum hér var svo lokað árið 2019. En það voru sennilega stærri fjárfestingar en bar við Hverfisgötu sem komu Mikkeller í bobba. Til að mynda risastórt brugghús, bruggbar og veitingastaður sem opnaður var við heimavöll NY Mets. Þá þurfti einnig að loka brugghúsi og bruggstofu í San Diego svo dæmi séu tekin. Kórónuveirufaraldurinn og skandalar í tengslum við MeToo-byltinguna hafa ekki hjálpað heldur.**




**28 m² geymsluhúsnæði - Verð 10,9 millj.**

- Geymslurnar eru 4 m á breidd og 7 m á lengd.
- Bílskúrshurð er 2,5 m á breidd og 2,7 m á hæð.
- Bílskúrshurð er með gönguhurð.
- Lofthæð við framhlið er 3,2 m og við mæni hússins 4,3 m.

Geymslunum verður skilað með tilbúinni rafmagnstöflu með 3ja fasa tengingu.
Lóð verður malbikuð.

Afhending er 1. maí 2024.

**Allar frekari upplýsingar veitir Gunnlaugur Hilmarsson í síma 777 56 56, gunnlaugur@fastko.is, og á skrifstofu Fasteignasölu Kópavogs í síma 517 26 00**

**fastko.is**

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta

GOÐI & KJARNAFÆÐI



Blótaðu almennilega

Til hamingju

M 110 ÁRA GÖMUL SAGA & NÝ

**1929** *„Aldrei minnist ég slíkra viðbragða Reykvíkinga á blaðamennskuferli mínum sem að þessu sinni.“*
Árni Óla blaðamaður

# Nýjustu fréttir á fregnmiðum

**● Á upphafsárum Morgunblaðsins voru fregnmiðar aðferðin til að koma nýjustu fréttum til almennings ● Fólk hópaðist að glugga blaðsins ● Gríðarlegur áhugi á flugi sænskrar flugvélar 1929**

**BAKSVIÐ**



Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Á upphafsárum Morgunblaðsins á síðustu öld voru svokallaðir fregnmiðar aðferðin til að koma nýjustu fréttum til almennings. Útvarp var ekki komið til sögunnar og netmiðlar fjarlæg framtíð.

Hin prentaða útgáfa Morgunblaðsins barst lesendum á morgnana. En fólk var þyrst í að fá fréttir eins fljótt og mögulegt var. Fréttaþörfinni var mætt með því að prenta fregnmiða, sem settir voru upp jafnharðan í glugga Morgunblaðsins í Austurstræti. Þangað kom almenningur til að fá nýjustu fréttir. Og oft var þar þröng á þingi.

Hinn 11. janúar sl. var rifjuð upp frásögn af fyrsta farþegafluginu til Akureyrar 1928. Til frásagnar var Árni Óla, fyrsti blaðamaður Morgunblaðsins. Enn á ný er Árni Óla kallaður til sögunnar til að lýsa mikilvægi og áhrifum fregnmiðanna.

Í minningabók sinni *Erill og ferill blaðamanns* segir Árni frá hnattflugi bandarískra flugmanna árið 1924. Fjórar flugvélar lögðu af stað en tveimur hlekktist á. Tvær vélar komu til Reykjavíkur frá Orkneyjum í ágúst. „Engum gestum hafði verið fagnað af jafn hjartanlegri gleði og þeim, enda voru þetta fyrstu mennirnir, sem komu hingað loftsins vegu,“ ritar Árni.

Svo liðu nær fimm ár. Þá kemur fregn um að Svíar áformi að hefja flugsamgöngur yfir norðanvert Atlantshaf, með viðkomu á Íslandi og Grænlandi. Fljúga átti reynsluflug sumarið 1929 með sjóflugvélinni „Sverige“ sem var með 365 hestafla mótor og bensínforða til 42 klukkustunda. Ahrenberg flugkapteinn var fyrirliðinn og með í för Flodén liðsforingi og Ljunglund loftskeytamaður.



**Austurstræti** Gríðarlegur mannfjöldi safnaðist saman fyrir framan skrifstofur Morgunblaðsins til að fá fréttir af flugi Svíanna. Myndin er tekin seint á sunnudagskvöldi 9. júní. Órói greip um sig og varð lögreglan að grípa inn í.

## Mikill fögnuður

„Fregn þessi vakti mikinn fögnuð hér á landi. Nú hillti aftur undir þá von, að Ísland kæmist í þjóðbraut loftsiglinganna,“ skrifar Árni.

Það var svo hinn 4. júní að þær fréttir berast að flugmennirnir séu lagðir af stað frá Bergen í Noregi og jafnvel mætti búast við flugvélinni þá um kvöldið.

Þetta þóttu heldur betur fréttir í Reykjavík og fólk streymdi á skrifstofu Morgunblaðsins til að fá nánari fregnir. Og símarnir hjá Morgunblaðinu og prentsmiðjunni hringdu látlaust. Margir stóðu úti á götu og biðu þes með óþreyju að fregnmiði birtist í glugga blaðsins.

Og fregnmiðinn kom um hádegi, svohljóðandi: „Svíarnir hættu við flugið í dag. Þótt gott veður sé hér og í Grænlandi, þá er norðvestanstormur við Noregsstrendur og ekki viðlit að fljúga.“ Vonbrigðin voru mikil og ekki minnkuðu þau næstu daga. Hver fregnmiðinn á fætur öðrum tilkynnti frestun á flugi Svíanna. Hrakspámenn glottu og sögðu að Svíarnir myndu aldrei koma. Aðrir voru bjartsýnni.

Sunnudaginn 9. júní mátti búast við tíðindum og Morgunblaðsmenn voru mættir á skrifstofu sína árla morguns. Og laust fyrir hádegi gat blaðið birt fregnmiða í glugga sínum um að sænsku flugmennirnir væru flognir frá Bergen.

Þessi fregn barst með eldingarhraða um allan bæ. „Nú tóku allir símar að hringja og við höfðum naumast við að svara,“ rifjar Árni upp. „Um leið og einu símtali var lokið kvað við ný hringing, og þetta gekk látlaust í fjórum símtólum langa hríð. Það var eins og fregnmiðinn hefði rutt stíflu úr læk. Aldrei minnist ég slíkra viðbragða Reykvíkinga á blaðamennskuferli mínum sem að þessu sinni.“ Fregnmiðinn hafði vakið meiri athygli hjá almenningi en jafnvel fyrstu stríðsfréttirnar 1914. „Og hér var því ólíku saman að jafna, því stríðsfréttirnar vöktu ugg og kvíða, en þessi frétt óstjórnlega eftirvæntingu.“

Hver fréttin eftir aðra frá skipum og erlendum útvarpsstöðvum barst af flugi Svíanna og voru þær jafnharðan birtar í glugga Morgunblaðsins. Á sunnudagskvöldið var svo mikill mannfjöldi samankominn í Austurstræti að banna varð alla umferð um götuna.

Þegar leið á kvöldið fór að kvisast út að flugvélin hefði orðið bensínlaus og neyðst til að setjast hjá Skaftárósi. Þá fór gamanið að kárna í Austurstræti. „En er fregnir hættu að koma út í sýningarglugga blaðsins greip órói mannfjöldann, og hann óx óðfluga. Fór svo brátt, að lögreglan varð að skerast í leikinn og rnælast undan því að frekari fregnir væru birtar í glugganum. Lá við meiðslum og barsmíðum,“ sagði frétt í blaðinu.



Sænsku flugmennirnir

komu í gær.

Þeir verða uppiskroppa með bensín um það leyti, sem þeir koma að landinu á sunnudagskvöld, setjast úti fyrir Skaftárós, skamt frá skipinu „Magnhild.“

„Óðinn“ dregur flugvjelina til Vestmannaeyja. — Þangað kemur „Fylla“ með flugvjelabensín, og hefja þeir sig síðan til flugs, venjulega flugleið til Reykjavíkur.

Ahrenberg, Flodén og Ljunglund.

**Flugkappar** Fjallað var ítarlega um flug Svíanna í blaðinu 11. júní.

Árni Óla segir í endurminningum sínum að eftirvæntingin hafi verið svo sterk og spennandi, að hún fékk útrás er henni var ekki fullnægt lengur. Menn hafi gerst æstir í skapir og byrjað að stjaka hver við öðrum. Þetta hafi verið sögulegur dagur hjá Morgunblaðinu. Aldrei hafi það safnað jafn mörgu fréttaþyrstu fólki að gluggum sínum og aldrei fyrr hafi lögreglan mælst til þess að ekki væru birtar fréttir vegna þess hve fólk var vanstillt.

## Fagnað með húrrahrópum

En allt fór þetta vel og ástandið lagaðist. Blaðið gat birt fregnmiða um að lendingin hefði tekist ágætlega og flugmennirnir væru ekki í neinni hættu. „Menn fóru að tínast á brott, þyrpingin minnkaði óðum og brátt var Austurstræti mannlaust,“ segir Árni í endurminningabókinni.

Flugvélin var dregin til Vestmannaeyja. Þar var hún fyllt af bensíni og síðan flogið til Reykjavíkur. Gríðarmikill mannfjöldi var um alla hafnarbakka er flugmennirnir stigu á land. Borgarstjóri og bæjarfulltrúar tóku á móti þeim á steinbryggjunni. „Talaði borgarstjóri nokkur orð til þeirra, en mannfjöldinn tók undir með margföldu húrrahrópi. Flodén liðsforingi þakkaði, en Ahrenberg kapteinn færði borgarstjóra blómvönd frá forseta bæjarstjórnar í Björgvin. Stúlkur þrjár færðu flugmönnum þarna blómvendi. Síðan voru þeir leiddir heim að Hótel Íslandi og þar var þeim haldin veisla. Sátu þeir þar í góðum fögnuði fram undir miðnætti,“ sagði í frétt í Morgunblaðinu.

Þjóðin hafði öðlast trú á framtíð millilandaflugsins og léku fregnmiðarnir þar stórt hlutverk.



# Frábær tilboð fyrir alla meðlimi!

## Auðvelt að endurnýja aðildina!

SJÁLFVIRK ENDURNÝJUN




SKANNAÐU HÉR

Skráðu sjálfvirka endurnýjun í dag og fáðu Costco innkaupapoka, aðeins fyrir meðlimi!



---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 20.000 kr. AFSLÁTTUR

**Smeg Baun í bolla kaffivé**
**IBCC01BLMEU**
Vörunr. 384710
**HÁMARKSKAUP 2**



| | |
|---|---|
| Costco verð | 99.999 kr. |
| Sparnaður | -20.000 kr. |
| **Þitt verð** | **79.999 kr.** |

---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 1.000 kr. AFSLÁTTUR

**Nescafé Dolce Gusto**
**Starbucks Americano kaffihylki**
3 x 12 stk.
Vörunr. 310876
**HÁMARKSKAUP 5**




| | |
|---|---|
| Costco verð | 2.399 kr. |
| Sparnaður | -1.000 kr. |
| **Þitt verð** | **1.399 kr.** |

---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 1.200 kr. AFSLÁTTUR HVER PAKKI

**Kirkland Signature™**
**pastabaka með kjúklingi & spergilkáli**
*Þyngd merkt á umbúðum.*
Vörunr. 6834
**HÁMARKSKAUP 10**



**Þitt verð 1.999 kr./kg**

---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 250 kr. AFSLÁTTUR

**Kirkland Signature™**
**Sítrónukaka með glassúr**
Vörunr. 91237
**HÁMARKSKAUP 10**



| | |
|---|---|
| Costco verð | 799 kr. |
| Sparnaður | -250 kr. |
| **Þitt verð** | **549 kr.** |

---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 500 kr. AFSLÁTTUR

**Bláber**
500 g
Vörunr. 395581
**HÁMARKSKAUP 20**



| | |
|---|---|
| Costco verð | 1.599 kr. |
| Sparnaður | -500 kr. |
| **Þitt verð** | **1.099 kr.** |

---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 900 kr. AFSLÁTTUR

**Blue Diamond Almond Breeze**
**ósykruð möndlumjólk**
8 x 1 lítri
Vörunr. 357785




| | |
|---|---|
| Costco verð | 1.899 kr. |
| Sparnaður | -900 kr. |
| **Þitt verð** | **999 kr.** |

---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 300 kr. AFSLÁTTUR

**Lavazza Qualità Rossa**
**Malað kaffi**
500 g
Vörunr. 100649
**HÁMARKSKAUP 10**




| | |
|---|---|
| Costco verð | 999 kr. |
| Sparnaður | -300 kr. |
| **Þitt verð** | **699 kr.** |

---

Gildir 25.01.24 - 28.01.24

## 270 kr. AFSLÁTTUR

**MS Smjör**
500 g
Vörunr. 236177
**HÁMARKSKAUP 10**




| | |
|---|---|
| Costco verð | 759 kr. |
| Sparnaður | -270 kr. |
| **Þitt verð** | **489 kr.** |

---

**Kauptún 3, 210 Garðabær www.costco@costco.is**
Tekið er við reiðufé, debetkortum eða kreditkortum. Aðild nauðsynleg áður en hægt er að versla.




**Blönduós** Hótelið er í gamla bæjarhlutanum, á vesturbakka Blöndunnar.

# Annast rekstur Hótels Blönduóss

## ● Laugarbakkafólk færir út kvíarnar

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Gengið var á dögunum frá samningum þess efnis að eigendur Hótels Laugarbakka í Miðfirði hafi með höndum rekstur Hótels Blönduóss. Síðustu misseri hefur á vegum InfoCapital ehf., fjárfestingafélags í eigu Reynis Grétarssonar og Bjarna Gauks Sigurðssonar, verið unnið að margvíslegri uppbyggingu í gamla bænum á Blönduósi, vesturbakka Blöndu. Þunginn í þeirri uppbyggingu var gagnger endurbygging á Hótel Blönduósi. Þá var gamla bakaríinu, Krúttinu, breytt í veislusal. Annað í þessum pakka er endurbygging á Pétursborg, öðru elsta húsi Blönduóss. Þar eru fimm rúmgóðar lúxusíbúðir sem verða hluti af rekstri hótelsins.

„Þetta er spennandi verkefni, enda hefur Info Capital tekið uppbygginguna í gamla bænum á Blönduósi af miklum metnaði. Þarna hafa um 600 milljónir króna verið settar í að endurbæta aðstöðu og gera virkilega spennandi hluti. Því var strax mjög spennandi að taka við keflinu og fara í rekstur á Blönduósi þegar slíkt tækifæri bauðst,“ segir Örn Arnarson.



Örn Arnarson

Þau Örn og Hildur Arnarsdóttir kona hans hafa rekið Hótel Laugarbakka frá 2016. Keyptu gamlan heimavistarskóla og breyttu í 56 herbergja hótel með margvíslegri aðstöðu annarri. Sú starfsemi er komin í gott jafnvægi og því var nú svigrúm til að færa út kvíarnar

„Hótel Blönudós er 18 herbergi og svo er gisting í Pétursborg og gömlu kirkjunni sem þarna er í grenndinni. Veislu- og viðburðastaðurinn Krúttið mun auðga menningarlífið á Blönduósi og auka við funda- og ráðstefnumöguleika á svæðinu. Við teljum að ferðaþjónustan á Norðurlandi vestra eigi mikið inni og miklir möguleikar séu til vaxtar og sóknar,“ segir Örn Arnarson. Þau Örn og Hildur leigja reksturinn til þriggja ára. Slíkt er með möguleikum á að lengja eða stytta tímann í samstarfinu, sem hófst um áramótin.

# Banna formála að fyrirspurnum

## ● Borgarfulltrúi Flokks fólksins ósáttur við nýjar reglur

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Forsætisnefnd borgarstjórnar Reykjavíkur hefur samþykkt verklagsreglur um meðferð fyrirspurna og tillagna í ráðum og nefndum borgarinnar. Ekki verður lengur hægt að hafa formála að fyrirspurnum og það mislíkar Kolbrúnu Áslaugar Baldursdóttur, fulltrúa Flokks fólksins. Kolbrún hefur verið dugleg að leggja fram fyrirspurnir og hefur oftar en ekki verið með formála að þeim. Þá lýstu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins yfir óánægju með að einungis verði hægt að leggja fram tillögur og fyrirspurnir í einni nefnd.



Kolbrún Á. Baldursdóttir

Í 27. og 57. grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að borgarfulltrúar og nefndarmenn í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnum eiga rétt á að leggja fram stutta fyrirspurn (200 orð) í fundargerð um mál sem eru á verksviði borgarstjórnar, ráðsins eða nefndarinnar.

Sömu aðilar eiga rétt á að leggja fram tillögur í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnum.

Í verklagsreglunum segir að óski kjörinn fulltrúi upplýsinga um mál sem er á verksviði Reykjavíkurborgar skuli hann leggja fram skriflega fyrirspurn í því ráði sem ber ábyrgð á málaflokknum. Einungis er heimilt að leggja fyrirspurn fram í einu ráði/nefnd. Fyrirspurn skal vera skýr og bein, formálalaus og um afmörkuð atriði sem varða verksvið Reykjavíkurborgar.

Skal við það miða að hægt sé að svara fyrirspurn í stuttu og hnitmiðuðu svari. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurninni þar sem fram kemur rökstuðningur eða frekari skýringar. Svara skal fyrirspurn innan 30 virkra daga frá því að henni hefur verið vísað til umsagnar.

Fulltrúi Flokks fólksins, Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, lagði fram bókun um formálabannið.

### „Ómöguleg regla“

„Flokki fólksins finnst það ómögulegt enda er stundum nauðsynlegt að hafa nokkur orð um af hverju verið er að leggja fram ákveðna fyrirspurn. Mikilvægt er að hafa sveigjanleika en ekki njörva niður hvert einasta atriði. Viðbrögð meirihlutans við þessari athugasemd Flokks fólksins eru að markmiðið sé að einfalda meðferð tillagna og fyrirspurna. Með því að loka fyrir möguleika á stuttum útskýringum með fyrirspurnum eða tillögum er ekki verið að einfalda neitt.“

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir, bókaði að fulltrúar flokksins fagni því að tekin var inn í verklagsreglurnar tillaga þeirra um að fyrirspurnum verði svarað innan 30 daga og sömuleiðis að leitast verði við að tillögur verði tilbúnar til afgreiðslu eigi síðar en 30 dögum eftir að þær hafa verið lagðar fram. Hins vegar geri þeir athugasemdir við að rétti þeirra til að leggja fram mál sem þeir hafa samkvæmt sveitarstjórnarlögum sé skertur með þeim hætti að einungis verði heimilt að leggja tillögur og fyrirspurnir fram í einu ráði/nefnd og einungis í því ráði sem ber ábyrgð á málaflokknum.

Fulltrúar meirihlutaflokkanna, ásamt áheyrnarfulltrúa Pírata, bókuðu að þessari reglu sé ætlað að koma í veg fyrir að sama tillaga eða fyrirspurn sé lögð fram á tveimur eða fleiri stöðum og fari þannig í vinnslu á mörgum stöðum samtímis. „Ef það er vilji fulltrúa að leggja tillögu eða fyrirspurn fram í borgarráði eða borgarstjórn, frekar en í viðeigandi ráði, þá er ekkert í þessum reglum sem bannar það og það er ekki tilgangurinn, eins og á að vera fullljóst þeim sem hafa fylgst með framvindu þessarar vinnu.“

Hinar nýju verklagsreglur voru samþykktar með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Viðreisnar og Vinstri-grænna gegn atkvæði fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á fundi forsætisnefndar hinn 19. janúar síðastliðinn.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Borgarstjórn** Forsætisnefnd samþykkti nýjar verklagsreglur á dögunum.




# Mygla í turni slökkvistöðvar

## ● Bílar og tæki verða áfram í húsinu

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

**Mygla hefur greinst í húsnæði Slökkviliðs Ísafjarðar í Fjarðarstræti 28. Af þeim sökum þarf að flytja hluta starfseminnar í annað húsnæði. Vélar og búnaður verður þó áfram á slökkvistöðinni og hefur þetta ekki áhrif á starfsemina, að sögn bæjarstjórans á Ísafirði.**

**„Það þarf að flytja skrifstofueiningar en tækin verða áfram á sínum stað. Bílarnir geta verið inni. Við höfum tryggt okkur rými rétt hjá, á skrifstofuhótelinu Regus. Þetta eru 100 metrar í mesta lagi svo slökkviliðsmenn geta stokkið í útköll,“ segir Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri á Ísafirði.**

### Húsnæði til þriggja mánaða

**Hreinsa þarf myglu í húsnæði slökkvistöðvarinnar, sem komið er til ára sinna. „Myglan er í skrifstofuhúsnæðinu, nánar tiltekið í turninum sem er alveg við skrifstofurnar. Við erum komin með verktaka sem fer í það fljótlega að hreinsa út,“ segir Arna Lára. Hún kveðst ekki vita nákvæmlega hversu langan tíma endurbætur munu taka en bráðabirgðahúsnæðið hafi verið leigt til næstu þriggja mánaða.**



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Slökkvistöð** Húsnæði slökkviliðsins á Ísafirði er komið til ára sinna.

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**

# Tilboð í janúar og febrúar

**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.**
**Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.**




**TILBOÐ 1 (ljósmynd)**
**Svargrár litur**
**Sett eins og á mynd - 565.000**
**án blómaramma - 465.000**

**TILBOÐ 2**
**Demantur - passar líka á duftleiði**
**149.000 (199.000 með lukt)**




**Svartur**




**Paradiso**




**Blár**




**Grár**

**TILBOÐ 3**
**Drangi 70cm hár frá sökkli**
**410.000**




**Rúmar vel tvö nöfn**

**TILBOÐ**

**Viðhaldsfrír bekkur úr granít**
**Svartur, grár eða paradiso.**
**Sjá heimasíðu.**
**150cm - 160kg**
**frí sending með LF**
**Afhending í mai. 160.000 kr**



**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**



Ljósmynd/Ólavur Frederiksen

**Hlaupið í gegn** Færeyingar fjölmenntu þegar Sandeyjargöngin voru opnuð fyrir umferð í desember síðastliðnum og hópur fólks hélt upp á opnunina með því að skokka gegnum göngin.

# Jarðgangaþjóðin Færeyingar

## ● Færeyingar hafa lengi lagt áherslu á góðar samgöngur og segja þær forsendu þess að byggja upp nútímalegt samfélag ● Alls eru 21 jarðgöng í Færeyjum og fleiri eru í augsýn á næstunni

**BAKSVIÐ**

Guðmundur Sv. Hermannsson
gummi@mbl.is

Það var hátíð í Færeyjum þegar nýjustu jarðgöngin á eyjunum voru opnuð nú rétt fyrir jólin. Þetta eru nærri 11 kílómetra löng neðansjávargöng sem tengja Straumey, þar sem stærsti byggðarkjarninn er með Þórshöfn í miðjunni, við Sandey, þar sem nærri 1.300 manns búa. Nú eru rúmlega 90% af íbúum eyjanna tengd saman með jarðgöngum og brúm og það hefur haft mikil áhrif á samfélagið í Færeyjum.

Aksel V. Johannesen lögmaður Færeyja lýsti þessum breytingum þegar Sandeyjargöngin voru opnuð formlega.

„Þegar ég var lítill drengur og spilaði knattspyrnu með KÍ (í Klakksvík) fórum við oft til Sandeyjar til að keppa. Þessar ferðir kröfðust mikillar skipulagningar. Ferðin tók að minnsta kosti þrjá klukkutíma og við þurftum að gista annaðhvort nóttina fyrir eða eftir leikinn. Við tókum þrjár ferjur, fyrst yfir Leirvíksfjörðinn, síðan yfir Skálafjörðinn og loks yfir Skopunarfjörð. Nú hefur þessum ferjum verið skipt út fyrir þrenn neðansjávargöng og það tekur ekki nema klukkutíma að skreppa til Sandeyjar. Þetta er nýtt upphaf, ekki síst fyrir íbúa Sandeyjar,“ sagði hann.

### Frábært að fá göngin

„Það er frábært fyrir okkur í Sandeyjarsýslu að fá þessi göng,“ segir Gerhard Lognberg, bæjarstjóri í Skopun í Sandey, við Morgunblaðið og bætir við að ekki hafi verið sérlega þægilegt að sigla á milli Straumeyjar og Sandeyjar, sjólagið sé ekki gott.

Lognberg, sem hefur verið bæjarstjóri í Skopun í 30 ár og einnig setið á Lögþingi Færeyja, barðist lengi fyrir jarðgöngum til Sandeyjar, sem nú eru orðin að veruleika. „Og ég var afar glaður þegar ég skar á borðann til að opna göngin, það verð ég að segja.“

Hann segir að göngin hafi mikla þýðingu fyrir Sandey. „Nú erum við með beina tengingu við stærstan hluta samfélagsins í Færeyjum. Þróunin hefur verið sú í Færeyjum að fólk á afskekktari eyjunum hefur flutt til Þórshafnar og svæðisins þar í kring en ég hef trú á að þetta muni nú breytast hér á Sandey. Hér höfum við góða þjónustu, góða skóla, og ég held að margir þeirra sem hafa farið héðan muni nú flytja til baka.“

Nýjustu mannfjöldatölur færeysku hagstofunnar virðast styðja þessa skoðun Lognbergs því íbúum í Sandey fjölgaði um 27 á síðasta ári eða um 2% og voru þeir 1.282 talsins þann 1. desember sl.

### Skýr áhersla á samgöngur

Alls eru 16 byggðar eyjar í Færeyjum af 18, á þeim flestum eru fjöll og bratt niður í sjó. Því voru samgöngur á landi erfiðar lengi vel og milli eyjanna var aðeins hægt að komast með bátum. Það voru því mikil tímamót árið 1963 þegar fyrstu jarðgöngin á eyjunum, Hvalbiargöngin á Suðurey, voru opnuð. Þeim hefur raunar verið lokað nú og ný Hvalbiargöng komið í þeirra stað. Önnur tímamót voru árið 1973 þegar brú yfir Streymin milli Austureyjar og Straumeyjar var opnuð fyrir umferð.



Dennis Holm

Í færeyska stjórnkerfinu eru jarðgöng gegnum fjöll á landi á forræði forsætisráðuneytisins. Færeyski landssjóðurinn fjármagnar slík göng alfarið og engin veggjöld eru innheimt í þeim. Neðansjávargöng heyra undir sjávarútvegs- og samgönguráðuneytið. Um þau hafa verið stofnuð sérstök opinber hlutafélög. Göngin voru fjármögnuð að hluta með framlagi frá færeyska ríkinu en að hluta með lánum, sem hlutafélögin hafa tekið með ríkisábyrgð og þau lán eru síðan greidd niður með tekjum af veggjöldum.

Dennis Holm, sjávarútvegs- og samgönguráðherra Færeyja, segir við Morgunblaðið að lengi hafi verið lögð skýr áhersla á uppbyggingu samgangna í Færeyjum og um það séu allir flokkar á færeyska þinginu sammála.

„Það er hægt að fullyrða að góðar samgöngur eru jafn mikilvægar og gott skólakerfi, gott heilbrigðiskerfi og góð opinber þjónusta. Þessi uppbygging samgangnanna hefur

► SJÁ SÍÐU 28

## Jarðgöng í Færeyjum

**68 km** er heildarlengds jarðganga í Færeyjum




| Núverandi jarðgöng | Opnuð | Lengd (m) |
|---|---|---|
| Hvalbiargöng (lokuð) | 1963 | 1.450 |
| Árnafjarðargöng | 1965 | 1.680 |
| Hvannasundsgöng | 1967 | 2.120 |
| Sandvíksgöng | 1969 | 1.500 |
| Norðskálagöng | 1976 | 2.520 |
| Leynagöng | 1977 | 760 |
| Villingardalsgöng | 1979 | 1.193 |
| Ritudalsgöng | 1980 | 683 |
| Mikladalsgöng | 1980 | 1.082 |
| Trøllanesgöng | 1985 | 2.248 |
| Leirvíksgöng | 1985 | 2.238 |
| Kunoyargöng | 1988 | 3.031 |
| Kollfjarðargöng | 1992 | 2.816 |
| Sumbiargöng | 1997 | 3.240 |
| Vágagöng | 2002 | 4.940 |
| Gásadalsgöng | 2003 | 1.410 |
| Norðoyagöng | 2006 | 6.186 |
| Hovsgöng | 2007 | 2.435 |
| Viðareiðisgöng | 2016 | 1.940 |
| Eysturoyargöng | 2020 | 11.250 |
| Hvalbiargöng (ný) | 2021 | 2.524 |
| Sandoyargöng | 2023 | 10.850 |

| Göng í byggingu | Verklok | Lengd (m) |
|---|---|---|
| Dalsgöng | 2024 | 2.200 |
| Árnafjarðargöng (ný) | 2024 | 1.889 |
| Hvannasundsgöng (ný) | 2025 | 2.200 |
| Fámjinsgöng | 2024 | 1.200 |
| Villingardalsgöng (ný) | 2025 | 1.300 |
| Húsareynisgöng | 2025 | 2.300 |

| Göng á hugmyndastigi | Lengd (m) |
|---|---|
| Suðuroyargöng | 25.000 |
| Vestmannagöng | 4.500 |


Vandaðar
Skíðaferðir
í ítölsku Alpana
Madonna
Pinzolo
Val di Fassa
Val di Fiemme
Fyrir 3
Flug & hótel frá
150.367
Á MANN
Fyrir 2
Flug & hótel frá
149.850
á mann
Madonna
Alpen Hotel Vidi
3. febrúar í 7 nætur
Frá kr. 323.167 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn
Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði
Pinzolo
Hotel Ferrari Pinzolo
10. febrúar í 7 nætur
Frá kr. 150.367 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður
Madonna
Hotel Ideal
17. febrúar í 7 nætur
Frá kr. 222.134 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn
Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði
AÐRAR DAGSETNINGAR OG GISTIMÖGULEIKA FINNUR ÞÚ Á HEIMSFERDIR.IS
Heimsferðir
595 1000
www.heimsferdir.is
Fáðu meira út úr fríinu



Ljósmynd/Ólavur Frederiksen

**Skorið á borða** Gerhard Lognberg, bæjarstjóri í Skopun, opnaði Sandeyjargöngin formlega.



AFP/Jonathan Nackstrand

**Jarðgöng** Ein margra jarðganga í Færeyjum eru á Viðey, einni af nyrstu eyjunum.

síðustu áratugi verið mikilvægur þáttur, sama hvaða flokkar hafa verið við stjórnvölinn, og núverandi ríkisstjórn, sem tók við fyrir ári, fylgir sömu stefnu, að auka möguleika fólks, hvar sem það býr á eyjunum, til að vera hluti af nútímalegu samfélagi. Að það geti búið, unnið og tekið þátt í þjóðfélaginu sama hvar það býr,“ segir hann.

Fyrstu neðansjárvargöngin milli Voga, þar sem alþjóðaflugvöllur Færeyja er, og Straumeyjar voru opnuð árið 2002. Önnur neðansjávargöng, Norðureyjagöngin, sem tengja Austurey og Borðey, voru opnuð árið 2006 og árið 2020 voru Austureyjargöngin, sem tengja Straumey og Austurey, opnuð. Nú eru jarðgöngin í Færeyjum 21 talsins, raunar 22 ef gömlu Hvalbiargöngin eru talin með. Þess má geta, að vegakerfið í Færeyjum, ef götur í bæjum og þorpum eru frátaldar, er samtals um 476 kílómetrar að lengd og í eyjunum eru samtals um 42 þúsund bílar, þar af tæplega 28 þúsund einkabílar.

### Samtengd verkefni

Nýju Sandeyjargöngin og Austureyjargöngin eru samtengd verkefni sem hleypt var af stokkunum árið 2016. Austureyjargöngin eru rúmlega 11 kílómetra löng, tengja Straumey og Austurey og liggja undir Tangafjörð milli Leirvíkur og Klakksvíkur og syðsta hluta Skálafjarðar milli Rúnavíkur og Strandа. Í þeim miðjum er fyrsta hringtorgið sem gert hefur verið í neðansjávargöngum í heiminum.

Teitur Samuelsen, forstjóri Eystur- og Sandoyartunlar, segir að allar áætlanir varðandi byggingu jarðganganna tveggja hafi staðist. En umferðin um Austureyjargöngin hafi verið minni en áætlað var þótt hún sé að aukast. Áætlanir gerðu ráð fyrir að 6.200 bílar færu um göngin daglega en umferðin er nú um 6.000 bílar á dag. Til að bregðast við þessu var ákveðið í samráði við færeysk stjórnvöld að lækka veggjaldið. Þeir sem kaupa áskrift greiða 75 krónur danskar, jafnvirði um 1.500 íslenskra króna, fyrir að fara um göngin en þak er á gjaldinu þannig að þeir sem nota göngin reglulega þurfa ekki að greiða nema 2.100 danskar krónur á ári.

Teitur segir að samt sem áður sé miðað við að lán, sem tekin voru til að byggja göngin, verði greidd upp í kringum árið 2040. Hann segir þó að ekki liggi fyrir ákvörðun um hvenær innheimtu vegtolla verði hætt. Búið er að greiða upp öll lán sem tekin voru vegna Vogagangganna og Norðureyjaganganna en samt er enn innheimtur vegtollur þar, 10 krónur danskar, eða um 200 íslenskar krónur.

Áætlanir gerðu ráð fyrir að um 350 bílar ækju daglega um Sandeyjargöngin. Teitur segir að umferðin hafi til þessa verið meiri, enda var ókeypis í göngin fyrstu dagana eftir að þau voru opnuð en eftir að byrjað var að innheimta veggjald hafi dregið úr umferðinni og hún sé nú um 600 bílar að jafnaði. Áskriftarverð í þeim göngum er það sama og í Austureyjargöngunum.

### FJÁRMÖGNUN NEÐANSJÁVARGANGANNA Í FÆREYJUM



Ljósmynd/Tunnel.fo

**Hringtorg** Í Austureyjargöngum er hringtorg sem hefur vakið mikla athygli.

## Hvalfjarðargöngin fyrirmynd

**Stofnuð hafa verið opinber hlutafélög um neðansjávargöngin fern í Færeyjum. Kunnugir segja að fyrirmyndin hafi verið sótt til Hvalfjarðarganganna á Íslandi en Færeyingar kynntu sér vel hvernig staðið var að fjármögnun þeirra,**

**Samkvæmt upplýsingum frá færeyska samgönguráðuneytinu kostuðu Vogagöngin, sem voru opnuð 2002, 295 milljónir danskra króna, um 6 milljarða íslenskra króna. Færeyska ríkið greiddi um 60% eða 160,3 milljónir króna en hlutafélagið tók 134,7 milljónir að láni. Norðureyjagöngin, sem opnuð voru 2006, kostuðu 395 milljónir danskra króna. Þar af var hlutafé ríkisins 235 milljónir en 160 milljónir voru teknar að láni. Búið er að greiða bæði þessi lán að fullu.**

**Austureyjar- og Sandeyjargöngin kostuðu um 3,2 milljarða danskra króna. Hlutur ríkisins var 400 milljónir auk þess að það greiðir rekstrarkostnað í nokkur ár. Hlutafélagið tók 2.640 milljónir danskra króna að láni og er áætlað að búið verði að greiða það lán upp árið 2040.**

### Íslenskir ráðgjafar

Jarðgangagerð hefur jafnan gengið vel í Færeyjum. Þannig hófust framkvæmdir við Austureyjargöngin í febrúar árið 2017 og þau voru opnuð í desember árið 2020. Framkvæmdir við Sandeyjargöngin hófust sumarið 2018 og þau voru opnuð í desember sl.

Björn A. Harðarson, jarðverkfræðingur hjá Geotek.ehf, hefur ásamt fleiri íslenskum sérfræðingum lengi veitt Færeyingum ráðgjöf við jarðgangagerð, þar á meðal við Austureyjar- og Sandeyjargöngin. Sömu aðferðir eru notaðar við gerð jarðganga í Færeyjum og hér á landi, þau eru boruð og sprengd. Björn segir að aðstæður til gangagerðar séu almennt góðar í Færeyjum og engin stórvægileg vandamál hafi komið upp í neðansjávargöngunum. Bergið í Færeyjum sé almennt töluvert betra en á Íslandi, minna sprungið og minna vatn sem komi úr því og því þurfi ekki að styrkja það eins mikið. Bergið er 99% basalt og hraunlögin eru um 50-55 milljón ára gömul en á Íslandi er bergið um 10-15 milljón ára gamalt.

### Suðureyjargöng í augsýn

Suðurey er nú eina stóra eyjan í Færeyjum sem ekki er tengd við vegakerfi eyjanna með jarðgöngum en slík göng eru raunar komin á teikniborðið. Ferjan Smyrill, sem Herjólfur III leysti af um tíma, siglir þangað þrisvar á dag frá Þórshöfn, siglingin tekur um tvær klukkustundir, og þrisvar í viku er einnig boðið upp á áætlunarflug með þyrlu.

Samgönguráðherrann Dennis Holm, sem er félagsfræðingur að mennt, býr sjálfur á Suðurey og stundaði rannsóknir á samfélögum í afskekktum byggðum áður en hann snéri sér að stjórnmálum. „Áhrifin af því að hafa ekki aðgang að stærsta markaðssvæðinu eru mjög augljós í Suðurey. Það hefur verið sama þróun hér í Færeyjum og á Íslandi, að ungt fólk fer í skóla heima í héraði og síðan í háskóla og menntar sig. Atvinnumöguleikar fyrir þetta fólk á afskekktari svæðum, eins og t.d. á Suðurey, eru litlir og því sest unga fólkið frekar að í Þórshöfn eða í nágrenni við bæinn,“ segir Holm.

Mannfjöldatölur færeysku hagstofunnar styðja þetta en samkvæmt þeim er Suðurey eina byggðarlagið þar sem fólki hefur fækkað jafnt og þétt frá aldamótum. Þannig bjuggu 4.950 manns í eyjunni árið 2000 en í nóvember á síðasta ári bjuggu þar 4.600 manns eða um 8,6% af íbúum Færeyja. Alls bjuggu um 54.550 manns í Færeyjum þann 1. desember og hafði fjölgað um 0,9% frá árinu á undan.

Jarðgöng milli Sandeyjar og Suðureyjar eru risavaxið verkefni en slík göng yrðu væntanlega um 25 kílómetra löng. Teitur Samuelsen er einnig í forsvari fyrir undirbúningsfélag um þau göng og segir að búið sé að mestu að gera jarðfræðilegar rannsóknir og öryggisáætlanir og leið ganganna hafi verið mörkuð. Áætlað er að það taki 8-9 ár að grafa göngin sem þýðir að þau yrðu í fyrsta lagi tilbúin árið 2034-2035. Endanleg fjármögnunaráætlun liggur ekki enn fyrir en unnið er að henni. Áætlað er að um 1.300 bílar muni aka daglega gegnum göngin til að byrja með.

Dennis Holm er hins vegar ekki í vafa um nytsemi Suðureyjarganga enda sé ferjan Smyrill farin að eldast. Ný ferja gæti kostað um milljarð danskra króna og rekstrarkostnaður við slíka ferju væri um 120 milljónir danskra króna á ári. „Ef sá kostnaður yrði metinn í 50 ár og smíða þyrfti nýja ferju á t.d. 25-30 ára fresti en göngin nýtast í meira en 50 ár þá er kostnaðurinn við göngin ekki svo yfirgengilegur. Að auki þarf að taka mið af því að möguleikar á bættum efnahag eyjanna allra aukast til muna.“



# SNJALLHRINGUR
# ULTRAHUMAN RING AIR

**Betri svefn | Aukin orka | Skilvirkari endurheimt | Aukin alhliða heilsa**

**NÝTT Í LYFJU**



**Vatns- og rykvarinn**
Hringurinn er vatnsheldur allt að 100 metrum.

**Allt að 6 daga rafhlaða**
Hægt er að hlaða hringinn með þráðlausri hleðslu sem tekur 1,5–2 klst. sem endist í allt að 6 daga.

**Þolir hitabreytingar vel**
Hringurinn er hannaður til að þola allt frá -10°C til 60°C.

**Léttasti snjallhringurinn**
Hringurinn vegur 2,4 g og er 11x léttari en hefðbundið snjallúr.

**Þunnur og sléttur fyrir aukin þægindi**
Hringurinn er þynnri og þægilegri en aðrir snjallhringir á markaðnum.

**Ofnæmisprófaður**
Hægt er að nota hringinn 24/7 án þess að erta húð á fingri.

**Verð 64.998 kr.**
Snjallhringurinn fæst í Lyfju Smáralind, Smáratorgi og netverslun.

**HEILSAN Í ÞÍNUM HÖNDUM**

Snjallhringurinn, Ultrahuman Ring AIR hjálpar þér að bæta svefninn, stjórna orku, hormónastarfsemi, endurheimt og alhliða heilsu. Hringurinn er léttur, þunnur og ofnæmisprófaður.

Hringurinn fæst í möttum svörtum lit og gylltum og kemur í 10 stærðum.

Versla snjallhringinn.

LYFJA

# Skógur ógnar innanlandsflugi

**● Mikilvægt að fella tré í Öskjuhlíð ● ISAVIA þrýstir áfram á Reykjavíkurborg ● Komið er að þolmörkum í öryggismálum ● Háir kranar í brúarsmíði í Fossvogi sumarið 2025 munu loka fyrir aðflug á braut 01**

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Enn hefur ekki tekist að koma á fundi með Reykjavíkurborg til að ræða þetta mikilvæga verkefni. Við leggjum áfram áherslu á að lausn finnist,“ segir Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia innanlandsflugvalla. Sem kunnugt er óskaði Isavia þess í ágúst á síðasta ári að felld yrðu minnst 2.900 tré vestanvert í Öskjuhlíð, enda ógnaði mikil hæð þeirra, gjarnan 15-20 metrar, flugvélum sem væru að koma inn til lendingar úr austri að braut 31 á Reykjavíkurflugvelli.



Sigrún Björk Jakobsdóttir

Sú er beint fram undan Öskjuhlíðinni við Nauthólsveg. Sömuleiðis er hæð trjánna skerðing á öryggi þegar flugvélar taka á loft til SA af braut 13, sem liggur að Skerjafirði.

## Borgargarður í brekkum

Hugsanlegt er að fella þurfi um 1.200 tré til viðbótar þeim sem áður eru nefnd. Þetta er í skógi í brekkum upp af byggingum Háskólans í Reykjavík og suður af Fossvogskirkjugarði. Svæði þetta er talið ná yfir um þriðjung skógar í Öskjuhlíð, sem nýtur hverfisverndar og er á aðalskipulagi flokkað sem borgargarður. Felling trjáa þar er því ýmsu háð og þar gæti komið til mat á umhverfisáhrifum, skv. því sem borgin upplýsti á sínum tíma.

Hæð trjáa í Öskjuhlíð er orðin raunveruleg öryggisógn véla í aðflugi að braut 31 og brottflugi frá braut 13. Lágmörk fyrir aðflug beint að braut Öskjuhlíðarmegin hafa verið fjarlægð vegna trjágróðurs sem var kominn upp í hindrunarflöt aðflugs. Aðflugshalli að braut 31 var hækkaður í 4,45° fyrir rúmum áratug vegna trjágróðurs en slíkt átti að vera tímabundin lausn til nokkurra mánaða, upplýsir Sigrún Björk.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Öskjuhlíð** Þau 2.900 tré sem fella þarf flugöryggis vegna eru í skógarbrekkunum milli Perlunnar og bygginga Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík. Hér sést til þessa svæðis, sem mun öðlast annan svip með skógarhöggi.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Flugvélar** Bratt aðflugshorn við braut 31 ógnar öryggi í innanlandsflugi Icelandair, svo sem véla af gerðinni Q 400 Dash og Boeing MAX 737 8.

Ekki er hægt að færa þröskuld eða hækka aðflugshorn umfram neitt sem nú þegar hefur verið gert. Eina mögulega ráðstöfunin er að fjarlægja tré eða lengja flugbraut til vesturs. Árið 2017 voru í Öskjuhlíð felld um 130 tré og nokkru færri síðar. Vegna hæðar trjánna hefur þröskuldur á flugbrautinni verið færður tvisvar og hún stytt sem því nemur.

Stærstu vélar sem notaðar eru að staðaldri í innanlandsflugi eru Q 400 Dash-vélar Icelandair. Jafnframt notar félagið Boeing Max 737-8 reglulega í innanlandsflugi. Þær flugvélar fullhlaðnar þurfa langa braut.

## Framkvæmdir munu trufla

„Vegna þess hve bratt aðflugshornið er orðið í dag inn á flugbraut 31, það er 4,45°, er komið að þolmörkum véla Icelandair í innanlandsfluginu. Í erindi sem sent var til Reykjavíkurborgar í fyrra er lýst hve mikilvægt sé að fella trjágróður í Öskjuhlíð. Tryggja þar fullt nothæfi flugbrautar 13-31 svo hún geti leyst flugbraut 01-19 af hólmi meðan á framkvæmdum stendur í Fossvoginum vegna borgarlínu,“ segir Sigrún. Þarna vísar hún til byggingar Fossvogsbrúar, sem verður hluti af borgarlínunni. Því verkefni fylgir að pramma eða skipi verður siglt út á Fossvog. Þannig verða stöplar, bitar og annað í brúnni sett niður. Meðan á þessu stendur, sumarið 2025, verður 60 metra hár krani úti á voginum. Á meðan þarf að loka flugbraut 01 á Reykjavíkurflugvelli í einhverjar vikur lungann úr degi. Því er sagt mikilvægt að áður verði hin braut flugvallarins, sú sem liggur framan undan Öskjuhlíð og er til umfjöllunar hér að framan, orðin örugg. Slíkt þarf þá að gerast fyrir sumarið 2025.

## Tvö tré á móti einu

„Því teljum við mjög nauðsynlegt að trén í Öskjuhlíð veðri felld sem allra fyrst. Reykjavíkurborg á hins vegar svæðið og framkvæmdin verður ekki hjá Isavia,“ segir Sigrún. „Við hjá ISAVIA myndum gjarnan vilja leggja verkefninu lið, til dæmis með mótvægisaðgerðum þar sem væri plantað tveimur trjám á móti hverju því sem er fellt. En þá væri ákjósanlegt að planta í staðinn til dæmis birki, sem er lágvaxin tegund. Þannig kæmi ekki aftur upp sú staða sem nú er uppi vegna hávaxinna grenitrjáa. Þetta meðal annars viljum við ræða við Reykjavíkurborg og höfum óskað eftir fundi um málið.

Þess má geta að síðasta sumar þegar þetta mál kom upp sagði Reykjavíkurborg að aðgerðir af þeim toga sem Isavia gerði kröfu um myndu kalla á verulegar breytingar á deiliskipulagi og hugsanlega endurskoðun aðalskipulags. Framkvæmdin sjálf væri háð reglugerð um framkvæmdaleyfi og leita þyrfti umsagna víða.






**Hestaíþróttir** Frá verðlaunaafhendingu í meistaradeildinni 2022.

# Meistaradeildin fer af stað í kvöld

**● Keppt í fjórgangi á Ingólfshvoli**

**Áhugamenn um hestaíþróttir geta tekið gleði sína á ný í kvöld, þegar Meistaradeild Líflands fer af stað í HorseDay-höllinni að Ingólfshvoli í Ölfusi. Keppt verður í fjórgangi en keppnir í deildinni verða sex fram í miðjan aprílmánuð.**

**Hefst keppni kl. 19 en húsið verður opnað kl. 17.30 með veitingasölu. Á vef Eiðfaxa kemur fram að fasteignasalarnir Gulla Jóna og Garðar Hólm bjóði frítt í stúkuna. Matur og veitingar verða í boði í veitingasal hallarinnar fyrir keppni og ef pantað er fyrir fram fylgir í kaupbæti frátekið sæti í stúkunni. Allar pantanir og nánari upplýsingar eru á info@ingolfshvoll.is.**

**Búið er að draga í rásröð fyrir fjórganginn. Eyrún Ýr Pálsdóttir í liði Top Reiter ríður á vaðið. Hún situr hestinn Úlf frá Hrafnagili, sem ekki hefur keppt í meistaradeildinni áður, segir Eiðfaxi.**



*Ævintýraferð 17.–24. ágúst 2024:*

# Í fótspor innrásarinnar í Normandí

*Hópferð til* ***Porthsmouth, Normandí*** *og* ***Parísar*** *með sr. Þórhalli Heimissyni*




**Sr. Þórhallur Heimisson** verður fararstjóri okkar. Hann er öllum hnútum kunnugur og hefur starfað sem leiðsögumaður allt frá árinu 2005.

**Sigurður K. Kolbeinsson** verður Þórhalli til aðstoðar meðan á ferðinni stendur. Hann hefur stýrt fjölmörgum hópum á vegum ***Niko Travel Group*** á síðastliðnum árum.

## Einstök upplifun á söguslóðum í Normandí

***Í ár eru liðin 80 ár frá innrásinni í Normandí og af því tilefni efna Kólumbus Ævintýraferðir til hópferðar á þær slóðir þar sem innrásarherirnir lögðu upp í för sína til Frakklands og stigu síðan á land við erfiðar aðstæður i Normandí.*** Ferðin hefst í **Portsmouth** þar sem gist verður í 2 nætur og við skoðum **Royal Navy Museum**, **HMS Victory** o.fl. Frá höfninni í **Pool** verður **siglt yfir Ermasund** til **Cherbourg**, sömu leið og her bandamanna sigldi árið 1944. Í **Bayeux** er gist í þrjár nætur á **Grand Hotel du Luxembourg** í hjarta bæjarins. Við förum í heilsdagsferð til **Mont Saint-Michel** og skoðum staði sem tengjast innrásinni í júní 1944. Frá söguslóðum í **Normandí** verður haldið til **Parísar** þar sem dvalist verður síðustu 2 nætur ferðarinnar á **Novotel Hotel Paris Les Halles 4*** sem er í miðborg Parísar, mitt á milli ***Louvre*** og ***Notre Dame***. Í borginni verður m.a. farið að gröf Napóleons í **Les Invalides**.

***Aðeins þessi eina ferð í boði. Ferðin er skipulögð í samstarfi við Herminja og flugsafn Einars Elíassonar á Selfossi þangað sem þátttakendum í ferðinni verður boðið á sérstaka ferðakynningu síðar á árinu.***



**Verð á mann 419.000 kr.** *Aukagjald fyrir eins manns herbergi er 119.000 kr.*

**Innifalið:** *Flug* ***Icelandair*** *frá Keflavík til London, 23 kg taska og allir skattar og gjöld. Flug* ***Icelandair*** *frá París til Keflavíkur, 23 kg taska og allir skattar og gjöld. Gisting í 2 nætur á* ***Portsmouth Marriott Hotel 4**** *m/morgunverði. Farmiði með ferju yfir Ermasund, frá Pool til Cherbourg. Gisting í 3 nætur á* ***Grand Hotel Luxembourg*** *m/morgunverði. Gisting í 2 nætur á* ***Novotel Les Halles í París 4****, *m/morgunverði. Allur rútuakstur í Englandi og Frakklandi skv. ferðalýsingu. Aðgangseyrir í kafbát í Cherbourgh. Aðgangur að hringkvikmyndahúsi í Arromanches. Aðgangur að Mont-Saint-Michel eyju og safni þar. Aðgangur að Bayeux Tapestry safninu. Aðgangur að franska herminjasafninu í París. Íslensk fararstjórn og leiðsögn sr. Þórhalls Heimissonar. Aðstoð staðarleiðsögumanna í Frakklandi. 3 hádegisverðir í Frakklandi.*

Ferðalýsing og bókanir

**Bókanir og nánari upplýsingar** eru á **kolumbus.is**, í síma **499-2960** og á netfanginu **niko@niko.is**

*Fararstjórinn* ***Þórhallur Heimisson*** *veitir einnig nánari upplýsingar um ferðina – netfang:* ***thorhallur@niko.is***

FERÐASKRIFSTOFA AUTHORIZED TRAVEL AGENCY 2019-018

***Kolumbus – Ævintýrarferðir*** *er ferðaskrifstofa í eigu Niko ehf. og hefur það að markmiði sínu að bjóða uppá einstakar ferðalausnir til áfangastaða sem fólk hefur almennt ekki heimsótt. Lengri og skemmri ferðir innan Evrópu og til annarra heimsálfa. Ferðir á vegum Kolumbus eru ætlaðar fólki á aldrinum 50 ára og eldri sem hefur áhuga á skemmtilegum hópferðum til framandi áfangastaða.*

KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐIR

**Niko ehf.** | Austurvegi 6 | 800 Selfoss | kt. 590110-1750 | **kolumbus.is**




GRÆNN

**Delivita Pizzaofninum fylgir**

Spaði, hitabyssa, þrýstijafnari og taska sem gerir manni kleift að ferðast með ofninn hvort sem er í útileguna, sumarbústaðinn eða í partý hjá vinum

**DeliVita**
**PIZZAOFN**

TILBOÐ
**49.990**

FULLT VERÐ 69.990



**BERTELLO**
**PIZZAOFNAR**

| 12” stærð | 16” stærð |
|---|---|
| Tilboð: 49.900 | Tilboð: 69.900 |
| FULLT VERÐ: 69.990 | FULLT VERÐ: 89.990 |

## Pakkinn inniheldur:

Bertello Pizzaofn fyrir gas, kol og viðar kyndingu | Gasbrennara og bakka fyrir við eða kol
Cordierite stein | Viðar- og kolabakka | Stálspaða með viðar handfangi | Þrýstijafnara & slöngu.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.



SALA
www.bakoisberg.is
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
VÍNKÆLIR
80.000 kr AFSLÁTTUR
Tilboð: 169.900
166 flöskur
1 hitastig 5-20° - Hljóðstig: 37 dB
D: 59,5 x B: 67,5 x H: 135,5 cm.
Fullt verð: 249.900
Hinn fullkomni geymsluskápur vínáhugamannsins
Viva matarstell
50% AFSLÁTTUR
Verð: 6.495
Zwiesel glös
Frábær glös við öll tilefni og allar gerðir drykkja.
20% AFSLÁTTUR
Pottar og pönnur
Pintinox gæða pottar og pönnur fyrir atvinnueldhúsin sem heimilin geta notað.
20% AFSLÁTTUR
Krups Nespresso
Lítil, nett og krúttleg. Krups Nespresso Essenza mini kaffivél.
TILBOÐ: 14.990
WMF postulín
Vandað gæðapostulín frá WMF.
40% AFSLÁTTUR
Arcos hnífar
Hnífar frá spænska framleiðandanum Arcos.
20% AFSLÁTTUR
Plastbakkar
70% AFSLÁTTUR
BARVÖRUR
20% AFSLÁTTUR
BAKO ÍSBERG
ELDHÚS ALLRA LANDSMANNA
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík



Ljósmynd/Icelandic Salmon

**Landeldi** Arnarlax hefur fengið leyfi fyrir seiðastöð á Gileyri.

# Veita seiðastöð rekstrarleyfi

## ● Þúsund tonna hámarkslífmassi

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Matvælastofnun hefur veitt Arnarlaxi ehf. rekstrarleyfi til fiskeldis á landi á Gileyri við Tálknafjörð. Um er að ræða nýtt rekstrarleyfi fyrir 1.000 tonna hámarkslífmassa vegna seiðaeldis á laxi og bleikju sem síðar verða sett út í sjókvíar.

Fram kemur í tilkynningu á vef Matvælastofnunar að Arnarlax hf. sótti um nýtt rekstrarleyfi í júní 2022. Er vakin athygli á að starfsemin er einnig háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Tillaga Matvælastofnunar um rekstrarleyfi var auglýst á vef stofnunarinnar þann 8. nóvember 2023. Við auglýsingu tillögu að nýju rekstrarleyfi var tilkynnt um að frestur til að skila inn athugasemdum væri 6. desember 2023, en engin athugasemd barst.

Óskað var eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Tálknafjarðarhreppi þann 14. nóvember 2022. Hvorki Tálknafjarðarhreppur né Hafrannsóknastofnun skiluðu umsögn.

Í umsögn Fiskistofu frá 24. febrúar kemur fram að stofnunin telur að þar sem um landeldi sé að ræða sé ekki mikil hætta á að smit berist í villta stofna og hægt sé að bregðast við komi sjúkdómar upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni. Fiskistofa bendir á að mikilvægt sé að huga sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé þannig útbúið að fiskar sleppi ekki út.

Matvælastofnun bendir á að í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

# Sterk vísbending um loðnubrest

## ● Mæla aftur í febrúar ● Mikill kvóti fer til erlendra skipa

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Lítið mældist af loðnu í vetrarleiðangri Hafrannsóknastofnunar og telur stofnunin því ekki tilefni til að breyta fyrri ráðgjöf stofnunarinnar um að engar loðnuveiðar verði stundaðar í vetur. Vísindamenn telja þó miklar líkur á að loðna sé enn undir hafísnum norðvestur af Íslandi og er því gert ráð fyrir að halda til mælinga á ný í febrúar.

Kom þetta fram í tilkynningu Hafrannsóknastofnunar í gær.

„Út af Austfjörðum varð ekki vart við loðnu og einnig mældist lítið magn á norðausturhluta svæðisins, en þetta eru þau svæði þar sem fremsta hluta loðnugöngunnar er jafnan að finna á þessum tíma. Mesti þéttleiki fullorðinnar loðnu var í námunda við hafísröndina á svæðinu út af Horni og austur að Kolbeinseyjarhrygg. Vestan við það svæði var aðallega að finna ókynþroska loðnu. Miðað við þessa dreifingu má ætla að ís hafi komið í veg fyrir að náðst hafi að dekka allt útbreiðslusvæði loðnunnar. Það magn sem mældist nú af fullorðinni loðnu er aðeins um fjórðungur þess sem mældist í haust,“ sagði í tilkynningunni.

Kvaðst stofnunin skipuleggja mælingu á ný í febrúar vegna þessa og eru bundnar vonir við að loðnan verði gengin undan ísnum eða ísinn hafi hopað. Nákvæmar dagsetningar um framhaldið hafa ekki verið ákveðnar.

Fjögur skip tóku þátt í leiðangrinum sem stóð yfir frá 16. til 23. janúar og voru það rannsóknarskipin Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson ásamt loðnuveiðiskipunum Polar Ammassak og Ásgrími Halldórssyni.

### Óvissa um veiðar Íslendinga

Upphafsráðgjöf fyrir vertíðina byggðist á haustmælingu ársins 2022 og gaf hún ekki tilefni til að leggja til að loðnuveiðar yrðu stundaðar á vertíðinni 2023/2024. Sama niðurstaða fékkst í haustmælingu 2023 og í viðbótarleiðangri í desember síðastliðnum. Leiðangurinn nú í janúar mældi, sem fyrr segir, ekki nægilegt magn til að réttlæta endurskoðun á ráðgjöf um engar veiðar.

Verði ráðgjöfinni breytt í kjölfar leiðangursins í febrúar er ekki endilega búist við því að hún verði upp á marga fiska og hætta á að lítið, jafnvel ekkert, af loðnukvóta rati til íslenskra útgerða.

Samkvæmt samningum fara 15% af heildarkvóta til Grænlands sem úthlutar þeim aflaheimildum til þarlendra skipa. Þá fara 5% til Noregs auk u.þ.b. 31 þúsund tonna sem veitt eru Norðmönnum vegna samninga við Ísland um veiðar þess síðarnefnda í Smugunni. Af því sem eftir er til skiptanna renna 5% til Færeyja.

Samkvæmt þessu þarf heildarkvóti í loðnu að fara yfir tæplega 39 þúsund tonn áður en Ísland byrjar að fá hlut í veiðunum. Má gróflega áætla að heildarkvóti í loðnu þurfi að ná 115 þúsund tonnum til að Íslendingar fái 50% af úthlutuðum aflaheimildum, en ráðgjöf undanfarinna þriggja ára hefur verið tæplega 460 þúsund tonn vertíðina 2022/2023, tæplega 870 þúsund tonn 2021/2022 og rúm 127 þúsund tonn 2020/2021. Tvær vertíðir þar á undan var loðnubrestur.

### Háð takmörkunum

Vert er að geta þess að þrátt fyrir verulegan hlut norskra skipa eru veiðar þeirra takmarkaðar í samningum við ákveðin svæði, mega þau ekki veiða nema með nót og er veiðitímabil þeirra mun styttra en annarra skipa. Auk þess fá aðeins 30 norsk skip að vera í íslenskri lögsögu á loðnuveiðum og mega þau aðeins veiða norður fyrir 64.30 breiddagráðu. Komið hefur fyrir að norsku skipin ná ekki að veiða allan þann kvóta sem þeim hefur verið úthlutað og fellur þá það sem út af stendur til íslenskra skipa.



Morgunblaðið/Börkur Kjartansson

**Nótaveiðar** Sigurður VE, skip Ísfélagsins, á veiðum á síðustu loðnuvertíð.


ÞAÐ SKIPTIR EKKI MÁLI
HVORT ÞÚ KALLAR ÞAKPAPPA,
TJÖRUPAPPA EÐA TJÖRUDÚK







Þakefnasala Íslands býður þakpappa, þakefni og verkfæri til þaklagna í hæsta gæðaflokki í verslun okkar að Drangahrauni 4.

ÞAKEFNASALA ÍSLANDS

Fáðu ráðgjöf hjá fagmönnum í þakefnasölu og þakviðgerðum

www.thakefnasala.is



VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum





Bjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum

ELTAK ehf
- vogir eru okkar fag
Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is


### Afurðaverð á markaði

24. janúar, meðalverð, kr./kg

| | |
|---|---|
| Þorskur, óslægður | 459,17 |
| Þorskur, slægður | 558,63 |
| Ýsa, óslægð | 326,40 |
| Ýsa, slægð | 242,29 |
| Ufsi, óslægður | 220,28 |
| Ufsi, slægður | 273,21 |
| Gullkarfi | 308,49 |
| Blálanga, óslægð | 121,00 |
| Blálanga, slægð | 295,48 |
| Langa, óslægð | 236,75 |
| Langa, slægð | 281,71 |
| Keila, óslægð | 59,40 |
| Steinbítur, óslægður | 141,33 |
| Steinbítur, slægður | 204,73 |
| Hlýri, óslægður | 252,76 |
| Hlýri, slægður | 351,43 |
| Skötuselur, slægður | 477,55 |
| Skarkoli, óslægður | 190,00 |
| Skarkoli, slægður | 405,54 |
| Þykkvalúra, slægð | 769,69 |
| Langlúra, óslægð | 270,10 |
| Sandkoli, óslægður | 165,59 |
| Rauðmagi, óslægður | 46,00 |
| Gellur | 2.203,67 |
| Hrogn/þorskur | 625,80 |
| Lúða, slægð | 1.169,94 |
| Lýsa, slægð | 79,54 |
| Skata, slægð | 72,51 |
| Stóra brosma, slægð | 45,00 |
| Undirmálsýsa, óslægð | 83,54 |
| Undirmálsýsa, slægð | 118,72 |
| Undirmálsþorskur, óslægður | 244,69 |
| Undirmálsþorskur, slægður | 231,44 |


FJALLA
KOFINN
FARÐU EKKI FLATT
Á SVELLINU
YAKTRAX
hálkugormar og broddar
Hallarmúli 2 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| OMX I15 | 2.617 | 0,15 % | ▲ |
| OMX N40 | 2.522 | 0,63 % | ▲ |
| OMX C | 1.824 | 0,04 % | ▲ |
| OMX S | 2.351 | 0,58 % | ▲ |
| OMX H | 10.052 | 1,00 % | ▲ |
| OSEBX | 1.286 | 0,12 % | ▲ |
| Dow Jones | 37.883 | -0,06 % | ▼ |
| Nasdaq | 15.507 | 0,52 % | ▲ |
| FTSE | 7.528 | 0,56 % | ▲ |
| DAX | 16.890 | 1,58 % | ▲ |

# Verður stærsta tekjustoð Símans

## ● Síminn kaupir þrjú auglýsingaskiltafyrirtæki ● Fyrsta skrefið í áframhaldandi vegferð Símans í að dreifa auglýsingum á fleiri og fleiri miðla ● Há EBITDA-framlegð í geiranum ● Virði rúmir 5 milljarðar

**BAKSVIÐ**

Þóroddur Bjarnason
tobj@mbl.is



Á dögunum var sagt frá kaupum Símans á auglýsingaskiltafyrirtækjunum BBI ehf., Dengsa ehf. og Billboard ehf. Kaupin voru sögð styrkja frekar þjónustuframboð Símans í auglýsingum.



**Orri Hauksson**

„Síminn hefur á undanförnum árum verið að þróa auglýsingakerfi í sjónvarpi sem mun gera viðskiptavinum kleift í auknum mæli að beina auglýsingum á ákveðna markhópa og svæði, sem hefur í för með sér að auglýsingarnar verða markvissari fyrir viðskiptavini Símans. Með kaupunum á fyrirtækjunum þremur mun Síminn fá enn frekara tækifæri til að þróa og víkka út auglýsingaþjónustu sína, viðskiptavinum til hagsbóta,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins.

### Breyst í gegnum árin

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir í samtali við Morgunblaðið að auglýsingasala hafi breyst í gegnum árin. Áður hafi auglýsendur valið tiltekna miðla til að auglýsa í en til framtíðar verði selt aðgengi að ákveðnum markhópum í gegnum marga ólíka miðla. Markhópar geta verið lýðfræðilegir, flokkaðir eftir aldri fólks og búsetu m.a., eins og Orri útskýrir. Dæmi um auglýsingar sem Síminn selur með þessari nálgun eru þær sem birtast gjarnan á undan þáttum í Sjónvarpi Símans.

„Þessi kaup núna eru framhald af þessu. Við erum að reyna að búa til fjölbreyttara þjónustuframboð fyrir okkar viðskiptavini sem vilja ná til ákveðinna hópa, til dæmis á ákveðnum tímum dagsins á ákveðnu svæði,“ segir Orri.

Hann segir að þó að fyrirtækin verði í fyrstu rekin utan Símans sem dótturfélög muni, eftir að kaupin ganga í gegn, hefjast samstarf milli auglýsingafólks Símans og félaganna þriggja um hvernig hægt sé að bjóða meiri og dýpri þjónustu.

„Við gerum ráð fyrir að kaupin gangi hratt í gegn, þar sem auglýsingamarkaðurinn er risastór,“ segir Orri.

### Fram úr interneti og farsíma

Spurður um hlutfall auglýsingatekna í rekstri Símans að loknum kaupunum segir Orri að með kaupunum verði auglýsingar og áskriftir að miðlum orðnar að stærstu tekjustoð samstæðunnar.

„Það fer fram úr interneti og farsíma hjá okkur. Áskriftir verða þó enn stærri tekjustofn en auglýsingarnar,“ segir Orri og bætir við að auglýsingatekjur Símans eftir kaupin verði enn sem fyrr minni en auglýsingatekjur RÚV, sem njóti ríkisstyrkja. „Þannig að við munum hreint ekki gína yfir auglýsingamarkaðnum, þótt þetta sé klárlega góð viðbót.“

Orri segir að kaupin séu einungis fyrsta skrefið í áframhaldandi vegferð Símans í að dreifa auglýsingum á fleiri og fleiri miðla bæði fyrir stærri og minni auglýsendur. „Það eru fleiri skref á teikniborðinu og Síminn þarf ekki sjálfur að eiga alla miðla sem miðlað er um.“

### EBITDA-framlegð 800 m.kr.

Gangi kaup Símans eftir, mun ársvelta Símans aukast um 1.450 m.kr. og EBITDA-framlegð um 800 m.kr. á ársgrundvelli. Eins og þær tölur gefa til kynna er EBITDA-framlegð há í skiltabransanum. Sem dæmi var EBITDA-hlutfall samkeppnisaðilanna LED birtinga og Skjálausna árið 2022 38% og 43%.

Spurður um tækifæri til að fjölga skiltum segir Orri að þau sé að finna víða á landinu öllu þar sem fjöldi fólks kemur saman, líkt og á íþróttaleikvöngum, verslunarmiðstöðvum og öðrum stærri samkomustöðum. „Svo eru tækifæri í að hafa auglýsingarnar kvikar og flettingar markvissar, allt í takt við lýðfræði og dægursveiflu hverrar staðsetningar.“

### Stærsti samstarfsaðilinn

Orri segir að margar helstu staðsetningar Billboard séu hjá íþróttafélögum landsins. Með öðru samstarfi Símans við íþróttahreyfinguna, svo sem Símamótinu í Kópavogi og útsendingum HSÍ og nú síðast KSÍ yfir Sjónvarp Símans, muni Símasamstæðan með kaupunum verða stærsti samstarfsaðili íþróttahreyfingarinnar í landinu.

„Við erum stolt af því samstarfi og viljum styrkja það til lengri tíma,“ segir Orri spurður um þetta.

Heildarvirði fyrirtækjanna þriggja samkvæmt kaupsamningi nemur 5.150 m.kr. en mun verða leiðrétt með hliðsjón af stöðu nettó vaxtaberandi skulda og veltufjármuna á viðmiðunardegi uppgjörs. Kaupin verða fjármögnuð með hlutafé í Símanum að andvirði 1.000 m.kr. á genginu 9,886, sem er tíu daga meðalgengi hlutabréfa Símans fyrir undirritun kaupsamningsins. Kaupin eru að öðru leyti fjármögnuð með handbæru fé.





Morgunblaðið/Eggert

**Áberandi** Eitt ljósaskilta Billboard ehf. á mótum Grensásvegar og Miklubrautar. Auglýsingarnar gefa mikið af sér.

**FYRIRTÆKIN SEM SÍMINN KAUPIR**

### Innviðir, skilti, búnaður og fletir

**BBI ehf. hefur sérhæft sig í fjárfestingum og rekstri auglýsingainnviða ásamt sölu margvíslegs búnaðar til þriðja aðila. Félagið selur og leigir út vörur tengdar stafrænum auglýsingaskjáum, auglýsingaskilti, auglýsingastanda, næðisrými og annan búnað til viðskiptavina utan neytendamarkaðar.**

**Dengsi ehf. er öflugur samstarfsaðili sveitarfélaga um rekstur biðskýla fyrir strætisvagna. Félagið er með samninga við fjölmörg sveitarfélög allt frá Borgarnesi til Reykjanesbæjar. Félagið rekur um 350 biðskýli ásamt 50 auglýsingastöndum. Samtals er um að ræða um 800 auglýsingafleti sem gert er ráð fyrir að verði orðnir um 900 í lok árs 2024. Þar af verða um 600 stafrænir skjáir.**

**Billboard ehf. er frumkvöðull í stafrænni umbreytingu flettiskilta. Félagið hefur síðustu nær tíu ár verið brautryðjandi í að stækka hlutdeild umhverfisauglýsinga á íslenskum auglýsingamarkaði. Félagið er með samninga um rúmlega 50 auglýsingafleti á stórum skiltum sem eru yfir 12 fermetrar að stærð.**





# Skiptum lokið í Crymogeu

## ● Skiptin á þrotabúinu tóku þrjú ár

**Engar eignir fundust í þrotabúi bókaútgáfufélagsins Crymogeu og er skiptum búsins því lokið, samkvæmt tilkynningu í Lögbirtingablaðinu. Almennar kröfur í búið námu um 52 milljónum króna.**

**Félagið var í eigu Kristjáns Bjarka Jónassonar bókaútgefanda. Crymogea skilaði síðast ársreikningi árið 2015. Þá námu tekjur félagsins um 69 milljónum króna en tap félagsins á árinu var um átta milljónir króna. Eigið fé var þá neikvætt um tæpar tíu milljónir króna. Félagið var úrskurðað gjaldþrota árið 2021.**

**Morgunblaðið greindi síðar frá því að Kristján hefði selt eiginkonu sinni, Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur rithöfundi, 20% hlut í fasteign þeirra nokkrum dögum eftir að félagið var úrskurðað gjaldþrota. Þau gerðu í kjölfarið kaupmála sín á milli.**

**Áður en Crymogea var úrskurðað gjaldþrota seldi félagið stóran hluta af lager sínum til PHK Books ehf., sem einnig var í eigu Kristjáns Bjarka. Það félag var úrskurðað gjaldþrota í september sl. og hefur nú verði brottfellt úr fyrirtækjaskrá.**





**25. janúar 2024**

| Gjaldmiðill | Gengi |
|---|---|
| Dollari | 136.77 |
| Sterlingspund | 173.93 |
| Kanadadalur | 101.52 |
| Dönsk króna | 19.94 |
| Norsk króna | 13.01 |
| Sænsk króna | 13.105 |
| Svissn. franki | 157.42 |
| Japanskt jen | 0.9243 |
| SDR | 182.12 |
| Evra | 148.7 |
| Meðalgengi/Viðskiptavog þröng | 181.9549 |

# Skólar ehf fjölga heilsueflandi leikskólum



# Urriðaból II, nýr 126 barna, 6 deilda heilsuleikskóli Holtsveg 20 í Garðabæ

Markmið Heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar

„Við erum að bæta einum 126 barna sex deilda heilsuleikskólum við í Garðabæ. Áætlað er að hann opni í febrúar mars næstkomandi. Þetta verkefni er mikil áskorun en mjög spennandi," segir Kristín Margrét, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Skólar ehf, en það má sjá auglýsingar eftir starfsfólki á ALFRED.is

https://alfred.is/starf/deildarstjori-182
https://alfred.is/starf/leikskolakennari-264
https://alfred.is/starf/matradur-50

Fyrir reka Skólar ehf sex heilsuleikskóla á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en fyrirtækið Skólar var stofnað árið 2000 af Guðmundi Pétursyni og Pétri Guðmundssyni utan um rekstur leikskóla undir einkunnarorðunum „heilbrigð sál í hraustum líkama."



Kristín Margrét Baranowski framkvæmdastjóri Skólar ehf.

„Fyrsti heilsuleikskólinn sem við opnuðum var Krókur í Grindavík en hann hóf starfsemi í febrúar 2001. Vegna jarðskjálfta er hófust 10 nóvember 2023 er hann lokaður í dag og óvíst um framhald. Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi opnaði svo árið 2006. Heilsu„ungbarnaleikskólinn" Ársól í Reykjavík, Heilsuleikskólinn Skógarás opnaði 2008. Heilsuleikskólinn Urriðaból í Garðabæ opnaði í september 2022 en nýjasti heilsuleikskólinn er Sólborg í Suðurnejsabæ sem opnaði 1. september 2023. Nú er komið að því að opna Urriðaból II, sem er að Holtsvegi 20 Urriðaholti í Garðabæ eða rétt fyrir ofan Urriðaból I, útskýrir Kristín Margrét.

## Gera heilbrigða lífshætti að lífsstíl til framtíðar

Allir skólarnir starfa eftir sérstakri Heilsustefnu. Markmið Heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar.



Upphaf stefnunnar má rekja til þróunar- og samstarfsverkefnisins European Network of Health Promoting Schools, sem hófst sem samstarfsverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Evrópuráðsins og Evrópusambandsins árið 1992. Frumkvöðull þessarar stefnu í leikskólastarfi á Íslandi var Unnur Stefánsdóttir en hún starfaði sem framkvæmdastjóri faglega hluta Skóla ehf. í mörg ár.





## Leiðandi í heilsueflandi leikskólastarfi

Kristín Margrét segir starf Skóla ehf. í stöðugri þróun og áhersla sé lögð á faglegt starf.

„Við ætlum okkur að verða leiðandi í þekkingu og aðferðarfræði heilsueflandi leikskólastarfs á Íslandi, með heilsu og lífsgæði nemenda, starfsfólks og nærsamfélagsins að leiðarljósi. Til að ná þessum markmiðum settum við meðal annars viðverustefnu árið 2016 sem gengur út á að starfsmenn sem eru ekki frá vinnu í 6 vikur fá hálfan frídag í samráði við leikskólastjóra. Við fengum markþjálfa til að hitta alla starfsmenn fyrir nokkrum árum. Erum núna að vinna í endurmenntunaráætlun sem hefst á þessu ári. Við störfum eftir jafnréttisstefnu og erum búin að ljúka jafnlaunavottun. Þá unnum við sérstaka áætlun með Heilsuvernd með heilsu starfsmanna í fyrirrúmi og erum með samgöngustyrk, heilsueflingarstyrki, hópeflisstyrki og námsstyrki. Fyrir nokkrum árum gerðum við 8 vikna matseðil af næringarríkum mat sem allir okkar skólar nota í dag. Þetta var unnið með næringarfræðing og í samráði við matráða okkar. Sérfræðingar í kennslu og námskeiðum mun hefja þjálfun næsta vetur fyrir alla nýja starfsmenn. Auk þess höfum við gert samning um samstarf um fagháskólanám í leikskólafræðum milli Háskóla íslands og Háskólann á Akureyri. Við teljum þetta muni styrkja starfsmenn okkar og þar með einnig faglega reksturinn á hverjum stað," segir Kristín Margrét.

Nánar um starf heilsueflandi leikskóla má lesa hér

# Trump styrkir stöðu sína

- Ekkert virðist stöðva Trump er hann færist nær þriðju útnefningu Repúblikanaflokksins í röð
- Sigraði örugglega í forvali í Iowa og New Hampshire
- Nikki Haley ætlar ekki að gefast upp

**Helena Björk Bjarkadóttir**
Helena@mbl.is

Donald Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, tók stórt skref í átt að því að vinna þriðju forsetatilnefningu Repúblikanaflokksins í röð á þriðjudag er hann vann forval flokksins í New Hampshire. Donald Trump og Nikki Haley standa tvö eftir í slagnum um forsetatilnefningu Repúblikanaflokksins eftir að hver frambjóðandinn á fætur öðrum hefur dregið framboð sitt til baka.

Trump sigraði í forvali flokksins í Iowa-ríki nokkrum dögum áður með yfirburðum. Haley hefur lofað því að halda áfram að berjast en í kjölfar úrslitanna á þriðjudag á hún lítinn sem engan möguleika á að hreppa tilnefningu flokksins og skjóta þannig Trump ref fyrir rass.

Það lítur því allt út fyrir að staða forsetans fyrrverandi innan flokksins sé mjög sterk þrátt fyrir lögsóknir sem vofa yfir honum og þá staðreynd að árásin á þinghúsið 6. janúar 2021 er enn fersk í minni margra kjósenda. Stuðningsmenn Trumps virðast flykkjast bak við hann með hraða sem er óþekktur nú til dags en enginn frambjóðandi hefur unnið fyrstu tvö forvöl flokksins án þess að gegna embætti á sama tíma. Einnig hefur enginn unnið forval í ríkjunum tveimur og ekki tryggt sér að lokum tilnefningu flokksins.



AFP/Timothy A. Clary
**Sigur** Fyrrverandi forsetinn heilsar stuðningsfólki sínu í New Hampshire.

Þó að sigrar Trumps í Iowa og New Hampshire hafi verið mikilvægt skref í átt að útnefningu hans sem forsetaframbjóðanda repúblikana hafa stjórnmálaskýrendur bent á ýmsar viðvörunarbjöllur um framhaldið. Mögulega verður leið hans að Hvíta húsinu alls ekki jafn auðveld og leit út í fyrstu.

### Trump talinn líklegastur

Eftir að hafa lent í þriðja sæti í Iowa og öðru sæti í New Hampshire er staða Hailey mjög ótrygg og stendur hún frammi fyrir töluverðum hindrunum í áframhaldandi baráttu. Staðan er ekki metin góð og bent hefur verið á að ef hún hefði möguleika á að sigra Trump í einhverju ríki, þá hefði það verið auðveldast í New Hampshire. Þar voru óháðir kjósendur líklegri til að kjósa hana en í nokkru öðru ríki en þar eru kjósendur minna trúaðir og menntunarstig almennt lægra til samanburðar við Iowa.

Þrátt fyrir að á brattann sé að sækja fyrir Haley hefur hún lofað að leggja ekki árar í bát og segist ætla að einbeita sér að forvalinu í sínu heimaríki, Suður-Karólínu. Þar verður kosið 24. febrúar.

Haley hefur byggt kosningabaráttu sína að miklu leyti á hefðbundnum gildum repúblikana og hafa áherslur hennar minnt á skilaboð leiðtoga flokksins fyrir Trump. Framboð hennar hefur hlotið mikinn stuðning frá fjársterkum aðilum innan flokksins sem hafa talað gegn Trump.

Óvíst er þó hvort stuðningur þeirra sé endalaus í ljósi þess að róðurinn þyngist hjá Haley. Til að bæta gráu ofan á svart hafa þeir frambjóðendur sem hafa dregið framboð sitt til baka opinberlega lýst yfir stuðningi við Trump, ásamt styrktaraðilum sínum.

### Hvað svo?

Næsta forval fer ekki fram fyrr en 8. febrúar í Nevada. Sama dag verður ákvörðun Maine-ríkis og Colarado-ríkis um að koma í veg fyrir að Trump birtist á kjörseðlum í ríkjunum tekin fyrir í Hæstarétti. Trump hefur beðið Hæstarétt um að fella úr gildi ákvörðunina, sem byggist á því að hann sé óhæfur til að gegna forsetaembættinu vegna meintrar þátttöku hans í aðdraganda árásarinnar á þinghúsið samkvæmt 14. grein bandarísku stjórnarskrárinnar.

Sakamál í New York, Georgíu, Flórída og hugsanlega Michigan eru einnig yfirvofandi.

Biden hefur nú opinberlega sagt það vera ljóst að hann muni mæta Trump í komandi forsetakosningum. Skoðanakannanir benda til þess að Bandaríkjamenn séu ekki spenntir fyrir frambjóðendunum tveimur.

Biden hefur varað við því að örlög lýðræðis í Bandaríkjunum velti á niðurstöðum kosninganna í nóvember en forsetinn núverandi hefur lagt áherslu á málefni sem hafa verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni, meðal annars þungunarrofslöggjöf. Skilaboð hans um efnahag landsins hans virðast ekki fá hljómgrunn hjá kjósendum.

### Þarf breiðari fylgjendahóp

Ef Trump ætlar sér að verða forseti og sigra Biden er ljóst að hann þarf að ná til breiðari stuðningshóps og vinna yfir kjósendur Haley. Samkvæmt útgönguspám í forvali repúblikana í New Hampshire virðast stuðningsmenn Trumps styðja hann alla leið.

Spurðir hvort Trump væri hæfur til að gegna embætti forseta, jafnvel þótt hann yrði dæmdur fyrir glæp, sögðu 87 prósent já. Meðal hófsamari stuðningsmanna Haley fór þessi tala niður í 12 prósent. Svipaðar tölur mátti sjá þegar stuðningsmenn Trumps voru spurðir hvort þeir teldu niðurstöður forsetakosninga 2020 hafa verið rangar. Aðeins 13% kjósenda Haley voru sammála.

Trump virðist því eiga sterkan fylgjendahóp sem mun styðja hann alla leið en hvort hann nái til annarra kjósenda í nóvember er óljóst. Repúblikanaflokkurinn virðist skiptast í fylkingar og eru alls ekki allir tilbúnir að kjósa Trump.

# Segir stuðninginn ekki nægan

- Þýskaland stutt mest við Úkraínu

Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, hvatti Evrópuþjóðir til að fjölga vopnasendingum til Úkraínu í ljósi óvissu um áframhaldandi stuðning Bandaríkjanna, sem hingað til hafa styrkt Úkraínu mest allra þjóða.

Í viðtali við þýska miðilinn Die Zeit weekly sagði Scholz að „Evrópa verði að gera meira til að tryggja að Úkraína geti verndað landamæri sín.“

Hann lýsti einnig yfir óánægju sinni með að Þýskaland væri stöðugt gagnrýnt fyrir að gera ekki nóg þegar ríkið gerir meira en öll önnur ríki Evrópusambandsins. Þýskaland hefur sent meira en helming af skráðum vopnasendingum frá Evrópu til Úkraínu. Sagði hann slæmt ef Bandaríkin myndu draga úr stuðningi við Úkraínu.



AFP/Ronny Hartmann
**Þýskaland** Olaf Scholz kanslari.

# Herflugvél Rússa fórst við Úkraínu

- 65 fangar sagðir hafa verið um borð

**Helena Björk Bjarkadóttir**
helena@mbl.is

Rússar segja Úkraínumenn hafa skotið niður herflutningavél með 65 úkraínska stríðsfanga um borð og hafi hún brotlent í vesturhluta héraðsins Belgorod við landmærin að Úkraínu í gær. Samkvæmt tilkynningu frá Rússum voru um borð 65 úkraínskir stríðsfangar sem voru á leið til Belgorod-héraðs vegna fangaskipta sem áttu að fara fram. Einnig voru um borð sex áhafnarmeðlimir og þrír fylgdarmenn.

Stjórnvöld í Úkraínu hafa gefið út að þau búi ekki yfir neinum áreiðanlegum upplýsingum um hverjir voru um borð í flugvélinni sem féll til jarðar. Þau staðfestu þó að fangaskipti hefðu átt að eiga sér stað.

Engar upplýsingar voru um það hvernig koma ætti föngum á staðinn að sögn stjórnvalda í Kænugarði sem sögðu einnig að Rússar bæru ábyrgð á að tryggja öryggi úkraínskra fanga og að ekki hefði verið upplýst um áætlanir um að flytja fanga á Belgorod-svæðinu þar sem flugvélin var skotin niður.




AFP/Stringer
**Belgorod** Flugvélin fórst við landamæri Úkraínu og Rússlands.




EIGNAMIÐLUN

STAÐGREIÐSLA

Fjársterkur kaupandi óskar eftir **250–350 fm einbýli/tvíbýli** með 5 svefnherbergjum.
Eftirfarandi svæði koma til greina:
- Urriðaholt
- Salahverfi
- Hafnarfjörður

**Hæð á Seltjarnarnesi óskast.** 140–150 fm með 4 svefnherbergjum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
861 8514

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson hjá sverrir@eignamidlun.is

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

ICELANDAIR

# Vildarbörn Icelandair



## Frestur til að sækja um ferðastyrk er til 1. mars.

**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6-16 ára**
Úthlutað verður úr sjóðnum á sumardaginn fyrsta, 25. apríl 2024. Umsækjendur sem hafa ekki fengið styrk áður ganga fyrir.

**Leggðu þitt af mörkum**
Á heimasíðu Vildarbarna sérðu hvernig þú getur hjálpað börnum, sem eru langveik eða búa við sérstakar aðstæður, að komast í draumaferðina sína. Síðustu 20 árin hafa fleiri en 700 börn kannað heiminn með fjölskyldum sínum fyrir tilstilli sjóðsins.

Umsóknarblöð og upplýsingar eru á **vildarborn.is**

VILDARBÖRN ICELANDAIR

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

*Útgáfufélag:* Árvakur hf., Reykjavík.

*Ritstjóri:* Davíð Oddsson

*Ritstjóri og framkvæmdastjóri:* Haraldur Johannessen

*Aðstoðarritstjóri:* Karl Blöndal

# Íþyngjandi regluverk

**Ráðherrar verða að senda skýr skilaboð til embættismanna sinna og stofnana**

Samtök iðnaðarins birtu í gær nýja greiningu á regluverki um starfsemi iðnfyrirtækja, sem að flestu leyti á við um atvinnulífið í heild sinni. Kannað var viðhorf stjórnenda fyrirtækja innan samtakanna og niðurstaðan er sláandi, 77% stjórnenda telja að lög og regluverk um starfsemi fyrirtækja þeirra hafi aukist síðasta áratuginn. Einungis 2% segja það hafa minnkað. Þá kemur fram það viðhorf stjórnenda að mikilvægt sé að regluverkið verði einfaldað, það sé orðið of flókið og íþyngjandi.

Svipað viðhorf er til eftirlitsins sjálfs, sem mikill meirihluti telur hafa aukist síðustu árin en aðeins 3% telja að hafi minnkað. Hátt hlutfall stjórnenda segir eftirlitið mjög íþyngjandi, mun hærra hlutfall en telur svo ekki vera.

Stjórnendur telja einnig að opinbert eftirlit sé orðið of svifaseint, tímafrestir séu ekki virtir, leyfisveitingar séu þungar í vöfum og gríðarlegur kostnaður geti legið í töfum vegna þessa. Enn fremur að enginn greinarmunur sé gerður á málum sem eru stór og öðrum sem séu lítil, allt lendi í sama skrifræðinu.

Þegar spurt er um einstakar stofnanir eða starfsemi kemur Skipulagsstofnun verst út, en fast á hæla hennar kemur Samkeppniseftirlitið og svo embætti byggingarfulltrúa. Í umfjöllun Samtaka iðnaðarins er vísað til þess sjónarmiðs svarenda að endurskoða þurfi „verulega starfsemi Samkeppniseftirlitsins. Rangar handahófskenndar geðþóttaákvaðanir gagnast engum.“ Þetta er þungur áfellisdómur yfir starfsemi þeirrar stofnunar, en kemur út af fyrir sig ekki á óvart. Könnunin í heild er sömuleiðis þungur áfellisdómur yfir vaxandi regluverki og sífellt meira íþyngjandi eftirliti hér á landi, sem dregur þrótt úr atvinnulífinu og skerðir þar með lífskjör landsmanna.

Í ViðskiptaMogganum í gær var rætt við framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, Sigurð Hannesson, um þessi mál og fleiri. Þar er rætt um hina svokölluðu gullhúðun á regluverki frá Brussel, sem virðist stór hluti vandans, en hún felst í því að innleiða ekki aðeins íþyngjandi regluverk Evrópusambandsins heldur bæta við það eftir óskalistum innlendra stofnana sem farið hafa offari í þeim efnum. Í viðtalinu kemur fram að ofan á regluverkið að utan og gullhúðunina bætist að oft sé „túlkunin á regluverkinu ekki í samræmi við þær hugmyndir sem þingið eða ráðuneytin höfðu þegar lögin voru sett“. Þetta valdi einnig miklum kostnaði fyrir fyrirtækin sem þurfi þá að fara í langa baráttu við kerfið af því að stofnanir túlki regluverkið á einhvern hátt sem enginn hafi séð fyrir. Og Sigurður bendir líka á að stjórnendur fyrirtækja treysti sér ekki alltaf í slíka baráttu: „Það er í flestum tilvikum útilokað að vera í stríði við þann sem hefur lífsviðurværi manns algjörlega í höndum sér.“

Óhætt er að segja að allt hljómar þetta illa og bendir til að þeir sem landsmenn kjósa til að setja reglurnar hér á landi hafi misst tökin í hendur ókjörinna embættismanna eða stofnana sem hafa gleymt sér í óhóflegum afskiptum og ofstjórn sem skaðar fyrirtæki og almenning í landinu.

En það er ekki þar með sagt að öll von sé úti og að þróunin verði óhjákvæmilega hin sama næstu áratugina eins og þann síðasta. Sigurður Hannesson segir að ákveðin vitundarvakning hafi átt sér stað, „ekki síst meðal stjórnmálamanna. Þingmenn eru meðvitaðri um þetta en áður og átta sig á því að þetta hefur afleiðingar.“ Þetta er jákvætt og þá má ætla að ráðherrar séu sömuleiðis betur meðvitaðir um vandann en áður, sem getur orðið til þess að úr gullhúðunaráráttunni dragi og regluverkið verði í það minnsta ekki meira íþyngjandi en það sem framleitt er í Brussel. En til að þetta takist þurfa ráðherrar að senda embættismönnum sínum og undirstofnunum skýr skilaboð um að gullhúðun verði ekki liðin. Verði þau skilaboð óskýr – eða jafnvel engin – er vonlaust að nokkuð breytist.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á www.mbl.is/mogginn/leidarar/

# Stefna á lokasigur gegn riðuveikinni

**SVIÐSLJÓS**

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is



Unnið er markvisst að því að innleiða verndandi arfgerðir gegn riðuveiki í sauðfé með það að markmiði að útrýma með öllu riðusjúkdómnum á landinu. Starfshópur sérfræðinga hvatti til þess í skýrslu í nóvember sl. að gefin yrði út sameiginleg landsáætlun stjórnvalda, bænda og Matvælastofnunar um riðuveikilaust Ísland innan tiltekins árafjölda og að arfgerðargreiningar yrðu sauðfjárbændum að kostnaðarlausu.

### Búið er að taka á fjórða tug þúsunda sýna

Í nýlegu svari matvælaráðherra á Alþingi við fyrirspurn frá Teiti Birni Einarssyni þingmanni Sjálfstæðisflokksins segir um stöðu arfgerðargreininganna, að ákveðið hafi verið að niðurgreiða hluta kostnaðarins á seinasta ári og samkvæmt Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sé búið að taka á fjórða tug þúsunda sýna.

Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 110 milljóna kr. framlagi til að hraða innleiðingu verndandi arfgerða.

„Þá hefur einnig verið ákveðið að niðurgreiða að öllu leyti notkun á sæðingarhrútum sem bera verndandi arfgerð í vetur. Vonir standa til að notkun þeirra verði með mesta móti því að þannig má flýta fyrir því að lokasigur vinnist gegn riðuveiki á Íslandi. Miðað við stöðuna 19. desember eru líkur til að þær vonir rætist, en sæðingar hafa verið með mesta móti hingað til,“ segir í svari ráðherrans.

„Samtals verður varið 58 millj. kr. á yfirstandandi ári til niðurgreiðslu á notkun sæðis úr sæðingarhrútum sem bera verndandi og mögulega verndandi arfgerðir og til að koma til móts við kostnað bænda af arfgerðargreiningum,“ segir þar enn fremur.

### Riða greinst á 21 bæ á tíu árum

Kapp hefur verið lagt á að hefta útbreiðslu riðusmita og mikill árangur náðst þegar litið er yfir undanfarna áratugi og tilfellin á hverju ári hafa verið miklum mun færri, sérstaklega á níunda áratugnum, en á þeim áratug greindust til að mynda flest tilfelli á einu ári á samtals 42 bæjum á árinu 1983.




| | Fjöldi bæja | Skorið niður | | Fjöldi bæja | Skorið niður |
|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 1 | **476** | 2019 | 1 | **365** |
| 2015 | 2 | **533** | 2020 | 6 | **2.650** |
| 2016 | 2 | **1.324** | 2021 | 3 | **1.487** |
| 2017 | 1 | **104** | 2022 | 0 | **0** |
| 2018 | 1 | **793** | 2023 | 3 | **1.894** |

Birt er yfirlit yfir þróunina og árangur aðgerða í skýrslu sérfræðinganna þar sem kemur fram að frá 1981 til 2022 greindist riða alls 407 sinnum á 358 bæjum. Telja skýrsluhöfundar sig geta áætlað með góðri vissu að frá 1986 hafi alls verið fargað um 195 þúsund kindum vegna viðnámsaðgerða og niðurskurðar, að stærstum hluta á níunda áratugnum og fram yfir 1990.

Í nýlegu svari matvælaráðherra við annarri fyrirspurn á Alþingi um riðuveiki í sauðfé frá Vilhjálmi Árnasyni þingmanni Sjálfstæðisflokksins, kemur fram að frá árinu 2014 hefur riða greinst á 20 bæjum. Skera þurfti niður á 19 bæjum rúmlega 8.800 kindur, á áttunda hundrað lömb og 53 geitur.

Fyrr í þessum mánuði bárust fréttir af því að riðuveiki hefði greinst í sýni úr þriggja vetra á frá bænum Eiðsstöðum í Blöndudal og virðist þar 21. tilfellið hafa bæst við fjölda riðutilfella á umliðnum áratug. Unnið er að söfnun faraldsfræðilegra upplýsinga og verður féð arfgerðargreint skv. upplýsingum Matvælastofnunar. Í kjölfarið verða ákvarðanir teknar um aðgerðir. Eins og greint var frá í fréttum á sínum tíma ákvað Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra í nóvember að gera þær breytingar á reglugerð að yfirdýralæknir gæti framvegis lagt til við ráðherra niðurskurð á hluta fjárins þar sem riða greinist í stað þess að skera þurfi niður alla hjörðina eins og áður var skylt að gera.

Þessar breytingar eiga ekki aðeins að draga úr þeim skaða sem sauðfjárbændur verða fyrir heldur flýta fyrir ræktun á fjárstofni sem ber verndandi arfgerð gegn riðu í samræmi við tillögur bæði Matvælastofnunar og yfirdýralæknis.

### 577 milljónir í bætur vegna niðurskurðar á tveimur árum

Það er sauðfjárbændum vitaskuld mikið áfall ef riða greinist og farga þarf fé á bújörðunum. Í svari ráðherrans við fyrirspurninni frá Teiti Birni segir að „tjónið, bæði samfélagslegt og efnislegt, sem hefur orðið vegna riðuveiki á síðustu áratugum er nánast ómögulegt að bæta að fullu þó svo að efnislegt tjón sem verði af niðurskurðinum sé bætt“.

Teitur Björn spurði matvælaráðherra einnig hver hefði verið kostnaðurinn á árunum 2002 til 2022 vegna bóta til bænda sem hafa þurft að skera niður sauðfé sundurliðað eftir árum og efnisflokki bóta en í svarinu segir að þær upplýsingar liggi ekki fyrir sundurliðaðar.

Heildarkostnaður vegna riðuveiki á árunum 2021 og 2022 hafi hins vegar verið tekinn saman. Kemur þar fram að hann var rúmlega 407 milljónir á fyrra árinu og tæpar 170 milljónir á árinu 2022 eða samtals ríflega 577 milljónir króna á þessum tveimur árum.

# Er veruleikarfirringin algjör?

**Pistill**



Ásthildur Lóa Þórsdóttir

Hér á landi eru fjársterkir og valdamiklir hópar sem haga seglum eftir vindi.

Sama hvernig viðrar þá er annaðhvort of lítill eða of mikill hagvöxtur fyrir launahækkanir. Venjulegt fólk fær aldrei að uppskera ávöxt erfiðis síns, hvað þá að njóta vafans. Við skulum ekki efast um að verðbólgan hentar hinum fjársterku. Við sjáum það á hagnaði bankanna og ýmissa stórfyrirtækja, þar sem hvert metið er slegið á fætur öðru. Veiðilendur viðskiptabankanna eru heimili landsins sem mörg berjast nú í bökkum vegna yfirgengilegrar græðgi og arðsemiskröfu fjárfesta.

Kröfur venjulegs launafólks um að eiga fyrir fæði, klæði og húsnæði, eru eitur í beinum þessara hópa. Þeim þykir það fáránleg og óábyrg krafa að verkalýðsfélög fari fram á laun sem duga til framfærslu, því það getur komið eitthvað niður á ofurhagnaði þessara fyrirtækja, en gera mun ítarlegri kröfur um ávöxtun eigin hlutafjár. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn gerast handbendi fjármagnseigenda. Allar aðgerðir miða að því að tryggja þeirra hlut. Það er almenningur sem ber þungann og búið er að flokka sem „ásættanlegan fórnarkostnað“.

Breiðfylking verkalýðsfélaganna setti fram vel ígrunduð samningsdrög með það að markmiði að ná niður verðbólgu og vöxtum og auka ráðstöfunartekjur fólks með öðrum hætti en beinum launahækkunum. Tillögum þeirra hefur verið hafnað, bæði af ríkisstjórninni og Samtökum atvinnulífsins, með tilvísun í „heildarhagsmuni“. Heildarhagsmuni hverra? Ekki eru það hagsmunir heimilanna.

Formaður Sjálfstæðisflokksins sagði, um leið og hann hengdi ábyrgðina á kjarasamningum um háls Grindvíkinga, að það yrði að gera þá kröfu til allra að þau „tækju tillit til heildaraðstæðna“ því engin ættu að vera tekin úr þeim „heildaraðstæðum sem við öll værum föst í“.

Heildaraðstæðurnar eru einfaldlega þær að þúsundir heimila standa ekki undir húsnæðiskostnaði sínum. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við því?

Staðreyndin er sú að vegna óhóflegra vaxtahækkana, þar sem öllu meðalhófi var fleygt út um gluggann, standa þúsundir heimila höllum fæti. Ef ekki væri fyrir vaxtabyrðina, þyrftu verkalýðsfélögin ekki að kalla eftir 25 milljarða króna leiðréttingu á tilfærslukerfunum.

Við vitum að vaxtalækkanir hugnast ekki þeim sem ríkisstjórnin hefur framselt vald sitt til, Seðlabankanum. Því þó það sé erfitt að ímynda sér það er veruleikafirringin jafnvel enn meiri þar en hjá ríkisstjórninni. Í Svörtuloftum virðast vaxtalækkanir hljóma eins og föðurlandssvik á meðan því er einmitt þveröfugt farið.

Það er lykilatriði að lækka vexti og létta þannig byrðar heimilanna. Verkalýðshreyfingin hefur unnið heimavinnuna sína. Ríkisstjórnin ætti að taka hana sér til fyrirmyndar og fara að vinna fyrir fólkið í landinu.

Höfundur er þingmaður Flokks fólksins.
*asthildurloa@althingi.is*

# Sterkt samfélag nær utan um Grindavík



Lilja Dögg Alfreðsdóttir

Með vakningu þeirra náttúruafla sem búa í iðrum jarðar á Reykjanesi blasir við nýr veruleiki fyrir kynslóðir okkar tíma á suðvesturhorni landsins. Með eldgosinu í Geldingadölum við Fagradalsfjall hinn 19. mars 2021 hófst nýtt eldgosatímabil á Reykjanesskaganum sem átti sér undanfara með jarðskjálftahrinum allt frá árinu 2019. Líkt og við þekkjum er helsta verkefni samfélagsins að ná utan þá stöðu sem skapast hefur í Grindavík vegna eldgossins og styðja við Grindvíkinga. Síðustu áratugi hefur íslenska hagkerfið skapað mikil verðmæti og því er ljóst að við sem samfélag náum utan um þá áskorun sem blasir við. Hins vegar skiptir efnahagsstjórn miklu máli um hvort vel takist til!

### Jarðhræringar

Að mati vísindamanna er á Reykjanesinu að finna sex eldstöðvakerfi sé Hengilskerfið talið með, en hin kerfin á Reykjanesinu eru frá vestri til austurs; Reykjaneskerfið, Eldvörp/Svartsengi, Fagradalsfjall, Krýsuvíkurkerfið og Brennisteinsfjallakerfið. Hafa þessi kerfi mótað hið ægifagra langslag sem birtist okkur á Reykjanesinu og setur einkennandi svip á landshornið. Samkvæmt gögnum og rannsóknum sem líta aftur til síðustu 3.500 ára hafa vísindamenn getið sér til um að gosskeið hafi staðið í um 400-500 ár, með 600-800 ára goshléum þar á milli, þó svo að goshlé í stöku eldstöðvakerfi vari að meðaltali í um 1.000 ár. Sem dæmi um hversu lifandi svæðið getur orðið hafa vísindamenn meðal annars bent á að gosvirkni geti flust milli eldstöðvakerfa með 30-150 ára millibili sé miðað við síðasta gosskeið á svæðinu. Að frátalinni þeirri goshrinu sem hófst árið 2021 hefur ein meiri háttar goshrina átt sér stað á Reykjanesi frá landnámi sem hófst með Bláfjallaeldum um árið 950 og lauk með Reykjaneseldum árið 1240, en þar á milli gaus í Krýsuvíkurkerfinu með Krýsuvíkureldum en einu hraunin sem hafa nálgast höfuðborgarsvæðið á sögulegum tíma runnu einmitt úr Krýsuvíkurkerfinu og standa sunnan við Hafnarfjörð.

### Húsnæðisaðgerðir ríkisstjórnarinnar fyrir Grindvíkinga

Ljóst er að eldgosið í Grindavík hinn 14. janúar síðastliðinn gjörbreytti stöðu mála í bænum. Það var landsmönnum öllum mikið áfall að sjá seinni gossprungu opnast sunnan þeirra varnargarða sem risið höfðu ofan við bæinn og horfa á hraun renna yfir íbúðarhús í bænum. Í kjölfarið virtist staðfest að ekki yrði búið í bænum næstu mánuði og misseri og hófu því stjórnvöld að framlengja gildandi aðgerðir ásamt því að kynna nýjar aðgerðir sem ætlað er að tryggja öryggi Grindvíkinga þegar kemur að húsnæði, afkomu og verðmætum. Með þeim mun ríkið skapa forsendur fyrir Grindvíkinga til að koma sér upp öruggu heimili til lengri tíma á eigin forsendum. Samhliða þessu ætla stjórnvöld að tryggja framboð á varanlegu húsnæði með ýmsu móti, þar á meðal með uppbyggingu á húsnæði á tilteknum svæðum, með kaupum á samtals 260 íbúðum í gegnum íbúðafélögin Bríeti og Bjarg. Þá verður lagt fram frumvarp á næstu dögum sem unnið hefur verið að í menningar- og viðskiptaráðuneytinu og snýr að þrengingu skilyrða varðandi almenna skammtímaútleigu íbúða og er ætlað að stuðla að auknu framboði á íbúðarhúsnæði. Sérstakur húsnæðisstuðningur verður jafnframt framlengdur til loka júní ásamt því að verða útvíkkaður til að styðja betur fjárhagslega við fólk. Aldrei hefur verið jafnbrýnt að stórauka framboð af húsnæði á Íslandi.

> Þrátt fyrir alla þá óvissu sem einkennir stöðuna, þá er eitt ljóst, en það er að stjórnvöld standa með Grindvíkingum og munu málefni þeirra áfram njóta forgangs.

### Afkoma og verðmæti varin

Stjórnvöld hafa einnig lagt kapp á að tryggja afkomuöryggi Grindvíkinga og stuðla að verðmætabjörgun eigna. Launastuðningur til þeirra sem ekki geta sótt atvinnu í bænum vegna ástandsins verður framlengdur til loka júní, og lengur ef þörf krefur. Þá hefur áhersla verið lögð á, eftir því sem aðstæður leyfa, að komast hjá verðmætatjóni. Það verður áfram unnið að því að gera Grindvíkingum kleift að bjarga verðmætum í samvinnu við helstu viðbragðsaðila. Í því samhengi er vert að nefna að unnið er að samstarfi við flutningafyrirtæki til að styðja við þá Grindvíkinga sem ekki hafa tök á að sækja verðmæti á eigin spýtur ásamt því að aðstoða fólk við að fá öruggt geymsluhúsnæði til að geyma innbú og önnur verðmæti eins og þarf. Atvinnulífið í Grindavík er merkilega fjölbreytt og viðamikið og skiptir máli í utanríkisviðskiptum landsins. Stærstu atvinnugreinarnar snúa að ferðaþjónustu og sjávarútvegi, en ýmsar tegundir greina hafa náð að koma sér vel fyrir, auk starfa á vegum sveitarfélagsins og hins opinbera. Það verður mikilvægt að tryggja að þau verðmæti sem sköpuð hafa verið í Grindavík verði áfram til að styðja við þjóðarbúið. Það hefur gengið betur en á horfðist varðandi sjávarútveginn, þar sem samstarf og samstaða í greininni hefur komið til góða við að bjarga verðmætum. Gengi ferðaþjónustunnar hefur verið misjafnt. Lokun Grindavíkur hefur komið þungt niður á minni fyrirtækjum. Eitt öflugasta fyrirtækið á svæðinu, Bláa lónið, hefur búið við mikla óvissu vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru. Afar brýnt er að klára áhættumat almannavarna á svæðinu til að draga úr þeirri óvissu. Bláa lónið er sá ferðamannastaður sem hefur einna mest aðdráttarafl fyrir þá sem heimsækja landið. Tæplega 900 manns starfa hjá Bláa lóninu og afleidd eru störf afar mikilvæg fyrir Reykjanesið og alla ferðaþjónustuna.



Morgunblaðið/Eggert

**Björgun** **„Stjórnvöld leggja kapp á að tryggja afkomuöryggi Grindvíkinga og stuðla að verðmætabjörgun.“**

### Mótvægisaðgerðir skipta öllu um efnahagsframvinduna

Það er meira en að segja það að koma heilu byggðarlagi fyrir í nýju húsnæði, en það hefur ekki staðið á ríkisstjórninni að gera sitt besta í þeim efnum. Hins vegar er afar brýnt að gæta að þjóðhagslegum stærðum þegar horft er fram á veginn. Glíman við verðbólguna hefur verið ein helsta áskorunin frá því að heimsfaraldri lauk. Leikurinn í þeirri baráttu hefur verið að snúast í rétta átt á allra síðustu vikum og mánuðum. Húsnæðisliðurinn er afar þungur í verðbólgumælingum hér á landi. Á síðasta áratug hefur óvíða verið jafn mikill efnahagslegur uppgangur eins og á Íslandi. Vegna hins opna vinnumarkaðar hefur framboðsvandinn í hagkerfinu á síðustu misserum einna helst birst á vettvangi húsnæðismarkaðar. Það er því mikilvægt að öllum árum sé róið að því að styrkja framboðshliðina á húsnæðismarkaði, hvort sem það er á sviði framboðs lóða eða byggingargerðar. Húsnæðismarkaðnum verður þó ekki breytt á einni nóttu og má væntanlega búast við tímabundnum þrýstingi, en mikilvægt verður að taka á framboðshliðinni sem allra fyrst til hagsbóta fyrir framtíðina. Stjórnvöld þurfa jafnframt að horfa til húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs, t.d. með samanburði á fyrirkomulagi hans í nágrannalöndunum. Þessi umræða hefur verið uppi á borðum hér á landi í nær 20 ár og því tímabært að skoða það nánar með framtíðina í huga. Hér er ekki verið að tala um að taka húsnæðisliðinn út úr vísitölu neysluverðs heldur að láta hann verða samanburðarhæfari. Vera kann að einnig þurfi að grípa til annarra þjóðhagsvarúðartækja til að draga úr spennu á húsnæðismarkaði, líkt og var gert á Nýja-Sjálandi eftir stóra jarðskjálftann í Christchurch árið 2011.

Á síðustu viku hef ég orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að vera í daglegum samskiptum við íbúa í Grindavík. Það sem einkennir hópinn er dugnaður, samkennd, þrautseigja og viljinn til að ráða sínum örlögum sjálfur. Á þessari stundu er óljóst hver framtíð Grindavíkur verður og verður það í höndum okkar færasta vísindafólks að meta aðstæður af kostgæfni og taka svo upplýsta ákvörðun í samvinnu við íbúa og fyrirtækin. Þrátt fyrir alla þá óvissu sem einkennir stöðuna, þá er eitt ljóst, en það er að stjórnvöld standa með Grindvíkingum og munu málefni þeirra áfram njóta forgangs við ríkisstjórnarborðið.

Höfundur er menningar- og viðskiptaráðherra og varaformaður Framsóknar.

# Sömu spurningar, sömu svör



Diljá Mist Einarsdóttir

Í vikunni var tekinn fyrir skemmtilegur liður á Alþingi, sem eru fyrirspurnir þingmanna til munnlegs svars ráðherra. Ég átti nokkrar uppsafnaðar fyrirspurnir sem ég hafði beðið spennt eftir að fá svör við.

Þar af voru tvær fyrirspurnir til innviðaráðherra. Í fyrsta lagi spurði ég innviðaráðherra út í álagningarstofn fasteignaskatts og hins vegar út í snjallvæðingu umferðarljósa í Reykjavík.

Fasteignaskattur er sérlega ófyrirsjáanlegur og ósanngjarn skattur sem leggst á eignir fólks óháð afkomu þeirra. Álagningarstofninn er lögbundinn, svo hendur sveitarfélaga eru bundnar að því leytinu til, þótt þau séu auðvitað alltof dugleg að nýta sér svigrúm laganna til hærri álagningar. Skatturinn hefur komið sérstaklega illa við heimili og fyrirtæki á tímum óðaverðbólgu fasteignaverðs, enda reiknast fasteignaskattur af fasteignamati. Hækkunin hefur ítrekað verið umfram spár og kemur alltaf jafn leiðinlega á óvart.

Sum sveitarfélög hafa við þessar aðstæður reynt að koma til móts við fólkið sitt með lækkun álagningar. Það á þó ekki við um öll sveitarfélög og það kemur lítið á óvart að Reykjavíkurborg, langstærsta sveitarfélag landsins, hefur ekki séð sér fært að gera það heldur þvert á móti tekið fegins hendi á móti frekari fjármunum frá íbúum sínum til að eyða. Og það á erfiðum tímum.

> Ég mun ekki hætta að krefja innviðaráðherra um þessi svör fyrr en tíminn minnkar raunverulega sem ég ver á rauðu ljósi í Reykjavík.

Það voru vonbrigði að heyra frá innviðaráðherra að ekki stæði til að endurskoða þessa ósanngjörnu og ófyrirsjáanlegu skattheimtu. Hækkun fasteignamats hefur engan aukinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélög. Og það er auðvitað fráleit niðurstaða að velgengni nágranna þíns við sölu fasteignar, geti haft áhrif á fjárhæð skattanna sem þú greiðir.

Seinni fyrirspurn mín til innviðaráðherra sneri að því að ekki sé búið að snjallvæða umferðarljós í Reykjavík. Árið 2019 átti að ráðast í verkefnið „þegar í stað“, samkvæmt samningi sem Reykjavíkurborg gerði við stjórnvöld og innviðaráðherra undirritaði.

Eldri svör ráðherra til mín hafa verið þau að óháð úttekt hafi blessað úreltan búnað borgarinnar. Og auðvitað að það hafi verið stofnaður hópur til að skoða þetta – það er enda það sem borgin gerir best, hvort sem það er snjómokstur, sorphirða eða umferðarljós. Ég vonaðist eftir betri svörum frá ráðherranum í þetta skiptið.

Innviðaráðherra fullvissaði mig um að þetta væri í góðum farvegi og að margar úrbætur hefðu þegar verið gerðar, rúmum fjórum árum eftir undirritun samkomulags um forgang þessa verkefnis. Ég sem íbúi í Reykjavík veit betur – ástandið er óásættanlegt og úrbætur í lágmarki.

Bætt umferðarljósakerfi eykur umferðaröryggi, bætir umferðarflæði sem ekki veitir af, og dregur úr mengun. Ég mun ekki hætta að krefja innviðaráðherra um þessi svör fyrr en tíminn minnkar raunverulega sem ég ver á rauðu ljósi í Reykjavík.

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður utanríkismálanefndar Alþingis.

# Minna fyrir meira



Hildur Björnsdóttir

Nýtt flokkunarkerfi sorphirðu var innleitt á síðastliðnu ári og hefur sorphirða í Reykjavík gengið brösuglega í kjölfarið. Sorphirða hefur víða verið fleiri vikum á eftir áætlun og losun grenndargáma verið illa sinnt.

Á borgarstjórnarfundi síðastliðinn þriðjudag lagði Sjálfstæðisflokkur til að ráðist yrði í rekstrarútboð sorphirðu í Reykjavík. Það er ástæðulaust fyrir hið opinbera að standa í rekstri sem einkaaðilar geta sinnt bæði betur og hagkvæmar – líkt og dæmin hafa sýnt allt um kring.

Sorphirða er boðin út í öllum nágrannasveitarfélögum og hefur innleiðing nýs kerfis gengið töluvert betur á öllu höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Jafnframt hefur komið í ljós að gjaldskrár sorphirðu eru töluvert hagstæðari fyrir íbúa í nágrannasveitarfélögum en í Reykjavík þar sem sorphirðugjöld eru langhæst.

Þetta birtist glöggt af samanburði milli sveitarfélaga. Þannig er gjald fyrir þrjár 240 lítra flokkunartunnur auk gjalds fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva samtals 90.500 kr. fyrir sérbýli í Reykjavík. Gjald fyrir sömu þjónustu er 62.500 kr. í Kópavogi, 68.798 í Hafnarfirði og 72.190 í Garðabæ. Gjald fyrir sorphirðu við sérbýli er því um 45% hærra í Reykjavík en Kópavogi. Sé litið til fjölbýla er gjaldskrá fyrir hverja losun um 32% hærri í Reykjavík en Kópavogi.

> Fólk sættir sig ekki við þann veruleika að fá sífellt minna fyrir meira. Verstu þjónustuna fyrir hæstu skattana.

Þjónustan er ekki aðeins dýrari í Reykjavík, hún er jafnframt óáreiðanlegri og stopulli. Fyrir ofanritað gjald fá íbúar Kópavogsbæjar sorphirðu á tveggja vikna fresti en íbúar Reykjavíkurborgar á aðeins þriggja vikna fresti. Undanliðna mánuði hafa borgarbúar raunar þurft að bíða í upp undir sex vikur eftir sjálfsagðri tunnulosun við heimili sín.

Áreiðanleg sorphirða er grundvallarþjónusta við heimilin í borginni. Borgarbúar eiga ekki annarra kosta völ en að greiða uppgefin sorphirðugjöld, jafnvel þótt áætlanir um sorphirðu standist ekki. Meirihlutaflokkarnir gátu ekki fallist á tillögu Sjálfstæðisflokks um afslætti af sorphirðugjöldum sem nema myndu þjónustufallinu síðastliðna mánuði. Þau gátu ekki heldur samþykkt tillögu okkar um rekstrarútboð sorphirðu, en hafa þó samþykkt að rýna málið nánar á vettvangi borgarráðs. Reykjavíkurborg stenst illa samanburð við nágrannasveitarfélög hvað varðar sorphirðu, leikskólaþjónustu, snjómokstur og áfram mætti telja. Þjónustukannanir sýna ítrekað að borgarbúar eru óánægðari með þjónustu síns sveitarfélags en íbúar nágrannasveitarfélaga.

Fólk sættir sig ekki við þann veruleika að fá sífellt minna fyrir meira. Verstu þjónustuna fyrir hæstu skattana. Ekki síst þegar tækifæri til bæði hagræðingar og þjónustuúrbóta eru alltumlykjandi – þegar með smávægilegum vilja og útsjónarsemi mætti vel tryggja fólki meira fyrir minna.

Höfundur er oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

# Kristin kirkja er frá upphafi pólitísk hreyfing


Sigurvin Lárus Jónsson

Því er stundum haldið fram að stjórnmál og trúarbrögð séu eitruð blanda, og sagan geymir sannarlega dæmi um slíkt, en kirkjan er í eðli sínu pólitísk. Boðskapur Jesú fjallaði um valdskipulag ráðandi afla og Jesús boðaði viðsnúning á gildum. Ekki byltingu með hernaði, slíkt er raunar fordæmt í guðspjöllunum, heldur byltingu hugarfarsins. Boðskapurinn er að Guð upphefji fátæka, útlendinga, sjúka og valdlausa og standi gegn þeim sem loka eyrum sínum og hjörtum fyrir aðstæðum þeirra.

Sagan af Jesú frá jólum til páska er í grunninn valdgreining. Sagan hefst með lýsingu á veraldlegum valdhöfum við fæðingu Jesú, Heródesi konungi og Ágústusi keisara, og endar á pólitískum réttarhöldum þegar Jesús var sendur „á milli Pontíusar og Heródesar“ og loks tekinn af lífi.

En hvernig er kristin kirkja pólitísk og hvernig gerir hún gagn á pólitískri vegferð sinni? Áður en ég legg fram hugsjónir er rétt að staldra við hvernig kirkjan ætti ekki að stunda stjórnmál, það er enda auðvelt að benda á það sem miður hefur farið sitt á hvorum endanum.

Kirkjan verður of-pólitísk þegar hún annaðhvort sækist eftir veraldlegum völdum eða flokkar meðlimi sína eftir pólitískum línum. Í löndum þar sem lýðræði nýtur ekki við getur hið fyrrnefnda þróast út í guðræði, tegund af alræði sem leitt hefur til hörmunga í mannkynssögunni, og í lýðræðisríkjum hafa afskipti íhaldssamra kirkjuhreyfinga víða haft áhrif í átt til þrenginga mannréttinda. Það er ekki þar með sagt að trúarlegar og kristnar stjórnmálahreyfingar geti ekki gert gagn, um það eru fjölmörg dæmi, en kirkja sem sækist eftir veraldlegum völdum hefur misst sjónar á boðskapnum.

Í ljósi sögunnar eru þögn og meðvirkni ekki síður skaðleg, sérstaklega þegar kirkjur hafa notið góðs af óréttlátri stjórnskipan. Á umbrotatímum má alltaf finna kirkjuleiðtoga sem þegja og blessa vendi og byssustingi en einstaka sinnum rísa upp trúarleiðtogar sem þora að orða frelsi andspænis helsi. Martin Luther King jr. er dæmi um slíkan leiðtoga í Bandaríkjum sjötta áratugarins, Dietrich Bonhoeffer í Þýskalandi nasista og Desmund Tutu í Suður-Afríku. Nær okkur í tíma skrifuðu 300 rússneskir prestar undir yfirlýsingu gegn innrásinni í Úkraínu en það er mikill minnihluti í ljósi þeirra 40.000 presta sem þjóna í Rússlandi. Minnihluti sem í kjölfarið hefur fengið bágt fyrir og margir verið sviptir embættum og lífsviðurværi.

Kristin trú er pólitísk en Nýja testamentið boðar hvorki né setur fram hugmyndir um stjórnskipulag eða valdskiptingu með sama hætti og dæmi eru um í öðrum trúarbrögðum. Kristni er með öðrum orðum hvorki hægri né vinstri pólitík, þó báðar fylkingar geti fundið samhljóm í boðskap kristninnar, hægri menn er varðar frelsi og gagnrýni á valdastofnanir og vinstri menn er varðar ábyrgð og samstöðu með öreigum.

Kristin trú er pólitísk vegna þess að hún krefur fylgjendur sína að horfa aldrei framhjá mennskunni og gerir róttæka kröfu um samstöðu með öðrum, sérstaklega þeim sem standa okkur fjær í félagslegu tilliti.

Það er erindi Biblíunnar í heild. Sögur hebresku Biblíunnar byrja á því að segja allt mannkyn tilheyra sömu fjölskyldu og erfðafræðin hefur staðfest það. Allt mannkyn er komið af einni konu og einum karli, þó þau hafi verið aðskilin bæði í tíma og rúmi. Það þýðir að hælisleitandinn sem borinn var úr húsnæði sínu í haust er systir mín.

Í lagaákvæðum 3. Mósebókar er að finna perlur á borð við kærleiksboðorðið „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig“ og eftirfarandi texta: „Þegar aðkomumaður dvelur hjá ykkur skuluð þið ekki sýna ójöfnuð. Aðkomumaður, sem dvelur hjá ykkur, skal njóta sama réttar og innborinn maður. Þú skalt elska hann eins og sjálfan þig því að þið voruð aðkomumenn í Egyptalandi.“ Krafan er skýr, kallast í dag mannréttindi, en merkilegri þó er ástæðan sem gefin er, að forfeður þínir voru eitt sinn í sömu aðstæðum og þú. Það eru ekki tvær aldir síðan fimmtungur Íslendinga flúði til Vesturheims undan harðindum á Íslandi og landnemarnir sem settust hér að komu hingað annaðhvort nauðug eða í leit að betri kjörum. Það þýðir að forfeður mínir deildu kjörum með þeim hælisleitendum sem bornir eru úr landi.

> Kristin trú er pólitísk vegna þess að hún krefur fylgjendur sína að horfa aldrei framhjá mennskunni og gerir róttæka kröfu um samstöðu með öðrum.

Þá gerir Kristur kröfu um að í hverjum sem við mætum sé að finna það sem við leitum að í lífinu. „Sannlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð ekki einum minna minnstu bræðra, það hafið þér ekki heldur gert mér.“ Krafan er algild, að mennskan ráði för í hvert sinn sem við mætum fólki í þörf og að þegar þú horfir í augu náungans, horfir Kristur sjálfur á þig til baka. Það þýðir að útlendingurinn sem hingað leitar er frelsarinn kominn að vitja okkar.

Krafa kristninnar, þegar kemur að stjórnmálum og erfiðum ákvörðunum sem samfélagið þarf að taka, er að gæska, mannúð og mannréttindi séu aldrei sett til hliðar og að litið sé á manneskjur sem manneskjur. Í því ljósi er kristin kirkja frá upphafi pólitísk hreyfing.

*Höfundur er prestur við Fríkirkjuna í Reykjavík.*




# Sorphirða í ólestri í Reykjavík


Kjartan Magnússon

Ófremdarástand hefur að undanförnu ríkt í sorphirðu í Reykjavík. Fjölmargar kvartanir hafa borist úr flestum hverfum borgarinnar um yfirfullar tunnur, sem hafi ekki verið losaðar vikum og jafnvel mánuðum saman. Þá hafa mikil brögð verið að því að heimilissorp safnist upp á yfirfullum grenndarstöðvum.

Sorphirða er ein af grunnskyldum hvers sveitarfélags. Misbrestur á henni getur haft sóðaskap og jafnvel heilbrigðisvanda í för með sér. Áratugum saman gátu Reykvíkingar treyst því að hirða heimilissorps gengi áfallalaust fyrir sig í borginni. Svo er því miður ekki lengur.

Sumarið 2023 hófst innleiðing á nýju kerfi heimilissorps í Reykjavík, sem fól m.a. í sér svokallaða fjórflokkun. Innleiðingin gekk brösuglega og sorphirða fór úr skorðum í kjölfarið. Ekki verður þó annað séð en Reykjavíkurborg hafi fengið nægan tíma, eða um tvö ár, til að innleiða hið nýja kerfi en lög um það voru samþykkt á Alþingi sumarið 2021. Vandann virðist því einnig mega rekja til skorts á skipulagi og stjórnun sorphirðu hjá borginni.

## Stórhækkun sorphirðugjalda

Sorphirðugjöld hafa hækkað mikið í Reykjavík á undanförnum árum. Gjöldin eru nú mun hærri í Reykjavík en í nágrannasveitarfélögunum. Hækkun um nýliðin áramót gerði t.d. að verkum að reykvískt heimili, sem greiddi áður samtals 37.100 krónur á ári fyrir tvær tunnur, þ.e. blandaða tunnu og pappírstunnu, þarf nú að greiða samtals 63.000 kr. fyrir tvær tvískiptar tunnur. Hækkunin nemur 25.900 kr. eða 70%.

Þessar hækkanir hafa verið réttlættar með áðurnefndum kerfisbreytingum á sorphirðu. Í frumvarpi að lagabreytingunni frá 2021 kom þó fram að kostnaður vegna breytingarinnar yrði lítill fyrir sveitarfélög og verðlagsáhrif óveruleg. Nú vísar borgin hins vegar til þessara breytinga þegar sorphirðugjöld eru hækkuð á almenning langt umfram verðbólgu.

## Ruslið er reynsluvísindi

Um þverbak keyrði síðan í desember þegar kvörtunum rigndi inn vegna ósótts heimilissorps úr flestum hverfum borgarinnar. Víða var kvartað yfir því að yfirfullar sorptunnur hefðu ekki verið tæmdar fyrir jólin. Þekkt er að mest af heimilissorpi fellur til um jól og áramót og því á skipulag starfseminnar auðvitað að miðast við þá staðreynd. Hins vegar skapaðist víða ófremdarástand þegar ekki reyndist unnt að losa sig við jólasorpið með eðlilegum hætti.

Borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins hefur reynst erfitt að fá upplýsingar úr borgarkerfinu um stöðu sorphirðu í Reykjavík frá því innleiðing nýs flokkunarkerfis hófst í maí sl.

> Stórbæta þarf stjórn og skipulag sorphirðu í borginni.

Hinn 16. ágúst sl. óskuðu fulltrúar flokksins í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur eftir upplýsingum um framvindu sorphirðunnar, t.d. yfirliti um tafir á hirðu heimilissorps, um frávik frá sorpdagatali og hvenær mætti búast við því að sorphirðan kæmist í viðunandi horf. Fyrirspurninni hefur ekki enn verið svarað þrátt fyrir að rúmir fimm mánuðir séu liðnir frá því hún var lögð fram.

## Úrbætur eru nauðsynlegar

Ljóst er að stórbæta þarf stjórn og skipulag sorphirðu í Reykjavík. Sjá þarf til þess að nægur mannafli og tækjabúnaður sé fyrir hendi svo sorphirða gangi áfallalaust fyrir sig vetur sem sumar. Með því að ráða aukamannskap um jól og áramót (t.d. skólafólk í jólafríi) mætti t.d. stórauka afköstin á þessum háannatíma í sorphirðunni.

Útboð á sorphirðu gæti einnig stuðlað að lausn vandans. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélag landsins sem ekki býður út sorphirðu en reynslan af slíkum útboðum er góð annars staðar. Sjálfsagt er því að bjóða út sorphirðu í Reykjavík eins og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað lagt til. Hægt væri að gera slíkar breytingar í áföngum og hagræða í samræmi við starfsmannaveltu svo ekki þyrfti að koma til uppsagna starfsfólks í tengslum við þær. Byrja mætti í völdum hverfum og meta reynsluna áður en lengra væri haldið.

*Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.*




200 MÍLUR Allt um sjávarútveg mbl.is

# Útsala

**Leikföng**
**Bækur**
**Gjafavara**




43% afsláttur

**4.499 kr.**
Verð áður 7.999 kr.




40% afsláttur

**4.799 kr.**
Verð áður 7.999 kr.




42% afsláttur

**4.599 kr.**
Verð áður 7.999 kr.




43% afsláttur

**4.499 kr.**
Verð áður 7.999 kr.




63% afsláttur

**1.999 kr.**
Verð áður 5.399 kr.




46% afsláttur

**4.299 kr.**
Verð áður 7.899 kr.




40% afsláttur

**4.599 kr.**
Verð áður 7.699 kr.




43% afsláttur

**4.499 kr.**
Verð áður 7.999 kr.




32% afsláttur

**3.399 kr.**
Verð áður 4.499 kr.




40% afsláttur

**2.999 kr.**
Verð áður 4.999 kr.




37% afsláttur

**4.999 kr.**
Verð áður 7.999 kr.




50% afsláttur

**1.999 kr.**
Verð áður 3.999 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 31. janúar 2024 eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

# Sorpa og sorphirðumál – misskilningur leiðréttur



Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Í grein Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 16. janúar sl. í Morgunblaðinu, koma fram grundvallarstaðreyndavillur sem hugsanlega ræðst af vanþekkingu, misskilningi eða vilja til að fara frjálslega með sannleikann.

Ragnhildur Alda fer mikinn í umfjöllun sinni um sorphirðu, eða eins og segir í grein hennar: „Loksins þegar starfsmenn Sorpu mættu til að hirða ruslið fengu þeir íbúar sem ekki leystu sorphirðuvandann sjálfir skammarmiða um að yfirfullar tunnur yrðu ekki tæmdar, svo mest er skilið eftir. Íbúum er þannig refsað fyrir hirðuleysi Sorpu með áframhaldandi hirðuleysi af hendi Sorpu.“

Staðreyndin er sú að Sorpa kemur hvergi nærri sorphirðu við heimili á höfuðborgarsvæðinu. Það er skrýtið að borgarfulltrúi sem kjörinn er af íbúum til að sinna málefnum og eftirliti með starfsemi Reykjavíkurborgar geri ekki greinarmun á Sorpu og sorphirðu á vegum borgarinnar. Skrifstofa umhverfisgæða sér um umhverfis- og úrgangsstjórnun í borginni. Ítrekað hefur komið fram að um hátíðirnar urðu tafir á sorphirðu en þriðjungur sorphirðubíla bilaði á einum tímapunkti – tafir sem hefur verið unnið af krafti í að vinna upp. Það er brýnt forgangsmál að vinna úr þeim vanda sem kom upp og að tunnur séu tæmdar. Starfsmenn borgarinnar hafa unnið hörðum höndum að því að bæta stöðuna.

Í grein Ragnhildar Öldu kemur einnig fram: „Nú eru enn fjölmargir sem flokka mest lítið eða ekkert lífrænt rusl og taka því enga pappapoka.“ Hér vísar Ragnhildur Alda í þá ákvörðun stjórnar Sorpu að hætta að dreifa ókeypis pappírspokum í stórverslunum í Reykjavík.

Sannleikurinn er sá að heimili á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sig frábærlega vel í að flokka og þá sérstaklega matarleifar. Að minnsta kosti 60% allra matarleifa sem höfuðborgarbúar losa sig við rata í réttan farveg, sem er umfram væntingar um árangur af söfnuninni. Sorpa ætlar að gera enn betur í ár. Þær matarleifar sem höfuðborgarbúar flokka rétt eru í 98% tilvika hreinar matarleifar, og því gott efni til að vinna bæði metangas og moltu í Gaju. Matarleifasöfnun er einföld og áhrifarík leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hvert kíló af matarleifum sem fer í réttan farveg í Gaju kemur í veg fyrir losun á 800 grömmum af koltvísýringi.

» Staðreyndin er sú að Sorpa kemur hvergi nærri sorphirðu við heimili á höfuðborgarsvæðinu.

Sorpa gerir ráð fyrir að bréfpokar verði aftur aðgengilegir í verslunum í febrúar gegn gjaldi þegar verslanirnar setja þá í sölu – eins og allir pokar sem hafa hingað til verið keyptir undir úrgang. Þeir verða þó áfram aðgengilegir á endurvinnslustöðvum Sorpu og í Góða hirðinum í að minnsta kosti tvö ár í viðbót.

## Horft fram á veginn

Það er margt að gerast í starfsemi Sorpu sem ber að fagna. Á vordögum verður öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins boðið að sækja moltu beint í Gaju sér að kostnaðarlausu, og boðið að kynna sér starfsemi hennar í leiðinni. Ný og glæsileg endurvinnslustöð mun rísa á Lambhagavegi á næstu árum. Þar má segja að verið sé að fara frá „ruslinu“ yfir í nútímaendurvinnslustöð sem hönnuð er með þarfir notenda í huga.

Sorpa er hætt að urða blandað sorp frá heimilum og fyrirtækjum og flytur það þess í stað út til orkuvinnslu í Svíþjóð. Brennsla sorps er skárri kostur en urðun enda er urðun það versta sem gert er við sorp. Þannig forðum við 42.000 tonnum af sorpi frá urðun á hverju ári. Sorpa er líka hætt að urða annan lífrænan úrgang, eins og til dæmis úrgang frá sláturhúsum.

Með sérsöfnun á matarleifum og vinnslu þeirra í Gaju, algjöru stoppi á urðun á lífrænum úrgangi og útflutningi á blönduðu sorpi til orkuvinnslu í stað urðunar, drögum við á næstu 10 til 15 árum úr losun gróðurhúsalofttegunda frá Sorpu um allt að 80.000 tonn af koltvísýringsígildum – úr 100.000 tonnum niður í 20.000. Þetta gerist aðallega vegna þess að við hættum að urða lífrænan úrgang sem losar metangas og vinnum hann með mannsæmandi hætti. Á næstu 10 til 15 árum munu þessar aðgerðir því skila sér í árangri sem samsvarar því að taka um 40.000 brunabíla (sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti) af götum borgarinnar.

Ég býð borgarfulltrúanum Ragnhildi Öldu að koma til Sorpu til að kynna sér frábært og faglegt starf sem þar fer fram.

Ég vil að lokum koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem flokka og leggja á sig umhverfisvæna sorphirðu okkur öllum til góða.

Höfundur er borgarfulltrúi og fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Sorpu.

200 MÍLUR Allt um sjávarútveg mbl.is



Guðmundur G. Þórarinsson

# Stríð í Gasa

Á 100 dögum hafa fallið um 24.000 einstaklingar. Á hverjum einasta degi í 100 daga hafa fallið að meðaltali 240 einstaklingar. Fjölmiðlar segja að 70% þeirra séu almennir borgarar, konur og börn. Á hverri einustu klukkustund í 100 daga hafa verið felldar tvær mæður. Þetta heldur áfram án afláts.

Þarna berst einhver fullkomnasti her veraldar að styrk og tækni á afgirtu svæði, einu af þeim þéttbýlustu á jörðinni. Öflugar girðingar hindra að nokkur geti flúið þessar hörmungar. Öflugasta efnahags- og herveldi veraldar ferðast um heiminn og freistar þess að koma í veg fyrir að aðrar þjóðir skipti sér af því sem þarna fer fram, það heitir að koma í veg fyrir að stríðið breiðist út. Kemur í veg fyrir að unnt sé á vettvangi þjóðanna að ná samkomulagi um að knýja fram vopnahlé.

» Á hverjum einasta degi í 100 daga hafa fallið að meðaltali 240 einstaklingar.

„Lífið er lygasaga þulin af vitfirringi.“
(Macbeth, Shakespeare)

Höfundur er verkfræðingur.





# Samstarf um þróun lóðar á Krókhálsi

## Reykjavíkurborg leitar eftir samstarfsaðilum um þróun atvinnulóðarinnar Krókháls 20-22

**Kallað er eftir hugmyndum að nýtingu lóðarinnar í þeim tilgangi að tryggja að í nýju skipulagi verði til staðar lóðir sem henta áhugasömum fyrirtækjum.**

Ekki er því um hefðbundna úthlutun að ræða heldur er leitað eftir upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi á lóðinni, áætlað byggingarmagn og fleiri þætti sem nýtast við að meta vænlegustu framtíðarverkefnin.

Greitt er fyrir lóðarvilyrðið árlega sem miðast við 10% af heildargreiðslu byggingarréttarins.

**Frestur til að skila gögnum er til kl. 14:00 þann 1. febrúar 2024.**
Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/athafnalif**

ATHAFNABORGIN Reykjavík









# Draumurinn um hvítar sokkabuxur

Hvenær klæddist þú síðast hvítum sokkabuxum? Á fermingardaginn? Ef þú vilt uppfæra stílinn þá sýndi franska tískuhúsið Chanel haute couture-línu sína fyrir vor og sumar í fyrradag en þar koma stelpulegir litir og tjull við sögu.

Marta María Winkel Jónasdóttir
mm@mbl.is

Fegurðin var allsráðandi þegar Virginie Viard svipti hulunni af vor- og sumarlínu Chanel. Viard er yfirhönnuður tískuhússins og meta sérfræðingar í tískuheiminum þetta þannig að línan hafi verið ekta hún; létt, falleg og stelpuleg en á sama tíma ekta Chanel. Brjóstsykurslituð föt, hvítar sokkabuxur, ballerínulegir háhælaðir skór og tjull framkallaði góðar tilfinningar og örugglega góðar minningar hjá gömlum ballerínum sem svifu um svið leikhúsanna áður en grá fullorðinsár eyðilögðu allt.

Vellíðunarhrollur fór um salinn þegar Margaret Qualley gekk inn í fyrsta alklæðnaði vor- og sumarlínunnar. Hvítur jakki með gulltölum, sem var fullkominn í sniðinu – ekki víður og kauðslegur, fór vel við hvítar sokkabuxur og hálfgegnsætt pils. Til að toppa heildarmyndina var hún með lítinn trúðakraga sem rammaði bringuna inn á sjarmerandi hátt. Tjullkraginn minnti á ungbarnakragana sem amma mín heitin, Marta María Jónasdóttir, saumaði á ungbörnin í fjölskyldunni til að punta mjúk ungbarnaföt og fegra hversdaginn. Hún vissi, líkt og Virginie Viard, að stundum þarf einn lítinn kraga til að breyta heildarmyndinni.

Hvíti liturinn var áberandi í gegnum sýninguna en í gegnum tíðina hefur litapalletta Chanel verið mjög svört og hvít. Nú mátti sjá breiðari litapallettu þar sem bæði var unnið með mjúka og stelpulega liti en líka sterka og kröftuga.

Allt í allt voru 56 dress sýnd á sýningunni. Mikið var lagt í öll smáatriði eins og útsaum og bróderí. Hjá Chanel er þó aldrei farið of langt frá upprunanum því Viard vill náttúrlega ekki að Gabrielle Chanel snúi sér við í gröfinni með furðulegheitum, en hún lést 1971.




**Gaf tóninn** Margaret Qualley gaf tóninn fyrir sýninguna en hún var fyrst á svið. Hér er hún í vel sniðnum jakka og með þennan litla kraga sem gerir heildarmyndina svo fallega.



**Viltu slá um þig?** Á sýningunni mátti sjá jakka með víðum erum og líka slár sem fara yfir axlirnar.



**Hvítar sokkabuxur!** Ef eitthvað er hægt að taka inn og læra af þessari sýningu er það að hvítar sokkabuxur eru lekkerar.


# Glæný Hispanitas sending

*-æðislegir spænskir skór*



Hispanitas Ashley
**34.990 kr.**



Hispanitas Everest
**28.990 kr.**



Hispanitas Manila
**27.990 kr.**

apríl

**Garðatorg 6**, sími 551 5021 | **Kringlan**, sími 551-5024 | **aprilskor.is**


ÚTSALA
30-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
-30%
Didriksons Bjärven úlpa
Börn / 13.297 kr. 18.995 kr.
-30%
Reima Wingon snjóbuxur
Börn / 13.997 kr. 19.995 kr.
-40%
Columbia kuldagalli
Börn / 7.197 kr. 11.995 kr.
-50%
Devold Duo Active Jr. bolur
Börn / 3.998 kr. 7.995 kr.
-30%
The North Face peysa
Herra / 11.897 kr. 16.995 kr.
-30%
Mountain Hardwear úlpa
Herra / 38.497 kr. 54.995 kr.
-30%
Didriksons Grit jakki
Herra / 13.997 kr. 19.995 kr.
-50%
Devold Heroy jakki
Herra / 16.998 kr. 33.995 kr.
-30%
The North Face vesti
Dömu / 31.497 kr. 44.995 kr.
-30%
Mountain Hardwear úlpa
Dömu / 38.497 kr. 54.995 kr.
-30%
Ellingsen Duggarapeysa
Dömu / 20.997 kr. 29.995 kr.
-50%
Devold Kvitegga bolur
Dömu / 8.498 kr. 16.995 kr.
-40%
Ecco Snow Mountain
St. 24-35 / 10.797 kr. 17.995 kr.
-40%
Ecco Exostrike
St. 27-35 / 11.397 kr. 18.995 kr.
-40%
Ecco Xpedition III
St. 36-40 / 14.997 kr. 24.995 kr.
-30%
Columbia Newton Ridge
St. 40-46 / 17.497 kr. 24.995 kr.
*Birt með fyrirvara um prentvillur
ELLINGSEN
s4s
Fiskislóð 1, Reykjavík / Hvannavellir 14, Akureyri / Síðan 1916 / 580-8500 / www.ellingsen.is






Ljósmyndir/ Lilja Jóns

**Teymið** Mikil gleði ríkti og samheldni hjá teyminu sem stendur að þættinum Veislunni en í teyminu eru Gunnar Auðunn Jóhannsson tökumaður, Hannes Þór Arason, leikstjóri og framleiðandi, Kristinn Vilbergsson framleiðandi, Gunnar Karl Gíslason, Lilja Jóns framleiðandi, Steingrímur Jón Þórðarson tökumaður og Sverrir Þór Sverrisson.

# Veislan – ferðalag um ótroðnar slóðir

Önnur þáttasería Veislunnar hóf göngu sína á RÚV í vetur og hefur heldur betur slegið í gegn. Í þáttunum er fjallað um matar- og tónlistarmenningu á Íslandi þar sem Gunnar Karl Gíslason matreiðslumeistari og Sverrir Þór Sverrisson, alla jafna kallaður Sveppi, hitta fólk víða um land og kynna sér hefðir þess og lífsstíl.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@mbl.is

Drifkrafturinn og hugmyndasmiðurinn á bak við þættina er Gunnar en hann er meðal annars stofnandi og eigandi Dill restaurants sem er einn af þremur Michelin-veitingastöðum á Íslandi og North restaurants á Akureyri.

Gunnar er fæddur og uppalinn á Akureyri og hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu, öllu sem tengist mat og ríkjandi hefðum þegar matur er annars vegar. „Ég ætlaði mér alltaf að verða bóndi og öll sumur fór ég í sveit þar sem ég vann sem vinnumaður. Ég vann á Eyvindará, Bakka og svo síðustu árin á Ögmundarstöðum. Þetta voru frábærir tímar og ég var staðráðinn í að verða bóndi. En eitt leiddi af öðru og ég endaði í matreiðslunámi eftir að hafa prófað í stuttan tíma einhverskonar rafmagnsnám,“ segir Gunnar.



**Þorrablót** Gunnar og Sveppi rigguðu upp veislu með heimamönnum á Bíldudal, sem heppnaðist með eindæmum vel.

## Fann strax að þarna var ég á réttri hillu

Þegar skóli var annars vegar hafði Gunnar engan áhuga. „Ég hafði engan áhuga á skóla á þessum árum og fannst það bara leiðinlegt og raun mikil sóun á tíma mínum. Þar af leiðandi gekk mér heldur ekki vel, skiljanlega. Ég skráði mig svo í grunndeild matreiðslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri og ég fann það strax að þarna var ég á réttri hillu, þetta var gaman og nú hafði námið tilgang. Þarna kviknaði í raun strax óbilandi áhugi á matreiðslu,“ segir Gunnar og upp frá því hefur Gunnar blómstrað í sínu fagi og smitað ástríðuna út frá sér.



*Segðu okkur aðeins frá tilurð þess að þættirnir Veislan urðu að veruleika, er einhver saga á bak við það?*

„Ég opnaði Dill fyrir einum 15 árum og hef alla tíð síðan verið að reyna að vanda mig við að gera þar vel. Vera með fínan mat, passa að hann komi úr nærsveitinni og svo framvegis. Fyrir nokkrum árum skrifaði ég bók sem heitir North, the nordic cuisine of Iceland og var hún gefin út af Ten speed í Kaliforníu. Þar gef ég ekki bara innsýn í það sem við gerum á Dill heldur gef ég líka okkar allra besta fólki mikið pláss í bókinni. Fólkið sem ræktar eða býr til allt það frábæra hráefni sem við notum á Dill. Það má í raun segja að þættirnir séu einhverskonar afbrigði af þessari bók,“ segir Gunnar og bætir við að bókin hafi svo komið út. „Löngu seinna vorum við Kristinn Vilbergsson, sem er einn framleiðenda þáttarins, að tala um að gera þætti. Við veltum því fyrir okkur hvernig þeir gætu orðið, hvernig þeir myndu lúkka, hljóma og í raun bara hverskonar andrúmsloft við vildum að þættirnir myndu skilja eftir heima í stofu hjá fólki. Ég pældi svo ekkert mikið meira í þessu fyrr en Kristinn og Lilja Jóns, sem einnig er framleiðandi þáttarins kölluðu mig á fund og voru þá búin að móta Veisluna. Hannes Þór Arason bættist svo í hópinn sem og Halldór








Laxness Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA,“ segir Gunnar. En Dóri DNA fór um landið með Gunnari í fyrstu seríu Veislunnar. Serían sem nú er í gangi er önnur í röðinni.

### Nautnaseggur fram í fingurgóma

Í annarri seríu Veislunnar er það Sverrir Þór Sverrisson skemmtikraftur, alla jafna kallaður Sveppi, sem ferðast með Gunnari um landið.

*Sveppi er á ferðalagi um landið í annarri seríu, hefur Sveppi eitthvert vit á mat og matargerð? Kann hann að matreiða?*

„Ég og Sverrir að vappa um sveitir Íslands er góð tvenna. Annar úr sveitinni í Eyjafirði og hinn beint úr Breiðholtinu. En svar mitt við spurningunni er einfalt, Nei, hann veit ekkert um mat og vín. En hann kann svo sannarlega gott að meta, hann er nautnaseggur fram í fingurgóma. Svo er hann bara svo ótrúlega ljúfur og góður maður og það er bara dásemdin ein að ferðast um landið með honum,“ segir Gunnar og bætir við að þeir hafi skemmt sér konunglega saman í tökunum og bætt hvor annan upp.

*Þegar þemað í hverjum þætti og landshlutar voru valdir, hvað lá að baki?*

„Það er í raun svo margt. Hver staður varð að hafa margt til brunns að bera til þess að verða fyrir valinu. Þetta er jú sjónvarp þannig að augljóslega þarf þetta að vera sjónrænt, það verður að vera eitthvað áhugavert að gerast í mat og drykk og það er algjört skilyrði að það sé skemmtilegt fólk sem okkur líkar við og langar að rigga upp með okkur „Veislu“.“

### Hráefnasöfnunin fyrir hverja veislu stóð upp úr

Þegar undirbúningur og tökur voru í gangi var ýmislegt sem þurfti að ganga upp. Gunnar viðurkenndi fúslega að það gengur ekki alltaf allt upp hnökralaust og stundum var ekki auðsótt og rigga upp matar- og menningarveislu. „Það gekk á ýmsu, það er á hreinu. Sumar „Veislur“ gerðust nánast af sjálfu sér en aðrar voru erfiðari og sumar gengu nánast af manni dauðum. Þetta lítur allt nokkuð vel út í sjónvarpinu en á bak við hverja „Veislu“ liggja ansi margir tímar í eldhúsinu. Við gátum alltaf treyst á að fá meiriháttar hráefni frá þeim landshluta sem við vorum í, frábærar hjálparhellur í öll verkefni og meiriháttar gesti. Það voru opnuð fyrir okkur kaupfélög þegar okkur vantaði smjör, það var siglt út á sjó eftir fisk og stungnar upp kartöflur rétt fyrir tökur. Ef þú spyrð mig, þá stendur kannski smá upp úr hráefnasöfnunin fyrir hverja veislu.



*Hvað tók langan tíma að taka þessa þáttaseríu upp?*

„Sería 1 var 17 daga í tökum fyrir 5 þætti og svo vorum við 19 daga í tökum fyrir seríu 2. Sería 2 tók ögn lengri tíma og ástæðan sennilega fyrst og fremst gamla góða íslenska veðrið. Keyrandi á milli fjarða á Vestfjörðum í brjáluðu veðri vitandi af 50 gestum að fara að mæta í mat um kvöldið gat verið ansi stressandi sem og tímafrekt. Þetta hafðist allt að lokum og flestir ef ekki allir fengu eitthvað í gogginn.“

### Þorrablótsveisla með heimamönnum á Bíldudal

Næsti þáttur fer í loftið í kvöld, fimmtudagskvöldið 25. janúar, og þá er það þorramaturinn sem verður í forgrunni. Gunnar Karl og Sveppi fara vestur á firði og taka þátt í þorrablóti þar sem margar hendur hjálpast að við að undirbúa Þorrablótsveisluna. „Það er auðvitað mikil og gömul saga á bak við hann. Í Þorraþættinum förum við félagar á hefðbundið þorrablót þar sem við skemmtum okkur með heimamönnum í Bíldudal og höfðum gaman af. Við héldum svo veislu á FLAK á Patreksfirði þar sem við vorum með aðaláhersluna á grænmeti sem hafði verið unnið á svipaðan hátt og þorramaturinn. Súrsað, þurrkað, saltað, gerjað svo fátt eitt sé nefnt. Það var í raun ótrúlega gaman að breyta svona hefðunum og kom það gestunum svo sannarlega á óvart sem voru að koma til okkar á þorrablót. Þau fengum ferskan þorsk og svo grænmeti hanterað eftir þorrahefðum sem í raun eru allar bara gamlar geymsluaðferðir.“

*Borðar þú allan þorramat?*

„Nei, það geri ég svo sannarlega ekki. Ég smakka allt og ég nota mikið af svipuðum aðferðum og hefðum á mínum stöðum. En eitt er víst, það er svakalega gaman að fara á þorrablót, sérstaklega fyrir vestan.“

### Þriðja serían tekin upp í sumar

Eigum við von á einhverju óvæntu í næstu „Veislu“?

„Páskar á Snæfellsnesi og svo villibráð á sumardaginn fyrsta fyrir austan. Það eru næstu þættir og ég held að ég geti alveg lofað að við klárum þessa seríu tvö með látum,“ segir Gunnar og glottir.

*Eigum við von á fleiri þáttaseríum eða jafnvel bók?*

„Já, heldur betur. Þriðja serían verður tekin upp næsta sumar. Það verður eyjasería og ég er vandræðalega spenntur fyrir því ferðalagi. Svo erum við að vinna í bók, eða hún er í það minnsta í sjónmáli.

*Hvað fannst þér standa upp úr í tökunum á þessum þáttum?*

„Allt það yndislega fólk sem við hittum og þeirra hlýju móttökur og gestrisni. Það er leitun að öðru eins. Ég þakka kærlega fyrir mig og allt,“ segir Gunnar að lokum sem er orðinn mjög spenntur að sýna næsta þátt.



**Skemmtikraftar** Gunnar og Sveppi fóru ótroðnar slóðir og brugðu sér í alls konar hlutverk. Þeir sáu líka um að skemmta gestum með söng og gríni. Gleðin ávallt við völd á hverjum stað.



**Tvennan** Félagarnir Gunnar og Sveppi vappa um sveitir Íslands og bæta hvor annan upp, annar úr Eyjafirðinum og hinn úr Breiðholtinu. Annar er snillingur í matargerð og hinn veit ekkert um mat og vín, en kann að njóta fram í fingurgóma. Tvenna sem getur ekki klikkað.



K100
Á FM100.5 Í ÚTVARPINU
Í BEINNI Á RÁS 9 Í SJÓNVARPI SÍMANS
HLUSTAÐU, HORFÐU OG LESTU Á K100.IS

Ný plata frá Friðriki Dór Jónssyni

# Persónulegri en áður

**Friðrik Dór gaf í gær út plötuna Mæður. Platan er persónulegri en þær fyrri og lýsir hann tónlistinni sem lífrænni. Lagið Aftur ung er tileinkað eiginkonunni og hjónabandinu.**

**Edda Gunnlaugsdóttir**
eddag@mbl.is

Söngvarinn Friðrik Dór Jónsson segist vera öflugur í eldhúsinu en viðurkennir þó að hann fari í hlutverk aðstoðarkokksins þegar kemur að stærri máltíðum. Morgunmaturinn sé þó hans sérgrein á heimilinu. Það gengur vel að sameina fjölskyldu og frama en hann á þrjár stúlkur með eiginkonu sinni, Lísu Hafliðadóttur. Svo er hann einn ástsælasti söngvari Íslands í dag.

Talið berst að hljómsveitinni Iceguys sem hann er hluti af en sería tvö af sjónvarpsþáttunum er væntanleg og verður að öllum líkindum tekin upp í sumar. Friðrik Dór segir mikið flæði og góða stemningu í tökum hafa skilað góðri vinnu.




„Okkur leið vel hverjum með öðrum og með framleiðendum svo maður gat verið afslappaður. Það var góð stemning á setti." Velgengnin og viðtökurnar komu þó vel á óvart. „Það kom mér helling á óvart. Þetta var allt í frjálsu flæði fyrst en þetta varð síðan stærra, stærra og stærra. Meira og meira."

### Öðruvísi

Platan Mæður, nýjasta verk hans, kom út í gær, 24. janúar, á afmælisdegi Lísu og segir hann plötuna persónulegri en fyrra efni. „Þetta er mjúki-Frikki eða drama-Frissi eins og ég kýs að kalla hann. Þetta er svolítið mikið öðruvísi. Platan er ekki sú sem þú neglir á fóninn þegar þú ætlar út að dansa en þetta er til dæmis gott í bíltúrinn. Þetta er svona bíltúratónlist, smá kántrískotinn kassagítar," útskýrir hann.

„Þegar ég var að læra á gítarinn hjá Jóni bróður í gamla daga þá var ég mikið að hlusta á Damien Rice og Ben Harper. Algjörir kassagítarsgutlarar. Svo þessi tegund af tónlist hefur alltaf verið í mér. Ég hef áður kosið að vinna með framleiðendum sem taka tónlistina á þann stað að hún sé skemmtileg og meira popp. En nú langaði mig að breyta. Þetta er samið á gítarinn og er sögur. Mér finnst sögusagnir njóta sín vel í þessum búningi."

### Segir plötuna lífræna

Platan er persónuleg og inniheldur sex lög. Einn dúett er á plötunni, lagið Birta þar sem hann fékk Snorra Helgason í lið með sér. „Ég samdi þetta lag og heyrði ekkert nema Snorra syngja það. Svo það var algjör heiður og snilld að fá hann með." Annað lag, Ekki stinga mig af, kom út áður árið 2018 í tónleikaútgáfu en hefur nú verið útsett í stúdíóútgáfu.

Hann lýsir plötunni sem lífrænni og segist hafa valið sér þannig framleiðendur til að vinna með. „Arnar Guðjónsson gerir fjögur lög, Guðmundur Óskar Guðmundsson útsetur eitt lag plötunnar og Magnús Jóhann Ragnarsson gerir Fuðrum upp. Það er ekkert verið að bæta við aukahljóðum eða hinu og þessu ofan á. Þetta eru allt listamenn sem vinna mjög lífrænt."

### Hún er manneskjan mín

Friðrik talar um að persónulegasta lagið á plötunni sé eflaust Aftur ung. „Það var þannig að við áttum yngstu stelpuna okkar árið 2022. Hún átti erfitt fyrsta ár, var mikið veik og mikið inni á spítala í rannsóknum og öðru," segir hann og bætir við að hann hafi öðlast mikla virðingu fyrir heilbrigðisstarfsfólki og foreldrum langveikra barna á þessum tíma. „En í þessum aðstæðum, þegar það er smá stormur og erfiðleikar, þá er auðvelt að gleyma því að vera ástfanginn. Maður er inni í einhverjum stormi og tíminn sem fer í að sinna sambandinu er lítill. Þetta er smá áminning um að hún er manneskjan mín."

*Kristín Sif og Þór Bæring í morgunþættinum Ísland vaknar tóku viðtalið. Hægt er að hlusta á það í heild sinni á K100.is.*



Ljósmynd/Thelma Arngrímsdóttir

**Kassagítar** Friðrik samdi plötuna með kassagítar sér til halds og trausts.







RISA SYRPA

# NÝ RISASYRPA




KOMIN Í NÆSTU VERSLUN
OG Á WWW.EDDA.IS

edda
WWW.EDDA.IS

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, systir og amma,

**GUÐRÍÐUR GUÐBJARTSDÓTTIR**
**heilbrigðisritari,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 16. janúar.
Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 9. febrúar klukkan 11.

**Tómas Tómasson**
**Björn Magnús Tómasson   Hrafnhildur Tryggvadóttir**
**Yngvi Tómasson   Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Egill Jón Björnsson   Kristín Alfreðsdóttir**
**Magnús Sigurðsson   Kolbrún Ólafsdóttir**
**barnabörn**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

**ÞÓRUNN BJARNDÍS JÓNSDÓTTIR,**
**Forsölum 1,**
**Kópavogi,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 19. janúar.
Jarðsungið verður frá Langholtskirkju 30. janúar klukkan 13.

**Hilmar Júlíusson   Erna Ingólfsdóttir**
**Karen Júlía Júlíusdóttir   Valdimar Friðrik Valdimarsson**
**Ásta Ragnheiður Júlíusdóttir   Birgir Mogensen**
**Þórunn Brynja Júlíusdóttir   Brynjar Gunnarsson**
**Júlíus Magnús Pálsson   Guðrún H. Hergeirsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, vinur,
bróðir og afi,

**BENEDIKT PÉTUR GUÐBRANDSSON,**
**Nýbýlavegi 58,**
**Kópavogi,**

lést föstudaginn 19. janúar.
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 29. janúar klukkan 13.

**Helena Benediktsdóttir   Tim Cole**
**Birkir Benediktsson   Heiða Marey Magnúsdóttir**
**Bjarki Benediktsson   Valdís Þórðardóttir**
**Elín Inga Arnþórsdóttir**
**Elín Petra Guðbrandsdóttir**
**Sólveig Guðbrandsdóttir**
**Jóhann Guðbrandsson**
**Björn Snær Guðbrandsson**
**Khalan Lilja Cole**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**PÉTUR H. ÁGÚSTSSON**
**skipstjóri,**
**frá Flatey á Breiðafirði,**
**Sundabakka 16, Stykkishólmi,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum við Hringbraut 14. janúar.
Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 10. febrúar klukkan 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Snæfellsness (www.krabb.is).

**Svanborg Siggeirsdóttir**
**Ágúst Pétursson   Hrönn Sturludóttir**
**Siggeir Pétursson   Anne Helenne Alves**
**Una Kristín Pétursdóttir**
**Lára Hrönn Pétursdóttir   Eiríkur Sveinn Hrafnsson**
**og barnabörn**

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA


Frímann
897 2468


Hálfdán
898 5765


Ólöf
898 3075


Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



# Jóhanna Arnleif Gunnarsdóttir



**† Jóhanna Arnleif Gunnarsdóttir fæddist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 5. mars 1956. Hún lést á Háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð 2. janúar 2024.**

**Foreldrar hennar voru Gunnar Bergur Árnason, kaupmaður á Akureyri, f. 26. september 1924, d. 21. mars 2018, og Lilja Guðmundsdóttir leikskólaliði, f. 4. júlí 1923, d. 26. maí 2007. Systkini Jóhönnu eru Guðmundur Örn, f. 2. apríl 1952, og Erna Hildur, f. 24. maí 1959. Fyrir átti Gunnar Bergur dótturina Kristínu Halldóru, f. 1. júlí 1946.**

**Jóhanna ólst upp á Akureyri, gekk í Barnaskóla Akureyrar, Gagnfræðaskóla Akureyrar og Menntaskólann á Akureyri og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1976. Þá lá leiðin í Háskóla Íslands og útskrifaðist hún þaðan sem matvælafræðingur árið 1980. Jóhanna vann við sitt fag hjá ýmsum matvælafyrirtækjum, svo sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og síðast Nóa-Siríusi.**

**Jóhanna giftist eftirlifandi eiginmanni sínum, Vilbergi Kristinssyni jarðeðlisfræðingi, f. 11. maí 1952, hinn 28. júlí 1979. Börn þeirra eru: 1) Gunnar Kristinn tölvunarfræðingur, f. 10. febrúar 1981, eiginkona hans er Eva Rún Michelsen, f. 7. júní 1984. 2) Þórunn Lilja lögfræðingur, f. 13. september 1988, unnusti hennar er Jón Einarsson verkfræðingur, f. 6. febrúar 1986. Börn þeirra eru Bergur, f. 12. september 2019, og Steinn, f. 12. janúar 2022.**

**Jóhanna og Vilbergur kynntust þegar þau voru við nám í Háskóla Íslands en þau bjuggu þá bæði á Nýja-Garði. Fyrsta heimili þeirra var á Ásvallagötu í Reykjavík. Síðar keyptu þau sína fyrstu íbúð í Efstalandi í Fossvogi. Árið 1983 keyptu þau hús í smáíbúðahverfinu þar sem þau bjuggu æ síðan.**

**Útför Jóhönnu Arnleifar fer fram frá Bústaðakirkju í dag, 25. janúar 2024, klukkan 13.**

---

Mamma barðist af hörku við ömurlega og ósanngjarna sjúkdóma. Hún vann sigur á þeim fyrri og ætlaði sér að sigra þann seinni en svo varð ekki. Nú sitjum við eftir máttvana, syrgjandi fólk sem hefur misst svo mikið.

Við getum ekki ímyndað okkur betri móður. Hún gaf sér alltaf tíma fyrir börnin sín og studdi okkur í öllu því sem við tókum okkur fyrir hendur. Hún skildi að ekki þurfti að tönnlast á því sem miður fór og að hampa skyldi því sem vel gekk. Hún kenndi okkur kærleik og samkennd í verki, að kunna að meta góðan mat, fallegt handbragð og tónlist en það eru allt ómetanlegar gjafir.

Matargerð og matur voru henni hugleikin hvort sem var í leik eða starfi. Hún lagði alltaf metnað í sína matargerð og við, eins og margir aðrir, nutum svo góðs af. Þegar við börnin vorum flutt að heiman buðu þau pabbi okkur alltaf í sunnudagsmat sem var veisla í hvert skipti og oftar en ekki þríréttuð. Hún var mikill gestgjafi og fékk þá oft alla fjölskylduna í lið með sér til að undirbúa veisluhöld, saumaklúbba, afmæli eða bara væntanlega komu gesta.

Henni fannst gaman að prófa nýjungar í matargerð og notaði þá fjölskylduna iðulega til að smakka. Þó að pabba fyndist stundum nóg komið af tilraunum var hann algjörlega orðinn afhuga því að fara út að borða. Maturinn hennar mömmu var bara betri. Til hvers að fara út að borða þegar ekkert stóðst samanburð? Mamma naut þess hins vegar að fara út að borða. Prófa eitthvað nýtt og svo jafnvel greina það eftir á og nýta í eigin eldamennsku.

Matur var ekki það eina sem lék í höndum hennar því að hún var mikil hannyrðakona. Saumaði eindæma fallegar flíkur sem og hluti til heimilisins. Hún prjónaði þar að auki mikið, sérstaklega á börnin sín og barnabörnin. Þetta gerði hún allt af mikilli natni og ber það þess merki. Hún bar gott skynbragð á föt og tísku, reyndi sitt besta við að fræða fjölskylduna og tryggja að við værum vel tilhöfð. Hvað svo varð úr er ekki við hana að sakast.

Við hin í fjölskyldunni erum stríðin en mamma var það aldrei. Hún var einfaldlega of heiðarleg til þess. Samviskusemi og heiðarleiki voru svo stór þáttur af hennar persónuleika að hún gat ekki einu sinni látið mann hlaupa apríl án þess að koma upp um sig.

Mamma söng mikið og naut tónlistar, fór með okkur á tónleika og í leikhús og spilaði tónlist heima. Þegar við hugsum til baka þá var alltaf eitthvað í gangi, útvarp, sjónvarp eða spilari. Það var aldrei þögn í kringum mömmu, hún var alltaf að hlusta á eitthvað. Hún gat jafnvel hlustað á margt í einu eða það hlýtur að vera því oftar en ekki var allt sem hér upp var talið í gangi samtímis.

Þær minningar sem skína hvað bjartast eru þó þær sem endurspegla hversu góður vinur hún var og hversu gott það var að eiga hana að. Alltaf til í að spjalla, sama um hvað, og sýndi því sem við vorum að gera alltaf raunverulegan áhuga. Meira að segja þegar hún átti erfitt í sínum veikindum gaf hún allt sem hún gat til að styðja við okkur og hvetja okkur áfram.

Hennar er sárt saknað.

Hennar börn, tengdabörn og barnabörn,

**Gunnar Kristinn Vilbergsson, Eva Rún Michelsen, Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, Jón Einarsson, Bergur Jónsson og Steinn Jónsson.**

Drottinn horfir á mennina af himnum ofan til þess að sjá hvort nokkur sé hygginn, nokkur sem leiti Guðs.
Sálm. 14.2
biblian.is

Hjartaheill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

Það er mér þyngra en tárum taki að skrifa minningargrein um Jóhönnu systur mína. Henni var úthlutað heldur stuttum tíma hér með okkur.

Jóhanna var þremur árum eldri en ég. Þegar við vorum litlar vorum við frekar ólíkar að upplagi. Jóhanna var afar bráðger krakki, hneigðist snemma að bókalestri og handavinnu. Meðan hún var inni að lesa, hekla og sauma var ég að stökkva í snjóskafla af húsþökum. Jóhanna stóð sig afar vel í skóla og það kom því oft í hennar hlut að hjálpa litlu systur með heimanámið í stærðfræði og eðlisfræði. Ég brosi oft að því núna, eftir að hafa sjálf verið kennari í áratugi, hvað henni fannst litla eintakið oft sein að fatta. Hún var auðvitað lítið eldri en ég þannig að fyrir þolgæði hennar í þessum kennslustundum er ég mjög þakklát.

Jóhanna var mér mikil fyrirmynd. Framan af gerði ég flest eins og hún. Mér þóttu lögin sem henni þóttu flott líka flott. Sama mátti segja um föt, bækur og bíómyndir. Ég apaði allt upp eftir henni. Hún hjálpaði mér að útbúa húsgögn og föt á Barbie og Tressie og hún las fyrir mig áður en ég varð sjálf læs. Uppáhaldsbókin okkar var Bína brúðulæknir.

Jóhanna tók mig frá unga aldri með í sunnudagsrútínu okkar krakkanna í Ásveginum. Sunnudagaskólinn fyrir hádegið, samkomur í Fíladelfíu eða Síon eftir hádegið og svo þrjúbíó þar á eftir. Við sáum The Sound of Music sjö sinnum og Mary Poppins fimm sinnum. Svo sungum við systurnar bestu lögin úr myndunum saman allan liðlangan daginn. Þegar Guðmundur bróðir keypti sér forláta hljómflutningstæki voru hátalararnir sinn hvorum megin við píanóið hennar mömmu. Þegar við systurnar stálumst til að „blasta“ í græjunum lögðumst við undir nótnaborðið og upp að píanókassanum og þóttumst heyra þar mikinn mun á hljómgæðum. Við töldum okkur mikla músíkpælara. Þvílíkar gæðastundir ber að þakka!

Jóhanna bjargaði lífi mínu þegar ég kom tvítug til Reykjavíkur í nám við Háskóla Íslands, blaut á bak við eyrun. Þá var hún búin að búa þrjú ár í höfuðborginni, kynnast Villa sínum, farin að búa á Ásvallagötunni og orðin hagvön í borginni. Hún þekkti háskólasvæðið eins og lófann á sér og undirbjó mig fyrir háskólalífið. Þvílík lífsbjörg! Fyrir það er ég ævarandi þakklát.

Jóhanna og ég reyndumst ekki svo ólíkar á fullorðinsárum eftir allt. Við höfðum líkan smekk á bókum, fötum, bíómyndum, heimilum og húsbúnaði. Oft keyptum við sömu hlutina án þess að vita af. Þegar kom að matargerð skaut Jóhanna mér þó algerlega ref fyrir rass. Hún hafði unun af að prófa nýjar uppskriftir og stóð oft heilu dagana í eldhúsinu við undirbúning dýrindis krása. Það var ekki í kot vísað að vera boðinn í mat í Háagerðið.

Jóhönnu minnar er sárt saknað. Mikið á ég eftir að sakna þess að geta ekki farið með henni í fleiri systraferðir í Kringluna, til Lundar eða Tenerife, boðið henni og Villa í bústaðinn eða ferð með hjólhýsið. Sárastur er þó missir fjölskyldu Jóhönnu, Vilbergs, Gunnars, Evu, Tótu, Jóns, Bergs og Steins. Guð leiði ykkur í gegnum þennan táradal, kæra fjölskylda.

**Erna systir og fjölskylda.**

Með nokkrum orðum viljum við minnast kærrar mágkonu og svilkonu, Jóhönnu Arnleifar Gunnarsdóttur, sem kvaddi okkur nýverið allt of fljótt.

Jóhönnu kynntumst við fyrst 1976 þegar Vilbergur yngsti bróðir minn kynnti hana fyrir okkur sem unnustu sína. Jóhanna kom okkur strax fyrir sjónir sem glaðleg og hlý persóna og það leyndi sér ekki að litli bróðir var yfir sig ástfanginn. Minnisstæður er brúðkaupsdagur þeirra á Akureyri í blíðskapar júlíveðri árið 1979 þar sem við systkini og fjölskyldur ásamt foreldrum okkar Vilbergs keyrðum öll saman norður. Þetta var talsvert ferðalag á þeim tíma og varð ferðalagið sjálft og giftingardagur þeirra hjóna dýrmæt minning. Minnisstætt er einnig hve vel fjölskylda Jóhönnu tók á móti þessu nokkuð stóra föruneyti og sýndi okkur öllum svo mikla gestrisni og hlýju. Brúðkaupsdagurinn sjálfur, 28. júlí 1979, var einstaklega fallegur sumardagur og brúðhjónin glæsileg við altarið, ung og ástfangin, glöð með allt lífið fram undan. Fljótt kom í ljós í kynnum við Jóhönnu að þar fór einstaklega jákvæð, glaðleg, ljúf og hlý kona, hún var svo sannarlega kær viðbót við fjölskyldu okkar. Jóhanna reyndist góð tengdadóttir og studdi við tengdaforeldra sína í hvívetna, en þau Vilbergur voru alla tíð dugleg að heimsækja þau í sveitina og rétta hjálparhönd. Hún sýndi líka allri tengdafjölskyldu sinni mikinn áhuga og fylgdist vel með öllum frændsystkinum Vilbergs og lagði sig fram um að halda góðu sambandi við alla. Jóhanna var fagurkeri með gott auga fyrir hlutum og mjög flink í höndunum hvort sem það var handavinna, skreytingar eða matargerð. Hún var framúrskarandi kokkur, eldaði dýrindis mat og framreiddi hann einstaklega fallega þannig að gaman var að setjast að borðum og eiga góða stund. Sérstaklega fallegt heimili þeirra Vilbergs bar vott um þann fagurkera sem í Jóhönnu bjó.

Jóhanna hafði fallega og góða rödd og söng mörg ár í kór og það var greinilegt að hún naut söngsins og félagsskapar og ferðalaga með kórfélögum.

Af sömu jákvæðni og æðruleysi og hún var þekkt fyrir tókst Jóhanna á við þann erfiða sjúkdóm sem bankaði upp á hjá henni og sem að lokum hafði betur í þeirri baráttu.

Elsku Jóhanna hafðu þökk fyrir allt og allt. Hvíl í friði.

Elsku Vilbergur, Gunnar og Eva, Þórunn og Jón, Bergur og Steinn, megi góður Guð styrkja ykkur á þessum erfiðu tímum.

**Jón R. Kristinsson, Kristrún R. Benediktsdóttir, börn og fjölskyldur.**

Elsku Jóhanna. Dáin. Það er stórt skarð höggvið í „saumaklúbbinn“ okkar sem haldið hefur hópinn í 35 ár, eða síðan við allar vorum komnar „heim“ eftir mislanga dvöl í útlöndum, eftir útskrift í matvælafræði frá HÍ árið 1980. Svo löng eru kynnin og vinaböndin hafa bara styrkst með árunum.

Jóhanna var sterkur karakter með sterka návist sem vissi nákvæmlega hvað hún vildi og hvert hún stefndi, þetta sáum við strax við fyrstu kynni í HÍ árið 1977. Hún var glæsileg kona, alltaf óaðfinnanlega til fara, fagurkeri með fágaða framkomu – þetta var líka augljóst alveg frá því við hittum hana fyrst.

Jóhanna hafði mjög ákveðnar skoðanir á flestum hlutum og var ófeimin að deila þeim með okkur hinum, sem hlustuðum vel á það sem hún hafði að segja. Oft voru þetta verulega skemmtilegar lýsingar og gátum við hlegið okkur máttlausar yfir sögunum hennar um ýmislegt sem hún lenti í. Hún hafði lúmskt gaman af því að berjast fyrir rétti sínum ef henni fannst sér misboðið.

Þegar Jóhanna hélt saumaklúbb fyrir okkur vinkonurnar voru móttökurnar ævinlega konunglegar. Hún gerði þó alltaf lítið úr því og oft lenti hún í ýmsum uppákomum varðandi innkaupin eða matreiðsluna sem hún sagði okkur frá af mikilli list. Jóhanna sagði góðar og skemmtilegar sögur. Sem betur fer vorum við hinar nógu skynsamar til að reyna ekki að toppa saumaklúbb hjá Jóhönnu.

Allt sem Jóhanna tók sér fyrir hendur var gert með myndarbrag,

alveg sama hvað það var. Nám, vinna, eldamennska, saumaskapur, samskipti við fólk – alltaf fullkomlega málefnaleg, hreinskilin, nákvæm, skipulögð og vandvirk.

Saumaklúbburinn hefur í mörg ár haft þann sið að fara í sumarferðir og bjóða þá mökum okkar með. Þetta hafa bæði verið lengri og styttri ferðir, innan- og utanlands. Þar, eins og alltaf þegar við hittumst, var ekkert sem skyggði á og makar okkar náðu einnig mjög vel saman. Eitt er víst, að hér eftir verður Jóhönnu sárt saknað hvert sem leiðir okkar liggja. Það vantar meira en eina konu í hópinn, það vantar líka gleðina og röggsemina sem fylgdi Jóhönnu hvert sem hún fór.

Við eigum sem betur fer óteljandi góðar minningar frá samverustundum liðinna ára, það er gott að eiga minningar og geta rifjað þær upp með góðum vinum.

Nú er það svo að þegar vinir og ástvinir falla frá eru það alltaf góðu eiginleikarnir og góðu minningarnar sem sitja eftir, en staðreyndin er sú að við skoðun getum við ekki fundið neitt sem miður hefur farið í okkar samskiptum við elsku Jóhönnu.

Jóhönnu er sárt saknað. Blessuð sé minning hennar.

Við sendum Vilbergi, Gunnari, Þórunni og allri fjölskyldunni okkar innilegustu samúðarkveðjur.

**Guðrún E. G., Guðrún Ó.,
Ragnheiður, Jónína,
Birna, Þyrí, Ágústa,
Ólöf og Guðrún G.**

Komið er að kveðjustund. Góð vinkona okkar, Jóhanna Gunnarsdóttir, er látin eftir erfið veikindi.

Það var gott að alast upp á Norður-Brekkunni á Akureyri. Leikvöllurinn stóri í Helgamagrastræti var vettvangur leikja og alls kyns uppátækja. Þar kynntust börnin í hverfinu og þar kynntumst við Jóhönnu fyrst. Leiðir okkar lágu svo saman gegnum barnaskóla, gagnfræðaskóla og menntaskóla. Upp í hugann koma minningar frá áhyggjulausum æskuárunum um ótal margar bíóferðir, útilegur, skólaferðalög, sund og gufu og ferðir í Hlíðarfjall á skíði. Við þökkum fyrir að eiga svo margar góðar minningar frá þessum árum. Í minningunni var alltaf sól og sumar á Akureyri og í lok dags gengum við gjarnan út á klappirnar við Brekkugötuna að styttunni af Helga magra og Þórunni hyrnu og horfðum á sólarlagið.

Á tímabili skildi leiðir vegna búsetu erlendis en síðar tókum við upp þráðinn, stofnuðum saumaklúbb og matarklúbb með mökum okkar. Við ferðuðumst saman meðal annars til Búdapest og Rómar og fórum til Akureyrar bæði til að rifja upp æskuárin þar og halda upp á stúdentsafmælin okkar. Þetta eru ógleymanlegar ferðir.

Það kom okkur ekki á óvart þegar Jóhanna hóf nám í matvælafræði við Háskóla Íslands. Jóhanna var einstakur matgæðingur, smekkvís, vandvirk og röggsöm. Það var alltaf mikið tilhlökkunarefni að fara í matarklúbb til Jóhönnu og Vilbergs, þau voru yndislegir gestgjafar og maturinn alltaf í sérflokki. Í veikindum Jóhönnu kom vel í ljós hve kjarkmikil og sterk hún var, en að lokum hafði sjúkdómurinn því miður betur. Missir Vilbergs, Gunnars Kristins, Þórunnar Lilju, tengdabarnanna Evu Rúnar og Jóns og barnabarnanna tveggja þeirra Bergs og Steins er mikill og vottum við þeim öllum og systkinum Jóhönnu, þeim Guðmundi og Ernu, og fjölskyldum þeirra okkar dýpstu samúð. Jóhönnu verður sárt saknað í vinkonuhópnum. Guð blessi minningu góðrar vinkonu.

**Guðbjörg, Gunnlaug og
Hildur.**

***• Fleiri minningargreinar um Jóhönnu Arnleif Gunnarsdóttur bíða birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.***

# Þórarinn Óskarsson



**† Þórarinn Óskarsson fæddist í Hvammi í Vatnsdal 21. maí 1930. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörn 5. janúar 2024.**

**Foreldrar hans voru Ingibjörg Jóninna Þórarinsdóttir frá Hjaltabakka, f. 17. okt. 1903, d. 7. nóv. 1994, og Óskar Jakobsson frá Holti á Ásum, f. 24. sept. 1892, d. 28. ágúst 1935.**

**Bróðir Þórarins er Þorvaldur Hannes Óskarsson, fv. skólastjóri í Breiðholtsskóla, eiginkona hans var Karen Vilhjálmsdóttir kennari, f. 4. jan. 1934, d. 11. sept. 2020.**

**Þórarinn kvæntist Sjöfn Mörtu Haraldsdóttur bókara, f. 30. mars 1931, d. 3. feb. 2001. Foreldrar hennar voru Haraldur Elías Erlendsson, f. 11. jan. 1902, d. 4. nóv. 1958, og Kristbjörg Aradóttir, f. 3. maí 1911, d. 5. nóv. 1972. Fyrir átti Þórarinn einn son með Anný Dóru Halldórsdóttur, f. 31. des. 1932, Þórarin Óskar, f. 23. feb. 1955, maki Pálína Ósk Haraldsdóttir, f. 28. feb. 1956, börn þeirra eru: Þórarinn Aggi, f. 12. maí 1976, Sigurjón Böðvar, f. 15. júní 1977, Halldóra Erla, f. 9. júní 1990, Allan Óskar, f. 8. mars 1993, annað barn Þórarins Óskars er Guðrún Scheving Thorsteinsson, f. 27. júní 1991.**

**Þórarinn og Sjöfn eignuðust tvö börn: Kristbjörgu, f. 28. maí 1961, gift Sigurði Tómassyni, f. 6. feb. 1952, börn þeirra eru: Þórarinn Arnar, f. 22. ágúst 1981, Einar Magnús, f. 2. feb. 1983, og Helga María, f. 2. okt. 1987, og Hjalta, f. 3. sept. 1962, kvæntur Eddu Lindu Gunnlaugsdóttur, f. 5. apríl 1969, börn þeirra eru: Eva Rut, f. 27. jan. 1987, Hera Dögg, f. 13. apríl 1990, Birta Ósk, f. 7. ágúst 1998, og Linda Björt, f. 18. maí 2000.**

**Sjöfn átti fyrir tvo syni með Daða Hjörvar, f. 5. nóv. 1928, d. 26. nóv. 1954, þá Ara Hjörvar, f. 31. okt. 1947, kvæntur Önnu Hjörvar, f. 18. jan. 1950, dætur þeirra eru: Sjöfn Marta Hjörvar, f. 5. nóv. 1966, og Anna Björk Hjörvar, f. 3. ágúst 1973, og Helga Hjörvar, f. 28. sept. 1952, d. 17. ágúst 2014.**

**Helgi eignaðist tvö börn með Sigríði Thorstensen, f. 26. sept. 1953, þau Unni Eddu Hjörvar, f. 29. des. 1970, og Daða Hjörvar, f. 7. mars. 1974, þau slitu samvistir. Helgi átti síðan Daníel Hjörvar, f. 4. júní 1985, með Sigrúnu V. Berndsen, f. 13. maí 1960.**

**Þórarinn lærði húsasmíði ungur að árum en var ekki viðloðandi þá iðn lengi því honum bauðst starf hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli sem hann þáði og vann hann þar til starfsloka. Hann lærði einnig á básúnu ungur og varð tónlist hans líf og yndi alla ævi og var hann frumkvöðull á mörgum sviðum í tónlistinni.**

**Þann 9. júní 1956 voru þau Sjöfn gefin saman af sr. Jakobi Jónsyni í Hallgrímskirkju, þeim hluta sem er nú kjallari kórsins, sama dag fluttu þau inn í nýja íbúð á Hjarðarhaga 36 sem þau höfðu standsett sjálf, þar bjuggu þau til ársins 1985, en 1. september það ár fluttu þau einnig í nýja íbúð á Eiðistorgi 15. Sjöfn kvaddi snemma árs 2001, heilsu Þórarins fór að hraka í byrjun júlí 2018 og í júní 2021 flutti hann inn á hjúkrunarheimilið Seltjörn og var þar þar til yfir lauk.**

**Útför hans fer fram frá Bessastaðakirkju í dag, 25. janúar 2024, klukkan 11.**

Mér er ljúft og skylt að kveðja og minnast góðs vinar, Þórarins Óskarssonar. Við lékum saman tónlist í áratugi, í mörgum hljómsveitum, og vorum góðir vinir. Ég kynntist Þórarni í ársbyrjun 1958, þegar ég hóf að æfa og síðan leika með Lúðrasveit Reykjavíkur. Þórarinn hafði þá leikið með sveitinni síðan 1949. Þegar hann hóf leikinn óraði engan fyrir því að þar hefði LR eignast liðsmann sem lengst allra og óslitið myndi starfa fyrir LR, eða í rúm 50 ár. Það gerði Þórarinn. Auk þess átti hann sæti í nokkrum stjórnum. Hann er heiðursfélagi Lúðrasveitar Reykjavíkur.

Fyrsta æfing mín er mér minnisstæð. Tækifæri til að æfa með atvinnumönnum í tónlist, sem héldu tryggð við Lúðrasveit Reykjavíkur. Valinn maður í hverju rúmi og ég kannaðist við þá flesta. Í básúnudeildinni sat grannur dökkhærður maður sem ég hafði séð og heyrt leika með LR en þekkti ekki. Þetta var Þórarinn Óskarsson. Hann vék sér að mér, kynnti sig og vildi vita deili á mér. Hann var sá eini á þessari fyrstu æfingu minni sem hafði fyrir þessu, en þetta var honum líkt.

Þórarinn flutti ungur úr sveit til höfuðborgarinnar ákveðinn í að tileinka sér hina nýsprottnu borgarmenningu, en ekki síður erlenda strauma. Til þess var tónlistin kjörinn vettvangur og hana var að finna í Hljómskálanum. Þar áttu samastað við æfingar og/eða kennslu margir þeirra erlendu tónlistarmanna sem komið höfðu til starfa á Íslandi. Þórarinn lærði á básúnu og kennarar hans voru Albert Klahn, þáverandi stjórnandi LR, og fleiri Mið-Evrópumenn. En Þórarinn var alþjóðlegri en það í tónlistaráhuga sínum því Bandaríkin og djass voru honum hugleikin. Hann leitaði mjög til Björns R. Einarssonar um kennslu og leiðbeiningar. Þegar Þórarinn stofnaði sína eigin hljómsveit var dixielandið hans akurlendi. Í hljómsveitinni var m.a. Árni Ísleifsson píanóleikari. Þeir áttu eftir að yrkja dixieakurinn saman tvisvar sinnum, með 20 ára millibili, og léku auk þess saman í stórsveitum.

Að Þórarinn hafi ungur stofnað eigin hljómsveit kemur ekki á óvart. Hann var athafnamaður að eðli, sem nýttist oft í stjórnarstörfum fyrir LR. Hann var hugmyndaríkur og stórhuga, en hitt er athyglisverðara hve oft honum tókst á rólegan og yfirlætislausan hátt að sjá hugmyndir sínar verða að veruleika. Þórarinn var ákaflega traustur og staðfastur maður að eðlisfari, grandvar og réttsýnn. Árið 1954 réðst hann til starfa hjá Varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Bandaríkjaher varð ekki svikinn af þeirri ráðstöfun. Honum var trúað fyrir vandasömum störfum og varð deildarstjóri skrifstofu sem sá um samninga við íslenska verktaka á Vellinum og var farsæll í því starfi. Herinn hefur sínar aðferðir til að launa mönnum vel unnin störf og þjónustu enda hlaut Þórarinn heiðursmerki að loknum 45 farsælum starfsárum.

Þórarinn Óskarsson var heimsmaður og naut þeirrar gæfu að eiga lífsförunaut sem var sama sinnis. Hjónaband hans og Sjafnar Mörtu Haraldsdóttur var farsælt og hún studdi hann í störfum hans og áhugamálum.

Blessuð sé minning Þórarins Óskarssonar.

**Sverrir Sveinsson.**

Foreldar heiðursmannsins Þórarins Óskarssonar voru hjónin Ingibjörg Jónína Þórarinsdóttir og Óskar Jakobsson, bændur í Holtum á Ásum í Austur-Húnavatnssýslu.

Í móðurætt var Þórarinn afkomandi síra Þorvaldar Böðvarssonar, sálmaskálds í Holtum báðum (í Önundarfirði og undir Eyjafjöllum), en hann var sonarsonur síra Högna Sigurðssonar, prófasts á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, Presta-Högna. Viðurnefnið hlaut síra Högni af þeirri ástæðu, að af 17 börnum, sem hann eignaðist við konu sinni, Guðríði Pálsdóttur Ámundasonar á Sólheimum, urðu átta synir prestar.

Þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 var kennari Þórarins, Björn Rósenkranz Einarsson, ráðinn fyrsti básúnuleikari hennar og gegndi þeirri stöðu allt þar til er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1994, þegar Oddur, sonur hans, tók við. Á fyrstu tónleikum sveitarinnar, sem haldnir voru 9. mars 1950 í Austurbæjarbíói, sátu þeir saman básúnuleikararnir Björn, Halldór Einarsson og Þórarinn Óskarsson. Hafði Þórarinn einnig numið hjá Þjóðverjanum Albert Klahn.

Sinfóníuhljómsveit má líkja við þrautþjálfaða herdeild, sem framkvæmir sama hlutinn á sekúndubroti – og má engu skeika. Þarf kunnáttu og næmi til þess að vinna slíkt, enda hefur hljóðfæraleikarinn langt sérnám að baki. Sinfóníuhljómsveit stendur saman af langskólagengnum sérfræðingum, og býr hver og einn býr yfir ámóta tamningu persónuleikans og hópur hjarta- eða heilaskurðlækna, en báðir eiga það sameiginlegt, að viðfangsefnið deyr, ef eitthvað ber út af.

Spyrja má, hvort sá sem leikið hefur í sinfóníuhljómsveit verður nokkurn tíma samur eftir; gæti verið, að honum þætti upp frá því ýmis önnur verkefni heldur fáfengileg?

Auk aðildar sinnar að Sinfóníuhljómsveit Íslands var Þórarinn félagi í Lúðrasveit Reykjavíkur í heil 65 ár. Gegndi hann og trúnaðarstörfum í þágu sveitarinnar og varð heiðraður fyrir. En hann lék einnig í dans- og djasshljómsveitum.

Vorið 2011 varð Björn R. Einarsson vistmaður á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut í Reykjavík. Þá sýndi Þórarinn honum fádæma hlýju, vinfesti og tryggð, því að ekki leið sú vika, aldrei nokkurn tíma, að hann kæmi ekki að vitja Björns. Varð þá ljóst, svo sem löngum fyrr, hver fádæma og einstakur gæðadrengur Þórarinn var.

Páll postuli ritar: Nú varir trú, von og kærleikur! Já, Guði sé lof fyrir það, að kærleikurinn varir. Það, sem þú og kærleikurinn vitið báðir, verður minnst þér til huggunar, og það er sælla og meira en nokkurt afrek, sem nokkur manneskja gæti unnið, já, sælast alls, að kærleikurinn skuli minnast þín. Það, sem er á vitorði þínu og kærleikans, þess verður ætíð minnst, og það skal hvorki hið yfirstandandi né hið ókomna taka frá þér; ekki heldur á hinstu andrá ævi þinnar skal það verða frá þér tekið vegna þess að kærleikurinn varir.

Guð blessi minningu drengsins góða, Þórarins Óskarssonar.

Guði séu þakkir, sem gefur oss sigurinn, fyrir drottin vorn, Jesú Krist!

**Gunnar Björnsson,
pastor emeritus.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÞÓRIR TRYGGVASON**
**húsasmiður,**
**Hryggjarseli 20, Reykjavík,**

lést á Landakoti sunnudaginn 14. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Edda Lóa Skúladóttir**
**Guðjón Þór Guðmundsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir   Egill Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RUNÓLFUR J. SÖLVASON,**
**Sólvallagötu 18, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 16. janúar.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 29. janúar klukkan 12.

**Anna Kristín Runólfsdóttir   Brad Zeuge**
**Linda María Runólfsdóttir   Guðni Arason**
**Birgir Þór Runólfsson   Guðlaug B. Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SVALA SIGTRYGGSDÓTTIR,**

sem lést á heimili sínu miðvikudaginn 10. janúar, verður jarðsungin frá Guðríðarkirkju mánudaginn 29. janúar klukkan 13.

**Arnar Þór Ólafsson   Adda Magný Þorsteinsdóttir**
**Sigurður Þórir Þórisson   Magndís A. Waage**
**Magnús Þór Þórisson   Sandra Júlíusdóttir**
**Sigtryggur Þór Þórisson   Fríða Dögg Ragnarsdóttir**
**og barnabörn**

†



Elskuleg eiginkona mín og móðir okkar,

**ELÍN ELLERTSDÓTTIR,**
**hjúkrunarfræðingur og kennari,**
**Gullsmára 10,**
**Kópavogi,**

lést á Hrafnistu Skógarbæ sunnudaginn 21. janúar. Útförin fer fram í Digraneskirkju fimmtudaginn 1. febrúar klukkan 13.

**Paul Jóhansson**
**Guðrún Edda Paulsdóttir   Inge Grén**
**Steinunn J. Paulsd. Jenkins   Roy Jenkins**
**Ásdís Paulsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÉTUR ERLENDSSON,**
**Safamýri 29,**
**Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 16. janúar
á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 26. janúar klukkan 13.

**Áslaug Andrésdóttir**
**Stefán Pétursson   Puk Egekvist**
**Erlendur Pétursson   Halldóra Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**





**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*

**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**

†



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**HALLDÓR ÁRNASON**
**verkfræðingur,**
**Maltakri 7,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu 3. janúar.
Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 29. janúar klukkan 13.

**Sigríður Árnadóttir** **Ari Gunnarsson**
**Elísabet Árnadóttir** **Bjartmann Elísson**
**Guðjón Árnason** **Sólveig Pétursdóttir**
**Árdís Gunnur Árnadóttir**
**Steinunn Arna Þorsteinsdóttir**
**og systkinabörn**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**HALLDÓRA HÓLMFRÍÐUR HÁLFDÁNARDÓTTIR**
**frá Bolungarvík,**

lést miðvikudaginn 17. janúar.
Útförin fer fram í Lindakirkju Kópavogi föstudaginn 26. janúar klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni á lindakirkja.is/utfarir

**Elín Ósk Þorsteinsdóttir** **Vignir Björnsson**
**Einar Eyjólfur Þorsteinsson** **Linda Björk Bragadóttir**
**Hálfdán Guðmundsson**
**systkini og barnabörn**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**ÞORVALDUR STEINAR JÓHANNESSON,**
**Efstasundi 25,**
**Reykjavík,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 18. janúar.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 29. janúar klukkan 13.

**Guðfinna Hjálmarsdóttir**
**Sigurður Egill Þorvaldsson** **Ragnheiður Elíasdóttir**
**Davíð Steinar Þorvaldsson** **Auður Arna Oddgeirsdóttir**
**Sigurður Guðmundsson** **Linda Laufdal**
**Berglind Guðmundsdóttir** **Gylfi Jens Gylfason**
**og afabörn**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR ÓSKAR EGILSSON**
**vörubílstjóri,**
**Háeyrarvöllum 24, Eyrarbakka,**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 27. desember. Útför hans fór fram í Eyrarbakkakirkju 12. janúar, í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristjana Líndal Jensdóttir**
**Jens Líndal Sigurðsson** **Sigurdís E.L. Sigursteinsdóttir**
**Hafþór Rúnar Sigurðsson** **Erla Rún Grétarsdóttir**
**Böðvar Ingi Sigurðsson** **Guðbjörg Hulda Stefnisdóttir**
**Ómar Sigurðsson** **Guðný Sæbjörg Ásgeirsdóttir**
**Sólveig Kr. Sigurðardóttir** **Örvar Þór Arason**
**Egill Sigurðsson**
**Eyrún Sigurðardóttir** **Ásbjörn Hartmannsson**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, lang- og langalangamma,

**SIGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR**
**frá Stóra-Hálsi,**
**Grafningi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási Hveragerði 4. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.
Hjartans þökk fyrir samúð og hlýhug.

**Dagný Heiða Vilhjálmsdóttir** **Valur Heiðar Einarsson**
**Friðjón Ágúst Vilhjálmsson** **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Jón Steinar Vilhjálmsson**
**Una Vilhjálmsdóttir**
**Ásdís Lilja Ársælsdóttir** **Örn Ragnarsson**
**Dóra Bryndís Ársælsdóttir** **Magnús Haraldsson**
**Hannes Grétar Ársælsson** **Jónína Júlíusdóttir**
**Guðgeir Eiður Ársælsson**
**og fjölskyldur**

---

# Jóhann Tryggvason



**† Jóhann Tryggvason flugstjóri fæddist á Dalvík 11. desember 1938. Hann andaðist á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ 13. janúar 2024.**

**Foreldrar hans voru Jórunn Jóhannsdóttir húsmóðir, f. 1906, d. 1990, og Tryggvi Jónsson, frystihússtjóri á Dalvík, f. 1906, d. 1991. Systkini Jóhanns voru Kristín Hólmfríður Tryggvadóttir, f. 1936, d. 2018, og Ragnar Tryggvason hálfbróðir, f. 1932, d. 2021.**

**Jóhann kvæntist hinn 24. júní 1961 Hildi Eiðsdóttur, húsmóður og verslunarkonu, f. á Akureyri 18. júní 1942, d. á Landakotsspítala 3. mars 2023. Foreldrar hennar voru Valgerður Magnúsdóttir frá Borgarnesi, húsmóðir og verkakona, f. 1916, d. 2006, og Eiður Haraldsson frá Kelduhverfi, skósmiður, f. 1914, d. 1947.**

**Jóhann og Hildur eignuðust fjóra syni: Tryggva Þór lögfræðing, f. 1961; Eið flugumsjónarmann, f. 1966, kvæntur Rannveigu Þórisdóttur og eiga þau þrjú börn; Orra Kristin kerfisfræðing, f. 1968, kvæntur Rósu Björgu Karlsdóttur og eiga þau tvær dætur, og Guðlaug Jóhann tannlækni, f. 1975, kvæntur Valdísi Björk Guðmundsdóttur og eiga þau tvo börn. Barnabarnabörnin eru svo orðin sjö, allt stúlkur.**

**Jóhann fór 13 ára í héraðsskólann á Laugum í Þingeyjarsýslu og lauk þaðan gagnfræðaprófi 1954. Hann hóf svo nám hjá flugskólanum Þyt í Reykjavík 1955. Þar vann hann einnig við flugkennslu en fékk síðar vinnu hjá Tryggva Helgasyni flugmanni á Akureyri og var hjá honum í þrjú sumur við síldarleit úr lofti, flugkennslu og fleira tilfallandi.**

**Jóhann var ráðinn til Loftleiða 1963 þar sem hann starfaði sem flugmaður og síðar Flugleiðum og frá 1981 sem flugstjóri. Jóhann flaug einnig í sjálfboðastarfi flugvél Landgræðslunnar Páli Sveinssyni um árabil. Jóhann lét af störfum sem flugstjóri 2003, þá 65 ára, eftir 40 ára farsælan starfsferil.**

**Jóhann og Hildur keyptu sína fyrstu íbúð á Melabraut í Hafnarfirði og fluttu inn um vorið 1966. Íbúðin á Melabrautinni varð fljótt of lítil og því var ráðist í að byggja einbýlishús í Espilundi í Garðabæ þangað sem fjölskyldan flutti um vor 1971 og var heimili hennar síðan. Jóhann og Hildur keyptu sumarbústaðarland við Þingvallavatn 1986 þar sem þau byggðu fallegan sumarbústað og nutu þess að rækta upp landið.**

**Jóhann hafði mikinn áhuga á stangveiði, skíðum og sundi sem hann stundaði meðan heilsa leyfði. Hann var einnig mjög músíkalskur og byrjaði ungur að spila á orgel, harmonikku og gítar. Jóhann hafði frá unga aldri gaman af að teikna og fljótlega eftir að fjölskyldan flutti í Espilundinn byrjaði hann að prófa sig við olíuliti og málverkið. Þegar hann lauk störfum sem flugstjóri lagði hann áherslu á málaralistina og keypti húsnæði á Garðatorgi í Garðabæ þar sem hann var með aðstöðu til að mála og sýna verk sín.**

**Jóhann gekk í Frímúrararegluna á Íslandi 1980 og var þar virkur félagi.**

**Útför hans fer fram frá Garðakirkju í dag, 25. janúar 2024, klukkan 13.**

---

Elsku pabbi, það er erfitt að trúa því að þú sért nú farinn frá okkur. Það var svo margt sem ég átti eftir að ræða við þig, segja þér frá, spyrja þig um og þakka fyrir. Ég átti ekki á von að við stæðum í þessum sporum einungis tíu mánuðum eftir að mamma kvaddi og ég skrifaði þessa setningu aftur. Það var lítill fyrirvari á veikindum þínum þó svo að við höfum tekið eftir því að eitthvað hefði breyst og minnið hafi verið farið að bregðast þér. Góðar minningar koma upp og verða öllum öðrum minningum sterkari, þær fá mig til að brosa og tárast sitt á hvað.

Ég minnist skíðaferða til Dalvíkur, í Skálafell og í Bláfjöllin. Þú passaðir svo vel upp á að við bræðurnir værum vel búnir og studdir vel við áhugamálið þó svo þú hefðir eflaust viljað fá meiri tíma til þess en þú hafðir.

Ég minnist veiðiferða þar sem þú varst flestum öðrum klókari og fiskinn eftir því, þú tókst okkur með í Svarfaðardalsá, Sogið, Mýrarkvísl, Elliðaárnar og vatnaveiði. Allir fengum við veiðistangir, líklega á svipuðum tíma og við lærðum að ganga. Ég minnist veiðiferðar þar sem ég var líklega ekki eldri en þriggja ára og elti þig út í á en var bjargað á síðustu stundu frá því að skolast niður ána. Við feðgarnir fórum í marga veiðitúra og eyddum ómældum tíma saman við bakka Þingvallavatns þar sem við ræddum um allt og ekkert, líklega misgáfulegt.

Ég minnist flugtúra á TF-UPP og þeirra skipta sem þú tókst mig með þér í flug fyrir Landgræðsluna þar sem þú ásamt félögum þínum flaugst Þristinum, eins og hann var alltaf kallaður, í sjálfboðavinnu milli túra yfir sumarið. Og ég minnist ferðar til Grænlands sem ég mun aldrei gleyma svo lengi sem ég lifi.

Þegar kom að fjármálum veitti enginn betri ráð en þú. Þegar við Didda keyptum okkar fyrstu íbúð settumst við niður og þú kenndir mér að reikna vísitölur inn í lánin og fylgjast með öllu því sem hafði áhrif á stöðuna. Þú kenndir mér varúð í fjármálum sem hefur alla tíð reynst mér ómetanlegt.

Sumarhúsið austur á Þingvöllum er einstakur sælureitur sem þið mamma stofnuðuð til en auðvitað með samhentu verki okkar allra. Melur og mói eru nú skógivaxinn sælureitur sem kallar fram endalausar minningar um ykkur bæði; þú að vökva og mamma að stinga niður skógarplöntunum milli þúfna.

Pabbi fékk blóðtappa í apríl 2022 og átti afar erfitt eftir það. Fram að þeim tíma var hann stöðugt að huga að heilsu sinni, hann synti, skokkaði og fór á skíði, þó svo að þeim ferðum hafi fækkað seinni árin. Síðasta árið dvaldi hann á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ þar sem vel var hugsað um hann. Hann var bundinn við hjólastól, sem takmarkaði verulega líf hans. Við synir hans og fjölskyldur okkar reyndum að heimsækja hann flesta daga og gladdi það hann mikið, sérstaklega gaman fannst honum þegar langafastelpurnar birtust með allri sinni fyrirferð.

Elsku pabbi, þakka þér fyrir allar góðu stundirnar, öll góðu ráðin og alla umhyggjuna. Við munum sakna þín alla daga. Ég trúi því að þið mamma stígið nú saman ljúfan dans sem aldrei fyrr í austrinu eilífa.

**Orri.**

Í dag er tengdafaðir minn jarðsunginn frá Garðakirkju, en þessi yndislegi og hógværi maður lést á Ísafold hinn 13. janúar síðastliðinn á 86. aldursári.

Margar ómetanlegar minningar koma upp í hugann en ég var einungis 12 ára gömul þegar ég hitti Jóhann í fyrsta skipti. Þá sat ég hjá Hildi tengdamömmu inni í eldhúsinu í Espilundi að borða ristað brauð. Ég man enn hversu glæsilegur mér fannst þú vera í einkennisfatnaði og með flottu flugstjórahúfuna.

Þú tókst einstaklega vel á móti mér og frá 14 ára aldri var ég orðin óttalegur heimalningur hjá ykkur Hildi, því við Orri vorum orðin kærustupar. Þú varst tilbúinn að gera allt sem þú gast fyrir fjölskylduna og þegar stelpurnar okkar voru litlar varstu frekar duglegur að kaupa prinsessukjóla handa þeim í Ameríkustoppunum. Einnig keyptirðu handa mér minn allra fyrsta síðkjól.

Þegar ég greindist með krabbamein þá tókstu ekkert annað í mál en fá að hjálpa og létta undir með Orra og úr varð að á þriðjudögum komst þú og keyrðir mig í geislameðferð. Stundum var ég svo veik að þú þurftir að sækja hjólastól til að koma mér inn og alltaf var ælupokinn tilbúinn fyrir heimleiðina.

Takk fyrir þessa umhyggju og ást, elsku Jóhann.

Enn man ég eftir einu samtali sem við áttum í bílnum á heimleið. Þú spurðir mig hvort ég hlakkaði ekki til sumarsins. Ég man að ég sagðist ekkert vera svo viss um að vera á lífi þá. Þá brostir þú til mín og tókst utan um mig, spurðir svo: „Didda mín, hvað viltu ná að gera næsta sumar?“ Ég sagði þér að mig langaði til að geta gengið aftur á Helgafellið mitt. Tveimur árum seinna birtist þú með mynd af Helgafelli sem þú hafðir málað handa mér svo ég gæti alltaf horft á fjallið mitt. En Jóhann var einstaklega hæfileikaríkur málari og eftir hann liggja margar perlur. Einnig elskaðir þú að vera í sveitinni og gróðursetja. Það sem þú gast dundað þér við að hlúa að litlu trjánum sem núna eru orðin risastór.

Mikið einstaklega er ég þakklát ykkur Hildi tengdamömmu, en hún lést í mars 2023. Þið tókuð svo vel á móti mér á sínum tíma og sýnduð það alla tíð hversu mikið þið elskuðuð okkur öll. Mikið sem ég sakna þess að sitja í eldhúsinu hjá ykkur. Hildur að baka pönnsur og þú með fréttirnar í botni til að missa ekki af neinu. Fallegasti og ljúfasti engillinn tók á móti þér í sumarlandinu og ef ég þekki Hildi rétt þá var heitt á könnunni og ég sé brosið hennar fyrir mér. Ef það væru til fleiri svona englar í heiminum þá væri heimurinn betri.

Takk elsku Jóhann fyrir samfylgdina og væntumþykjuna í öll þessi ár. Góða ferð elsku Jóhann, kysstu Hildi frá mér og ég mun alltaf elska ykkur.

Þín tengdadóttir,

**Rósa Björg.**

Elsku afi Jóhann.

Elsku besti afi okkar. Það er skrýtið að hugsa til þess að þú sért ekki hér með okkur lengur. Þegar við minnumst afa Jóhanns þá hugsum við alltaf til þessa tignarlega manns sem við litum alltaf mikið upp til.

Sem flugstjóri var afi duglegur að færa okkur systrum „Ameríkunammið“ úr stoppum sínum í Bandaríkjunum og var það best í heimi að horfa á spólu úr Disney-safni afa og ömmu.

Afi Jóhann var alltaf umhyggjusamur um sig og sína og var hann manna fyrstur að taka okkur í fangið þegar við komum í heimsókn til að kanna hvað við hefðum stækkað mikið.

Ó, elsku afi, hvað við munum sakna þess að fara með þér upp í sumarbústaðinn og hvað okkur þykir vænt um allar sumarbústaðarferðirnar með þér og ömmu. Hvað við munum sakna þess að hlusta á þig spila á harmónikkuna þína fyrir okkur eða að fá að horfa á þig mála fallegustu myndir heimsins.

Elsku afi.
Ávallt verður þú afi minn,
á jörðu sem á himni.
Ég kyssi þína kinn,
ég býð þér góða nótt,
segi þér að við sjáumst fljótt.
Þú sem alltaf stendur mér við hlið,
takk fyrir allt.
Og takk fyrir að hafa verið til.

Þín afabörn,

**Tinna Rós og Hildur Hörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HERDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR,**
**Borgarnesi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð að kvöldi mánudagsins 22. janúar.
Útförin verður auglýst síðar.
Aðstandendur færa starfsfólki Brákarhlíðar sérstakar þakkir fyrir hlýju, alúð og umhyggju.

**Gréta E. Pálsdóttir** **Ægir Ellertsson**
**Herborg Pálsdóttir** **Úlfar Guðmundsson**
**Einar G.G. Pálsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**Snorri Páll Davíðsson** **Iris Hansen**
**Atli, Hjalti, Gunnhildur, Herdís, Hildur,**
**Guðrún, Nanna, Gréta, Elín, Páll og fjölskyldur**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MATTHILDUR JÓHANNA JÓNSDÓTTIR,**
**Hrafnistu, Hafnarfirði,**

lést miðvikudaginn 10. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Bylgjuhrauns fyrir umhyggju og hlýju í hennar garð.

**Margrét S. Jónsdóttir**
**Gréta Kjartansdóttir** **Matthías H. Guðmundsson**
**Birgir Svan Eiríksson**
**Ólafur Ragnar Halldórsson** **Sigurveig Sigurdórsdóttir**
**Sigríður Jenný Halldórsd.** **Guðjón Steinar Sverrisson**
**ömmu- og langömmugullin**

# Margrét Sigurjóna Sigurðardóttir



**✝ Margrét Sigurjóna Sigurðardóttir, alltaf kölluð Sigga Magga, fæddist á Siglufirði 9. júní 1944. Hún lést á Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki 14. janúar 2024.**

**Foreldrar hennar voru hjónin Sigurður Anton Einarsson, vélstjóri og bóndi á Fitjum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, f. 12. apríl 1906, d. 27. nóvember 1968, og Helga Steindórsdóttir, húsmóðir og bóndi, f. 21. júlí 1918, d. 1. ágúst 1994.**

**Sigurður og Helga eignuðust sjö börn saman en Sigurður átti einnig tvö börn áður, Hafliða, sem er látinn, og Önnu Sigurbjörgu. Hin eru Steindór, sem er látinn, Anna, Heiða, Sigurður, Sigmundur Einar og Ástríður Helga.**

**Sigga Magga ólst upp á Fitjum í Skagafirði, en flutti á Sauðárkrók og bjó þar alla tíð.**

**Hinn 14. ágúst 1966 giftist Sigga Magga Eiríki Sigurðssyni, f. 5. júlí 1942. Þau skildu. Synir þeirra eru:**

**1) Sigurður Sigfús, f. 12. apríl 1965, kvæntur Ágústu Jóhannsdóttur, börn þeirra eru Eiríkur, kvæntur Mandy Jane Sebola. Sonur Eiríks er Eric Daniel; Margrét Sigurjóna, kærasti Andri Miller, börn Tristan Elí Hjálmarsson og Gabriella Dröfn Þrastardóttir; Sædís Dröfn, gift Birki Rafni Guðjónssyni, þeirra börn eru Sölvi Snær og Sóldís Eva; Ingibjörg Veiga, kærasti Ísak Logi Gunnarsson.**

**2) Ásgeir Sævar, f. 25. desember 1967, kvæntur Tinnu Ösp Brooks Skúladóttur. Börn Ásgeirs og Margrétar Sigríðar Hjálmarsdóttur eru: Arnar Þór, sambýliskona Júlíana Kristný Sigurðardóttir, barn þeirra er Emilía Ýr; Rakel Ósk, kærasti Benjamín Pálsson.**

**Synir Tinnu eru: Ísak Skúli Albertsson; Baltazar Ernir Albertsson, kærasta Camilla Mist Primel.**

**Sigga Magga starfaði í fyrstu við verslunarstörf í Gránu, síðar í frystihúsi, þá í bakaríinu á Sauðárkróki. Hún var dagmóðir í nokkur ár, vann í raftækjaverslun í Skagfirðingabúð, Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, sambýli fyrir fatlaða og skammtímavistun.**

**Sigga Magga var mikil hannyrðakona, seldi og gaf prjónavörur til margra ára, meðal annars eigin vörur, og vann í Galleý Alþýðulist í Varmahlíð.**

**Sigga Magga var einnig mjög liðtæk í matar- og kökugerð og var mörgum innanhandar við veisluhöld.**

**Útför hennar fer fram frá Sauðárkrókskirkju í dag, 25. janúar 2024, klukkan 14. Streymt verður frá athöfninni á facebooksíðu Sauðárkrókskirkju:** https://mbl.is/go/jvsrh

Elsku yndislega og fallega amma mín.

Þetta er allt svo óraunverulegt ennþá, að nú sértu farin og eina sem eftir er séu minningarnar um þig. En sem betur fer eru þær margar.

Þú varst alltaf svo dugleg að brasa með manni, allar ferðirnar sem við fórum saman í Lýtó, í heimsókn til Huldu á Nautabúi og Rósu og Indriða á Hvíteyrum. Allir sumardagarnir sem við eyddum í garðinum þínum, setja niður blómin, slá grasið, snyrta trén, verkin voru mörg á hverju sumri enda áttir þú alltaf fallegasta garð Skagafjarðar.

Þú hafðir gaman af því að föndra alls konar skemmtilegt og mér til mikillar gleði varstu alltaf til í félagsskap, allar stytturnar sem við máluðum, jólaskrautið sem við saumuðum, allar peysurnar sem þú prjónaðir handa okkur.

Þú töfraðir fram fallegustu og bestu kökurnar, heilu fermingarveislurnar, jólaísinn, jólasmákökurnar og bestu sulturnar. Þú kveiktir mikið í tónlistaráhuganum hjá mér og hvattir mig alltaf áfram, studdir við mann í öllu því sem maður tók sér fyrir hendur, alltaf mætt á alla fótboltaleiki og fótboltamót, tónleika, leikrit með skólanum og bara hvað sem var, þar varst þú mætt og svo stolt alltaf. Tókst mann með þér í vinnuna sem þú sinntir svo vel og hafðir svo gaman af og kenndir mér svo margt.

Þú varst alltaf að og gerðir allt svo vel.

Ég er svo þakklát fyrir allar stundirnar sem ég átti með þér, og verð þér ævinlega þakklát fyrir allt sem þú kenndir mér og gafst mér. Þú varst dugnaðarforkur mikill og ég mun stolt halda minningu þinni á lofti og segja börnunum mínum frá hversu stórmagnaða langömmu þau áttu.

Þar til næst elsku amma mín,
Þín

**Sædís Dröfn.**

Þá hefur Margrét systir mín kvatt þessa jarðvist. Hún var næstelst okkar systkinanna frá Fitjum, var níu árum eldri en ég og því kannski ekki svo mikið samneyti okkar á milli þegar ég var lítil, nema hún hefur þurft að passa yngstu systur sína, sem kannski hefur ekki verið neitt sérlega skemmtilegt. Hún fór auk þess snemma að heiman í vinnu eins og títt var í þá daga. Hún settist að á Króknum, eins og Sauðárkrókur var kallaður á málfari Skagfirðinga. Ég man eftir einu eða tveimur skiptum sem ég hef líklega verið send í Krókinn, að öllum líkindum með mjólkurbílnum, rétt eins og mjólkurbrúsarnir, þar sem Sigga Magga, eins og hún var alltaf kölluð, tók á móti mér. Erindið líklega að fara til læknis, því ekki var verið að transporta einhverja skemmtireisu að þarfleysu. Sigga Magga ætlaði að gera mjög vel við mig og gaf mér íspinna, en krakkinn, sem ekki hafði alist upp við ísát, kunni lítt að meta hann. Einnig fór hún með mig í klippingu, líklega til Valda rakara, og var hársnyrtingin stuttur þverklipptur toppur, sem krakkinn kunni heldur ekki að meta og hefur hún að öllum líkindum fengið aðstoð eldri bræðra við það mat.

Þegar ég var lítil var æðsta óskin að fá bækur í jólagjöf, en ekki var mikið um bókagjafir í sveitinni. Sigga Magga passaði vel upp á að sú ósk rættist á hverju ári og fékk ég allar Öddubækurnar og fleiri skemmtilegar bækur.

Þegar ég var skorin upp og botnlanginn fjarlægður sat Sigga Magga yfir mér þegar ég vaknaði af svæfingunni og mikið var gott að sjá kunnuglegt andlit, sem auk þess aðstoðaði mig við að æla eftir svæfinguna. Svona má lengi telja, hún var alltaf boðin og búin að aðstoða og hlaupa í skarðið.

Sigga Magga bauð mér í stórskemmtilegt ferðalag á Strandirnar, en þangað hafði ég aldrei komið. Fórum við alla leið norður í Eyri við Ingólfsfjörð og skoðuðum gömlu síldarverksmiðjuna, en þá var ekki svo mikið farið að hrófla við henni svo við sáum gamlar innleggsnótur, tilraunaglös og „hvítan“ slopp hangandi bak við hurð og ýmislegt í þeim dúr.

Þegar ég var að byrja í guðfræðináminu greindist ég með krabbamein stuttu fyrir jólin og ekki stóð á Siggu Möggu. Hún hringdi og sagði: „Ég er að koma,“ síðan reddaði hún vinnunni sinni og kom í hvelli, var hjá krökkunum mínum á meðan ég var á spítalanum í aðgerð. Þegar ég kom svo heim var hún bæði búin að baka fyrir jólin og þrífa. Hún hafði líka hóað saman fólki úr stórfjölskyldunni og steikt laufabrauð á línuna. Það munaði alltaf um Margréti þar sem hún var. Þegar ég var svo í starfsþjálfun hjá þáverandi sóknarpresti á Króknum hýsti hún mig og hélt mér uppi á fríu fæði og húsnæði.

Ég get aldrei fullþakkað Margréti systur minni og kveð hana nú þegar hún hefur kvatt þennan heim.

Sonum hennar og fjölskyldum þeirra votta ég innilega samúð mína. Blessuð sé minning Margrétar systur minnar, minning hennar lifir.

**Ástríður (Ásta).**

Nú hefur hún Sigga Magga móðursystir skyndilega kvatt þennan heim. Við systur minnumst hennar með mikilli hlýju og væntumþykju. Engin okkar var fermd öðruvísi en hún kæmi suður til að baka og græja aðrar veitingar svo úr urðu stórkostleg hlaðborð. Þá var alveg sama hvað fyrirvarinn var lítill á heimsóknum norður á Krók, alltaf tók hún á móti manni með hlöðnu veisluborði, oftast heimabökuðu. Engin okkar hefur gleymt risastóru eggjabökkunum og heimabakaða bakkelsinu sem hún sendi ítrekað suður eða Royal-búðingum sem hún sendi í kassavís til Brynju til Svíþjóðar. Hún var líka mætt, fyrst allra, þegar mamma fékk nýrnasteina og þurfti í aðgerð, til að halda utan um krakkahrúgu systur sinnar. Í Smáragrundina vorum við alltaf velkomnar hvort sem var til að beiðast gistingar vegna ballsóknar í fjórðungnum eða í öðrum tilgangi. Þá prjónaði Sigga Magga meira en nokkur sem við höfum þekkt. Ekki bara á sitt fólk (okkur meðtaldar), heldur prjónaði hún og seldi ferðamönnum. Stóð vaktina í handverkshúsinu frammi í Varmahlíð ófá sumrin. Hún tók þá elstu okkar að sér um nokkurra vikna skeið árið 1972 þegar næsta systir fæddist. Krakkanum var skilað sílspikuðum svo það þurfti nýjan alfatnað að dvöl lokinni enda stóð henni allt á beini og hún búin að standa á blístri svo vikum skipti. Hægt var að launa þá umönnun fyrir nokkrum árum þegar þær frænkur tóku garðinn í Smáragrundinni í gegn, hreinsuðu illgresi, klipptu tré, snyrtu beð og kjöftuðu og prjónuðu á kvöldin. Sigga Magga var allt það sem hægt er að óska sér í móðursystur. Hlý, örlát og stútfull af góðvild og gæsku í okkar garð. Og átti alltaf nóg að borða. Takk fyrir allt.

**Helga Sigrún, Brynja Björk og Harpa Lind.**

Hún Sigga Magga, sem var nánast frænka okkar, hefur kvatt okkur. Sigga Magga var gift honum Eiríki sem er yngri bróðir pabba okkar. Algjör kjarnakona sem tók alltaf á móti okkur með opinn faðminn. Þegar við birtumst á Króknum og komum við í Smáragrundinni var alltaf á boðstólum bakkelsi af bestu sort, enda Sigga Magga afbragðsbakari með meiru. Henni var svo ansi margt til lista lagt.

Ég (Þór) var ansi mikið hjá Siggu Möggu og Eiríki á mínum yngri árum enda á sama reki og Siggi og Ásgeir synir þeirra. Það voru á þeim tíma margir rúntar teknir út á Eyri á K-600, brúna Mustangnum, með Mannakorn á fullu. Eins fram í Fitjar en þar bjó Helga móðir Siggu Möggu og var ég nokkur sumur þar í sveit.

Já, hún Sigga Magga var alltaf svo hress og kraftmikil. Hún var stundum í nokkrum störfum í einu og taldi það sannarlega ekki eftir sér. Hún var svo annáluð prjónakona.

Við leiðarlok viljum við systkinin þakka henni Siggu Möggu fyrir alla alúðina og ljúfa samfylgd í gegnum lífið.

**Margrét, Sigurður og Þór Sigurgeirsbörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURJÓN BJARNASON**
**frá Viðborðsseli,**
**Víkurbraut 30,**
**Höfn,**

lést laugardaginn 20. janúar á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði.
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurbjörg Sigurjónsdóttir**
**Ásdís E. Sigurjónsdóttir Ragnar Jónsson**
**Elvar Þór Sigurjónsson Elínborg Baldursdóttir**
**og fjölskyldur**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN HINRIK NÍELSSON**
**hæstaréttarlögmaður,**
**Stekkjarflöt 12,**
**Garðabæ,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 11. janúar.
Útför hans fer fram í Vídalínskirkju fimmtudaginn 1. febrúar klukkan 13.

**Þórdís Gústavsdóttir**
**Steinunn Jóhannsdóttir Torfi Þórhallsson**
**Borghildur Jóhannsdóttir Tryggvi Þorsteinsson**
**Jóhann Hinrik og Victoria, Ingimar og Katla, Björn Gústav, Sandra og Atli, Þórdís, Ragnheiður**
**og barnabarnabörn**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÁKON ÞORVALDSSON,**
**Njarðarvöllum 6,**
**Reykjanesbæ,**

lést á Hrafnistu Nesvöllum laugardaginn 20. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 6. febrúar klukkan 13.

**Birgir Vilhjálmsson Ólafía Sigríður Friðriksdóttir**
**Hildur Hákonardóttir Hákon Matthíasson**
**Hilmar Hákonarson Þórunn Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

✝



Ástkær móðir okkar, amma, dóttir, systir tengdamóðir og tengdadóttir,

**STEINUNN JÓHANNA SIGFÚSDÓTTIR,**
**Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 18. janúar.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 2. febrúar klukkan 13.

**Jökull Steinan Björgvinsson**
**Stefán Ægir Björgvinsson**
**Sigríður Karen Björgvinsdóttir**
**Sigríður Sigursteinsdóttir**
**Björgvin Sigmar Stefánsson**
**Hulda Karen Ólafsdóttir**
**barnabörn**
**bræður og makar**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI HINRIK SIGURÐSSON,**
**Garðheimum,**

lést í faðmi ástvina á Hrafnistu við Brúnaveg þriðjudaginn 16. janúar. Jarðarförin fer fram í Digraneskirkju mánudaginn 5. febrúar klukkan 13.
Starfsfólki Mánateigs, Hrafnistu, eru færðar alúðarþakkir fyrir umönnun og hlýju.

**Jónína Sigríður Lárusdóttir**
**Sigurður Björn Gíslason Sæunn Þórisdóttir**
**Kristín Helga Gísladóttir Sigurður Einar Þorsteinsson**
**Olga Björney Gísladóttir Davíð Gunnarsson**
**Jóna Björk Gísladóttir Jens Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

✝



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLVEIG GUÐRÚN**
**KRISTJÁNSDÓTTIR,**
**frá Mel í Staðarsveit,**
**síðast til heimilis í Sunnusmára 28,**
**Kópavogi**

lést 16. janúar.
Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 31. janúar klukkan 13.

**Linda Rós Arnarsdóttir Kjartan Fossberg Jónsson**
**Sigurbjörg Gunnarsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn**
**og aðrir aðstandendur**



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR MARÍA SIGMARSDÓTTIR**
**frá Seyðisfirði,**
**Eiðismýri,**
**Seltjarnarnesi,**

lést á Landakotsspítala mánudaginn 22. janúar.
Útför fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 30. janúar klukkan 15.

**Sigmar Guðbjörnsson   Jóhanna Ástvaldsdóttir**
**Þórunn Helga Guðbjörnsd.   Kristinn Svavarsson**
**Björgvin Guðbjörnsson   Kristín Jónsdóttir**
**Aðalheiður Ósk Guðbjörnsd.   Örn Valdimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR INGVI KRISTJÁNSSON,**
**Njarðarvöllum 6, Njarðvík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 16. janúar.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 26. janúar klukkan 12.

**Garðar Ólafsson   Aðalheiður Gestsdóttir**
**Inga Ósk Ólafsdóttir   Sigurvin Bjarnason**
**Heiða Ósk Jóhannsdóttir**
**Aron Burkni Andrason**
**Ólafur Ingvi Hansson   Erna Lind Teitsdóttir**
**Thea Liv Ólafsdóttir**
**Brynjar Þór Hansson   Salka Björt Kristjánsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HILDUR EIRÍKSDÓTTIR,**
**Fróðengi 3, Reykjavík,**

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 8. janúar á líknardeild Landspítalans.
Útför fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 29. janúar klukkan 13.

**Eiríkur Sveinbjörn Sigurðss.   Linda Hrönn Sigurðardóttir**
**Guðjón Ágúst Sigurðsson   Hjördís Vilhjálmsdóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir   Dagur Garðarsson**
**Hafdís Sigurðardóttir**
**Björk Sigurðardóttir   Rúnar Fjeldsted**
**Sigurður Heiðar Sigurðsson   Sigrún Inga Birgisdóttir**
**Vignir Már Sigurðsson   Lína Björg Tryggvadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn**



✝

Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**KRISTÍN BJÖRG HELGADÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**
**Suðurgötu 9,**
**Sauðárkróki,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki 13. janúar. Útför hennar fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 26. janúar klukkan 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sauðárkrókskirkju eða Krabbameinsfélag Íslands. Streymt verður frá útförinni á facebook-síðu Sauðárkrókskirkju.

**Ingimar Jóhannsson**
**Júlíana Ingimarsdóttir   Jón B. Kristjánsson**
**Salóme Sóley Ingimarsdóttir   Una Sjöfn Liljudóttir**
**Samúel Ingi Jónsson**
**Ingimar Skúli Báruson**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996
Auðbrekku 1, 200 Kópavogi
ALÚÐ VIRÐING TRAUST REYNSLA
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað
Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvændastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is | Dofrahellu 9b, Hafnarfirði | s: 565 5892

# Sigmundur Birgir Guðmundsson



✝ **Sigmundur Birgir Guðmundsson fæddist í Reykjavík 10. apríl 1937. Hann lést á Landspítalanum Fossvogi 14. janúar 2024.**

**Foreldrar hans voru Undína Sigmundsdóttir húsmóðir, f. í Vestmannaeyjum 6. júní 1912, d. 19. maí 1981 og Guðmundur Sölvason verslunarmaður, f. á Siglufirði 3. febrúar 1910, d. 17. júní 1995, síðast innheimtustjóri Sláturfélags Suðurlands.**

**Systir Sigmundar Birgis var Eygló Guðmundsdóttir, f. 14. desember 1935, d. 1. nóvember 2012.**

**Sigmundur Birgir kvæntist Guðrúnu Jónsdóttur 9. mars 1957. Guðrún er fædd á Stökkum á Rauðasandi 18. desember 1936. Hún er dóttir hjónanna H. Sigríðar Ólafsdóttur, húsmóður og saumakonu, f. 10. apríl 1908, d. 20. desember 1995 og Jóns Péturssonar, f. 31. janúar 1897, d. 26. júní 1943, bónda á Stökkum á Rauðasandi.**

**Bróðir Guðrúnar var Pétur Jónsson, f. 13. nóvember 1937, d. 25. apríl 2021.**

**Guðrún starfaði sem húsmóðir, verslunarkona og rak prjónastofuna Önnu um langt árabil.**

**Sigmundur Birgir og Guðrún eignuðust þrjú börn: 1) Jónína, f. 28. júní 1956. 2) Páll, f. 22. mars 1961, kvæntur Sigrúnu Fanndal Sigurðardóttur, f. 21. júní 1961. Synir þeirra eru: a) Sigurður Freyr, f. 26. desember 1986, d. 20. apríl 1997, b) Páll Axel, f. 29. júní 1988, unnusta hans er Nanna Beck Holme, f. 6. september 1984. Dóttir þeirra er Billie Beck, f. 16. nóvember 2022. c) Daníel Freyr, f. 5. september 1998. 3) Undína, f. 28. október 1963, gift Jóhanni Þór Halldórssyni, f. 12. júní 1957. Börn þeirra eru: a) Karen, f. 10. júní 1984, gift Birgi Urbancic Ásgeirssyni, f. 22. janúar 1987. Börn þeirra eru Stirnir, f. 24. mars 2018, Ynja, f. 18. desember 2019 og Myrra, f. 26. apríl 2022. b) Birgir Þór, f. 26. apríl 1988, unnusta hans er Tinna Gunnlaugsdóttir, f. 21. janúar 1985. Börn þeirra eru Eiður Jack, f. 28. apríl 2005, Bertha Margrét, f. 27. júlí 2015 og Tara Geirrún, f. 12. ágúst 2018. c) Tanja Rún, f. 31. maí 1990, unnusti hennar er Vilmundur Jónsson, f. 24. ágúst 1988. Dóttir þeirra er Undína Sif, f. 15. janúar 2023.**

**Sigmundur Birgir stundaði nám í Austurbæjarskóla, Gagnfræðaskóla Austurbæjar og Iðnskólanum, þar sem hann lauk námi í pípulögnum.**

**Hann starfaði sem pípulagningameistari og rak sitt eigið fyrirtæki til fjölda ára. Sigmundur starfaði í seinni tíð við akstur hópferðabifreiða, fyrst hjá Guðmundi Jónassyni þar sem hann ók ferðamönnum um landið og síðar fyrir Kynnisferðir en þar ók hann aðallega flugáhöfnum.**

**Hann var einnig virkur félagi í Björgunarsveitinni Ingólfi til margra ára.**

**Sigmundur Birgir hafði gaman af því að ferðast, bæði innanlands sem og utan og hann var mikill tónlistarunnandi og þá einna hrifnastur af klassískri tónlist og djassi.**

**Útför Sigmundar Birgis fer fram frá Kópavogskirkju í dag, 25. janúar 2024, kl. 13.**

Vertu ekki grátinn við gröfina mína
góði, ég sef ekki þar.
Ég er í leikandi ljúfum vindum,
ég leiftra sem snjórinn á tindum.
Ég er haustsins regn sem fellur á fold
og fræið í hlýrri mold.

Í morgunsins kyrrð er vakna þú vilt,
ég er vængjatak fuglanna hljótt og stillt.
Ég er árblik dags um óttubil
og alstirndur himinn að nóttu til.
Gráttu ekki við gröfina hér –
gáðu – ég dó ei – ég lifi í þér.
(Höf. ók.)

Elsku hjartans pabbi minn, takk fyrir allt.

Þín

**Undína.**

Elsku afi.

Það er sárt að þú sért farinn. Þú varst ein sú ljúfasta og yndislegasta manneskja sem hægt er að kynnast og minningarnar um þig munu lifa með mér.

Þú fræddir mig um svo margt, bæði um Ísland, en líka um hvernig hlutirnir voru í gamla daga.

Ég minnist stundanna þegar þú og amma heimsóttuð okkur til Danmerkur. Þú varst alltaf svo glaður þegar þú heimsóttir okkur og talaðir oft um hversu vel þér liði hjá okkur. Sérstaklega minnist ég þess þegar við héldum upp á áttræðisafmælið þitt sem yndislegan dag.

Elsku afi, þú verður alltaf í hjarta mínu enda elskulegasti afi sem hægt er að óska sér.

**Daniel Freyr.**

Elsku afi minn, farinn í sumarlandið. Það var erfitt að fá fréttirnar að þú værir búinn að kveðja snemma morguns þann 14. janúar. Það gafst enginn tími til að kveðja þig, svo snögglega bar þetta að, en vonandi vissir þú hversu mikilvægur þú varst. Ég hugga mig við það að okkar síðasta stund saman var ljúf og þar vorum við bara tvö í ró og næði og ræddum um heima og geima.

Þið amma voruð einfaldlega best. Þið voruð óþrjótandi í að taka okkur systkinin með í alls konar, hvort sem það var í sumarbústað, tónleika, Þingvallarúnt til að skoða haustlitina, ísbíltúr eða sund. Alltaf var pláss fyrir okkur og alltaf var tími fyrir okkur. Það eru forréttindi að eiga svona gott og náið samband við afa sinn og ömmu. Við áttum í ykkur sanna vini sem voru alltaf til í fjör með barnabörnunum.

Mikið var svo gaman að fylgjast með sömu ást og umhyggju í garð Birgis míns og síðar langafabarnanna þegar þau mættu eitt af öðru. Börnin mín eiga í sínum hjörtum fallegar minningar um góðan langafa sem við munum halda á lofti um ókomna tíð.

Það er tómleiki og sorg í hjartanu þessa dagana en á sama tíma svo mikið þakklæti.

Takk elsku afi minn fyrir að standa alltaf við bakið á mér og takk fyrir að vera alltaf stoltur af mér. Takk fyrir að vera svo stór partur af mínu lífi og ég þakka fyrir að hafa átt ykkur ömmu að. Ég vissi alltaf að hlýr faðmurinn og stórt innilegt bros tæki á móti mér þegar ég kom á ykkar heimili, sem mér fannst alltaf vera mitt annað heimili og finnst enn í dag.

Elsku afi, við pössum upp á elsku ömmu, sem þú elskaðir svo heitt.

Þangað til við hittumst aftur,

þín

**Karen.**

### HINSTA KVEÐJA

Elsku langafi, þú varst svo góður langafi og við elskum þig. Takk fyrir samverustundirnar okkar og lífið allt.

Þínar langafastelpur,

**Bertha Margrét og Tara Geirrún.**

Elsku langafi, takk fyrir að vera svona góður við okkur. Við söknum þín og við söknum að fá kökur og mjólk hjá þér, spila veiðimann og leika með þér með babúskuna.

Við vonum að þér líði vel núna í fótleggnum þínum.

Þín langafabörn,

**Stirnir, Ynja og Myrra.**

Eitt er víst í þessu lífi að við fæðumst og við deyjum. Að hugsa til þess að kveðja þig afi í síðasta skipti er nokkuð sem ég á erfitt með að koma orðum að. Það sem ég tek með mér úr þessu ferðalagi er að hafa fengið þann heiður að lifa í 35 ár með afa mér við hlið. Það sem þú gerðir fyrir okkur, kenndir okkur og sýndir okkur eru forréttindi og ekki eru allir svona heppnir eins og ég með afa. Þessi mikla persóna sem þú varst var aðdáunarverð, þú varst bæði ákveðinn, harðduglegur en samt svo tilfinningaríkur. Áhuginn sem þú sýndir okkur barnabörnunum var aðdáunarverður, þú spurðir spurninga sem maður vissi varla svarið við þótt þú hafir spurt um eitthvað sem viðkom mér. Mér áskotnaðist sá heiður að gera þig að langafa, stoltari mann var varla hægt að finna, þú varst næstum stoltari en nýbakaður faðirinn, svo mikil var ást þín á fjölskyldunni.

Ég gæti talið upp í allan dag þær ógleymanlegu stundir sem við áttum saman, en vesturferðin með ykkur ömmu og Tönju systur er þar sennilega stærst. Ferðalag um Vestfirðina á stórum breyttum jeppa fyrir 15 ára jeppaáhugamann var svakaleg upplifun og heyra þig þylja upp kennileitin um allan Vestfjarðakjálkann er stór minning sem ég mun aldrei gleyma.

Skarðið sem þú skilur eftir þig elsku afi verður aldrei fyllt en ég mun gera mitt allra besta í því að halda minningu þinni á lofti fyrir börnin mín sem dáðu þig og elskuðu.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.
(Bubbi Morthens)

Þangað til næst afi minn,

**Birgir Þór.**

Elsku afi.

Mér finnst svo óraunverulegt að skrifa þessi síðustu orð frá mér til þín og bíð eftir því að vakna upp af þessari martröð, hendast upp í bíl og renna yfir heiðina til þín og ömmu í kaffi og spjall. Sú er hins vegar ekki raunin og er þetta blákaldur veruleikinn, að ég muni ekki fá að sjá himinbláu augun þín, uppljómað andlitið og fá hlýja knúsið frá þér aftur þegar ég horfi upp stigaganginn á leið minni upp í íbúð til þín og ömmu á Kársnesbrautinni. Mikil eru forréttindin að hafa átt svona góðan afa og dýrmætan vin og fylgjast að í gegnum í lífið í 33 ár.

Eftirminnilegar eru allar stundirnar sem við áttum saman, þegar ég beið uppi í gluggakistu með Táslu að fylgjast með þegar afi renndi eftir Kársnesbrautinni í lok vinnudags, brosti og veifaði þegar hann sá okkur. Þegar við gæddum okkur á ristabrauði með sultu og osti, súkkulaðiköku og mjólk. Allir göngutúrarnir, ísbíltúrarnir, ferðalögin, Rauðasandsferðirnar og svo ótalmargar fleiri minningar. Ein skemmtilegasta ferðin var Vestfjarðahringurinn með ykkur og Birgi bróður.

Að hafa ykkur ömmu á hliðarlínunni allt mitt líf, við áhugamál og nám hérlendis og erlendis, var ómetanlegt, og sunnudagarnir okkar þegar við spjölluðum saman um heima og geima. Þú varst alltaf svo stoltur af þeim áföngum sem ég náði og aldrei vantaði upp á stuðninginn. Fylgdust þið amma stolt með þegar ég tók við prófskírteininu og loksins orðin dýralæknir. Að loknu námi reyndum við að halda í hefðina okkar með vikulegum samtölum þar sem ég flutti austur fyrir Selfoss. Alltaf tókstu Villa mínum svo vel, hafðir mikið dálæti á honum og varst svo kátur með hversu góðan mann ég nældi mér í. Mikið varstu síðan stoltur þegar Undína Sif fæddist og þú fréttir að hún myndi fá að bera nafn langalangömmu sinnar sem og ömmu.

Ég mun aldrei gleyma síðasta skiptinu þegar við sátum saman og þú rifjaðir upp fyrir mér stundina þegar þú sást ömmu í fyrsta skipti á balli en þarna var komin fallegasta manneskja sem þú hafðir nokkurn tímann séð, og varst ákveðinn í því að þetta yrði þinn lífsförunautur. Þið amma voruð heppin hvort með annað, bestu vinir og sálufélagar í 70 ár. Skarðið sem þú skilur eftir þig er stórt og sorgin er mikil en elsku afi, við munum passa vel upp á ömmu. Ég kveð þig með miklum söknuði en ég veit að nú ertu laus undan verkjum og hleypur um Kársnesið með Táslu og Mollý, tyllið ykkur á stein og horfið út sjóndeildarhringinn á Snæfellsjökul uppljómaðan í sólsetrinu, hvert með sinn ísinn.

Þangað til við hittumst aftur, góða ferð elsku afi.

Umhyggju og ástúð þína
okkur veittir hverja stund.
Ætíð gastu öðrum gefið
yl frá þinni hlýju lund.

Gáfur prýddu fagurt hjarta,
gleðin bjó í hreinni sál.
Í orði og verki að vera sannur
var þitt dýpsta hjartans mál.
(Ingibjörg Sigurðardóttir)

Meira á https://mbl.is/andlat

Þín

**Tanja, Vilmundur (Villi) og Undína Sif.**



✝

Okkar ástkæri

**BJARNI BJARNASON,**
**leiðsögumaður og kennari,**

lést mánudaginn 15. janúar.
Útför hans fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 30. janúar klukkan 13.

**Jakobína Davíðsdóttir**
**Jóhann Guðjón Bjarnason**
**Margrét Rut Bjarnadóttir**
**og aðrir ástvinir**

# Margrét Á. Hrafnsdóttir og Frímann Grímsson



**✝ Frímann Grímsson fæddist 20. desember 1958. Hann lést 5. janúar 2024 af slysförum.**

**Foreldrar Frímanns eru Grímur Sigurgrímsson, f. 16. ágúst 1935, d. 28. apríl 2019, og Elín Frímannsdóttir, f. 26. nóvember 1935, d. 29. júní 2002.**

**Systkini Frímanns eru Jón Grímsson, f. 8. desember 1959, Hrafnhildur Grímsdóttir, f. 13. febrúar 1961, og Ingibjörg Grímsdóttir, f. 8. nóvember 1964. Hálfbróðir Frímanns sammæðra er Hallgrímur Georg Guðbjörnsson, f. 16. desember 1953, d. 1976.**

**Margrét Á. Hrafnsdóttir fæddist 29. ágúst 1960. Hún lést af slysförum 5. janúar 2024.**

**Foreldrar Margrétar eru Hrafn Sveinbjörnsson, f. 28. janúar 1937, og Sigríður Ólafsdóttir, f. 8. október 1937, d. 11. apríl 1986. Seinni eiginkona Hrafns er Elín Alice Eltonsdóttir, f. 15. maí 1946, d. 10. júní 2021.**

**Systkini Margrétar eru Óli Kristinn Hrafnsson, f. 12. ágúst 1956, Ágúst Sigurður Hrafnsson, f. 13. febrúar 1958, Sveinbjörg Hrafnsdóttir, f. 14. mars 1962, Kristín Mary Hrafnsdóttir, f. 10. ágúst 1967, og Birna Hrafnsdóttir, f. 30. apríl 1972.**

**Börn Frímanns og Margrétar eru Guðni Þór, f. 11. júní 1981, maki Sara Dögg Svansdóttir, f. 14. júní 1988, og Elín, f. 31. maí 1988, maki Helgi Karlsson f. 17. september 1986.**

**Barnabörn Frímanns og Margrétar eru Henning Smári Helgason, f. 3. mars 2014, Ólafía Ella Guðnadóttir, f. 5. desember 2014, Helen Elma Guðnadóttir, f. og d. 1. apríl 2019, Heiðdís Huld Helgadóttir, f. 15. janúar 2020, og Elma Eir Guðnadóttir, f. 17. maí 2020.**

**Meira á:** www.mbl.is/andlat

**Útför þeirra hjóna fer fram í Keflavíkurkirkju í dag, 25. janúar 2024, og hefst athöfnin klukkan 13.**

Fyrst heyrði ég í RÚV að banaslys hefði orðið á Grindavíkurvegi, en augnabliki síðar komu börnin mín og sr. Baldur vinur minn með þessa miklu sorgarfrétt. Hugurinn hefur verið á flugi síðan og sveiflast fram og til baka milli sárasta trega og margra hátíðarstunda. Þetta áfall án nokkurs fyrirvara ýfði upp sorgarstundir fjölskyldunnar, en það er huggun harmi gegn að minningin um hinar miklu gleðistundir, sem fjölskyldan hefur fagnað, lifir áfram.

Það er svo erfitt og tregablandið að trúa því og sættast við þá staðreynd að Magga og Frímann skyldu hverfa svona skyndilega frá okkur. Þar er harmur barna þeirra og barnabarna þyngstur og sárastur söknuður.

En það sem eftir situr og verður aldrei frá okkur tekið er hin yndislega minning sem fjölskyldan geymir hjá sér um þau hjónin.

Faðir vor, þú sem ert á himnum.
Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,
verði þinn vilji, svo á jörðu sem á
himni.
Gef oss í dag vort daglegt brauð
og fyrirgef oss vorar skuldir,
svo sem vér og fyrirgefum
vorum skuldunautum.
Eigi leið þú oss í freistni,
heldur frelsa oss frá illu.
Því að þitt er ríkið, mátturinn og
dýrðin að eilífu.
Amen.

Brostin vinaböndin,
blessuð minning lifir.
Drottins hjálparhöndin
heilög vaki yfir.
(HÞ)

Óska börnum þeirra gæfu og gengis í gegnum þessa miklu sorg.

F.h. systkina minna og annarra náinna ættingja,

**Hrafn Sveinbjörnsson.**

Þann 5. janúar fékk ég þær erfiðu fréttir að elsku stóra systir mín og Frímann mágur minn hefðu látist í hræðilegu umferðarslysi. Þau hafa verið kletturinn minn og tilbúin að hjálpa okkur í gegnum allt. Þau voru alltaf tilbúin að leyfa Siggu minni og Konna mínum að gista hjá sér. Þegar ég sótti Konna á leikskólann þá var hann ekki sáttur ef við stoppuðum ekki alla daga á Eyjavöllunum hjá Möggu frænku. Það var erfitt fyrir Konna minn þegar þau fluttu á Bakkafjörð. Við fórum þangað í heimsókn og sögðum Konna að við værum að fara á Húsavík og hann spurði oft hvort við værum að verða komin, en þegar við keyrðum upp að húsinu þeirra þá heyrðist í honum „pabbi, þetta er ekki Húsavík“, en svo sá hann bílinn þeirra og gleðin var mikil að vera loksins kominn til Möggu sinnar og Frímanns. Við nutum tímans vel með þeim. Það var alltaf gott að koma til þeirra og spjalla.

Það er mikill missir og erfiðir tímar en margar hlýjar minningar sem ég á og mun ylja mér við næstu árin. Minning um þessi fallegu hjón mun lifa áfram í börnum og barnabörnunum þeirra. Ég mun halda minningu þeirra á lofti með því að rifja upp allar þær minningar sem ég á og gefa áfram alla þá ást sem þau gáfu mér. Elsku Guðni Þór minn, Elín mín og fjölskylda, ég sendi ykkur allan minn styrk á þessum erfiðu tímum, elska ykkur um aldur og ævi.

Mér finnst ég varla heill né hálfur
maður
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef værir þú hjá mér vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það en samt ég verð að
segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur með blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Fundið stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það en samt ég verð að
segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það næðir hér
og nístir mig.
(Vilhjálmur Vilhjálmsson)

**Kristín Marý (Stína), litla systir.**

## Margrét Á. Hrafnsdóttir

Fallin eru frá einstök hjón, Magga frænka og Frímann. Þær eru ófáar minningarnar sem ég á heiman frá þeim á Eyjavöllunum þegar ég var lítil, sérstaklega þegar ég fékk að sofna í vatnsrúminu sem var mest spennandi, þegar Magga benti mér á það að nægur matur væri til og ég ætti að hætta að naga á mér táneglurnar yfir sjónvarpinu.

Þegar ég fór í heimsókn til þeirra á Bakkafjörð og fór í jeppaferð með Frímanni og fékk að prufa í fyrsta skiptið að fara á vélsleða.

Svo þegar ég er orðin fullorðin og við hjónin nýbúin að kaupa okkur gamalt hús svo það sé nóg af plássi fyrir barnahópinn okkar þá koma þau eitt kvöldið til að óska okkur til hamingju og segja mér hvað þau séu stolt af mér.

Ég heyri enn hláturinn þegar ég hugsa til þeirra og mun halda minningu þeirra á lofti. Með sorg í hjarta og tár á hvarmi kveðjum við ykkur kæru hjón. Við munum halda áfram að minnast ykkar með gleði í hjarta og dreifa þeirri ást sem þið gáfuð mér áfram um ókomna tíð.

Elsku Guðni Þór, Elín og fjölskylda, sendi ykkur alla mína ást og styrk á þessum erfiðu tímum.

Minning þín er mér ei gleymd;
mína sál þú gladdir;
innst í hjarta hún er geymd,
þú heilsaðir mér og kvaddir.
(Káinn)

**Sigríður Inga Eysteinsdóttir.**

Í dag fylgjum við okkar kæru vinkonu Margréti síðasta spölinn en hún kveður okkur alltof snemma og skjótt. Þessi kveðjustund er sárari en orð fá lýst en við urðum báðar þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að kynnast og starfa með Möggu okkar á Hjallastefnuleikskólanum Sólborg í Sandgerði.

Magga starfaði fyrst í systurskóla okkar, Gimli í Reykjanesbæ, en hóf störf hjá Hjallastefnunni á leikskólanum Akri í Reykjanesbæ og starfaði þar um tíma eða þar til Hjallastefnan tók við rekstri á Sólborg. Þar var Magga beðin um að vera matráður í nýjum skóla og vann þar, með stuttu hléi, þar til hún féll frá.

Við kynntumst Möggu þegar við hófum störf í Sandgerði og með okkur tókst fljótt vinskapur enda var hún áhugasöm, fjörug, skemmtileg og tók afar vel á móti okkur. Við komumst fljótt að því að Magga var næm á andann í húsinu og vissi hvað þurfti til að gleðja samstarfsfólk sitt. Hún sinnti starfi sínu af alúð og lagði sig fram um að hjálpa til ef eitthvað bjátaði á. Hún átti það til að vakna árla morguns og baka eitthvað gómsætt ef hún vissi að mannskapurinn þyrfti aukaorku. Hún var frábær matráður og vissi hvað það gladdi mikið að fá tilbreytingu þegar þess þurfti og sýndi umhyggju sína og stuðning með þessum fallega hætti.

Það var einmitt þessi umhyggja og áhugasemi sem var sérstaklega áberandi í fari hennar. Hún fylgdist með því sem við vorum að gera utan vinnu og spurði hvernig okkar fólk hefði það. Hún var okkur báðum mikil stoð þegar við hófum störf á Sólborg, réði okkur heilt og gladdi okkur með kímni sinni og gleði. Hún gaukaði að okkur heimagerðum lystisemdum og prjónuðum flíkum á börnin okkar og okkur og sýndi okkur óendanlega elskusemi. Möggu var umhugað um skólann sinn og hún vann ýmis textílverkefni fyrir skólann auk þess sem Frímann kom gjarnan til að dytta að hinu og þessu.

Hún var afar stolt af sínu fólki og lagði mikla rækt við fjölskylduna. Hún deildi gleðinni með öðrum og sagði okkur fréttir af fjölskyldunni allri, Frímanni, börnum og barnabörnum. Magga og Frímann voru samheldin hjón og deildu áhugamálum eins og ferðalögum og hjólreiðum og nutu þess að vera saman. Þau voru okkur yngra fólkinu góð fyrirmynd hvað þetta varðaði og við dáðumst að þessum sómahjónum sem áttu svo góðar stundir saman.

Við kveðjum dásamlega vinkonu og minnumst hennar fyrir allan hláturinn, alla hlýjuna, allan góða matinn, fyrir öll ráðin og stuðninginn, allt spjallið og vinskapinn. Hennar verður sárt saknað og hún mun alltaf eiga stað í hjarta okkar.

Fyrir hönd Hjallastefnunnar þökkum við Möggu fyrir allt og sendum börnum hennar og fjölskyldunni allri okkar dýpstu samúðarkveðjur vegna fráfalls Möggu og Frímanns. Við vitum að stórt skarð er höggvið í fallega hópinn ykkar en einnig í starfsfólkshópinn á Sólborg og við sendum hlýjar kveðjur þangað.

**Hanna J. Þórsteinsdóttir og Ásdís Eydal, leikskólastýrur.**

Á stundu sem þessari setur okkur hljóðar og við hugsum um allar þær minningar sem við eigum tengdar Möggu. Minningarnar tengja okkur líka við fjölskyldu hennar sem var henni svo dýrmæt. Þau hjón Magga og Frímann voru ávallt svo samrýnd og hún talaði alltaf af stolti um börnin sín, þau Elínu og Guðna Þór, og hvað þau voru að hafast að hverju sinni.

Árið 2007 réðum við okkur sem stjórnendur í nýjan leikskóla, Akur í Reykjanesbæ. Eitt af okkar fyrstu verkum var að setja okkur í samband við Möggu og fá hana til liðs við okkur sem matráð skólans.

Leiðir okkur höfðu áður legið saman. Við þekktum til hennar kosta, fagmennsku og hagsýni þegar kom að eldamennsku. Oft er talað um að eldhúsið sé hjarta skólans. Þar koma allir við, bæði kennarar og nemendur. Við vissum að við gætum treyst Möggu og að hún myndi verða okkur mikill stuðningur við uppbyggingu skólans.

Það kom fljótt í ljós hvað mannkostir hennar nutu sín vel í þessu starfi. Glaðværð, hláturmildi, léttlyndi, röggsemi, yfirsýn og traust voru ávallt í fyrirrúmi. Magga var hress og kát, dugleg og drífandi og hlutirnir voru aldrei neitt mál. „Þetta reddast!“ var viðkvæðið hjá Möggu.

Hún lagði sig fram við að kynnast bæði kennurum og nemendum og þótt skólinn væri stór gaf hún sér oft tíma til að fara inn á hvern kjarna í hádegismatnum, spjalla við nemendur og sjá hvað þau væru dugleg að borða matinn.

Á þeim fimm árum sem við störfuðum saman í nýjum skóla gerðum við margt til að efla vináttu og samskipti meðal starfsfólks. Það var farið í námsferðir erlendis og innanlands og einnig skundað í útilegur, en þar voru Magga og Frímann í lykilhlutverki enda mikið útilegufólk. Magga kom af röggsemi að skipulagi matarinnkaupa og Frímann spilaði á gítarinn yfirvegaður og kátur.

Starfsmannagleðin var fjölbreytt og skemmtileg og var Magga ávallt fremst í flokki í ýmsu skipulagi, sérstaklega þegar við starfsfólkið vorum að

SJÁ SÍÐU 58

✝



Ástkær systir, mágkona og frænka okkar,

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR**
**leikskólakennari,**

lést á Dvalarheimilinu Grund sunnudaginn 7. janúar.
Útför fór fram í kyrrþey 22. janúar.

**Sigfús A. Gunnarsson Kristín Siggeirsdóttir**
**Íris, Karen og börn**
**Jens Þór Jóhannsson Vicktoria Ann Cabatingan**
**Jóhann, Hjördís, Gunnar og Svala**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**FRIÐLEIFS STEFÁNSSONAR**
**tannlæknis.**

**Kristín Ástríður Pálsdóttir**
**Hildur Friðleifsdóttir Þorbjörn Jónsson**
**Stefán Friðleifsson Þóra Kristjana Einarsdóttir**
**Siv Friðleifsdóttir Gylfi Hammer Gylfason**
**Ingunn Mai Friðleifsdóttir Sigurgeir Ó. Sigmundsson**
**Árni Friðleifsson Hjördís Ýr Johnson**
**Friðleifur Friðleifsson Ólafía Kvaran**
**Ragnhildur G. Júlíusdóttir Theódór Sigurðsson**
**Helga R. Júlíusdóttir Bjarni Sigurðsson**
**Aðalsteinn M. Júlíusson**
**Edda Bára Kristínardóttir Sigurður Ástvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

✝



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar okkar og bróður sem lést erlendis föstudaginn 7. apríl 2023,

**DAMIANS KRISTINS SINDRASONAR,**
**Bleiksárhlíð 32,**
**Eskifirði.**

Sérstakar þakkir sendum við þeim sem aðstoðuðu okkur og styrktu við flutning Damians heim og útför.
Því styrktarfjármagni sem eftir er verður varið í fræðslu og forvarnir fyrir ungt fólk á Austurlandi sem glímir við fíknivanda og sjálfsvígshugsanir.
Minning elsku Damians mun lifa í hjörtum okkar.
Með virðingu,

Serdecznie dziękujemy wszystkim za okazane współczucie i wsparcie z powodu śmierci naszego ukochanego syna i brata.
Wyrażamy naszą głęboką wdzięczność wszystkim którzy wsparli nas finansowo w celu sprowadzenia Damiana do Islandii oraz zaangażowanie i pomoc w organizacji pogrzebu.
Czujemy się niesamowicie wdzięczni za okazaną życzliwość.
Wasza pomoc i obecność sprawiła, że ten trudny czas był dla nas łatwiejszy do zniesienia. Pozostała część środków ze zbiórki zostanie przeznaczona na cele edukacyjne oraz profilaktykę młodych ludzi na Wschodzie Islandii zmagających się z problemami uzależnień i myślami samobójczymi.
Z szacunkiem,

**Sindri Svavarsson Matgorzata Libera**
**Lilja Nína Libera Sindradóttir**

HARPA
ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir
s. 842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
s. 821 2045

Kirkjulundur 19 | 210 Garðabær
s. 842 0204 | www.harpautfor.is

# Margrét Á. Hrafnsdóttir og Frímann Grímsson

baka kleinur og kryddbrauð í fjáröflunarskyni fyrir ferðir.

Möggu var margt til lista lagt, hún eldaði ekki bara góðan mat og bakaði ilmandi brauð og kökur, hún var líka mjög lagin prjónakona og nutu margir góðs af því, þar með talin börnin okkar og í dag rifja þau upp minningar þegar Magga gaukaði að þeim kleinupoka eða ilmandi kryddbrauði með bros á vör.

Í dag kveðjum við elsku Möggu okkar hinstu kveðju, með sorg í hjarta en um leið þakklæti fyrir kynni okkar af þessari minnisstæðu vinkonu og samstarfskonu sem alltaf gaf meira en hún þáði.

Elskulegu Elín, Guðni Þór og fjölskyldur, missir ykkar er mikill, megi fallegar minningar um yndislega foreldra, tengdaforeldra, ömmu og afa umvefja ykkur og vera ykkur ljósið í sorginni.

**Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir og Sigurbjörg Eydís Gunnarsdóttir, fyrrverandi leikskólastjórar í leikskólanum Akri í Reykjanesbæ.**

### Frímann Grímsson

Undanfarnar vikur og mánuðir hafa verið óvenjulegir fyrir starfsemi okkar í Fjarskiptastöðinni við Grindavík, miklir jarðskjálftar, rýming bæjarins, samstarfsmenn úr Grindavík í mikilli óvissu og aðkoma að vinnustaðnum óregluleg. Við vorum á fullri ferð við að koma vinnustaðnum í gott lag eftir þessi ósköp og fremstur í flokki var Frímann enda drífandi og vildi koma rútínu í gang. Það var ekki hans að bíða heima, jafnvel þó náttúruöflin ættu í hlut.

Föstudaginn 5. janúar dundu ósköpin yfir, alvarlegt slys á Grindavíkurvegi og þar létust hjónin Frímann og Magga. Það er undarleg staðreynd sem erfitt er að sætta sig við og ýmsar spurningar vakna, minningar koma fram og tilgangur lífsins verður einhvern veginn annar.

Um þrjátíu ár eru frá fyrstu kynnum mín og Frímanns, hann var þá með eigin rekstur og ég ungur rafvirki sem var að vinna við verkefni á sömu stöðum og hann. Það var þó ekki fyrr en 2018 að ég kynntist Frímanni í raun, þegar ég var svo heppinn að ráða hann til vinnu við Fjarskiptastöðina í Grindavík. Þvílíkur happafengur að fá hann í hópinn okkar, duglegur, úrræðagóður, verklaginn og umfram allt virkilega skemmtilegur og góður samstarfsmaður. Frímann var þessi persóna sem alltaf var tilbúin að aðstoða aðra í vinnu og ekki síður utan vinnutíma. Þegar leita þurfti ráða var gott að eiga hann að og ekki stóð á aðstoðinni. Í kaffi- og matartímum voru málin rædd og var þá ekkert mönnum óviðkomandi, Frímann lá ekki á skoðunum sínum, hafði gaman af samtalinu og jafnvel meira gaman af því að ná mönnum upp í smá þras. Menn þurftu ekkert að vera sammála honum en hann virti skoðanir manna og aldrei fóru menn ósáttir frá samtalinu, alltaf var bara hlegið í lokin, hlátur sem gott er að muna eftir, þannig ber að enda samtalið við vini sína.

En Frímanni fylgdi yndisleg kona sem svo sannarlega setti svip sinn á vinnustaðinn okkar. Ef góðgæti var á borðinu, þá var spurt, var Magga að baka? Já, úr því hún var að baka eitthvað þá bara tvöfaldaði hún skammtinn og sendi okkur vinnufélögunum. Á samkomum var hún eins og Frímann, skemmtileg, brosandi og féll vel í hópinn. Heim að sækja voru þau góð, kaffispjall við vinnufélagana, hlátur og léttleiki var ráðandi. Sögur af ferðalögum þeirra, umræðan um bestu tjaldsvæðin, um rafmagnsbílinn og allt það skemmtilega sem þessi samrýmdu hjón gerðu, er eitthvað sem við eigum öll að taka til eftirbreytni í þessu daglega amstri okkar.

Áföllin í Grindavík halda áfram og daglega verður okkur hugsað til Frímanns, hvernig er best að gera þetta, viltu biðja Frímann að redda þessu... Við verðum líklega að reyna sjálf að finna réttu lausnina, en hugurinn verður alltaf hjá vinnufélaganum sem bjargaði venjulega öllu.

Elsku Guðni Þór, Elín og aðrir aðstandendur, ykkar missir er mikill. Minningarnar eru margar og verður gott að eiga þegar fram líða stundir. Við biðjum almættið að veita ykkur styrk í sorginni.

Við kveðjum yndislegan samstarfsmann og góða vini okkar.

Samstarfsfólk Advania í Grindavík,

**Einar Jón Pálsson.**

Frímann Grímsson var einn af frumkvöðlunum í starfi Hellarannsóknafélags Íslands og setti mark sitt á starfsemi félagsins um langt árabil.

Lengi verður minnst frumkönnunar hella í Surtsey í vikulöngum leiðangri félagsins þangað árið 1998. Þar unnu Frímann og félagar þrekvirki við erfiðar aðstæður. Frímann reyndist að venju úrræðagóður og vanur til verka þegar síga þurfti í djúpar gossprungur og gíga til að kortleggja og mæla – og meira að segja til að sækja gamlan snjó ofan í eina gígrásina til að bræða til drykkjar þegar leiðangurinn dróst á langinn.

Frímann átti einnig drjúgan þátt í að finna og frumkanna fjölmarga hella á Reykjanesskaganum og var ævinlega boðinn og búinn að leggja félaginu lið með verksviti og reynslu þegar á þurfti að halda. Síðast er að minnast þegar settur var vírstigi í viðkvæman hraunfoss í ósnortnum helli fyrir tveimur árum.

Ávallt þegar Frímann var með í för gerði nærvera hans leiðangurinn að enn skemmtilegri og betri upplifun fyrir alla. Hans jákvæða viðmóts og góða félagsskapar verður lengi minnst. Megi Frímann og Margrét kona hans hvíla í friði.

Fyrir hönd félaga í Hellarannsóknafélagi Íslands,

**Guðmundur Löve.**

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GARÐARS HINRIKSSONAR**
**úrsmiðs,**
**Garðatorgi 4c.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Vífilsstöðum og öldrunarlækningadeild B4 á Landspítala fyrir umhyggju og hlýju í hans garð.

**Hulda Jónsdóttir**
**og fjölskylda**

# Raðauglýsingar

## Tilboð/útboð

## ÚTBOÐ

**Reykjavíkurborg**
Innkaupaskrifstofa
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043
Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Grandaborg - Endurbætur húsnæðis,** útboð nr. 15954
- **Málun 2024 í hverfum 1,2,3 og 4,5 í fasteignum Reykjavíkurborgar,** útboð nr. 15955

Nánari upplýsingar er að finna á
**www.reykjavik.is/utbod**

## Félagsstarf eldri borgara

**Aflagrandi 40** Opin vinnustofa kl. 9-12 – Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Ukulele, ókeypis kennsla og hljóðfæri á staðnum kl. 10:00 – Boccia kl. 10:15 - Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 - Söngfuglarnir, kóræfing, laus pláss í allar raddir kl. 13:00 – Myndlist með Valgarði Gunnarssyni, öll velkomin kl. 13:00 – Bókaklúbbur kl. 13:15 - Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 - Húsið lokar kl. 15:45
**Árskógar 4, Frístunda- og félagsstarf** Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Gönguhópur kl. 10. Samvera með presti kl. 10.30. Handavinna kl. 12.30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Syngjum saman kl. 14. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12.45. Líkamsræktarhornið opið. Hádegismatur kl. 11.30-12.30. Kaffisala kl. 14.45-15.30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.
**Boðinn** Fimmtudagur 25. janúar: Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.
**Dalbraut 18-20** Handavinnusamvera kl.10, söngstund með Baldri kl.14.
**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 9:00-12:00. Morgunandakt kl. 10:00-10:30. Hádegismatur 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45. Dönsum með göngugrindurnar og Matthildi kl. 13:30-14:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.
**Garðabær** 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 9.00 Listmálun í Smiðju 10.00 Ganga frá Jónshúsi 10.00 Qi-Gong í Sjálandssk. 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Njálulestur 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 13.10 Boccia í Ásgarði 13.20-15.30 Kaffiveitingar í Jónshúsi 13.00 Listmálun í Smiðju
**Gerðuberg** Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni. Línudans kl. 11:00 – 12:00 Bútasaumur kl. 13:00 - 16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu
**Gjábakki** Opin handavinnustofa og verkstæði kl. 8.30 til 11.30. Qigong kl. 9 til 10.15. Jóga kl. 11.30 til 12.45. Bókband kl. 13 til 15.30. Bingó 1 x í mánuði, næst 22. febrúar. Félag vatnslitamálara kl. 16 til 18. Bridge-félag kópavogs kl. 19 til 22.
**Gullsmári** Fimmtudagur: Bútasaumur kl. 9:00. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. BútasaumurKapitólur kl. 13:00. Gönguhópur kl. 14:00. Jóga kl. 17:00.
**Hraunsel** Fimmtudaga: Billjard: Kl. 8:00-16:00. Dansleikfimi kl. 9:00. Qi Gong: Kl. 10:00.? Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.
**Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall kl. 8:30 - 10:30 Framhaldssaga Klettaborgin kl. 10:30 Opin vinnustofa kl. 13:00 - 16:00 Hugleiðsla kl. 13:15
**Korpúlfar Borgir** Fimmtudagur: Stólajóga með Gyðu Dís kl. 9:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta kl. 12:30 Tréútskurður á Korpúlfsstöðum kl:13:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.
**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í smiðju kl. 9:00 -12:30. Opin handverksstofa kl. 9:00 - 10:00. Námskeið fyrir konur af erlendum uppruna, lokaður hópur, í handverksstofu kl. 10:00 - 12:30. Ókeypis líkamsþjálfun, Vítamín í Val, í Valsheimilinu að Hlíðarenda kl. 10:00 - 11:00. Youtube tónlistarmyndbönd á skjá í setustofunni kl. 13:30 - 14:30. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00 -18:00.
**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í smiðju kl. 9:00 -12:30. Opin handverksstofa kl. 9:00 - 10:00. Námskeið fyrir konur af erlendum uppruna, lokaður hópur, í handverksstofu kl. 10:00 - 12:30. Ókeypis líkamsþjálfun, Vítamín í Val, í Valsheimilinu að Hlíðarenda kl. 10:00 - 11:00. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45 - 14:30. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00 -18:00.
**Seltjarnarnes** Vatnsleikfimi í sundlauginni kl. 07.10. Kaffikrókur á Skólabraut kl. 9. Jóga/leikfimi á Skólabraut kl. 11.00. Karlakaffi í safnaðarheimilinu kl. 14.00. Á morgun föstudag verður ganga frá Íþróttahúsinu kl. 10.30. Minnum á skráninguna í þorramatinn hjá kirkjunni þriðjudaginn 30. janúar og félagsfundinn hjá FEBSEL 31. janúar í Bókasafni Selt. kl. 16.30.

mbl.is
Færir þér fréttirnar

## Tilkynningar

## Norðurþing

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðhafnarsvæðis Húsavíkur í Norðurþingi**

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2024 að kynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðhafnarsvæðis Húsavíkur skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan felur í sér breytingu á byggingarreit við Naustagarð 2 og tilfærslu á bílastæðum. Skilgreindur er byggingarreitur norðan við Hafnarstétt 1 og bílastæði felld út að hluta. Flotbryggja er lengd um 15 m ásamt því að stærð og staðsetning flotbryggja nyrst á skipulagsvæðinu er teiknuð til samræmis við fyrirliggjandi mannvirki.

Breytingartillaga þessi er nú til kynningar á skipulagsgátt (skipulagsgatt.is), heimasíðu Norðurþings (nordurthing.is) auk þess sem að hún hangir uppi á skrifstofu Norðurþings á Húsavík. Kynningartími skipulagstillögunnar er frá 25. janúar 2024 til og með 7. mars 2024. Þeim sem kynnu að hafa ábendingar eða athugasemdir er bent á að koma þeim á framfæri við Norðurþing í gegnum skipulagsgatt.is, í tölvupósti á nordurthing@nordurthing.is, eða til skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík fyrir 7. mars 2024.

Húsavík 19. janúar 2024
Skipulagsfulltrúi Norðurþings

## DEILISKIPULAG

**Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður, endurskoðun deiliskipulags Hnoðraholts norður og tillögu að breytingu deiliskipulags Kjóavalla í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.**

**Hnoðraholt norður – Endurskoðun deiliskipulags**

Tillagan gerir ráð fyrir endurskoðun á uppdrætti og greinargerð deiliskipulags Hnoðraholts norður með tilliti til áður samþykktra breytinga. Endurskoðunin felur í sér uppfærslur og lagfæringar á uppdrætti og texta greinargerðar sem er ætlað að skýra markmið og áherslur deiliskipulagsins. Sú breyting sem gerð er frá gildandi tillögu gerir ráð fyrir því að bílakjallarar verða heimilaðir undir fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar og að hámarksfjöldi íbúða í þeim húsum eykst úr 83 í 96. Gert verður ráð fyrir að þau bílastæði sem bætast við umfram þau sem fram koma á uppdrætti verði innan byggingarreits eða í kjallara.

Auglýst greinargerð og meðfylgjandi uppdráttur er ætlað að leysa gildandi deiliskipulag Hnoðraholts norður af hólmi

**Kjóavellir, hesthúsabyggð og keppnisleikvangur – Deiliskipulagsbreyting**

Tillagan gerir ráð fyrir breikkun byggingarreita og breytingu á ákvæðum um þakform í Andvarahverfi til samræmis við ríkjandi þakform í byggðinni.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef skipulagsgáttar Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is og á heimasíðu Garðabæjar, **www.gardabaer.is.**

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 8. mars 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar eða á netfangið **skipulag@gardabaer.is.**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Nú finnur þú það sem þú leitar að á FINNA.is
FINNA
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA



## Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl
**Hrútur** Nauðsynlegar breytingar standa fyrir dyrum og þú þarft að vera sáttur við þær áður en þú hefst handa. Fallegir hlutir höfða sérstaklega til þín þessa dagana.

20. apríl - 20. maí
**Naut** Nú er tíminn til að viðra vandamál sem þú hefur lengi falið. Hringdu nokkur símtöl til þess að fá ný verkefni því sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær.

21. maí - 20. júní
**Tvíburar** Þótt þú tapir áttum er nóg af leiðtogum í kringum þig. Þú þarft að lofa fleirum að aðstoða þig, þú getur ekki gert allt meira og minna einn.

21. júní - 22. júlí
**Krabbi** Það er í góðu lagi að láta sig dreyma um fjarlæg lönd og álfur ef þú bara manst að hafa báða fætur á jörðinni alla jafna. Eitthvað kemur þér í uppnám er líða tekur á daginn.

23. júlí - 22. ágúst
**Ljón** Neikvæðni sýgur ánægjuna úr líðandi stundu. Þeir sem æfa sig í jákvæðni lifa betra lífi, það er sannað. Komdu hugmynd sem þú fékkst á framfæri.

23. ágúst - 22. september
**Meyja** Þér finnst aðrir halda aftur af þér, en ef til vill áttu sök á því sjálfur ef þú kafar djúpt. Reyndu að koma auga á litlu ánægjulegu smáatriðin í lífinu.

23. september - 22. október
**Vog** Draumar þínir geta vissulega ræst ef þú bara byrjar að framkvæma, núna. Eftir hverju ertu að bíða? Þú færð fréttir af vini í útlöndum.

23. október - 21. nóvember
**Sporðdreki** Þú þarft að leyfa sköpunarhæfileikum þínum að njóta sín. Stundum skiptir það ekki öllu máli að hafa rétt fyrir sér.

22. nóvember - 21. desember
**Bogmaður** Þú þarft vissulega á friði og ró að halda en öllu má nú ofgera. Börn taka allan þinn tíma í kvöld.

22. desember - 19. janúar
**Steingeit** Það er fyrir öllu að þú haldir jafnaðargeði og látir hvorki menn né atburði slá þig út af laginu. Hlúðu að sjálfum þér og innri friði.

20. janúar - 18. febrúar
**Vatnsberi** Þú hefur lagt mikla vinnu í verkefni þitt og sérð nú fyrir endann á því. Nágranni þinn kemur þér á óvart.

19. febrúar - 20. mars
**Fiskar** Þú átt á hættu að verða fyrir barðinu á manneskju sem á mjög erfitt um þessar mundir. Komdu fjármálunum á hreint áður en þú tekur næstu skref.

## Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands – 40 ára

# Upplifun fólks af öskufalli

Elsa Guðný Björgvinsdóttir fæddist 25. janúar 1984 á Landspítalanum í Reykjavík en ólst upp á Eiríksstöðum á Jökuldal. Þar voru foreldrar hennar með sauðfjárbúskap en á Eiríksstöðum hefur sama ættin búið mann fram af manni síðan í kringum árið 1600 og gerir enn í dag.

Elsa stundaði grunnskólanám í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal og Brúarásskóla í Jökulsárhlíð sem voru báðir heimavistarskólar að hluta eða í heild. „Ég var á heimavist alla mína grunnskólagöngu ef undan er skilinn 10. bekkurinn en þá var búið að leggja heimavistina í Brúarásskóla niður. Þetta voru fámennir og góðir skólar með gott starfsfólk en engu að síður gat verið erfitt fyrir ungar sálir að sofa fjarri foreldrunum. Það eltist þó af manni og eftir því sem árin liðu varð eftirsóknarverðara að vera með vinunum allan sólarhringinn.“

Eftir grunnskólann hóf Elsa nám í Menntaskólanum á Egilsstöðum og um svipað leyti brugðu foreldrar hennar búi og fluttu í Egilsstaði. „Á meðan aðrir krakkar fóru á heimavist í fyrsta skipti þegar þeir byrjuðu í menntaskóla fór ég í fyrsta skipti labbandi í skólann og heim í lok skóladags.“ Á menntaskólaárunum sat Elsa bæði í ritnefnd og nemendaráði skólans en hún útskrifaðist þaðan sem stúdent af náttúrufræðibraut árið 2004.

Eftir menntaskóla lá leiðin til Akureyrar þar sem Elsa kláraði BA í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. „Háskólaárin á Akureyri voru einstaklega ánægjuleg. HA er góður skóli, fjölmiðlafræðinámið var tiltölulega nýtt þegar þetta var og hópurinn sem lagði stund á það fjölbreyttur og skemmtilegur. Félagslífið var líka gott og ég sat í stjórn Kumpána, félags nema við félagsvísinda- og lagadeild.“

Meðan á námi stóð og eftir útskrift starfaði Elsa á svæðisstöðvum RÚV á Austur- og Norðurlandi við dagskrárgerð og fréttamennsku fyrir útvarp og sjónvarp.

„Vinnan á svæðisstöðvum RÚV var mikill og góður skóli því maður fékk að fara víða og prófa margt, allt frá því að setja saman fréttir fyrir báða miðla yfir í að gera lengra dagskrárefni.“



**Fjölskyldan** Á skíðasvæðinu í Stafdal í febrúar 2023.



**Hjónin** Kjartan og Elsa.

Árið 2008 fluttu Elsa og Kjartan eiginmaður hennar til Horsens í Danmörku þar sem Kjartan lagði stund á nám í byggingafræði en Elsa starfaði hjá tannlæknastofukeðjunni Godt Smil. Í Danmörku fæddist þeim sonurinn Jóhann Smári og árið 2011 flutti fjölskyldan aftur til Íslands og settist að á Egilsstöðum. Þar býr fjölskyldan í dag en dóttirin Sigrún Heiða fæddist árið 2013. Fyrir átti Kjartan eina dóttur, Lindu Elínu, fædda 1998.

Fljótlega eftir heimkomuna hóf Elsa MA-nám í þjóðfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 2015. Lokaverkefni hennar var rannsókn á upplifun fólks af öskufallinu sem kom í kjölfar eldgossins í Öskju árið 1875.

„Kveikjan að rannsókninni var dagbók langalangafa míns, Gunnlaugs Snædal, sem bjó á Eiríksstöðum á Jökuldal þegar askan féll. Byggðin á þessu svæði fór sérstaklega illa út úr þessum hamförum og í dagbókinni er að finna átakanlegar lýsingar á upplifun hans af öskufallinu og vonleysinu sem fylgdi fyrst á eftir en líka hvernig fólk komst í gegnum erfiðleikana.

Það var mjög lærdómsríkt að setja sig inn í hvernig fólk tókst á við hamfarirnar á þessum tímum, án nútímatækni og vísindafólks. Upp úr rannsókninni varð til sýning sem sett var upp bæði á Vopnafirði og á Egilsstöðum og síðar setti ég saman útvarpsþátt fyrir Rás 1 um sama efni sem bar heitið „Yfir hrundi askan dimm“.“

Haustið 2015 tók Elsa við starfi safnstjóra Minjasafns Austurlands þar sem hún starfar enn í dag. „Minjasafn Austurlands er byggðasafn sem rekið er af sveitarfélögunum Múlaþingi og Fljótsdalshreppi. Safnið stendur á gömlum merg en það var stofnað árið 1943 og hefur æ síðan haft það að markmiði að varðveita minjar um sögu og menningu Austurlands. Starfsemin er fjölbreytt, auk þess að halda utan um safnkostinn stöndum við fyrir margvíslegum sýningum, viðburðum og smiðjum og eigum í góðu samstarfi við aðrar menningarstofnanir á Austurlandi. Það hefur markvisst verið unnið að því að efla og styrkja safnfræðslu safnsins undanfarin ár og í dag bjóðum við upp á fjölbreytt fræðsluverkefni, smiðjur og heimsóknir fyrir skólahópa.“

Elsa er varaformaður stjórnar FÍSOS, Félags íslenskra safna og safnafólks, og situr einnig í stjórn Norræna félagsins á Austurlandi. Þá sat Elsa um tíma í stjórn UÍA, Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, og í frjálsíþróttaráði sambandsins en hún lagði stund á frjálsar íþróttir fram á unglingsár. Nú er hún í stjórn Ungmennafélagsins Þristar og einnig í stjórn Náttúruskólans sem er frjáls félagasamtök sem standa fyrir margvíslegum námskeiðum fyrir börn og fullorðna þar sem útivist, náttúra og reynslunám er í brennidepli.

Áhugamál Elsu snúast í seinni tíð mikið um útivist. „Við mæðgin höfum verið dugleg að fara í skipulagðar gönguferðir sem stílaðar eru inn á börn og fjölskyldur. Við höfum m.a. gengið saman á Snæfell og farið í margar göngur um Víknaslóðir með Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs. Á veturna heltekur síðan skíðamennskan fjölskylduna og við erum dugleg að nýta okkur frábæru skíðasvæðin hér á Austurlandi í Stafdal og Oddskarði. Söfn eru svo auðvitað ofarlega á áhugamálalistanum og ég nýt þess að skoða áhugaverð söfn og sýningar auk þess sem ég reyni að lesa eins mikið og ég get.“

### Fjölskylda

Eiginmaður Elsu er Kjartan Róbertsson, f. 17.7. 1979, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Austur-




## Til hamingju með daginn

# Kristín Jóna Hilmarsdóttir



**60 ÁRA** Kristín Jóna er fædd og uppalin í Keflavík og býr í Reykjanesbæ. Hún er lærður snyrtifræðingur, fit-pilates- og jógakennari og leiðsögumaður og rekur sitt eigið ferðaþjónustufyrirtæki, Millu og Krillu ferðir. Kristín Jóna er í Sönghópi Suðurnesja, situr í stjórn kórsins og er í Oddfellow. Áhugamálin eru allar tegundir af útivist, m.a. skíði, göngur, golf og veiði.

**FJÖLSKYLDA** Eiginmaður Kristínar Jónu er G. Hans Þórðarson, f. 1971, sjálfstætt starfandi byggingafræðingur. Börn Kristínar Jónu eru Ásgeir Elvar, f. 1991, Brynjar Freyr, f. 1995, og Katla Rún, f. 1999, Garðarsbörn. Ásgeir á tvö börn og Brynjar á eina stúlku. Börn Hans eru Ólafur Ingvi, f. 1995, og Brynjar Þór, f. 1998, Ólafur á eina stúlku. Foreldrar Kristínar Jónu: Hjónin Björg Birna Jónsdóttir, f. 1938, d. 2021, húsmóðir, og Hilmar R. Sölvason, f. 1936, athafnamaður, búsettur í Reykjanesbæ.

## Nýr borgari



**Reykjavík** **Þyra Guðrúnar Lindudóttir** fæddist 14. nóvember 2023, kl. 21.42, á Akranesi. Hún vó 3.014 g og var 49 cm löng. Foreldrar hennar eru **Linda Elín Kjartansdóttir** og **Guðrún Ingadóttir**. Hún sendir ömmu Elsu afmæliskveðju.

## Ætt Elsu Guðnýjar Björgvinsdóttur

**Elsa Guðný Björgvinsdóttir**

**Björgvin Vigfús Geirsson** f. 1945 á Sleðbrjót í Jökulsárhlíð. Bóndi á Eiríksstöðum á Jökuldal, fékkst við ýmis önnur störf, nú búsettur á Egilsstöðum

**Geir Stefánsson** f. 1915 á Sleðbrjót, d. 2004. Hreppstjóri, sláturhússtjóri og bóndi á Sleðbrjót

**Stefán Sigurðsson** f. 1875 á Geirastöðum í Hróarstungu, d. 1931. Bóndi og hreppstjóri á Sleðbrjót

**Björg Sigmundsdóttir** f. 1884 í Gunnhildargerði í Hróarstungu, d. 1952. Húsfreyja á Sleðbrjót

**Elsa Ágústa Björgvinsdóttir** f. 1920 á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð, d. 1977. Húsfreyja á Sleðbrjót

**Björgvin Vigfússon** f. 1896 í Fjarðaseli í Seyðisfirði, d. 1961. Bóndi á Ketilsstöðum

**Stefanía Stefánsdóttir** f. 1897 á Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð, d. 1965. Húsfreyja á Ketilsstöðum

**Sigrún Magna Jóhannsdóttir** f. 1946 á Eiríksstöðum, d. 2019. Húsfreyja á Eiríksstöðum, síðar búsett á Egilsstöðum þar sem hún fékkst við ýmis störf

**Jóhann Eiríkur Björnsson** f. 1921 á Surtsstöðum í Jökulsárhlíð, d. 2000. Bóndi á Eiríksstöðum, starfaði síðar hjá Kaupfélagi Héraðsbúa á Egilsstöðum

**Björn Sigbjörnsson** f. 1884 á Surtsstöðum, d. 1957. Bóndi og oddviti á Surtsstöðum

**Þorbjörg *Sigrún* Jóhannesdóttir** f. 1891 í Syðri-Vík í Vopnafirði, d. 1984. Húsfreyja á Surtsstöðum

**Karen Petra Jónsdóttir Snædal** f. 1919 á Eiríksstöðum d. 2005. Húsfreyja á Eiríksstöðum, starfaði síðar við ræstingar í Menntaskólanum á Egilsstöðum

**Jón Gunnlaugsson Snædal** f. 1885 á Eiríksstöðum, d. 1931. Bóndi og organisti á Eiríksstöðum, fékkst einnig við tónlistarkennslu

**Katrín Stefanía Carlsdóttir** f. 1893 á Stöðvarfirði, d. 1956. Húsfreyja á Eiríksstöðum, síðar búsett í Keflavík

lands. Móðir Kjartans er Elín Kjartansdóttir, f. 17.8. 1956, handverkskona í Norðurhlíð í Aðaldal, maki: Agnar Kristjánsson. Faðir Kjartans er Róbert Robertson, f. 11.2. 1956, bílstjóri á Akureyri, maki: Elinborg Joensen Robertson.

Börn Elsu og Kjartans eru Jóhann Smári, f. 9.11. 2010, og Sigrún Heiða, f. 3.8. 2013. Stjúpdóttir Elsu er Linda Elín Kjartansdóttir, f. 20.10. 1998, nemi í félagsráðgjöf, búsett í Reykjavík, maki: Guðrún Ingadóttir. Dóttir þeirra er Þyra Guðrúnar Lindudóttir, f. 14.11. 2023.

Bræður Elsu eru Bragi Steinar Björgvinsson, f. 11.11. 1967, bóndi á Eiríksstöðum á Jökuldal, og Garðar Smári Björgvinsson, f. 29.1. 1970, starfsmaður Vegagerðarinnar á Vopnafirði.

Foreldrar Elsu eru hjónin Björgvin Vigfús Geirsson, f. 18.3. 1945, áður bóndi á Eiríksstöðum á Jökuldal en stundaði einnig ýmis önnur störf, nú búsettur á Egilsstöðum, og Sigrún Magna Jóhannsdóttir, f. 22.6. 1946, d. 18.2. 2019, húsfreyja á Eiríksstöðum en stundaði einnig ýmis önnur störf, síðar búsett á Egilsstöðum.

## Grettir




## Hrólfur hræðilegi




## Ferdinand




## Í klípu

eftir Mike Baldwin



AÐSTOÐARMENN AÐSTOÐA MENN.

## Hermann

eftir Jim Unger



„STEFÁN EF ÞETTA ER STRÁKUR. ANNA LÍSA EF ÞETTA ER STELPA."




... að eiga mömmu sem þú sérð ekki sólina fyrir.

## Vísnahorn

# Hin indæla Auðbjörg

**Eyjólfur Ó. Eyjólfsson skrifaði mér á mánudag og sagði að í Vísnahorninu á laugardag hefði ég birt limruna um hina indælu Auðbjörgu. – „Því miður slæddist smá villa með í för, segir hann og heldur áfram: „En þessi litla villa nísti mitt litla hjarta. Þar verður „ungfrúin fer" að „ungfrúin er" sem breytir limrunni í ofstuðlað klúður og gerir mig að ótíndum bragsullara. Ég hef kannski ekki úr háum söðli að detta en rétt skal vera rétt"":**

„Þó svo að kastist í kekki
og kraftamenn mölvi hér bekki
við umberum það"
Þórarinn kvað
„en ofstuðlun þolum við ekki."

**Rétt er limran „Af hreinleika sálarinnar" svona:**

Engum er Auðbjörg lík,
indæl og skilningsrík
svo augljóst er mér
að ungfrúin fer
ekki í pólitík.

**Ég biðst afsökunar á þessum mistökum.**

**Ingólfur Ómar skrifaði mér á sunnudag: „Heill og sæll. Halldór nú er hann svalur og klaki yfir jörð og fullur máninn":**

Freðin glitrar foldarbrá
fjötruð klakahjúpi.
Mánasilfrið merlar á
myrku ránardjúpi.

**Anton Helgi Jónsson sendi mér póst: „Mér skilst að bókmenntahugtakið antonismi eigi við um það fyrirbæri í kveðskap þegar heiti ljóðs er lengra en ljóðið sjálft. Spaugari nokkur hvíslaði þessu að mér og hér er ein limra sem greinilega fellur undir antonisma ef ég hef skilið hugtakið rétt":**

**María Júlía býr sig undir það að ævisagnaritarinn Guðjón Friðriksson sýni henni óvænt áhuga í borgargönguferð en minnist þess um leið að Jean Paul Sartre tók aldrei eftir Kristáni Albertssyni á Café de Flore – svo vitað sé.**

Á langri og litríkri ævi
ég leitaði án þess ég svæfi
í fjölmarga kró
en fékk hvergi ró
né fann ég mér eðli við hæfi.

**Öfugmælavísan er eftir Davíð Hjálmar Haraldsson:**

Jafnan er lygasaga sönn.
Sólin skín heitt um miðjar nætur.
Gotterí skemmir gervitönn.
Gróa á stólum brotnir fætur.

Halldór Blöndal
halldorblondal@simnet.is



## BAKVÖRÐUR



Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is

**Karlalandsliðið** í handbolta er á heimleið frá Þýskalandi og það náði ekki markmiði sínu á Evrópumótinu.

**Liðið** endaði í tíunda sæti eftir of lítinn sigur á Austurríki í gær og það var ekki nóg til að komast í undankeppni fyrir Ólympíuleikana í París.

**Þetta** eru vonbrigði því búist var við meiru af liðinu sem sýndi alltof sveiflukennda leiki.

**Þó** er erfitt að setja út á endasprettinn á mótinu, sigra gegn Króatíu og Austurríki í kjölfarið á þremur tapleikjum í röð. Í lokin vantaði aðeins þrjú mörk til að leikmenn og þjálfari gætu farið sæmilega sáttir heim.

**En** það er óstöðugleikinn og köflótt frammistaða lykilmanna sem veldur mestu vonbrigðunum.

**Margir** töldu að þetta yrði mótið þar sem efnilegt lið Íslands myndi springa út og skipa sér í hóp bestu liðanna.

**Það** gekk ekki eftir og var kannski ekki raunhæft. Ef við horfum á söguna er árangurinn, tíunda sætið, þrátt fyrir allt yfir meðallagi.

**Ísland** var með á sínu þrettánda Evrópumóti í röð og hefur aðeins fimm sinnum náð betri árangri. Það er staðreynd!

**Snorri** Steinn gerði sín mistök eins og aðrir á sínu fyrsta stórmóti sem þjálfari en það var þó ekki hann sem klúðraði öllum dauðafærunum og vítaköstunum sem voru liðinu þung í skauti.

**Rétt** eins og flestir leikmennirnir á hann eftir að bæta við sig reynslu og styrk og mun án efa læra mikið af þessu móti.

## HANDBOLTI

### EM karla 2024

**MILLIRIÐILL 1 í Köln:**

Ísland – Austurríki ........ 26:24
Frakkland – Ungverjaland ........ 35:32

■ Leik Þýskalands og Króatíu var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

*Staðan fyrir leik Þýskalands og Króatíu:*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 5 | 5 | 0 | 0 | 174:154 | 10 |
| Þýskaland | 4 | 2 | 1 | 1 | 113:107 | 5 |
| Ungverjaland | 5 | 2 | 0 | 3 | 151:151 | 4 |
| Austurríki | 5 | 1 | 2 | 2 | 132:138 | 4 |
| Ísland | 5 | 2 | 0 | 3 | 142:152 | 4 |
| Króatía | 4 | 0 | 1 | 3 | 116:126 | 1 |

■ Frakkland leikur við Svíþjóð í undanúrslitum og Danmörk mætir Þýskalandi.

### Olísdeild kvenna

Stjarnan – Haukar ........ (5:8)

■ Leikurinn var nýhafinn þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

### Danmörk

**Horsens – Silkeborg ........ 33:40**

● Andrea Jacobsen skoraði 2 mörk fyrir Silkeborg.

## Í KVÖLD

### KÖRFUKNATTLEIKUR

**Úrvalsdeild karla, Subway-deildin:**

Hamar – Haukar ........ 19.15
Þorlákshöfn: Þór Þ. – Höttur ........ 19.15
Ljónagryfjan: Njarðvík – Álftanes ........ 19.15
Smárinn: Breiðablik – Grindavík ........ 19.15
Hlíðarendi: Valur – Tindastóll ........ 19.15

### HANDKNATTLEIKUR

**1. deild kvenna, Grill 66-deildin:**

Seltjarnarnes: Grótta – Valur U ........ 19.30

### ÍSHOKKÍ

**Íslandsmót karla, Hertz-deildin:**

Akureyri: SA – SR ........ 19.30

### KNATTSPYRNA

**Reykjavíkurmót karla:**

Framvöllur: Fram – Valur ........ 17

# Hættir vegna höfuðhögga

**Hildur Björg Kjartansdóttir, landsliðskona í körfuknattleik úr Val, tilkynnti í gær að hún hefði lagt skóna á hilluna, vegna erfiðra höfuðhögga sem hún hafi fengið á ferlinum og afleiðinga þeirra. Hildur er 29 ára og lék 38 landsleiki en hún hefur tvisvar verið valin besti leikmaður Íslandsmótsins. Hún lék með Val frá 2020 en einnig með Snæfelli þar sem hún ólst upp, KR, spænsku liðunum Leganés og Celta Vigo og belgíska liðinu Namur.**



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Hætt** Hildur Björk Kjartansdóttir leikur ekki meira með Val.

# Heiða til liðs við Breiðablik

**Knattspyrnukonan Heiða Ragney Viðarsdóttir hefur gert samning við Breiðablik. Hún kemur til félagsins frá grönnunum í Stjörnunni. Heiða, sem er 28 ára gömul, leikur á miðjunni og er uppalin hjá Þór á Akureyri. Hún hefur leikið 133 leiki í efstu deild hér á landi og skorað í þeim sex mörk. Hún lék með Þór/KA til ársins 2021, samtals 77 leiki í efstu deild, en þá skipti hún yfir í Stjörnuna þar sem hún hefur leikið undanfarin þrjú tímabil.**



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Kópavogur** Heiða Ragney Viðarsdóttir er komin í Breiðablik.

# „Langaði að njóta þess að spila aftur“

## ● Martin er kominn af stað með Alba Berlín eftir fjögurra ára fjarveru



Ljósmynd/@albaberlin

**Þýskaland** Martin Hermannsson er strax byrjaður að spila aftur með sínu gamla félagi í Berlín eftir flutninginn frá Valencia á Spáni.

**KÖRFUBOLTI**



Gunnar Egill Daníelsson
gunnaregill@mbl.is

„Tilfinningin er geggjuð. Mér líður svolítið eins og ég hafi aldrei farið,“ sagði Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfuknattleik, í samtali við Morgunblaðið en hann er kominn aftur til Alba Berlín í Þýskalandi.

Martin samdi við Alba fyrr í mánuðinum og skrifaði undir samning til sumarsins 2026 eftir þriggja og hálfs árs dvöl hjá Valencia á Spáni. Áður lék hann með Alba frá 2018 til 2020.

„Móttökurnar, bæði hjá strákunum í liðinu og líka aðdáendunum, eru búnar að vera vonum framar. Auðvitað bjóst ég við því að fá góðar móttökur og allt það en þetta er eiginlega búið að vera svolítið yfirþyrmandi.

Líka með allt sem er búið að vera í gangi, að flytja fjölskylduna, flytja allt dótið og finna nýja íbúð. Þetta er búið að vera svolítið mikil keyrsla þannig að það hefur verið lítill tími til þess að hugsa,“ hélt Martin áfram.

### Fjórir í sömu stöðu

Spurður hvers vegna hann hafi ákveðið að yfirgefa Valencia og snúa aftur til Alba sagði Martin:

„Það voru nokkrir hlutir sem breyttust. Ég var náttúrlega að koma úr meiðslum og við vorum þrír leikstjórnendur í liðinu. Valencia ákvað svo að bæta þeim fjórða við fyrir svona einum og hálfum mánuði.

Þeir voru samt búnir að segja við mig: „Ekki hafa neinar áhyggjur, þú ert fyrirliði liðsins og mikilvægur.“ En ég hugsaði bara að eftir eitt og hálft ár í meiðslum langaði mig að spila.“

### Aldrei spurning um annað

„Mig langaði að fara eitthvað þar sem ég fengi mínútur og að spila minn leik, að fara í lið sem þyrfti á mér að halda. Við fórum svolítið að skoða markaðinn og það voru margir mjög spennandi kostir.

Ég tók þessa ákvörðun líka svolítið með því að horfa á fjölskylduaðstæður, hvar fjölskyldunni gæti liðið vel og hvar ég gæti notið mín best.

Þá var þetta eiginlega aldrei spurning um annað en að koma aftur hingað. Ástæðan fyrir þessum skiptum er sú að mig langaði að njóta þess að spila körfubolta aftur,“ bætti Martin við.

Leikstjórnandinn öflugi hafði glímt við hnémeiðsli undanfarið eitt og hálft ár en hefur þegar tekið þátt í tveimur leikjum með Alba á árinu. Hann sleit krossband í hné í maí árið 2022 og gekkst svo undir skurðaðgerð.

### Smá tími í gamla formið

Martin þurfti aftur undir hnífinn í september síðastliðnum þar sem fjarlægja þurfti brjósk úr sama hné. Hvernig er líðan hans um þessar mundir?

„Mér líður alltaf betur og betur. Ég er kannski ennþá aðeins frá því að vera í mínu besta formi en það einmitt kemur með leikjum. Það er ástæðan fyrir því að ég er hér. Ég er allavega búinn að fá að spila helling í fyrstu tveimur leikjunum.

Ég er á réttri leið og mér líður vel. Mér líður betur með hverjum deginum en það er ennþá kannski aðeins í að gamla formið sýni sig aftur,“ sagði Martin.

### Lærir að lifa með þessu

Eftir erfiða undanfarna 18 mánuði vonast hann til þess að meiðslin séu nú að baki.

„Ég bind vonir við það og mér líður þannig. Svo verður hitt að koma í ljós. Ég hugsa virkilega vel um mig en þetta verður auðvitað erfiðara með hverju árinu sem líður.

Maður þarf svolítið að læra á sjálfan sig upp á nýtt og læra að lifa með þessu. Það besta við minn leik er kannski að hann breytist ekkert þó að það séu einhver eymsli hér og þar. Ég er búinn að vera verkjalaus.

Þetta er alltaf hnéð en allt annað er í toppstandi. Maður þarf bara að hugsa sérstaklega vel um hnéð á sér og gera allt þetta aukalega fyrir og eftir æfingar. Að leggja meiri áherslu á það og svo verður hitt að koma í ljós,“ sagði Martin.

### Euroleague staðið í veginum

Íslenska landsliðið hefur leik í undankeppni EM 2025 í næsta mánuði með heimaleik gegn Ungverjalandi og útileik gegn Tyrklandi. Hann kvaðst staðráðinn í að taka þátt í því verkefni.

„Það leggst hrikalega vel í mig. Þetta eru náttúrlega leikir sem mig langar rosalega mikið til að taka þátt í.

Ég er eiginlega ekkert búinn að vera með landsliðinu síðustu fjögur til fimm ár af því að ég hef verið að spila með Valencia í Euroleague og hef þar af leiðandi ekki getað tekið þátt.“

### Ætla mér að taka þátt

„Núna eru reglurnar orðnar öðruvísi og því hef ég tök á því að vera með ef heilsa leyfir. Það er líka önnur ástæða fyrir því að ég skipti yfir, til þess að reyna að vera kominn í mitt besta form fyrir þessa leiki.

Ég er allavega búinn að eiga samtal við Craig [Pedersen landsliðsþjálfara] og ég ætla mér að taka þátt í þessum leikjum. Það er ekki spurning,“ sagði Martin að lokum við Morgunblaðið.

# Hákon á leið í ensku úrvalsdeildina

**Hákon Rafn Valdimarsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, er kominn til London þar sem reiknað er með að hann skrifi undir samning við úrvalsdeildarfélagið Brentford í dag.**

**Brentford kaupir Hákon af Elfsborg í Svíþjóð fyrir 2,6 milljónir punda, rúmar 450 milljónir íslenskra króna, en það er hæsta upphæð sem sænskt félag hefur fengið fyrir markvörð.**

**Þá er ljóst að Grótta, uppeldisfélag Hákonar, fær ágæta upphæð í sinn hlut af sölunni.**

**Hákon er 22 ára gamall og var kjörinn besti markvörður sænsku úrvalsdeildarinnar árið 2023 en Elfsborg varð þar í öðru sæti. Hann lék með liðinu í tvö og hálft tímabil en með meistaraflokki Gróttu fram að því, frá 16 ára aldri.**

**Hákon lék 48 leiki með Elfsborg í úrvalsdeildinni og áður 65 leiki með Gróttu í þremur efstu deildum Íslandsmótsins, 18 þeirra í úrvalsdeildinni.**

**Hákon varði mark Íslands í lokaleik undankeppni EM á síðasta ári og í báðum vináttuleikjum Íslands fyrr í þessum mánuði. Hann á sjö A-landsleiki að baki.**

**Sex Íslendingar hafa leikið með aðalliði Brentford en Hákon getur orðið sá fyrsti til að spila í úrvalsdeildinni. Það eru Hermann Hreiðarsson (1998-99), Ívar Ingimarsson (1999-2002), Ólafur Gottskálksson (2000-2003), Gunnar Einarsson (2000), Ólafur Ingi Skúlason (2005-2007) og Patrik Sigurður Gunnarsson (2018-2021).**

**Brentford er í 14. sæti úrvalsdeildarinnar en þar eru fyrir markverðirnir Mark Flekken, 29 ára, sem hefur leikið 6 landsleiki fyrir Holland og spilað 19 af 20 leikjum liðsins í úrvalsdeildinni í vetur, og Thomas Strakosha, landsliðsmarkvörður Albaníu, sem hefur leikið tvo leiki í vetur og var aðalmarkvörður Lazio á Ítalíu í fimm ár.**



Ljósmynd/Alex Nicodim

**London** Hákon Rafn Valdimarsson er á leið til Brentford.




AFP/Ina Fassbender

**Köln** Snorri Steinn Guðjónsson, landsliðsþjálfari Íslands, ræðir við sína menn í einu af leikhléunum sem hann tók í leiknum gegn Austurríki í gær.

# Súrsætur sigur Íslands

● Köstuðu frá sér sex marka forskoti með skelfilegri byrjun á seinni hálfleiknum ● Ekki nóg að vinna 26:24 ● Vantaði þrjú mörk til að komast í undankeppnina

**Í KÖLN**

Bjarni Helgason
bjarnih@mbl.is

Íslenska karlalandsliðið í handknattleik endaði í 10. sæti á Evrópumótinu eftir nauman sigur á Austurríki, 26:24, í lokaumferð milliriðilsins í Köln í Þýskalandi í gær.

Aron Pálmarsson kom Íslandi yfir með fyrsta marki leiksins og liðin skiptust á að skora á upphafsmínútunum. Íslenska liðið var þó með frumkvæðið framan af og leiddi með einu til tveimur mörkum en þegar fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleik kom frábær kafli hjá íslenska liðinu sem var sex mörkum yfir í hálfleik, 14:8.

Ísland byrjaði seinni hálfleikinn skelfilega en liðið fékk á sig sex mörk á fyrstu tíu mínútunum, tókst aðeins að skora eitt mark og var staðan orðin jöfn eftir tólf mínútna leik, 15:15. Austurríska liðið var með frumkvæðið eftir þetta og leiddi 19:18 þegar rúmlega tíu mínútur voru til leiksloka en þá náði íslenska liðið aftur frumkvæðinu.

Ísland komst tveimur mörkum yfir, 22:20, þegar sjö mínútur voru til leiksloka og knúði fram sigur en hefði þurft þrjú mörk í viðbót.

**ÍSLAND – AUSTURRÍKI 26:24**

**Gangur leiksins**: 3:1, 4:5, 6:5, 8:6, 8:8, **14:8**, 15:9, 15:16, 18:19, 20:19, 22:20, 23:21, 23:23, 25:23, 25:24, **26:24**.
**Ísland**: Sigvaldi Björn Guðjónsson 8, Aron Pálmarsson 7, Haukur Þrastarson 3, Viggó Kristjánsson 3/1, Elliði Snær Viðarsson 2, Janus Daði Smárason 2, Ómar Ingi Magnússon 1.
**Varin skot:** Viktor Gísli Hallgrímsson 17, Björgvin Páll Gústavsson 2.
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Austurríki**: Tobias Wagner 7, Robert Weber 5/4, Mykola Bilyk 4, Boris Zivkovic 3, Lukas Hutecek 2, Lukas Herburger 1, Markus Mahr 1, Sebastian Frimmel 1.
**Varin skot:** Constantin Möstl 20/2.
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Dómarar**: Ivan Pavicevic og Milos Raznatovic, Svartfjallalandi.
**Áhorfendur**: 19.750.

## Frammistaðan saga liðsins í Þýskalandi

**Frammistaða íslenska liðsins var mjög kaflaskipt líkt og hún hefur verið nánast allt mótið, að undanskildum leiknum gegn Króatíu, og hún var í raun saga íslenska liðsins á Evrópumótinu í ár.**

**Liðið fór illa með fjöldann allan af dauðafærum og Constantin Möstl, markvörður Austurríkis, varði alls 20 skot, þar af tvö vítaköst, og var með 44 prósenta markvörslu.**

**Aron Pálmarsson og Sigvaldi Björn Guðjónsson drógu vagninn hjá íslenska liðinu og voru frábærir en Aron skoraði sjö mörk og dró vagninn þegar mest á reyndi.**

**Sigvaldi Björn, sem hefur ekki átt sitt besta mót, skoraði átta mörk úr átta skotum, og var þetta hans langbesti leikur á mótinu til þessa.**

**Viktor Gísli Hallgrímsson var frábær á milli stanganna í fyrri hálfleik en hann átti erfiðan síðari hálfleik. Aðrir leikmenn íslenska liðsins náðu sér ekki nægilega vel á strik, þó þeir hafa átt ágæta spretti inni á milli.**

**Byrjunin á síðari hálfleik er svo eitt og sér eitthvað sem er erfitt að átta sig á en liðið skoraði aðeins eitt mark á fyrstu fjórtán mínútunum.**

**Liðið sýndi hins vegar karakter með því að koma til baka, eftir að hafa verið sex mörkum yfir og lenda svo undir, og vinna leikinn.**

**Það býr ótrúlega mikið í liðinu en af einhverjum ástæðum hafa leikmenn aðeins náð að sýna, heilt yfir, góða frammistöðu í einum leik á mótinu, og úrslitin hafa verið eftir því.**

## Komast ekki á ÓL og umspilið er næst

**Fyrst íslenska liðinu tókst ekki að vinna Austurríki með fimm marka mun þurfti það að treysta á að Ungverjar næðu stigi gegn Frökkum í leiknum á eftir í Lanxess-höllinni í Köln. Þá hefði Ísland endað fyrir ofan Austurríki vegna innbyrðis úrslitanna, náð áttunda sætinu á EM og enn getað komist í undankeppni Ólympíuleikanna.**

**En þó að Frakkar hefðu að engu að keppa og Ungverjar legðu allt í sölurnar sigruðu Frakkar, 35:32. Ungverjaland, Austurríki og Ísland fengu fjögur stig hvert. Þar með voru Þjóðverjar komnir í undanúrslit áður en þeir mættu Króötum í gærkvöld, Ungverjar í leikinn við Slóvena um fimmta sætið, Austurríki hafnaði í áttunda sæti mótsins og Ísland endar í tíunda.**

**Króatar eru því komnir í undankeppnina, vegna árangurs á HM 2023, og Slóvenar og Portúgalar fylgja þeim þangað. Austurríki fær svo síðasta sætið ef Egyptaland verður Afríkumeistari.**

**Þar með er íslenski ólympíudraumurinn úr sögunni og næsta verkefni liðsins verður að tryggja sér sæti á heimsmeistaramótinu 2025. Ísland verður í efri styrkleikaflokki í umspilinu í júní ásamt öðrum liðum sem enda í fimmta til sautjánda sæti á þessu Evrópumóti.**

**Fimmtán þjóðir koma þar til greina sem mótherji Íslands í umspilinu, liðin frá 18.-24. sæti á EM, Georgía, Serbía, Færeyjar, Sviss, Rúmenía, Grikkland og Bosnía, ásamt fjórum sem komast áfram úr fyrri umferð umspilsins.**

## Mér líður eins og við höfum tapað leiknum

**„Mér líður eins og við höfum tapað leiknum," sagði landsliðsþjálfarinn Snorri Steinn Guðjónsson í samtali við mbl.is í Köln í gær.**

**„Við vorum í góðum málum og með þetta eins og við vildum hafa það. Við spiluðum vel en svo komum við mjög flatir inn í seinni hálfleikinn. Það er erfitt að útskýra hvað gerðist þar. Það var dapurt. Færanýtingin var ekki góð og markvörðurinn góður hinum megin. Það er ekki góð blanda. Við gerðum fullt af hlutum sem áttu að duga til að vinna með fimm. Með eðlilegri færanýtingu hefði þetta gengið upp," sagði Snorri Steinn meðal annars.**

**„Við áttum að vinna þennan leik með fimm mörkum. Við vorum með þetta í hálfleik en svo hleyptum við þeim inn í leikinn aftur og þá var þetta orðið jafnt. Þetta var svo spennandi síðasta korterið. Við fundum okkur ekki framan af en svo spiluðum við ágætan handbolta. Það var gott flæði í sóknarleiknum í síðustu leikjunum, tilfinningin er að þetta hafi verið skrítið mót," sagði Sigvaldi Björn Guðjónsson.**

**„Við vorum í frábærri stöðu til að ná þessum fimm marka sigri en við förum fáránlega illa með þetta í seinni hálfleik. Þetta var lélegt. Það er okkar klúður að vera ekki í betri stöðu. Við hefðum átt að klára þetta sjálfir og það var lélegt að gera það ekki," sagði Haukur Þrastarson.**

**Ítarlegri viðtöl við þremenningana og fleiri landsliðsmenn Íslands eru á EM-vefnum á mbl.is/sport.**

## Eitt og annað



■ **Bjarni Magnússon** er hættur störfum sem þjálfari kvennaliðs Hauka í körfuknattleik af persónulegum ástæðum. **Ingvar Þór Guðjónsson** aðstoðarþjálfari tekur við af honum. Bjarni stýrði Haukum frá 2011-2014 og aftur frá 2020 til gærdagsins, en í millitíðinni þjálfaði hann Fjölni og Grindavík. Hann á að baki 200 leiki sem þjálfari á Íslandsmótinu með þessi þrjú lið og sigurhlutfall hans er 60 prósent.

■ Bandaríski knattspyrnumarkvörðurinn **Mollee Swift** er gengin til liðs við Þrótt en hún kemur beint frá Louisiana State-háskólanum þar sem hún hefur varið markið í fjögur ár.

■ **Sigvaldi Björn Guðjónsson** skoraði sitt 200. mark fyrir íslenska landsliðið í handknattleik þegar hann kom því í 3:1 snemma leiks gegn Austurríki á EM í Köln gær. Það var fyrsta mark hans af átta í leiknum. Sigvaldi lék sinn 72. landsleik gegn Austurríki.

■ **Benedikt Gunnar Óskarsson,** handknattleiksmaður úr Val, hefur samþykkt tilboð norska meistarafélagsins Kolstad um tveggja ára samning og gengur því til liðs við það næsta sumar. Benedikt er 22 ára og hefur verið í lykilhlutverki hjá Val og yngri landsliðum Íslands undanfarin ár.

## KNATTSPYRNA

### Meistaradeild kvenna

**C-riðill:**
**Roma – Bayern München ........ 2:2**
●Glódís Perla Viggósdóttir fyrirliði Bayern lék allan leikinn en Cecilía Rán Rúnarsdóttir er frá vegna meiðsla.
■ Ajax 7, Bayern München 6, París SG 6, Roma 5.
■ Leik Ajax og París SG var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.
**D-riðill:**
Häcken – París FC ........ 0:0
■ Chelsea 8, Häcken 8, París FC 7, Real Madrid 1.
■ Leik Chelsea og Real Madrid var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

### Belgía

**Molenbeek – Eupen ........ 0:1**
●Leiknar voru síðustu fimm mínútur leiksins fyrir luktum dyrum í gær en leiknum var hætt á 85. mínútu síðasta sunnudag vegna óláta áhorfenda. Guðlaugur Victor Pálsson lék allan leikinn og Alfreð Finnbogason kom inn á sem varamaður á 64. mínútu á sunnudaginn og lauk því leiknum.

### England

■ Seinni leikur Fulham og Liverpool í undanúrslitum deildabikars karla var að hefjast þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

### Afríkumót karla

Namibía – Malí ........ 0:0
Suður-Afríka – Túnis ........ 0:0
■ Malí, Suður-Afríka og Namibía eru komin í 16-liða úrslit.

### Asíumót karla

Írak – Víetnam ........ 3:2
Japan – Indónesía ........ 3:1
■ Írak og Japan eru komin í 16-liða úrslit.

## KÖRFUBOLTI

### Subway-deild kvenna

Valur – Keflavík ........ (0:0)
■ Leikurinn hófst eftir að blaðið fór í prentun í gærkvöld.

### 1. deild karla

Sindri – ÍA ........ 81:70
■ Efstu lið: ÍR 24, KR 22, Fjölnir 22, Sindri 20, Þróttur V. 14, ÍA 14, Skallagrímur 12.

### NBA-deildin

Indiana – Denver ........ 109:114
Brooklyn – New York ........ 103:108
Oklahoma City – Portland ........ 111:109
New Orleans – Utah ........ 153:124
LA Clippers – LA Lakers ........ 127:116

# Sterk tengsl við skáldskapinn

**● Nýr verðlaunagripur Íslensku bókmenntaverðlaunanna kynntur til sögunnar ● Myndhöggvarinn Matthías Rúnar Sigurðsson skapaði Blæng sem er blásvartur hrafn steyptur í brons**

VIÐTAL

Silja Björk Huldudóttir
silja@mbl.is



Þegar Íslensku bókmenntaverðlaunin verða afhent í 35. sinn við hátíðlega afhöfn á Bessastöðum á miðvikudaginn kemur verður kynntur til sögunnar nýr verðlaunagripur. Í stað opinnar bókar á granítstöpli sem Jón Snorri Sigurðsson hannaði fá verðlaunahafar bronshrafninn Blæng sem Matthías Rúnar Sigurðsson myndhöggvari skapaði. Líkt og á eldri verðlaunagripnum verður nafn verðlaunahöfundar og titill verðlaunaverksins vel sýnilegt á nýja verðlaunagripnum.

Aðspurð um breytinguna segir Bryndís Loftsdóttir, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda, að hugmyndin að nýjum verðlaunagrip hafi kviknað hjá starfandi verðlaunanefnd félagsins og þá um leið að leita yrði til framúrskarandi listamanns með verkefnið. Í verðlaunanefndinni sitja Anna Margrét Marinósdóttir, Birgitta Hassell, Heiðar Ingi Svansson, Hólmfríður Matthíasdóttir og Pétur Már Ólafsson.

„Eldri gripurinn hefur nú verið veittur 77 höfundum í 34 ár. Okkur þykir ákaflega vænt um þann grip enda mjög fallegur eins og sjá má á fjölmörgum myndum frá verðlaunaafhendingum liðinna ára. Ætli megi ekki segja að útgefendum hafi þótt saga eldri verðlaunagrips orðin passlega löng og tímabært að setja punktinn við hana,“ segir Bryndís og bendir á að útgefendur hafi almennt gott nef fyrir hæfilegri sagnalengd.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Blávængur** Matthías Rúnar Sigurðsson myndhöggvari og Bryndís Loftsdóttir framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda með Blæng.

## Kaflaskil í sögu verðlaunanna

„Þetta eru auðvitað ákveðin kaflaskil í sögu verðlaunanna, en þau hafa þó áður tekið breytingum, tilnefningar- og verðlaunamerkið var t.d. öðruvísi í upphafi, barna- og ungmennabókaflokkum var bætt við verðlaunin 2013, Íslensku glæpasagnaverðlaunin Blóðdropinn féllu undir verndarvæng verðlaunanna í fyrra og svo hefur tilnefningahátíðin verið hér og þar í bænum, t.d. í Listasafni Íslands, á Kjarvalsstöðum og nú í Eddu, húsi íslenskunnar, svo eitthvað sé nefnt. Við höfum ekkert til sparað til þess að gera nýjan verðlaunagrip jafn glæsilegan og þann fyrri og erum mjög stolt af útkomunni og ánægð með alla þá hugsun og vinnu sem Matthías setti í Blæng,“ segir Bryndís. Rifjar hún upp að í könnun til félagsmanna um nýjan verðlaunagrip sem verðlaunanefndin lét gera í fyrra hafi nafn Matthíasar komið fram.

„Nefndin vildi að verðlaunagripurinn væri hvort heldur í senn glæsilegur við verðlaunaafhendinguna og félli vel að heimilum fólks. „Rætt var m.a. um að með vigt sinni og hæfilegri stærð gæti gripurinn nýst sem bókastoð eða setið á hvaða bókahillu sem væri og þær hugmyndir rímuðu vel við stíl og efnisval Matthíasar sem listamanns,“ segir Bryndís og bendir á að þeim höfundum fari fjölgandi sem hafi hlotið verðlaunin oftar en einu sinni.



**Áhrifamikill** Sífellt fleiri höfundar hljóta verðlaunin oftar en einu sinni og geta með tíð og tíma eignast hrafnaþing.

## Sveipaður mikilli dramatík

„Þeir höfundar sem hljóta verðlaunin einu sinni eignast Blæng. Þeir sem vinna þau tvisvar eignast Hugin og Munin og séu verðlaunin fleiri þá er viðkomandi höfundur kominn með hrafnaþing,“ segir Matthías kíminn, sem átti einmitt hugmyndina að nafninu Blængur. „Ég rakst á þetta nafn í bókinni *Hrafninn* eftir Sigurð Ægisson,“ segir Matthías og bendir á að blængur sé stytting á orðinu blávængur, sem eigi vel við þar sem hrafninn sé blásvartur, en bronsafsteypan af höggmynd Matthíasar mun einmitt hafa blásvartan blæ.

Aðspurður segist Matthías strax hafa verið mjög spenntur fyrir því að skapa nýja verðlaunagripinn. „Ég var beðinn að teikna þrjár mismunandi útfærslur á verðlaunagrip,“ segir Matthías og rifjar upp að þegar verðlaunanefndin fór yfir tillögurnar hafi verið mjög mjótt á mununum milli fugls og spendýrs. „Það vann hins vegar með hrafninum að hann er betur tengdur bókmenntum,“ segir Matthías, sem vinnur mikið með dýr í verkum sínum. „Mér finnst spennandi að skoða dýrið innra með okkur og hvernig mannlegir eiginleikar birtast í dýrum,“ segir Matthías og bendir á að Blængur haldi öðrum væng sínum þétt að brjósti sér.

„Það kallast skemmtilega á við höfundinn sem sýnir ekki öll spil sín, en hefur þó alla þræði í hendi sér,“ segir Bryndís og bendir á að í fyrrnefndri bók Sigurðar um hrafninn megi sjá hversu sterk tengsl hrafnsins séu við skáldskapinn og íslenska tungu. „Í bókinni má finna 108 íslensk alþýðuheiti eða staðbundin aukaheiti fuglsins, 47 málshætti þar sem hrafni bregður fyrir, 58 orðasambönd, sex nöfn á litum og 627 íslensk örnefni sem tengjast hrafninum. Þá er ótalinn allur sá kveðskapur íslenskra skálda sem hverfist um þennan eldklára, uppátækjasama og áhrifamikla fugl sem gjarnan er sveipaður mikilli dramatík, líkt og merkja má í lokalínum ljóðs Kristjáns frá Djúpalæk, „Talað við hrafn“ þar sem skáldið spyr: Hvort ert þú svartur fugl / eða fljúgandi myrkur?“ segir Bryndís og bendir á að mannsnafnið Hrafn eða Rafn hafi verið með Íslendingum frá Landnámu. „Svo var þetta líka fuglinn sem lóðsaði nafngjafa Íslands, Flóka Vilgerðarson eða Hrafna-Flóka, hingað til lands.“

## Reyndist mikil hvatning

Matthías, sem fæddur er í Reykjavík 1988, hefur starfað sem myndhöggvari síðan hann lauk BA-námi frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2013. Á síðustu 12 árum hefur hann sýnt verk sín á 16 sýningum. Meðal sýningarstaða eru Kjarvalsstaðir, Ásmundarsafn, Listasafn Árnesinga, Safnasafnið, Ekkisens, Gallery Port og Ásmundarsalur, en rifja má upp að á árunum 2018-2023 hjó hann reglulega út í stein á stöpli fyrir framan Ásmundarsal. „Það reyndist vel að vinna úti, enda fylgir þessari listsköpun mikið ryk,“ segir Matthías, sem í dag er kominn með ágætis vinnuaðstöðu í bílskúr. Spurður hvort hann eigi sér uppáhaldsefnivið segist Matthías ávallt njóta þess að vinna með íslenska steina, s.s. grágrýti og gabbró sem og basalt með kristöllum sem komið hefur verið fyrir með tækni Carbfix. „En svo finnst mér líka mjög gaman að höggva í granít og marmara,“ segir Matthías og bendir á að hver steintegund búi yfir ólíkum eiginleikum sem gaman sé að vinna með.

Matthías hefur unnið eftirtektarverð verk í samvinnu við aðra listamenn og má þar nefna verkið „Þetta líður hjá“ 2019 í samstarfi við Elísabetu Jökulsdóttur fyrir Hveragerðisbæ, „Völubein“ 2021 með James Merry og Carbfix fyrir Björk og „Hjaltalín - ∞“ 2020 með Sigurði Oddssyni og Gabríel Bachmann fyrir Hjaltalín, en fyrir síðastnefnda verkið hlaut hann ásamt samstarfsfélögum Hönnunarverðlaun Íslands 2021. „Það var mikil hvatning að fá slíkt klapp á bakið og ákveðinn gæðastimpill sem eykur á traust. Síðan spillir verðlaunafé aldrei fyrir,“ segir Matthías þegar hann er spurður um gildi verðlaunanna.

Að sögn Matthíasar beygðist krókurinn snemma, því hann var síteiknandi sem barn. Tekur hann fram að hann eigi að vísu ekki langt að sækja listhæfileika sína, því hann er sonur myndlistarkonunnar Kristínar Arngrímsdóttur. „Ég hafði alltaf mikinn áhuga á þrívíðum myndum og prófaði mig ungur áfram með leir. En það var svo ekki fyrr en upp úr tvítugu að ég prófaði að höggva minn fyrsta stein,“ segir Matthías og rifjar upp að hann hafi fengið mikinn innblástur úr bók með yfirliti yfir myndlist frá upphafi mannkyns. „Þar sá ég að fólk var að höggva í stein fyrir mörg þúsund árum, þannig að ég hugsaði með mér að ég gæti gert það líka með nútímaverkfærum,“ segir Matthías og rifjar upp að hann hafi hoggið sinn fyrsta stein með hamri og meitli, en noti í dag verkfæri á borð við slípirokk með skurðarskífum og fræsara. „En ég nota líka alls kyns verkfæri sem ekki voru hönnuð til að vinna höggmyndir í stein,“ segir Matthías og tekur fram að verkfærin noti hann til að fá fram réttu áferðina. Í tilfelli Blængs hafi hann t.d. notað jafnlangan tíma til að pússa frummyndina eins og það tók að móta sjálfan fuglinn.

## Brons er fallegur málmur

„Þetta er þolinmæðisverk,“ segir Matthías og tekur fram að yfirleitt taki það hann um mánuð að vinna eitt verk í stein. „Af þeim sökum hafði mig lengi dreymt um að prófa að búa til bronsafsteypur af verkum mínum. Bæði til að koma verkunum í annað varanlegt efni – en brons er einstaklega fallegur málmur – en einnig til að fleiri geti eignast verk mín. Enginn getur hins vegar eignast Blæng nema skrifa góða bók,“ segir Matthías og tekur fram að sér finnist það góð tilhugsun að Blængur muni rata inn á heimili fjölmargra skálda. Þó Blængur sé fyrsta verk Matthíasar sem gerðar eru afsteypur af, má segja að listamaðurinn sé kominn á bragðið því hann vinnur nú að því að þróa annað verk með bronsafsteypur í huga.

Aðspurður segir Matthías að afsteypurnar séu gerðar í málmsteypunni Art-Odlew í Opole í Póllandi. „Ég spurðist fyrir og komst að því að hérlendis væri aðeins hægt að steypa í pottjárn og því yrði ég að leita til málmsteypu erlendis ef ég vildi vinna með brons. Vinur minn benti mér á að mamma hans væri mjög ánægð með málmsteypuna í Opole, sem hefur sérhæft sig í afsteypu listaverka,“ segir Matthías en umræddur vinur er sonur Steinunnar Þórarinsdóttur myndlistarmanns. „Ég flaug því með frummyndina til Póllands í handfarangri þar sem búið var til af henni sílikonmót,“ segir Matthías, sem geymir frummyndina, sem er úr svörtum marmara og vegur um sjö kíló, vandlega ef þörf væri á því að taka annað mót í framtíðinni.

„Þegar litið er til fjölda Pólverja á Íslandi, þá finnst okkur skemmtilegt að tengja Íslensku bókmenntaverðlaunin við land þeirra með þessum hætti,“ segir Bryndís og bætir við að Pólverjar séu mikil bókmenntaþjóð. „Sex Pólverjar eða höfundar af pólskum uppruna hafa fengið Nóbelsverðlaunin og það kemur örugglega að því einn daginn að höfundur af pólskum uppruna hljóti Íslensku bókmenntaverðlaunin,“ segir Bryndís að lokum.




# Urð og grjót

**LEIKLIST**
ÞORGEIR TRYGGVASON



Tjarnarbíó
**Ég heiti Steinn** ★★★☆☆

**Eftir Lucas Rastoll-Mamalia, sem einnig leikstýrir og hannar myndband. Tónlist: Sacha Bernardson. Gervi: Francesca Lombardi. Lýsing: Juliette Louste. Leikarar: Lucas Rastoll-Mamalia, Sigríður Ásta Olgeirsdóttir og Sumarliði V. Snæland Ingimarsson. Leikfélagið Reine Mer frumsýndi í Tjarnarbíói sunnudaginn 14. janúar 2024.**

Það fylgdu því hálfgerð ónot að setjast niður í Tjarnarbíói sunnudaginn sem hraun rann í Grindavík. Ekki alveg dagurinn til að horfa á leiksýningu um jarðfræðileg efni, ætlaða yngstu börnunum. En auðvitað er *Ég heiti Steinn* ekkert um jarðfræði; þótt þau Steinn, Urður og Bergur séu að nafninu til steinar eru þau fyrst og fremst krakkar. Þótt stærsta dramað í sýningunni, þegar stærsti hluti leikmyndarinnar byrjar að skríða fram og ógna lífi þremenninganna, hafi minnt umtalsvert á hrauntungu var samt fljótlega ljóst að þetta var annaðhvort skriðjökull eða vatnsflóð. Börnin í salnum voru heyrðist mér alveg með á nótunum hvað varðar bæði myndmál sýningarinnar og uppátæki þríeykisins.

Myndmálið fyrst: þar liggja galdrarnir í sýningunni. Misstórir efnisbútarnir af dúkum með málmáferð, sem sjást oftar sem hlífðarteppi fyrir fórnarlömb hamfara í fréttum og sjónvarpsþáttum, en reynast hér heillandi vettvangur fyrir ímyndunarafl leikhóps og gesta. Hvort sem það voru illa upp aldir kettlingar, straumvatn til að stikla yfir, skikkjur fyrir aðalborna hrokagikki eða flæðandi hárlokkar fyrir Evróvisjón-söngdívur þá voru þynnurnar til í tuskið. Ættu að vera til í hverju barnaherbergi. Málmtjöldin hafa líka greinilega verið frjór jarðvegur fyrir áhrifaríka lýsingu fyrir Juliette Louste.

Enda er Steinn litli hugfanginn af möguleikum dúkanna sem hann dregur upp úr bakpokanum sínum. Alsæll í sínum eigin heimi. Um leið og Urður og Bergur eru kynnt til sögunnar byrja árekstrar og núningur – óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að lifa í heimi með öðrum. Sem magnast enn upp þegar þau hitta Stein. En glíman við náttúruöflin, þau ytri (flóðið) og innri (sjálfselskuna), sameinar þau á endanum. Og svo læra þau – allavega flest – að útkljá ágreining með skæri-blaðsteinn, en aðdragandinn að því eureka-augnabliki er fyndnasta hugmynd sýningarinnar.

Þögul grímusýning kallar á skýra persónusköpun til að spennan og framvindan sem af henni hlýst verði kröftug og skiljanleg. Nokkuð vantar upp á þennan þátt. Þótt Bergur sé sennilega frekastur (og vitlausastur) og Steinn minnstur í sér er þetta helst til losaralega útfært. Mögulega listræn ákvörðun í átt að sálfræðilegu raunsæi, því öll erum við jú mótsagnakennd. En formið er ekki heppilegur vettvangur fyrir slíkt.

Hreyfimynstur þeirra Sigríðar Ástu Olgeirsdóttur, Sumarliða V. Snæland Ingimarssonar og Lucasar Rastoll-Mamalia, sem einnig er höfundur og leikstjóri, og þó enn frekar umgengni við leikmunina, er líka að því er virðist hugsuð raunsæislega, innblásin af börnum að leik. En aftur held ég að fágaðri, „kóreógraferaðri“ sviðsferð og meiri virðing fyrir málmdúkunum hefði þjónað áhrifunum betur. Í það minnsta fyrir okkur sem fylgjum markhópnum í leikhús.

Annað sem truflar okkur trúlega meira en börnin er hvað losaraleg tengsl eru milli teiknimyndanna sem varpað er á bakvegginn í upphafi og lok sýningarinnar. Gullfalleg svarthvít teiknimynd Rastoll-Mamalia úr heimi steinbarnanna gerði falleg og ágætlega útfærð gervi Francescu Lombardi eins og heldur klunnalega eftirmynd, frekar en listræna grunnhugmynd.

Þrátt fyrir þessa annmarka er *Ég heiti Steinn* ljúf og skemmtileg stund í leikhúsinu. Kynnir það fyrir yngstu gestunum sem vettvang töfra og ummyndana þar sem allt getur gerst, sérstaklega ef fólk – eða allavega grjót – leikur sér fallega saman.



**Ljúf „Þrátt fyrir þessa annmarka er Ég heiti Steinn ljúf og skemmtileg stund í leikhúsinu. Kynnir það fyrir yngstu gestunum sem vettvang töfra og ummyndana þar sem allt getur gerst,“ segir rýnir um sýninguna.**

## Birgitta Sif valin úr 3.520 manna hópi

**Barnabókahöfundurinn og teiknarinn Birgitta Sif Jónsdóttir hlaut viðurkenningu á barnabókamessunni The Bologna Children's Book Fair. Var hún valin til að taka þátt í samsýningu teiknara, *The Illustrators Exhibition*, en alls sóttu 3.520 teiknarar um að taka þátt. Fyrst komust 344 teiknarar á blað en loks voru 79 sigurvegarar valdir sem þóttu standa upp úr í keppninni. Er þetta í 58. sinn sem samkeppnin er haldin.**

**Barnabókamessan í Bologna leggur áherslu á að byggja brýr milli ólíkra landa og menningarheima, eins og segir á heimasíðu messunnar, og hefur það markmið að efla vandaðar myndlýsingar og bækur fyrir börn.**



**Mynd** Teikning Birgittu Sifjar er til sýnis á heimasíðu bókamessunnar.

Borgarleikhúsið

Eitruð lítil pilla (stóra sviðið) Stórsöngleikur Alanis Morissette

| | | |
|---|---|---|
| Fös. 16 / 02 kl. 20:00 U | Fös. 23 / 02 kl. 20:00 U | Fös. 01 / 03 kl. 20:00 U |
| Lau. 17 / 02 kl. 20:00 U | Lau. 24 / 02 kl. 20:00 U | Sun. 03 / 03 kl. 20:00 U |
| Fim. 22 / 02 kl. 20:00 U | Fim. 29 / 02 kl. 20:00 U | Fim. 07 / 03 kl. 20:00 Ö |

Fíasól (stóra sviðið) ★★★★ „Sprúðlandi fjörug sýning." - Þ.T. Morgunblaðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau. 27 / 01 kl. 13:00 U | Lau. 10 / 02 kl. 13:00 U | Sun. 25 / 02 kl. 13:00 U |
| Sun. 28 / 01 kl. 13:00 U | Sun. 11 / 02 kl. 13:00 U | Lau. 02 / 03 kl. 13:00 Ö |
| Lau. 03 / 02 kl. 13:00 U | Sun. 18 / 02 kl. 13:00 U | Sun. 03 / 03 kl. 13:00 L |
| Sun. 04 / 02 kl. 13:00 U | Lau. 24 / 02 kl. 13:00 U | Lau. 09 / 03 kl. 13:00 |

Lúna (litla sviðið) Nýtt verk eftir Tyrfing Tyrfingsson

| | | |
|---|---|---|
| Fim. 25 / 01 kl. 20:00 U | Fim. 08 / 02 kl. 20:00 U | Lau. 17 / 02 kl. 20:00 U |
| Sun. 28 / 01 kl. 20:00 U | Sun. 11 / 02 kl. 20:00 U | Fös. 23 / 02 kl. 20:00 U |
| Fim. 01 / 02 kl. 20:00 U | Fim. 15 / 02 kl. 20:00 U | Lau. 24 / 02 kl. 20:00 U |
| Sun. 04 / 02 kl. 20:00 U | Fös. 16 / 02 kl. 20:00 U | Fös. 01 / 03 kl. 20:00 U |

Níu líf (stóra sviðið)
Fim. 09 / 05 kl. 20:00 U
Fös. 10 / 05 kl. 20:00 U
Sun. 12 / 05 kl. 20:00 U
Fim. 16 / 05 kl. 20:00 U

Delerium búbónis
Fös. 26 / 01 kl. 20:00 Ö
Lau. 27 / 01 kl. 20:00 Ö
Fös. 02 / 02 kl. 20:00 Ö
Lau. 03 / 02 kl. 20:00 U

Með guð í vasanum
Ein af sýningum ársins - Morgunblaðið
Fös. 26 / 01 kl. 20:00 U
Lau. 27 / 01 kl. 20:00 Ö
Lau. 03 / 02 kl. 20:00 Ö

Vaðlaheiðargöng
Fös. 02 / 02 kl. 20:00 U
Fös. 09 / 02 kl. 20:00 Ö
Lau. 10 / 02 kl. 20:00 L
Fös. 16 / 02 kl. 20:00 L

Fúsi: Aldur og fyrri störf
Ein af sýningum ársins - Morgunblaðið
Mán. 29 / 01 kl. 13:00 U
Mið. 07 / 02 kl. 20:00 L
Mið. 21 / 02 kl. 20:00 L

Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar
Fös. 02 / 02 kl. 20:00 U
Fös. 09 / 02 kl. 20:00 U
Lau. 10 / 02 kl. 20:00 U

Fleiri sýningar á borgarleikhus.is | midasala@borgarleikhus.is | 568 8000
Átt þú gjafakort í Borgarleikhúsið? Gjafakortin okkar eru rafræn. Þú getur notað kortið til að kaupa miða á borgarleikhus.is
Jómfrúin Veitingar frá Jómfrúnni fást í Borgarleikhúsinu!

# Menn og mælikvarðar

**BÆKUR**
SÖLVI SVEINSSON



Fræðirit

**Samfélag eftir máli. Bæjarskipulag á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi ★★★★★**

**Eftir Harald Sigurðsson. Sögufélag, 2023. Mjúkspjalda með kápu, 538 bls. Enskur útdráttur, skrár um heimildir, myndir, efnisorð og nöfn.**

*Samfélag eftir máli* er einkar áhugaverð bók fyrir alla sem áhuga hafa á manngerðu umhverfi sínu og aðstæðum, lipurlega skrifuð, efnismikil og fallega heiman búin úr garði Sögufélags, meginmál prentað í tvídálki með stóru letri, myndatextar með öðru letursniði og smærra, jafnvel of smáu; kjarnyrt ummæli eða tilvísanir víða dregin saman á miðjum síðum og fræðilegar innskotsgreinar milli nokkurra kafla. Tilvísanir eru neðanmáls og margar mjög ítarlegar, bæta við efnisgreinar. Fjölmargar myndir bregða í senn ljósi á tíðaranda og frysta augnablikið; flestir skipulagsuppdrættir daufir í smáatriðum nema fyrir skarpskyggna. Sýna þó hvað fyrir mönnum vakti. Gröf og línurit einstaklega upplýsandi. Bókin er niðurstaða af feikna víðtækri rannsókn á skipulagsmálum í góðum tengslum við almenna sögu landsins með hliðsjón á hugmyndafræði handan hafsins; heimildaskrá ber því vitni að ótrúlega víða hefur verið leitað fanga. „Leitun að hinu rétta og endanlega skipulagi borga og bæja er rauður þráður í þeirri sögu sem sögð er í bókinni," segir höfundur í upphafskafla (9) og hnykkir á því í lokakafla: „Hið margræða samspil milli hins byggða og hannaða umhverfis og samfélagsins hefur verið rauður þráður í sögunni" (478). Markmiðið er „að vekja upp gagnrýnar spurningar um þá skipulagsmenningu sem við búum við" (11).




Það hefur tekist ljómandi vel. Jafnframt er bókin „að sumu leyti uppgjör mitt við fræðin og störf mín sem skipulagsráðgjafi og embættismaður um 30 ára skeið" (11). Bókin ætti að vera á náttborði allra sveitarstjórnarmanna og áhugamanna um sögu landsins sem hér er skráð frá nýstárlegu sjónarhorni. Hvernig vegnar samfélaginu „í hinni hönnuðu umgjörð bygginga, þjónustustofnana, almenningsrýma og alls kyns mannvirkja og innviða sem hið opinbera leggur til"? (12). Stundum er þetta vald stórkarlalegt (10).

Skipulag borga og bæja hefur gríðarlega mikil áhrif á velferð íbúanna, t.d. hvað varðar húsnæði fyrir heimili og vinnustaði, samgöngur, þrifnað, margvísleg velferðarmál af öðru tagi o.s.frv. Það er því engin furða að skipulagsmál marka pólitísk skil milli manna og flokka, hugmyndafræðileg og einstaklingsbundin. Hér er nærtækt að benda á deilur um flugvöll í Reykjavík, borgarlínu og þéttingu byggðar annars vegar og hins vegar alls konar ‚stríð' einstaklinga við yfirvöld út af bílskúrum, leyfi til að byggja eina hæð í viðbót, öspum á lóð nágrannans o.s.frv. Markmið skipulags hlýtur að vera „að samfélagið og hið byggða form renni ljúflega saman í eina harmóníska heild" (14). Það er ekki einfalt verk!

Lagning vatnsveitu og holræsa beinlínis kallaði á skipulag, festu í byggðinni. Ritið fjallar í megindráttum um skipulag bæja og þorpa á fyrri hluta 20. aldar, raunar allt til 1964 að ný skipulagslög voru sett, hins vegar um þróun mála í Reykjavík frá 1900 og fram yfir gildistöku Aðalskipulags Reykjavíkur 1962-83 (15). Rit Guðmundar Hannessonar læknis, *Um skipulag bæja*, 1916, markar tímamót og næstu áratugi voru Guðmundur og Guðjón Samúelsson eins konar skipulagspáfar, báðir tveir óhemju duglegir og afköst þeirra með ólíkindum eftir að fyrstu skipulagslögin voru sett 1921. Lágreist byggð, helst ekki hærri en tvílyft heilsusamleg hús, með góðri birtu við bogadregnar götur, gisin, einsleit hverfi, það voru þeirra ær og kýr; góð lóð skyldi fylgja hverju húsi í samræmi við hugmyndir manna um garðborgina, að flytja sveitina með sér í bæinn. Menn áttu helst að eiga sín hús og þjóðin virðist lengi hafa haft megnustu skömm á fjölbýlishúsum (*Sjálfstætt fólk?*); tveggja íbúða „villur" vinsælar (309). Ótrúlega mörg þorp og bæir voru skipulögð með þessu sniði, af miklum metnaði, en væntingar þó óraunverulegar um hraðan vöxt; atvinnuöryggi skorti víða í dreifðum byggðum og óvissa ríkti (194 o.áfr.). Það hamlaði allri vinnu á þessum vettvangi að hér skorti fagmenn (139). Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83 er hins vegar módernískt. Íbúðar- og atvinnuhverfi eru fullkomlega aðskilin og samgöngukerfi sniðið að einkabílnum; strætó var fyrir börn og þá sem ekki höfðu efni á bíl. Ýmsar borgir í Skandinavíu voru hins vegar skipulagðar í dúr við almenningssamgöngur; fyrstu vagnar Strætós hófu akstur 1931. „Bíllinn, hinn ofvaxni fararskjóti, hlaut því að hafa afgerandi og varanleg áhrif á borgarlandslagið" (336).

„Í gatnakerfi einkabílsins getur oft verið stutt á milli hins frjálsa flæðis og alræðis umferðarþungans" (343). Fyrstu stöðumælarnir settir upp 1957 (350). Árið 2005 voru rúmlega 600 bílar á hverja 1.000 íbúa, en tæplega 200 íbúar á hvern hektara (386); voru 120 árið 1940. Fyrstu mislægu gatnamótin voru þó gerð í Kópavogi 1973 (411). Ný tegund gatna varð til: hraðbraut sem er umferðaræð, en ekki gata í borg (429).

Lengi vel þótti mörgum sveitamanninum, jafnvel líka áhrifamiklum stjórnmálamönnum, (og þykir kannski enn?) að þéttbýlið væri siðspillandi (landsbyggðin vs Rvk 101). Skólaár í sveitum var t.d. styttra en í kaupstöðum af því sveitalífið væri svo heilbrigt að nemendur gætu tileinkað sér námsefni á skemmri tíma; það var tálsýn.

Hérlendis hófst steinsteypuöld um og upp úr 1900, bruninn mikli í Reykjavík 1915 flýtti fyrir. Torfhúsin gömlu voru þó ótrúlega lengi við lýði í þorpum og bæjum og enn lengur í sveitum lands; 1910 bjuggu 52% landsmanna í torfhúsum (116). Margir skipulagsfræðingar báru litla virðingu fyrir byggingarlagi alþýðunnar (63); sjúkdómar grasseruðu í lélegum og dimmum húsakynnum. Flestir bæir voru nýir því að bændasamfélagið barðist gegn myndun þéttbýlis; fyrir vikið streymdi ungt fólk til Vesturheims allt fram að fyrri heimsstyrjöld þótt þunginn væri 1875-1900. Bændur voru burðarásar í efnahagslífinu, þeir reistu skorður við því að sérstök sjómannastétt yrði til og atvinnufrelsi komst hér ekki á fyrr en undir aldamótin 1900; 9,3% landsmanna höfðu viðurværi sitt af sjávarútvegi 1860.

Saga skipulags í Reykjavík er rakin, fyrst innan Hringbrautar og síðan utan. Ekki er tóm til að rekja þá sögu hér og ríkjandi hugmyndafræði, en nefna má að deilur um flugvöll byrjuðu strax á 4. áratug 20. aldar og standa enn. „Flugvallarmálið í Reykjavík er sennilega skrýtnasta dæmið um skipulagsmál hér á landi þar sem margræðir og djúplægir hagsmunir eru að verki" (368). Karp um þéttingu byggðar, hæð húsa, húsnæðismál almennt, endurnýjun miðbæjar, almenningsrými og umferðarþunga er heldur ekki nýtt af nálinni.

*Samfélag eftir máli* er stórmerkileg bók og skilur lesanda eftir með ótal spurningar, en líka góðar hugmyndir að svörum. Hér hefur verið tæpt á örfáum atriðum sem vikið er að, en mergurinn málsins er að hér er sögð einkar fróðleg og forvitnileg saga sem á erindi við alla. Sá sem þetta ritar hefur ekki lesið áhugaverðari bók í háa herrans tíð.




**Skipulag** „Sá sem þetta ritar hefur ekki lesið áhugaverðari bók í háa herrans tíð," segir rýnir um bók Haraldar.

Ljósmynd/Gunnar Rúnar Ólafsson, Ljósmyndasafn Reykjavíkur



Morgunblaðið/Arnþór Birkisson

**Höfundurinn** Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur og embættismaður.





Ljósmyndir/Hlynur Helgason

**Samspil** Í loftinu er verkið „Afréttur“ úr áli frá árinu 1996 og á veggnum „Hyrnur“ úr leir frá árinu 2009.



**Handverk kvenna** Nærmynd af verkinu „Hyrnur“ frá árinu 2009.



**Tvenna** „Geldingadalir“ (t.v.) og „Meradalir“ (t.h.) frá 2023, leir og kopar.

# Endurtekningin efnisgerð

**MYNDLIST**

HLYNUR HELGASON



Hafnarborg

**Flæðarmál** ★★★½☆

**Jónína Guðnadóttir sýnir. Sýningarstjóri Aðalheiður Valgeirsdóttir. Sýningin stendur til 29. apríl 2024. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 12-17.**

Í Hafnarborg í Hafnarfirði stendur nú yfir sýning á verkum Jónínu Guðnadóttur myndlistar- og leirlistamanns. Sýningin er í efri sölum safnsins og er yfirlit um myndlistarverk hennar frá undanförnum þrjátíu árum, eða frá 1996, auk sýnishorna af nytjagripum sem hún hefur unnið á ferli sínum. Sýningin birtir vel helstu áherslur hennar í listsköpun og hvernig hún hefur þróað hugmyndir sínar og aðferðir.

Jónína er fædd árið 1943 og lét fyrst að sér kveða á sviði myndlistar á sjöunda áratug síðustu aldar. Eftir að hún kom heim frá námi í Svíþjóð árið 1968 vakti hún verðskuldaða athygli sem sérfræðingur í meðferð leirs og glers við listsköpun. Hún stýrði um hríð keramíkdeild Myndlista- og handíðaskólans og vann ötullega að félags- og hagsmunamálum myndlistarmanna. Í upphafi var hún þátttakandi í SÚM og síðar virk við stofnun Keramíkfélagsins og Sambands íslenskra myndlistarmanna.

Á sýningunni má sjá allmargar myndraðir. Á miðju gólfi aðalsalarins er verkið „Breið“, leirmunir í formi sjávardýra sem raðað er í sendinn hring, í ætt við verk sem Jónína hefur áður sýnt í vitum landsins. Á veggjum eru nokkrar sterkar myndheildir: „Fossar“, röð stórra verka sem líta út eins og drumbar, eru áberandi til vinstri; á endaveggnum trónir þríleikurinn „Hyrnur“ sem er samsetning formeininga sem mynda þrjár hyrnulaga samsetningar. Þar fyrir ofan er „Afréttur“, verk úr áli sem hangir úr loftinu. „Blámi“, verk byggt upp úr bláum ferningslaga formum er til hægri í salnum. Í innri salnum eru nokkur verk frá því um og fyrir síðustu aldamót, úr gleri, leir og fundnu efni. Í setustofunni inn af hliðarsalnum hefur verið komið fyrir uppstillingu á hönnunargripum úr leir.

Verk Jónínu sýna glöggt þekkingu hennar á möguleikum leirs í samspili við málma og mismunandi glerunga. Í verkunum leitast hún við að nýta einfalda formgerð sem er endurtekin í ólíkum blæbrigðum. Sjá má samsvörun á milli verka hennar og annarra listamanna á áttunda áratugnum í því hvernig hún rannsakar möguleika formgerðar á kerfisbundinn hátt. Hún nýtir leir og gler sem miðil til að gera kerfisbundnar lágmyndir þar sem áferð flatarins og litblær glerungsins skapar fjölbreytni í endurtekningunni. Þessi aðferð Jónínu kallast á við fjölföldun sem er reglan við framleiðslu nytjahluta. Í listaverkunum skapar endurtekningin blæbrigðamun innan hverrar heildar á meðan leirkerasmiðurinn sækist eftir samræmi og stöðlun.

Í tveimur af meginverkum sýningarinnar, loftverkinu „Afréttur“ frá 1996 og „Hyrnum“ frá 2009, vinnur Jónína með sömu hugmynd á ólíkan hátt. Þema beggja verka eru fjármörk. Í „Afrétti“ er efniviðurinn álplötur sem Jónína hefur mótað í form sem minnir bæði á eyru kinda og lögun skjaldarmerkja. Þessar plötur hafa verið skornar, markaðar, eins og eyru kinda við mörkun, og hanga niður úr loftinu, upphafnar. Í „Hyrnum“ er sama hugmynd endurvakin sextán árum síðar í leir. Verkið samanstendur af 180 leirplötum, formuðum eins og skildir, ávalir, með afskurði í stíl við fjármörk. Áferð hvers skjaldar er mótuð á ólíkan hátt með því að nýta hekl eða prjónahluti til að móta hann og skapa þannig myndræna og sérstæða áferð. Hér er Jónína að vinna á áhrifaríkan hátt með táknmenningu bændasamfélagsins í bland við handverk kvenna til að skapa sterka formræna heild.

Sýningin inniheldur, auk yfirlits fyrri ára, tvö ný verk. Þetta eru ferningslaga leirskildir sem búið er að fella koparþræði saman við. Málmurinn myndar geislandi rásir í brúnan flötinn, nokkuð sem kallast á við titil verkanna: „Geldingadalir“ og „Meradalir“. Hér hefur Jónína nýtt sér leirlistina til að túlka sprungið og ólgandi landslag í nýju hraunbreiðunum á Reykjanesi.

Sýningin er í heildina sterk og birtir okkur vel þróun listar Jónínu undanfarna þrjá áratugi. Hún sýnir þau sterku tök sem hún hefur á miðli sínum; hér nýtur leirinn sín vel sem efniviður við gerð myndlistarverka. Þó hefði verið áhugavert að fá yfirgripsmeiri innsýn í feril Jónínu í heild. Það hefði gefið sýningunni aukið vægi ef hún hefði náð að birta þróun verka hennar frá 1968, þegar hún kom úr námi frá Svíþjóð, fram á miðjan tíunda áratuginn.

# Formfegurð kvenlíkamans

## Thom Puckey sýnir í Ganginum

**Sýning með ljósmyndaverkum listamannsins Thoms Puckeys verður opnuð í Ganginum, Brautarholti 8, 105 Reykjavík, síðdegis í dag, fimmtudaginn 25. janúar, kl. 17-19. Yfirskrift sýningarinnar er „Between the two worlds, the bright and the dark“. Listamaðurinn verður sjálfur á staðnum og talar um verkin.**



**Ljósmynd** Listamaðurinn Thom Puckey reynir að fanga tíma, rúm og hreyfingu, allt í senn.

**Thom Puckey er hollensk-breskur listamaður, fæddur 1948, sem býr og starfar í Amsterdam. Í tilkynningu frá Ganginum segir að hann sé „vel þekktur fyrir marmaraskúlptúra sína, realíska fágaða kvenlíkama í fullri stærð, sem minna á eldri verk í listasögunni en birtast í óvæntum nútímalegum aðstæðum.“**

**Þar kemur einnig fram að á yngri árum hafi Puckey myndað annan hluta listperformanstvennunnar „Reindeer Werk“. Frá árinu 2016 hefur hann síðan lagt „síaukna áherslu á listljósmyndun sem fangar ekki augnablik, heldur tíma, rúm og hreyfingu allt í senn. Þar vinnur hann áfram með ímynd og formfegurð hins fágaða kvenlíkama í óvæntum aðstæðum, þar sem hreyfing, ljós og dulúð skapa sérstæð hughrif.“**

**Helgi Þorgils Friðjónsson hefur rekið Ganginn, sem er gallerí í heimahúsi, frá árinu 1979.**



# Vængstýfð er öldin

**BÆKUR**
EINAR FALUR INGÓLFSSON



Ljóð
**Undir mjúkum væng ★★★★☆**

**Eftir Matthías Johannessen. Veröld, 2023. Innbundin, 75 bls.**

í myndasafni mínu
og minni mínu
meðan það er óskert eins og
fljótandi vatn, er
kyrrt eins og vængbreiðar
álftir í kyrralífsmynd mánans.

Myndir úr dagbók“ er undirtitill þessa nýjasta ljóðasafns Matthíasar Johannessen og er vel mótuðu verkinu skipt upp í fjórtán myndir eða kafla. Hér, í þeim níunda, hefur ljóðmælandinn líkt sér við ljósmyndara og sá er að „safna myndum af henni, / ef ég þyrfti á þeim / að halda þegar / elliglöpin færast yfir, // treysti ekki framtíðinni / fyrir því sem ég vil ekki / gleyma. // nú er minningin / um hana / til á tveimur stöðum“ (59). Og ljóðmælandinn, sem hefur tryggt að minningin geymist á ljósmynd, fagnar um leið óskertu minninu sem er fallega líkt við fljótandi vatnið og hnykkt er á því með áhrifaríkri myndlíkingu sem er dæmigerð fyrir höfundarverk Matthíasar; þar sem það er sagt „kyrrt eins og vængbreiðar / álftir í kyrralífsmynd mánans“.





Morgunblaðið/Golli

**Skáldið „Ný bók með nýjum ljóðum frá Matthíasi er fagnaðarefni,“ segir rýnir um Undir mjúkum væng.**

Ný bók með nýjum ljóðum frá Matthíasi er fagnaðarefni. Og *Undir mjúkum væng* tengist með markvissum hætti þeim sem hafa komið frá skáldinu, sem nú er orðið 94 ára, á undanförnum árum; allt eru það áhrifarík og mjög persónuleg verk, eins og *Vegur minn til þín* (2009), *Við landamæri* (2015), *Enn logar jökull* (2018) og *Á asklimum ernir sitja* (2021). Þröstur Helgason, sem lengi vann með ritstjóranum Matthíasi hér á Morgunblaðinu, bjó ljóðin til prentunar í samvinnu við skáldið.

Söknuður er eitt meginstefið og áberandi í verkinu, og þá einkum eftir ástvinu sem er horfin, en önnur endurtekin stef og minni tengjast lífinu og sköpuninni, gjarnan í ljósi ellinnar. Tímans sem engu eirir og „sogar okkur / að þéttriðnu neti / gleymskunnar“, eins og segir í ljóði þriðja hluta bókarinnar, en ljóðmælandinn kveðst enn sjá ástvinu sína „með innri augum mínum // og allt í grafarþögn, // þá finn ég líka ögn / af öðrum heimi // og andardrætti þínum“ (19).

Í höfundarverki Matthíasar hafa iðulega birst viðbrögð skáldsins við hræringum í heimspólitík og ofbeldisskarki og það sjáum við hér enn, eins og í ljóðinu „Regnið úr austri“, sem dagsett er í apríl 2022 og fjallar um innrás Rússa í Úkraínu. Brugðið er upp mynd af umsátrinu við borgina Maríupól þar sem konur og börn eru í rústunum, dúfur í leit að friði á torgi, en eins og svo oft áður gegnum árin er myndin af ástandi heimsins æði myrk og sprengjuregnið úr austri „býður ekki uppá hringrás / og þroska, / heldur dauða“. Og í ljóðinu „Í anda Gríms“ vísar skáldið til kvæðis Gríms Thomsen „Á Glæsivöllum“, þar sem enginn þolir drykkinn nema jötnar, en hjá Matthíasi breyta jötnar miklahvelli í myndasögur og stríð milli þeirra og manna, bæir og borgir springa og mönnum og dýrum er fórnað. En meðan á þeim hryllingi stendur er slegið upp fáfengilegri veislu með flugeldum en spáð heimslokum með vísun í ógn af hlýnandi jörð:

Gleði í höll
glymja hlátrasköll
þegar veizlan deyr
eins og bráðnandi jöklar
í höfin. (54)

Aðrar liðnar veislur birtast í minningum ljóðmælandans þegar hann líkir sér við gríska fornkonunginn Agamemnon, kveðst vera dapur draumur og hafa dáið sem hetja í veröld sem var, efast nú um það sem gerðist í lífinu og einmana hugsar nú um það. Og depurðin og eftirsjá er endurtekið þema í þessum dagbókarmyndum, eins og í fyrrnefndum ellefta hluta bókarinnar, þar sem ljóðmælandinn kveðst vera ljósmyndari og hringir milli heima eða inn í draum til að heyra rödd sem hann saknar en vaknar svo inn í draumlausa veröld hennar. Hringrás tímans í náttúrunni kemur líka aftur og aftur fyrir, tengd endurliti og minningum:

Vængstýfð er öldin
vígblind syndagjöldin
blóðsugan hangir við hellinn,
hljóðlát er ellin.

Ást áttir þú meyjar
úti við eyjar
blár. (10)

Kunnugleg einkenni á skáldskap Matthíasar birtast endurtekið, eins og markviss notkun á litaorðum og persónulegum táknum á borð við vænginn, sem stendur óræður ýmist fyrir sköpun, líf og skjól, og svo eru fuglarnir yfir og allt um kring, viðkvæmir og fallegir eru þeir klassískt tákn fyrir lífið og skáldskapinn. Ljóðmælandinn vildi á einum stað að sá sem hann hugsar til væri fugl, þá er ort um draum lunda, hrafnar, fálkar og lóur koma fyrir og svo er þetta náttúruvæna smáljóð um hvað samræmið í náttúrunni getur verið fagurt en viðkvæmt:

Máríuerlan mildum augum ber
fjöll og dali í fylgd með sér. (27)

Þrátt fyrir að í þessu nokkuð knappa og býsna meitlaða ljóðasafni úr dagbók skáldsins sé í og með tekist á við þung og tregafull viðfangsefni, eins og átök manna og þjóða, einsemd og elli, þá eru líka í því gamansamir strengir og ljóðmælandinn hendir gaman að stöðunni, jafnvel á óvæntan hátt. Í ljóðinu „Kolrak“ er lýst manni sem hjólar niður Hverfisgötu með jarðlíkan í fanginu og gætir þess að missa ekki hnöttinn, því „þá mundi hann splundrast // og þá yrðu líklega / ragnarök“. Og þegar ljóðmælandinn hefur í sjónvarpinu séð Attenborough sitja með fisk í hendi og lýsa yfir að það sé forfaðir okkar manna, þá kveðst ljóðmælandinn vera hættur að kaupa fisk í matinn, „Einkum kinnar, saltfisk og skötu“ (43).

Í lokaljóði bókarinnar segir ljóðmælandinn svo vin sinn hafa gefið sér staf sem kallaður hafi verið viðhaldið og verið forsenda þess að hann héldi jafnvægi – síðan týndist stafurinn. En viðhaldið fannst, og ljóðmælandinn segir það hafa verið gleðitíðindi „og ég sveifla honum í allar áttir eins og Chaplin. // Og margir falla í stafi / yfir æsku minni“ (75).






## Vísar ekki í heim heldur er heimurinn



**Tónsmíðar Atli Ingólfsson smíðar hljóðinnsetningu úr upptökum af eigin tónlist.**

**Sýning Atla Ingólfssonar tónskálds, *Algerving*, verður opnuð í dag, fimmtudaginn 25. janúar, kl. 17 í Glerhúsinu. „Á þessari sýningu reynir Atli Ingólfsson hið ómögulega, að framkalla það sem hann kallar algervingu á tónlist sinni,“ segir í tilkynningu en sýningin er hluti af tónlistarhátíðinni Myrkum músíkdögum.**

**„List felst oft í myndhverfingum eða hlutgervingu, þar sem tiltekin tákn fá víða skírskotun. Eftir fjörutíu ára starf að tónsmíðum fer Atli hér gagnstæða leið. Hann tekur alla eigin tónlist sem hann á upptökur af og smíðar úr því öllu hljóðinnsetningu. Í stað þess að vera stök táknmynd sem vísar út á við verður hér til massi úr öllum mögulegum táknmyndum sem leitast við að falla saman og segja ekki neitt; reynir ekki að vísa í heim heldur vera heimurinn.“**

**Opið verður í Glerhúsinu alla hátíðardagana til sunnudags frá kl. 14 til 17 en á opnunardaginn sjálfan verður opið frá kl. 17 til 22. Eftir það verður opið á sunnudögum. Sýningin stendur til 24. mars.**

## Níu sónötur á fæðingardegi Mozarts

**Tónleikar í tilefni af fæðingardegi W. A. Mozarts verða haldnir í Hallgrímskirkju á laugardag, 27. janúar, kl. 14. Sú hefð hefur skapast að halda tónleika af þessu tilefni á ári hverju. Að þessu sinni verða fluttar níu kirkjusónötur fyrir orgel, tvær fiðlur, selló og kontrabassa.**

**Flytjendur eru Laufey Sigurðardóttir og Sigurlaug Eðvaldsdóttir á fiðlu, Bryndís Björgvinsdóttir á selló, Hávarður Tryggvason á kontrabassa og Erla Rut Káradóttir á orgel. Strengjaleikararnir fjórir hafa verið fastráðnir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands um árabil en Erla Rut er organisti við Háteigskirkju í Reykjavík. Tónleikarnir eru innan við klukkustundarlangir. Þeir eru í boði Reykjavíkurborgar og er aðgangur ókeypis.**



**Tónskáldið Mozart í túlkun Barböru Krafft á málverki frá árinu 1819.**


★★★★
MBL, S.B.H.
Í LJÓSI GRÍÐARLEGRA VINSÆLDA
FLYTUR SÝNINGIN Á STÓRA SVIÐIÐ!
ORÐ
„leiksigur sem maður sér ekki oft.“
Hugrás, D.K.
„Ebba Katrín er ein besta – kannski besta leikkona sinnar kynslóðar.“
TMM, S.A.
GEGN
Prima Facie
ORÐI
ALLT AÐ SELJAST UPP!
26. jan. kl. 20 UPPSELT
27. jan. kl. 20 UPPSELT
28. jan. kl. 20 UPPSELT
02. feb. kl. 20 UPPSELT
03. feb. kl. 20 UPPSELT
04. feb. kl. 20 UPPSELT
09. mar. kl. 20 UPPSELT
10. mar. kl. 20 UPPSELT
13. mar. kl. 20 UPPSELT
14. mar. kl. 20 UPPSELT
05. apr. kl. 20 Aukasýn.
10. apr. kl. 20 Aukasýn.
13. apr. kl. 20 Aukasýn.
18. apr. kl. 20 Aukasýn.
Nýjar aukasýningar
Á rauðu ljósi
★★★★
MBL, Þ.T.
Frumsýnt 15. febrúar
SAKNAÐAR ILMUR
Leikhusid.is

## RÚV

**13.00** Fréttir með táknmálstúlkun
**13.25** Heimaleikfimi
**13.35** Kastljós
**14.00** Gettu betur 2014
**15.00** Orðbragð
**15.25** Venjulegt brjálæði
**16.05** Faðir, móðir og börn
**16.35** Manndómsár Mikkos - Önnur þrautin - hlaup
**17.05** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
**17.20** Perlur byggingarlistar
**17.30** Grænkeramatur
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Lesið í líkamann
**18.29** Maturinn minn
**18.40** Nei sko!
**18.41** Úti í umferðinni
**18.45** Krakkafréttir með táknmálstúlkun
**18.50** Lag dagsins
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Okkar á milli
**20.35** Veislan
**21.10** Leitin að Raoul Moat
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Dansmeyjar

## Sjónvarp Símans

**12.00** Heartland
**12.45** IceGuys
**13.15** Nýlendan
**13.45** The Block
**14.45** Survivor
**15.50** Top Chef
**17.15** Everybody Hates Chris
**17.40** Superior Donuts
**18.00** The King of Queens
**18.25** Ghosts
**18.50** Villi og Vigdís ferðast um heiminn
**19.20** Að heiman - íslenskir arkitektar
**20.00** Riddle Me Dead
**21.30** Law and Order: Organized Crime
**22.20** Rabbit Hole
**23.10** Walker
**23.55** The Good Wife

## Skjár 1

**17.00** Litla prinsessan
**19.00** Eftirförin
**21.00** Sæt hefnd
**23.00** Morðin í lestinni

## Ljósvakinn Ragnheiður Birgisdóttir

# Mannrán eða uppspuni?

**Síðasta sunnudag gleypti ég í mig þættina *American Nightmare* á Netflix. Um er að ræða heimildarmynd í þremur þáttum þar sem segir frá ótrúlegu sakamáli. Árið 2015 var konu á þrítugsaldri, Denise Huskins, rænt af heimili kærasta síns í Vallejo í Kaliforníu en hún dúkkaði síðan upp nokkrum dögum síðar og var þá sökuð um að hafa sett atburðina á svið.**



**Þolandi?** Huskins ásamt kærasta sínum.

Þættirnir eru afskaplega vel byggðir og tekst leikstjóra þeirra að leika sér með áhorfandann þannig að hann trúir ýmist fórnarlömbunum eða lögreglunni sem dregur frásögn þeirra í efa. Viðtöl við ýmsa aðila sem tengdust málinu varpa ljósi á ólíkar hliðar þess og úr verður marglaga frásögn sem heldur áhorfandanum.

Spurt er hvað gerist ef frásagnir þolenda eru ekki teknar alvarlega en ég vil ekki segja of mikið um hvernig því er svarað því vendingarnar í málinu eru það sem gerir þættina góða. Boðskapurinn er þó á endanum beinskeyttur. Ábyrgð lögreglunnar, sem og fjölmiðla, er mikil þegar kemur að leitinni að sannleikanum.

Þetta eru áhrifaríkir þættir sem snerta á fyrirbærum á borð við hlutdrægni, hirðuleysi og valdaójafnvægi en rétt er að vara við umfjöllunarefninu því óhugnanlegu mannráni, byrlun og nauðgunum er lýst í smáatriðum.

## Rás 1 92,4 • 93,5

**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**11.57** Dánarfregnir
**12.00** Fréttir
**12.03** Uppástand
**12.10** Síðasta lag fyrir fréttir
**12.20** Hádegisfréttir
**12.42** Þetta helst
**13.00** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Á tónsviðinu
**15.00** Fréttir
**15.03** Sögur af sjó og landi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Spegillinn
**18.30** Í ljósi krakkasögunnar
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld: Á leið í tónleikasal
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.00** Samfélagið
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Mannlegi þátturinn
**23.05** Lestin

## Stöð 2

**08.00** Hvar er best að búa ?
**08.30** Shark Tank
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Necessary Roughness
**10.15** Um land allt
**10.45** Bætt um betur
**11.10** Hell's Kitchen
**11.55** Neighbours
**12.25** Lego Masters USA
**13.10** The Cabins
**13.55** Leitin að upprunanum
**14.30** Spegilmyndin
**14.50** The Masked Dancer
**16.00** Hvar er best að búa?
**16.45** Friends
**17.05** Friends
**17.30** Bold and the Beautiful
**17.55** Neighbours
**18.25** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**18.55** Ísland í dag
**19.10** The Love Triangle
**20.10** Scared of the Dark
**21.10** Magnum P.I.
**22.00** Rise of the Billionaires
**22.55** The Graham Norton Show
**23.55** Friends
**00.20** Friends
**00.40** Sneaky Pete
**01.30** Ofsóknir
**02.00** Ofsóknir
**02.20** La Brea
**03.05** La Brea
**03.45** The Tudors

## Omega

**08.00** Blessun, bölvun eða tilviljun?
**08.30** Benny Hinn
**09.00** Joni og vinir
**09.30** Máttarstundin
**10.30** The Way of the Master
**11.00** United Reykjavík
**12.00** Í ljósinu
**13.00** Joyce Meyer
**13.30** Tónlist
**14.30** Bill Dunn
**15.00** Tónlist
**15.30** Global Answers
**16.00** Blandað efni
**16.30** Gegnumbrot
**17.30** Tónlist
**18.30** Joel Osteen
**19.00** Joseph Prince-New Creation Church
**19.30** Joyce Meyer
**20.00** Blönduð dagskrá
**21.00** Blönduð dagskrá
**22.00** Blönduð dagskrá
**23.00** Let My People Think
**23.30** Let My People Think
**00.00** Joyce Meyer


K100



## Styrkleiki að gefast aldrei upp

Annie Mist Þórisdóttir segir sinn helsta styrkleika að gefast aldrei upp. Hún var gestur í Ísland vaknar þar sem hún ræddi lífið sem móðir, bestu vinkonuna og verkefnin fram undan. „Ég er að reyna að stækka og fara út fyrir þægindarammann," segir Annie um nýju barnabókina Hver er leiðin? sem hún skrifaði með bestu vinkonu sinni, Katrínu Tönju Davíðsdóttur. „Ég er alltaf með opin augu fyrir tækifærum en með endalaust af hugmyndum. Núna er ég ólétt og get sett orku í aðra hluti þar sem ég æfi ekki alveg jafn mikið." *Lestu meira á K100.is.*



**6 til 10 Ísland vaknar** Kristín Sif og Þór Bæring vakna með hlustendum K100 alla virka morgna.
**10 til 14 Yngvi Eysteins** Skemmtileg tónlist, og létt spjall yfir daginn með Yngva.
**14 til 16 Ásgeir Páll** Fersk og skemmtileg tónlist, létt spjall og leikir ásamt því að fara skemmtilegri leiðina heim með hlustendum síðdegis.
**16 til 18 Skemmtilegri leiðin heim** Ásgeir Páll og Regína Ósk eða bara Gína og Geiri með hressilegar uppákomur, spjall og tónlist.
**18 til 22 Heiðar Austmann** Betri blandan af tónlist öll virk kvöld á K100.
**7 til 18 Fréttir** Auðun Georg og Valtýr Björn flytja fréttir frá ritstjórn Morgunblaðsins og mbl.is á heila tímanum alla virka daga.

K100 RETRO FM 89.5



Dagmál mbl.is/**dagmal** Horfðu hér



## Umhleypingasamt á þingi

Þingfundir hófust á ný í vikunni og óhætt er að segja að mörg brýn og erfið verkefni bíði, þó ekki yrði af vantraustsumræðu að sinni. Þingmennirnir Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Teitur Björn Einarsson ræða það allt.







## Veðrið kl. 12 í dag

Dregur úr vindi og úrkomu, suðvestan 10-18 síðdegis og él, en hægari um landið austanvert. Kólnar aftur.




**Á morgun:** Gengur í suðvestan og sunnan 10-18 m/s. Víða él, en þurrt að kalla á norðaustanverðu landinu seinnipartinn. Frost 0 til 6 stig.
**Á laugardag:** Suðvestan 10-18 og él, en 15-20 við suðurströndina fyrri part dags. Yfirleitt þurrt á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti breytist lítið.

| 25. janúar | Sólarupprás | Sólsetur |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 10:33 | 16:48 |
| ÍSAFJÖRÐUR | 10:59 | 16:32 |
| SIGLUFJÖRÐUR | 10:42 | 16:14 |
| DJÚPIVOGUR | 10:07 | 16:12 |




Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

**Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að ísl. tíma**

| | °C | Veður | | °C | Veður | | °C | Veður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | skúrir | Lúxemborg | 9 | léttskýjað | Algarve | 20 | heiðskírt |
| Sauðanesviti | 5 | skýjað | Brussel | 10 | heiðskírt | Madríd | 19 | heiðskírt |
| Litla-Ávík | 5 | skýjað | Dublin | 9 | léttskýjað | Barcelona | 16 | heiðskírt |
| Egilsstaðir | 3 | skýjað | Glasgow | 8 | rigning | Mallorca | 16 | heiðskírt |
| Keflavíkurflugv. | 1 | rigning | London | 11 | léttskýjað | Róm | 14 | heiðskírt |
| Nuuk | -9 | snjókoma | París | 13 | skýjað | Aþena | 10 | léttskýjað |
| Þórshöfn | 6 | skýjað | Amsterdam | 9 | heiðskírt | Winnipeg | -1 | alskýjað |
| Ósló | 1 | alskýjað | Hamborg | 8 | skýjað | Montreal | -9 | alskýjað |
| Kaupmannahöfn | 6 | súld | Berlín | 9 | skýjað | New York | 5 | þoka |
| Stokkhólmur | 1 | súld | Vín | 12 | léttskýjað | Chicago | 2 | rigning |
| Helsinki | 0 | þoka | Moskva | 0 | alskýjað | Orlando | 24 | léttskýjað |

BYKO

Skannaðu kóðann
og skoðaðu tilboðin

ÞÚ SÉRÐ ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

# ÚTSALA
# ÚTSALA



**NÚNA -50%**
**2.148**
~~4.295~~
**ÞÚ SPARAR: 2.147 KR.**
Vnr. 72320630

Appelsínugulur og grár skipulagsskápur með 12 glærum boxum/skúffum. Stærð: 26 x 27 x 16 cm.




**NÚNA -50%**
**6.998**
~~13.995~~
**ÞÚ SPARAR: 6.997 KR.**
Vnr. 72330045

"Heavy duty" búkki frá tactix með styrktum fótum.



**NÚNA -50%**
**5.848**
~~11.695~~
**ÞÚ SPARAR: 5.847 KR.**
Vnr. 72418739

Sett með 90stk af ýmiskonar borum og bitum



**NÚNA -30%**
**48.017**
~~68.595~~
**ÞÚ SPARAR: 20.578 KR.**
Vnr. 748741729

Borvélasett frá Bosch með fimm skrúfjárnum og þremur töngum. Allt þetta kemur saman í L-Boxx tösku.



**NÚNA -50%**
**33.698**
~~67.395~~
**ÞÚ SPARAR: 33.697 KR.**
Vnr. 15330269AL

Hard graphite eldhústæki frá Grohe með háum krana, hárri sveiflu og einu handfangi. Stillanleg hámarkssveifla. Auðvelt í uppsetningu. Grohe SilkMove® 28 mm keramik kasetta.



**NÚNA -70%**
**8.819**
~~29.395~~
**ÞÚ SPARAR: 20.576 KR.**
Vnr. 51125068

Fallegur svartur borðlampi með lampaskerm (fylgir), tímalaus hönnun. Hæð 58cm, 35cm í þvermál. Hentar fyrir E27 peru allt að 60W, athugið að pera fylgir ekki.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 25. JANÚAR 25. DAGUR ÁRSINS 2024

# Hefur tengst Íslandi órjúfanlegum böndum

## ● Shianne kom fyrst til landsins frá Kanada fyrir 50 árum

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Shianne Lois Rannveig Anderson frá Árborg í Manitoba í Kanada ráðgerir að koma í sjötta sinn til Íslands í sumar en fyrsta ferð hennar til landsins var 1974, þegar hún var 12 ára. „Í hvert skipti sem ég hef stigið á land í Keflavík hefur mér alltaf fundist eins og ég væri komin heim,“ segir hún, en Shianne var síðast hér ein á ferð í september 2022. „Þá létu margir í ljós undrun sína yfir því að samband mitt við Íslendinga, sem ég kynntist 1974 og 1975, var ekki við ættingja heldur vini.“

Veturinn 1973/1974 söfnuðu ungmenni í Árborg fyrir ferð til Íslands að frumkvæði foreldra þeirra og kennara. Gísli Guðmundsson og prestarnir Bragi Friðriksson og Ólafur Skúlason, sem báðir höfðu þjónað söfnuðum vestra, sáu um undirbúning hérlendis. Krökkunum var komið fyrir hjá fjölskyldum og farið var með þá í ferð um landið, en Shianne og Warren Sigvaldason, frændi hennar, voru 12 ára og yngst í hópnum. Sumarið 1975 fór síðan fjölmennur hópur héðan til Manitoba til að minnast 100 ára búsetu Íslendinga í ríkinu. Flestir bjuggu þá á heimilum fólks af íslenskum ættum og meðal annars heima hjá fyrrnefndum ungmennum. „Ég hef haldið sambandi við börn Óskars Jónssonar og Sigríðar Jónsdóttur, hjónanna sem ég bjó hjá, og eins við systurnar Guðrúnu og Svövu Þórðardætur frá Hveragerði, en Guðrún var í hópi fjögurra Íslendinga sem gistu heima hjá okkur 1975.“

### Ný veröld

Ísland er annað en Nýja-Ísland, sem er flatt og skógi vaxið svæði, og Shianne féll strax fyrir landi forfeðranna. „Dagurinn var lengri en ég átti að venjast, maturinn öðruvísi og við tókum öll eftir sérstakri lykt af heita vatninu auk þess sem við lærðum að þvo okkur vel áður en við förum út í sundlaug!“ Hún segist hafa heillast af náttúrunni og hafi farið nokkrum sinnum yfir Kjöl. „Við mamma komum saman 2005, fengum lánaðan bíl og ég keyrði. Ég var mjög taugaóstyrk því ég vissi ekki hvað vegurinn var vondur en við komumst suður yfir Kjöl áfallalaust.“

Shianne fór í Biskupstungnaréttir í september sem leið og heldur í íslenskar hefðir. Hún prjónar lopapeysur, býr til rúllupylsu fyrir jólin og bakar kleinur og vínartertur. „Gunna reyndi að kenna mér að steikja flatkökur eins og Íslendingar gera þær en ég hef ekki náð því enn.“

Shianne er hreykinn Vestur-Íslendingur, dóttir Josephine Hokanson, sem lést 2020, og Björgvins Anderson (áður Árnasonar), sem lést 2022 og á ættir að rekja til Austfjarða og Borgarfjarðar. Móðuramma hennar var Rannveig Tómasdóttir, dóttir Guðrúnar Egidiu Jóhannesdóttur og Tómasar Jónassonar frá Öxnadal, bróður Sigtryggs Jónassonar, sem nefndur hefur verið faðir Nýja-Íslands. „Ég lærði íslensku í Manitoba-háskóla, fyrst hjá Jónasi Þór og síðan hjá Haraldi Bessasyni,“ segir hún, en Shianne vinnur á skrifstofu skólans í Winnipeg og á þrjú börn með Carl Uschold, eiginmanni sínum af þýskum ættum. „Ég er ekki nógu góð í íslensku og þegar ég hætti að vinna langar mig til að vera á Íslandi í eitt ár og læra málið almennilega.“



**Í Reykjavík** Shianne til hægri með börnum sínum Jakobi og Bryndísi og móður sinni Josephine fyrir framan Bæjarins bestu pylsur 2008.




**Á Akureyri** Shianne á ferðinni 2022.



**1974** Shianne t.v. og Warren.

## ÍÞRÓTTIR




### Vildi aftur njóta þess að spila

**„Ástæðan fyrir þessum skiptum er sú að mig langaði til að njóta þess aftur að spila körfubolta,“ segir Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfubolta, sem skipti um félag í Euroleague, sterkustu deild Evrópu, og fór frá Valencia á Spáni til Alba Berlín í Þýskalandi.** » 62

## MENNING



### Minnast Ísaks með ljóðakvöldi

**Ljóðakvöld til minningar um Ísak Harðarson verður haldið á Gauknum, Tryggvagötu 22, í kvöld, 25. janúar, kl. 20. Meðal annars verður lesið úr nýju úrvali af ljóðum Ísaks, Ró í beinum: Ljóðaþykkni 1982-2022, sem kom út hjá Forlaginu fyrir jól. Fyrst munu lesa úr ljóðum Ísaks skáldin Gyrðir Elíasson, Sigurbjörg Þrastardóttir, Andri Snær Magnason, Þórður Sævar Jónsson og Kristín Svava Tómasdóttir en að því loknu verður opnað fyrir míkrófóninn og eru unnendur ljóðlistar Ísaks Harðarsonar hvattir til að mæta og lesa sín uppáhaldsljóð.**

Í lausasölu 919 kr.
Áskrift 9.965 kr. Helgaráskrift 6.248 kr.
PDF á mbl.is 8.705 kr. iPad-áskrift 8.705 kr.

Sími 569 1100
Ritstjórn frettir@mbl.is Auglýsingar augl@mbl.is
Áskrift askrift@mbl.is mbl.is frettir@mbl.is



# Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNA

**Við hjá BYKO erum að leita að öflugum einstaklingum til að sinna starfi tæknisöluráðgjafa annars vegar og sölu- og innkaupafulltrúa hins vegar í Lagnaverslun BYKO Breidd. Ef þú ert framsækinn og faglegur einstaklingur með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.**

## SÖLU- OG INNKAUPAFULLTRÚI Í LAGNAVERSLUN

**VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:**

- Reynslu af sölu- og eða þjónustustarfi
- Þekkingu á lagnaefni
- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Menntun sem tengist pípulögnum, kostur en ekki skilyrði
- Íslenskukunnátta, skilyrði

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:**

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Tengiliður verslunar við vörustjórnunarsvið
- Innkaup frá innlendum birgjum og völdum erlendum birgjum
- Samskipti við erlenda birgja
- Greiningarvinna á birgðum
- Yfirumsjón með sérpöntunum
- Vöruþróun á lagnavöru
- Þátttaka í skipulagningu á sölu til fagaðila
- Önnur tilfallandi störf

## TÆKNISÖLU-RÁÐGJAFI Í LAGNAVERSLUN

**VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:**

- Reynslu af sölu- og eða þjónustustarfi
- Mikla þekkingu á lagnaefni td. sprinkler og lagnaklefum
- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Menntun sem tengist pípulögnum, kostur en ekki skilyrði
- Íslenskukunnátta, skilyrði

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:**

- Útboðsgerð, ráðgjöf og tilboðsgerð til viðskiptavina
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Afgreiðsla til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

SÓTT ER UM Á ALFRED.IS
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL
**29. JANÚAR**

**Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.**
BYKO hefur sett sér þá framtíðarsýn að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavina í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Í þeirri vinnu höfum við gildin okkar að leiðarljósi; fagmennska, framsækni og gleði. Frekari upplýsingar um störfin veitir **Árni Kvaran**, rekstrarstjóri Lagnaverslunar Breidd (*arnibk@byko.is*).

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN









SUMAR 2024

## Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt sumarstörf fyrir háskóla-, iðn- og tækninema sumarið 2024.

**Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á**
landsvirkjun.is/sumarstorf

Landsvirkjun

# Framkvæmdastjóri

Stjórn Almannaróms – Miðstöðvar máltækni auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Leitað er að drífandi eldhuga sem brennur fyrir framþróun og viðgangi íslenskunnar í heimi tækninnar. Um fjölbreytt og spennandi verkefni er að ræða, studd af stjórnvöldum, háskólum og öðrum haghöfum.

Framkvæmdastjóri Almannaróms verður talsmaður íslenskrar máltækni og gegnir lykilhlutverki í framkvæmd áætlunar um máltækni fyrir íslensku 2024–2026. Megináhersla nýrrar máltækniáætlunar er hagnýting grunninnviða sem voru smíðaðir í fyrri máltækniáætlun.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á starfi Almannaróms, meðal annars alþjóðlegu samstarfi og þekkingaröflun, klasamyndun um máltækni og samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa, sprotafyrirtæki, fyrirtæki og opinberar stofnanir.

Mikilvægt er að framkvæmdastjóri búi yfir samskipta- og skipulagshæfni. Áhugi og skilningur á samhengi þróunar íslensku og tækni er skilyrði.

ALMANNARÓMUR
MIÐSTÖÐ MÁLTÆKNI

Almannarómur er sjálfseignarstofnun um eflingu máltækni fyrir íslensku og vinnur að því að tryggja að íslenskan standi jafnfætis öðrum tungumálum í tækniheiminum. Almannarómur rekur miðstöð um máltækni samkvæmt samningi við menningar- og viðskiptaráðuneytið.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með **4. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Sviðsstjóri eigna- og viðhaldssviðs

**Helstu viðfangsefni**

- Ábyrgð á rekstri, stjórnun og eftirfylgni með allri starfsemi og verkefnum sviðsins
- Umsjón og ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana sviðsins og eftirfylgni með þeim
- Þátttaka í stefnumótun Félagbústaða og eftirfylgni stefnu
- Ábyrgð á gerð langtímaáætlana um viðhald, ásamt gerð verkefnaáætlana og eftirfylgni með framkvæmd þeirra
- Umsjón með innkaupum, útboðum og gerð útboðsgagna
- Umsjón og ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni gæðahandbókar sviðsins og uppbyggingu verkferla
- Umsjón og ábyrgð á þróun og uppbyggingu rekstrarkerfa fasteigna
- Virk þátttaka og framlag í innleiðingu verkefnastjórnunar hjá Félagsbústöðum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verkfræði eða tæknifræði, meistaragráða er æskileg
- Reynsla af stjórnun verkefna sem snúast um verklegar framkvæmdir og/eða viðhald mannvirkja, IPMA C eða B vottun er kostur
- Reynsla og þekking á áætlanagerð í sambærilegum verkefnum
- Farsæl stjórnunarreynsla
- Lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi og lausnamiðuð hugsun
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð

FÉLAGSBÚSTAÐIR

Félagsbústaðir leita að öflugum einstaklingi í fjölbreytt og krefjandi starf sviðsstjóra eigna- og viðhaldssviðs. Undir sviðið fellur umsjón með eignum, viðhald og endurbætur. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Félagsbústaðir eru sjálfstætt hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar. Félagið er öflugt, traust og vaxandi fasteignafyrirtæki sem leigir út um 3100 íbúðir í Reykjavík. Nánari upplýsingar á **felagsbustadir.is**.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með **2. febrúar nk.**

Með umsókn um starfið skulu fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni, reynslu og þekkingu sem nýtist í starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórdís Sif Arnarsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi, **thordis@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Framkvæmdastjóri Blaðamannafélags Íslands

## Blaðamannafélag Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf framkvæmdastjóra

**Um er að ræða fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi starf sem hentar kraftmiklum einstaklingi sem hefur innsýn í störf fjölmiðla.**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk.**

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón og ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofu
- Umsjón með og ábyrgð á öflugu faglegu starfi á vettvangi BÍ
- Ábyrgð á áætlanagerð og kostnaðareftirliti
- Seta á stjórnarfundum og að tryggja samfellu í verkefnum félagsins
- Gerð kjarasamninga fyrir hönd félagsins í samvinnu við samningaráð BÍ
- Stefnumótun í samráði við stjórn BÍ
- Ráðgjöf og aðstoð við formann, nefndir og stjórnir sjóða félagsins
- Koma fram fyrir hönd félagsins eftir því sem við á og gæta hagsmuna þess

### Menntun og reynsla:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af blaðamennsku og þekking á störfum fjölmiðla
- Góð tæknifærni
- Góðir skipulagshæfileikar og samskiptahæfni
- Reynsla af verkefna- og/eða viðburðastjórnun er kostur
- Reynsla af fjármálum og rekstri er kostur
- Reynsla af almannatengslum er kostur
- Góð færni í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

**Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ í gegnum bi@press.is**
**Sótt er um starfið á Alfreð.is**







www.press.is

## Um Blaðamannafélag Íslands:

Blaðamannafélag Íslands er fag- og stéttarfélag blaðamanna á Íslandi. Meginverkefni þess er að gæta hagsmuna félagsmanna og veita þeim þjónustu og ráðgjöf ásamt því að semja um kjör blaðamanna. Þá stendur félagið vörð um tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla, er málsvari gagnvart löggjafar- og framkvæmdarvaldi og sinnir hagsmunagæslu stéttarinnar út á við. Félagið heldur úti vefnum Press.is, gefur út tímaritið Blaðamanninn og stendur auk þess fyrir ýmsum viðburðum. Á vegum Blaðamannafélagsins starfar sjálfstæð siðanefnd sem úrskurðar í þeim kærum sem berast vegna meints brots á siðareglum félagsins auk þess sem sjálfstæð verðlaunanefnd veitir blaðamannaverðlaun félagsins árlega. Innan félagsins starfar jafnframt Blaðaljósmyndarafélag Íslands, sem m.a. veitir árleg ljósmyndaverðlaun.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Sérfræðingur á fjármálasviði

**Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, mbl.is og K100, leitar að öflugum og sjálfstæðum starfsmanni á fjármálasviði í fullt starf.**

**Helstu verkefni:**
· Greiningarvinna og önnur tölfræðileg úrvinnsla
· Aðstoð við mánaðarleg uppgjör
· Almenn bókarastörf
· Afstemmingar og eftirlit með staðfestingu reikninga
· Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

**Hæfniskröfur:**
· Menntun/reynsla sem nýtist í starfi
· Reynsla af bókhaldskerfinu Business Central er skilyrði
· Góð greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni og niðurstöðum í tölum og texta.
· Talnagleggni og tölvufærni
· Nákvæmni og vandvirkni nauðsynleg
· Rík þjónustulund og jákvæðni
· Frumkvæði og metnaður í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar 2024.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Klara Vigfúsdóttir, starfsmannastjóri
klara@mbl.is, sími 569-1332

**Sækja um starf hér**

https://jobs.50skills.com/arvakur/is/25699

mbl.is Morgunblaðið K100



# Viltu vera hluti af góðri liðsheild?

## Faxaflóahafnir sf. óska eftir að ráða vélstjóra og hafnarverði í afleysingar sumarið 2024 í hafnarþjónustu.

Starf **vélstjóra** felst í vélstjórn dráttarbáta, viðhaldi dráttarbáta sem sinna þarf hverju sinni, afgreiðslu rafmagns auk annarra tilfallandi verkefna tengdum hafnarþjónustu við viðskiptavini.

Starf **hafnarvarðar** felst í móttöku á skipum, umhirðu hafnarsvæða, afgreiðslu vatns auk annarra tilfallandi verkefna tengdum hafnarþjónustu við viðskiptavini.

Faxaflóahafnir sf. er stærsta höfn landsins þar sem starfa um 80 manns og er umráðasvæði hennar í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfis- og öryggismálum auk þess að vera í vegferð að þróa snjallar og grænar hafnir.

### Hæfniskröfur vélstjóra
- Vélstjóraréttindi VF1
- Reynsla af yfirvélstjórn skipa
- Öryggisnám Slysavarnarskóla sjómanna
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

### Hæfniskröfur hafnarvarða
- Gilt ökuskírteini
- Öryggisnám Slysavarnarskóla sjómanna er kostur
- Gild vinnuvélaréttindi er kostur
- Gild vigtarréttindi eru kostur

Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnavernd þá er óskað eftir að umsækjandi geti lagt fram sakavottorð.
Öll kyn eru hvött til að sækja um en fyrirtækið hefur skýr jafnréttismarkmið og vill auka fjölbreytileika í starfsliði sínu. Starfsstöð er í Reykjavík.
Nánari upplýsingar um starfið gefur Gísli Jóhann Hallsson yfirhafnsögumaður **gisli@faxafloahafnir.is**
Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið **olafur@faxafloahafnir.is**, eigi síðar en sunnudaginn **4. febrúar n.k.**

**faxafloahafnir.is**

bsi ISO 14001 Environmental Management CERTIFIED · ISO 45001 Occupational Health and Safety Management CERTIFIED · ÍST 85:2012 Equal Wage Management System CERTIFIED

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Skagafjörður

# Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Sveitarfélagið Skagafjörður óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í stöðu sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Viðkomandi þarf að hafa hæfni til að móta og leiða öflugan hóp starfsfólks og eiga gott samstarf við önnur svið og íbúa sveitarfélagsins. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð og stjórnun á daglegri starfsemi sviðsins, skrifstofuhaldi, starfsmannahaldi og þróun verklags
- Yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og ársreiknings sveitarfélagsins í samstarfi við fjármálastjóra
- Verkefnastýring, vinnsla og eftirfylgni með ákvörðunum byggðarráðs og sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með reglum og samþykktum sveitarfélagsins
- Þátttaka í úrlausn lögfræðilegra álitamála
- Stjórnun og undirbúningur Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosninga
- Ábyrgð á að fjármálastjórn sveitarfélagsins sé ávallt í samræmi við lög og reglur sveitarfélaga
- Yfirumsjón með gjaldskrármálum
- Ábyrgð á samningagerð, persónuverndar-, upplýsingatækni-, innkaupa-, skjala- og atvinnumálum ásamt markaðs- og kynningarmálum
- Umsýsla fundargerða og ritun fundargerða sveitarstjórnar og byggðaráðs

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. í lögfræði, viðskiptafræði eða hagfræði
- Framhaldsmenntun, s.s. á sviði lögfræði, fjármála eða stjórnunar er æskileg
- Víðtæk þekking og farsæl reynsla af fjármálum, rekstri og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, stefnumótun og samningagerð er kostur
- Farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af mannaforráðum
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta og hæfni til að tileinka sér tækninýjungar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

# Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs

Sveitarfélagið Skagafjörður óskar eftir að ráða lausnamiðaðan og metnaðarfullan einstakling í starf sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs sveitarfélagsins. Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri, þjónustu og framkvæmdum sem undir sviðið heyra ásamt eftirfylgni stefnumótunar og ákvarðana sveitarfélagsins. Viðkomandi þarf að hafa hæfni til að móta og leiða öflugan hóp starfsfólks og eiga gott samstarf við önnur svið og íbúa sveitarfélagsins. Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Yfirumsjón með veitu-, framkvæmda- og hafnarmálum sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með rekstri sviðsins og áætlanagerð
- Veitir sérfræðiráðgjöf í útboðum framkvæmda og verksamningum á sviðinu
- Verkefnastjórn sérverkefna
- Starfsmannahald
- Stefnumótun á veitu- og framkvæmdasviði
- Samskipti og upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa, viðskiptavina og íbúa
- Umsjón með verklegum framkvæmdum og samskipti við hlutaðeigandi, s.s verktaka og birgja
- Umsýsla og ritun fundargerða nefnda sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. í verk-, bygginga- eða tæknifræði
- Víðtæk stjórnunarreynsla og þekking á rekstri
- Reynsla af rekstri dreifikerfa veitna og verklegra framkvæmda er æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af áætlanagerð og rekstrar- og fjárhagsáætlunum er æskileg
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum
- Kunnátta í samningagerð og kostnaðareftirliti
- Nákvæmni, vandvirkni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta og hæfni til að tileinka sér tækninýjungar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **29. janúar 2024**. Einungis er tekið við rafrænum umsóknum á heimasíðu sveitarfélagsins. Með umsókn skal fylgja kynningarbréf þar sem í stuttu og kjarnyrtu máli er gert grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtast í starfi, ferilskrá og afrit af prófskírteini/-skírteinum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um störfin. Launakjör eru í samræmi við laun annarra sviðsstjóra Skagafjarðar og taka mið af kjarasamningi BHM við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Skagafjarðar ræður sveitarstjórn sviðsstjóra.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir



# HÁRSNYRTIR?



Á Sóltúni hjúkrunarheimili er laus til leigu aðstaða fyrir hársnyrti, svein eða meistara, sem sinnir íbúum hjúkrunarheimilisins sem verktaki.

Einstakt tækifæri fyrir fagmanneskju sem hefur áhuga á að koma sér upp sjálfstæðum rekstri með þjónustu við íbúa hjúkrunarheimilisins og möguleika á fleiri viðskiptavinum.

Starfið getur falið í sér sveigjanlegan vinnutíma. Aðstaðan er laus í byrjun febrúar og er um að ræða rými með allri nauðsynlegri aðstöðu, svo sem hárþvottavask. Möguleiki er á að kaupa lager fyrri leigjanda. Sóltún er lifandi og skemmtilegur vinnustaður, með mötuneyti.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Björk Sigurðardóttir, forstöðumaður, hildurbjork@soltun.is

Sækið um stöðuna á
www.soltun.is

Sóltún



# LEIK SKÓLA KENNARI

**Finnst þér gaman að vinna með fólki og þá sérstaklega börnum? Taka þátt í að efla einstaklinga framtíðarinnar.**

Leikskólinn er lifandi vinnustaður þar sem enginn dagur er eins. Á heilsuleikskólanum Kærabæ er unnið eftir heilsustefnu þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, næringu og sköpun. Einnig er lögð áhersla á að draga úr umfangi sorps, og að virðing fyrir umhverfinu verði sjálfsagður þáttur í öllu starfi leikskólans. Í leikskólanum er unnið að því að Staðardagskrá 21 verði framfylgt eftir bestu getu.

Um er að ræða 100% stöðu, til greina kemur að ráða tvo aðila

**Hæfniskröfur:**

- Leikskólakennarapóf eða menntun sem nýtist í starfi, starfsreynsla er æskileg.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.
- Ábyrgð og stundvísi.
- Áhugi á að vinna með börnum
- Góð íslenskukunnátta æskileg.
- Áhugi á umhverfismálum.
- Hreint sakavottorð.

**Nánari upplýsingar**
Dóra Einarsdóttir leikskólastjóri,
netfang: leikskoli@klaustur.is, sími: 487 4803.

**Umsóknarfrestur er til 2. febrúar nk.**
Umsóknir sendast á leikskoli@klaustur.is

**klaustur.is**




**Sæferðir auglýsa eftir starfsmönnum í eftirfarandi stöður um borð í farþegabátnum Særúnu sem siglir frá Stykkishólmi.**

## Skipstjóri
- Sumarafleysingar

Viðkomandi þarf að hafa gilt alþjóðlegt Skipstjórnarskírteini: STCW II/3 (Skipstjóri 500bt) eða stærra.

## Y.vélstjóri
- fullt starf

**Kröfur um réttindi:**
Viðkomandi þarf að hafa gilt alþjóðlegt vélstjórnarskírteini: STCW III/3 (Yfirvélstjóri 3000kw) eða stærra.

Upplýsingar veittar í síma 852 2220 / baldurbru@seatours.is

**Sæferðir auglýsa eftir starfsmönnum í eftirfarandi stöður um borð í Breiðafjarðarferjunni Baldri sem siglir frá Stykkishólmi.**

## Y.stýrimaður
- Sumarafleysingar

**Kröfur um réttindi:**
Viðkomandi þarf að hafa alþjóðlegt atvinnuskírteini STCW II/2 - Y.Stýrimaður 3000bt eða stærra.

Upplýsingar veittar í síma 852 2220 / baldurbru@seatours.is

## Vélstjóri
- Sumarafleysingar

**Kröfur um réttindi:**
Viðkomandi þarf að hafa alþjóðlegt atvinnuskírteini: STCW III/2 (Að lágmarki: annar vélstjóri engar takmarkanir)

Upplýsingar veittar í síma 861 5941 / gasg@seatours.is



TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA

## Arkitekt / Byggingafræðingur

TEIKNA - Teiknistofa arkitekta leitar að arkitekt og/eða byggingafræðing til að ganga til liðs við stofuna í fullt starf eða hlutastarf á starfsstöð í Reykjavík.

Framtíðarmöguleikar fyrir rétta aðila.

Verkefni framundan eru margvísleg og spennandi á borð við íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, endurhönnun eldri bygginga, innanhúshönnun og verkefni tengd ferðaþjónustu.

Reynsla af Revit er kostur.

Frekari upplýsingar um teiknistofuna er að finna á www.teikna.is

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfang: johann@teikna.is **fyrir 1. febrúar.** Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## Snillingur í skipulagningu!



Elskar þú að plana og skipuleggja?
Viltu hafa góða yfirsýn og allt á hreinu?
Ertu með góða samskiptahæfni?
Þá erum við með rétta starfið fyrir þig.

**Árvakur leitar eftir starfsmanni til að sjá um skipulag og hafa umsjón yfir birtingum auglýsinga á auglýsingadeild.**

**Starfið er lifandi og skemmtilegt í krefjandi umhverfi. Viðkomandi vinnur náið með sölustjóra og sölumönnum.**

**Starfssvið:**
- Umsjón birtinga
- Vinnsla við auglýsingaplan
- Samskipti við viðskipavini
- Innkallanir auglýsinga
- Birtinga- og markaðsráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta á excel er skilyrði
- Reynsla af birtingastörfum er kostur
- Góð þekking á helstu markaðs- og greiningartólum
- Afburða skipulagshæfileikar
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölfræðiþekking
- Þarf að geta starfað sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Jákvæðni, gott skap og þjónustulipurð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Silja Jóhannesdóttir, sölustjóri, í síma 569 1170 eða í tölvupósti á netfangið siljaj@mbl.is

**Sækja um starf hér**

https://jobs.50skills.com/arvakur/is

mbl.is Morgunblaðið K100

## Fjármála- og skrifstofustjóri



BOLUNGARVÍK

### Bolungarvíkurkaupstaður auglýsir eftir fjármála- og skrifstofustjóra.

Starfið er mjög margþætt og krefst því góðrar færni á ýmsum sviðum. Fjármála- og skrifstofustjóri er yfirmaður á bæjarskrifstofu, stýrir fjármálum sveitarfélagsins og er staðgengill bæjarstjóra. Um er að ræða 100% framtíðarstarf.

**Starfssvið**
- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum bæjarskrifstofu.
- Ábyrgð á daglegri umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð, frávikagreiningum og kostnaðareftirliti.
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar.
- Eftirfylgni með framgangi rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Samskipti við forstöðumenn og íbúa vegna erinda er snúa að fjármálum og annarri þjónustu bæjarfélagins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Framhaldsmenntun er æskileg.
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.
- Kunnátta í Navision bókhaldskerfum er kostur.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni.
- Samviskusemi og nákvæmni í starfi.

Bolungarvík er rúmlega1000 manna bæjarfélag. Þar er góður grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug. Frábær aðstaða fyrir menningarviðburði, nýtt hjúkrunarheimili, ný félagsmiðstöð fyrir unglinga, íbúðir fyrir aldraða og stutt í alla þjónustu. Á næstu árum standa svo fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir í bænum. Talsverður vöxtur hefur verið í atvinnulífinu á undanförnum árum. Miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar í Bolungarvík eru í sjónmáli og stöðugt skapast ný tækifæri til sóknar.

Umsóknum skal skila rafrænt á jonpall@bolungarvik.is ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi. **Umsóknarfrestur er frá og með 5. febrúar nk.**

Við leiðum fólk saman

HAGVANGUR





# Starf lögfræðings á skrifstofu samgangna hjá innviðaráðuneytinu



Skrifstofa samgangna ber ábyrgð á samgöngumálum fyrir hönd ráðuneytisins. Undir þau falla allir helstu málaflokkar samgöngumála svo sem flugmál, siglingamál, umferðarmál, vegamál, almenningssamgöngur og flutningamál. Skrifstofan ber ábyrgð á löggjöf um samgöngumál, regluverki og þróun löggjafar í samræmi við stefnu stjórnvalda og á alþjóðlegum skuldbindingum, þ.m.t. framkvæmd EES-samningsins.

Helstu verkefni eru m.a. vinna við gerð lagafrumvarpa, reglugerða og svörun erinda. Þá mun starfsmaður taka þátt í starfshópum á verkefnasviði skrifstofunnar, m.a. varðandi stefnumótun, samskipti við stofnanir, Alþingi og almenning.

**Við leitum að einstaklingi sem býr yfir:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Þekking á stjórnsýslurétti.
- Þekking á Evrópurétti.
- Þekking á samgöngumálum æskileg.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Kunnátta í einu Norðurlandatungumáli kostur.
- Skipulagsfærni, frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni.
- Hæfni til að geta starfað sjálfstætt, sem og í hóp.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem er gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn skal skila rafrænt á starfatorg.is. eigi síðar en **7. febrúar 2024**.

Frekari upplýsingar um starfið veitir
**Árni Freyr Stefánsson**, skrifstofustjóri
**arni.f.stefansson@irn.is** eða **545-8200**.

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið

# Smáauglýsingar

**569 1100 | www.mbl.is/smaaugl**

## Þjónusta

**Málarar**
Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Fagmennska í fyrirrúmi. Sanngjarnt verð.
**Sími 782 4540**
**loggildurmalari@gmail.com**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?**
Kaupum bíla 23-250 þús.
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**

## Sumarhús



**Sumarhús –Heilsárshús**
**Gestahús –Breytingar**
- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
**Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is**

## Til sölu

**Plug and Play Hitaveitupottar**
Allt tilbúið, bara tengja tvö rör
Vatnið inn, vatnið út.



**HEITIRPOTTAR.IS**
**Sími 777 2000**
**heitirpottar@heitirpottar.is**

**Sterk lok á potta**
Margar stærðir til.
Litir grátt eða brúnt.




**HEITIRPOTTAR.IS**
**Sími 777 2000**
**heitirpottar@heitirpottar.is**

**Hlutafé - Samkaup hf.**
Hlutafé að nafnverði kr. 500.000.- til sölu.
Lágmarksverð á hlut gengi 23.
Nánari upplýsingar og tilboð má senda á: gudsteinne@simnet.is




**LiFePO4 rafgeymar til sölu:**
12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk
12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk
12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk
**Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube**



**Merbau pallaefni(mahogany) 21x145mm Verð tilboð**



**Bankirai** pallaefni(parket) 21x145mm Verð tilboð
**Cumaru** panill 10x90mm og pallaefni 21x90mm
**Penofin** harðviðarolía 3,8 lítrar

**Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf. opið 10-14 virka daga**
magnus@vidur.is
**gsm: 660 0230 Magnús**

## Húsnæði óskast

**Húsnæði óskast**
Óska eftir lítilli íbúð á Höfuðborgarsvæðinu sem fyrst.
Er kona á besta aldri, róleg, reglusöm og reyklaus. Uppl. í síma 849-1233.

## Hljóðfæri

**Gítarinn ehf.**
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




**Gítarar**
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

**Gítarinn ehf.**
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Mikið úrval
Verð við allra hæfi

## Húsviðhald

**Húsaviðgerðir**
**www.husco.is**
**Sími 555 1947**
**Gsm 894 0217**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK**
**FLOTUN - SANDSPARSL**
**MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum
Tímavinna eða tilboð
**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

## Byggingar

**Byggingafyrirtæki**
**getur bætt við sig verkum**
**Uppslátt** á húsum og sökklum.
**Þakendurbætur**, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.
**Stálgrindarhús**, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.
**Sumarhús**, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.
**Nánari upplýsingar** , Bjössi smiður á google, s 893-5374
**nybyggd@gmail.com**


Vantar þig fagmann?
FINNA.is



FINNA
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA